Fornleifaskráning í Garðabæ



Ritstjórar

Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Rúnar Leifsson

Fornleifastofnun Íslands

FS414-05192

Reykjavík

2009

Forsíðumyndin er af Fjárhústóftinni syðri (174:061)

© Fornleifastofnun Íslands 2009

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR 5

2. UM FORNLEIFASKRÁNINGU OG LÖGGJÖF 7

3. FYRRI RANNSÓKNIR Í GARÐABÆ 10

Heildstæðar rannsóknir í Garðabæ 10
Svæðisbundnar rannsóknir í Garðabæ 11

4. BYGGÐASAGA 15

Ritaðar heimildir um jarðir í Garðahverfi 18
Ritaðar heimildir um jarðir utan Garðahverfis 22

5. FORNLEIFASKRÁ 26

GK-173 Setberg 28
GK-174 Urriðakot 37
GK-175 Vífilsstaðir 62
GK-176 Hagakot 74
GK-177 Hofsstaðir 78
GK-178 Arnarnes 83
GK-179 Hraunsholt 94
GK-181 Dysjar 107
GK-182 Bakki 114
GK-183 Pálshús 119
GK-184 Nýibær 122
GK-185 Garðar 126
GK-186 Ráðagerði 154
GK-187 Miðengi 156
GK-188 Hlíð 162
GK-189 Móakot 170
GK-190 Hausastaðir 173
GK-191 Hnausastaðakot 185
GK-192 Selskarð 191

6. FORNLEIFAR OG BYGGÐ 194

Bæjarhólar, bæjarstæði og býli 194
Útihús í og við heimatún 196
Mannvirki tengd sauðfjárrækt (utan heimatúna) 198
Túngarðar 203
Sjóminjar 208
Leiðir 210
Vatnsból 214
Herminjar 215

7. VERNDUN OG KYNNING MINJA Á SKRÁNINGARSVÆÐINU 218
HEIMILDASKRÁ 223
VIÐAUKI I: HNIT Í LANDSHNITAKERFI (ISN 93) 228
VIÐAUKI II: MINJAKORT FYRIR GARÐABÆ 235

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum fornleifaskráningar í landi Garðabæjar. Fornleifaskráning í Garðabæ á sér langa sögu þó að ekki hafi áður verið ráðist í heildstæða samantekt. Fornleifar voru fyrst skráðar innan marka bæjarlandsins á níunda áratugnum, en síðustu 30 árin hefur mikið vatn runnið til sjávar í minjavernd og fornleifafræði og eru þeir staðlar og viðmið sem nú eru notuð í skráningu mun ítarlegri en þau viðmið sem notuð voru upp úr 1980. Því var svo komið að sú skráning þótti ekki lengur fullnægjandi þar sem aðeins höfðu verið skráðir valdir minjastaðir, þeir voru ekki hnitsettir og upplýsingar um þá voru oft af skornum skammti. Sökum þessa ákvað Garðabær að láta gera nýja heildstæða skráningu, sem uppfyllti þær kröfur sem nú eru gerðar. Síðastliðin ár hafa einstök svæði innan bæjarfélagsins verið skráð, oftast vegna deiliskipulags, og er sú vinna felld inn í þessa skýrslu að viðbættri nýskráningu á öllum öðrum þeim minjastöðum sem eftir voru óskráðir.

Fornleifastofnun Íslands ses vann verkið sem hófst á s.k. svæðisskráningu þar sem farið var yfir allar tiltækar heimildir, bæði eldri fornleifaskrá og aðrar ritheimildir sem ekki höfðu verið skoðaðar í fyrri umferð. Verkið var unnið af Sædísi Gunnarsdóttur og Andreu Harðardóttur árið 2005. Eftir að svæðisskráningu lauk var hafist handa við aðalskráningu. Hún stóð yfir með hléum allt frá mars 2006 til mars 2007. Skráðir voru allir þeir minjastaðir sem þekktir voru innan bæjarmarkanna og ekki höfðu verið skráðir/heimsóttir áður. Við skráninguna var hverjum minjastað gefið sérstakt skráningarnúmer. Sumir minjastaðanna innihalda nokkrar tóftir sem fengu bókstaf til auðkennis. Þetta var gert í þeim tilgangi að reyna að hafa skráninguna sem aðgengilegasta fyrir lesendur og þá sem þurfa að nota gögnin. Samtals leiddi aðalskráning í Garðabæ í ljós 576 minjastaði á 19 lögbýlum. Á tveimur lögbýlum, Setbergi GK-173 og Görðum GK-185, lenda nokkrir minjastaðir nú utan bæjarmarka Garðabæjar og er eðlilega sleppt þessari skráningu.[1]

Gott er að ítreka að þessi skráning er aðalskráning en þá er einungis gengið á þekkta minjastaði og svæði ekki þaulgengin eins og um deiliskráningu á afmörkuðum

[1] Þar af leiðandi er númeraröð minjastaðanna í Setbergi og á Görðum ekki hlaupandi og þau númer sem vantar innan bæjarmarka Hafnarfjarðar og Bessastaðahrepps.

skipulagsreitum væri að ræða. Því geta leynst svæði innan bæjarmarkanna sem skrásetjarar komu ekki á sökum þess að heimildir geta ekki minja þar. Við aðalskráningu voru tekin viðtöl við staðkunnuga og gengið á alla þekkta, óskráða minjastaði. Þeir voru hnitsettir og teiknaðir upp ef rústir var að sjá. Auk þess voru samdar ítarlegar lýsingar á hverjum stað fyrir sig.

Vettvangsvinna var unnin af fornleifafræðingunum Rúnari Leifssyni og Sólveigu Beck að viðbættum eldri skráningum frá Orra Vésteinssyni, Hildi Gestsdóttur, Elínu Ósk Hreiðarsdóttur og Oddgeiri Hanssyni. Jafnframt var bætt inn í skýrsluna upplýsingum úr þremur eldri skráningarskýrslum úr Garðahverfi, Arnarnesi og Urriðakoti sem unnar voru af Ragnheiði Traustadóttur og fleirum, fyrir Garðabæ. Ekki var farið aftur á vettvang allra þeirra minjastaða sem áður höfðu verið skráðir innan Garðabæjar. Flest skráningarverkefnin eru innan við 10 ára gömul og ekki talin þörf á endurskoðun. Fornleifaskráning sem gerð var í Selgjá og Garðahverfi árið 1984 á vegum Þjóðminjasafns Íslands var endurskoðuð að mestu leiti. Minjarnar í Selgjá voru skráðar hér að nýju en í skýrslu Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu K. Tetzschner frá árinu 2003 var skráningin úr Garðahverfi endurskoðuð og það talið fullnægjandi. Umsjón með verkinu, skýrsluskrif og kortagerð voru í höndum Rúnars Leifssonar, Ragnheiðar Glóar Gylfadóttur og Lísu Rutar Björnsdóttur.

Efnisskipan í þessari skýrslu er svipuð og í öðrum skýrslum Fornleifastofnunnar um skráningu fornleifa. Á eftir inngangi er kafli um fornleifaskráningu þar sem m.a. er gefið yfirlit um löggjöf og aðferðir við fornleifaskráningu (2. kafli). Í kjölfar hans fylgir kafli um fyrri rannsóknir á fornleifum í Garðabæ (3. kafli). Í fjórða kafla er síðan að finna sögu byggðar innan marka Garðabæjar en á eftir honum kemur svo sjálf fornleifaskráin (5. kafli). Í henni er skrá um allar þekktar fornleifar í Garðabæ, upplýsingar um staðsetningu, lýsing og myndefni ef einhverjar leifar sáust. Í sjötta kafla er samantekt um helstu minjaflokka í Garðabæ en í sjöunda kafla er fjallað um minjavernd í Garðabæ og settar fram tillögur um kynningu fornminja og frekari rannsóknir á þeim.

Skrásetjarar vilja þakka öllum þeim sem aðstoðuðu við skráninguna. Fulltrúar Garðabæjar sem veittu upplýsingar og lögðu til gögn og sérstakar þakkir fá allir þeir heimildamenn sem aðstoðuðu skrásetjara, enda var þeirra hjálp ómetanleg.

2. Um fornleifaskráningu og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathuganir en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Í flestum tilfellum eru til nægilegar ítarlegar heimildir, svo að hægt sé að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum. Því getur ítarleg heimildaúttekt komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Af þessum ástæðum er skráningu oftast skipt skráningu í þrjú afmörkuð stig sem í upphafi voru miðuð við hin þrjú stig skipulagsvinnu; *svæðisskráning* var þá gerð fyrir svæðisskipulagsgerð, *aðalskráning* fyrir aðalskipulagsgerð og *deiliskráning* fyrir deiliskipulagsgerð. Svæðisskráning felst í öflun heimilda um fornleifar á ákveðnu svæði og söfnun gagna sem gefa margvíslegar vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á svæðinu, finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulegan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnæðis.

Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað



Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107, 2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja …“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mó gröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

3. Fyrri rannsóknir í Garðabæ

Saga búsetu innan núverandi marka Garðabæjar er bæði löng og merkileg. Samkvæmt Landnámu er svæðið innan hins upphaflega landnáms Ingólfs Arnarssonar og það hefur í seinni tíð verið næsti nágranni miðdepils veraldlegs valds á Íslandi. Snemma varð fremur þéttbýlt á svæðinu og það þarf því e.t.v. ekki að koma á óvart að talsverðar rannsóknir sem lúta að sagn- og fornleifafræði hafi verið gerðar á þar, ýmist sem heild eða á einstaka jörðum og/eða minjastöðum. Hér verður fyrst gert grein fyrir þeim rannsóknum í Garðabæ sem beinast að svæðinu í heild en síðan verður fjallað um rannsóknir á afmörkuðum svæðum, sem oftast hafa tengst framkvæmdum.

Heildstæðar rannsóknir í Garðabæ

Elsta heildstæða úttektin á fornleifum í Garða-og Bessastaðasóknum er fornleifaskýrsla dagsett 27. ágúst 1820 og rituð af sr. Markúsi Magnússyni, sem var prestur á Görðum frá 1780 til æviloka 1825. Skýrslan var gerð fyrir ,,Commisionen for oldsagers opbevaring", nefndar sem sett var á laggirnar í Danmörku með konungsboði til varðveislu fornminja innan marka ríkisins. Skýrslurnar voru teknar saman af prestum og oftast tók hver þeirra saman skrá yfir minjar í sinni sókn. Íslensku skýrslurnar voru gefnar út í tveim bindum sem kallast *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*.

Fornleifanefndin danska hafði ákveðnar hugmyndir um hvaða fornleifar það væru sem teldust athyglisverðar og sendi út lista þess efnis til viðkomandi presta. Á listanum var spurt eftir haugum og fornmannaleiðum, stórum steinum eða klettum sem mannaverk væru á, fornum þingstöðum og dómhringjum, rúnasteinum og öðrum hlutum með fornu letri, gömlum myndum og líkneskjum, minjum úr kaþólskum sið, rústum fornra bygginga, allskyns uppgröfnum forngripum líkt og vopnum, herklæðum, skartgripum, peningum, drykkjar-og blástursh ornum, o.fl. og að lokum var spurt um sögusagnir meðal almúgamanna um fornmenn, fornan átrúnað o.s.frv.[2] Séra Markús í Görðum svaraði fyrirspurn Fornleifanefndarinnar samviskusamlega og koma þeir fornleifastaðir sem hann minnist á allir fyrir í fornleifaskránni hér að neðan í 5. kafla, þó hér sé ekki fjallað um

[2] **FF I**, 1983: xxxvii-xxxviii

forna gripi sem Markús skrifar um og voru í eigu Garðakirkju. Þeir staðir sem Markús getur eru Völvuleiði (187:011), kletturinn yfir Garðalind (185:026) og annar tilfluttur klettur í miðju túni prestseturins (185:079), hinn meinti dómhringur á Hausastöðum (190:017) og Péturssteinar (190:008).

Rúmlega 20 árum síðar, eða árið 1842, skrifaði séra Árni Helgason lýsingu Garðaprestakalls. Þar tekur hann á fjölmörgu er viðkemur náttúrufari og menningu í prestakallinu og telur meðal annars upp fornleifar þær sem hann hefur vitneskju um. Séra Árni tekur m.a. fram að hann þekki ekki til tófta né dysja í sókninni og þær fornleifar sem hann telur upp komu einnig fram hjá Markúsi.[3]

Frá útgáfum 19. aldar varð löng bið á að ráðist yrði aftur í heildstæða úttekt á sögu eða minjum innan Garðabæjar. Ef undan er skilið rit Gísla Sigurðssonar *Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi* frá 1964, var það ekki fyrr en árið 1992 að slíkur fróðleikur rataði aftur á bók en þá kom út fyrsta bókin í ritröðinni *Safn til sögu Garðabæjar*. Það er Garðabær sem stendur fyrir þessari ritröð um eigin sögu að undirlagi Erlu Jónsdóttur fyrrverandi bæjarbókavarðar og hafa þrjú bindi til þessa komið út. Fyrsta bókin, *Garðabær: byggð milli hrauns og hlíða*, er stutt samantekt yfir sögu þess landsvæðis sem Garðabær nú byggir, sögu þéttbýlismyndunnar í Garðhreppi og sögu bæjarfélagsins. Annað bindið, *Frá fjöru til fjalls*, fjallar um jarðfræði Garðabæjar, en hið þriðja er sérstaklega mikilvægt og merkilegt rit í ljósi sögu og fornleifafræði svæðisins. Það er bókin *Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar* eftir Guðlaug Rúnar Guðmundsson. Þar lýsir Guðlaugur einstökum jörðum og afrétti innan núverandi marka Garðabæjar og tekur í því skyni saman ritaðar og munnlegar heimildir varðandi örnefni og fornar leiðir og staðsetur á loftmyndum. Í ritinu er varðveitt til frambúðar vitneskja um upplifun fyrri kynslóða af umhverfinu, vitneskja sem annars væri óðum að hverfa.

Svæðisbundnar rannsóknir í Garðabæ

Í Landnámu segir að Ásbjörn Össurarson hafi numið land milli Hraunholtslækjar og Hvassahrauns, sem og Álftanes allt, og búið á Skúlastöðum. Örnefnið Skúlastaðir er nú týnt en ýmsar getgátur hafa verið uppi varðandi staðsetningu landnámsbýlisins og hefur helst verið talið að það leynist undir sverði á Görðum eða á Bessastöðum. Í *Árbók hins*

[3] **SSGK**, 1937-39.

íslenska fornleifafélags frá 1903 setur Brynjúlfur Jónsson hins vegar fram þá tilgátu að Skúlastaðir hafi áður verið á þeim stað sem nú kallast Skúlatún (185:053), grasblettur umlukinn hrauni sunnan Helgafells í landi Hafnarfjarðar. Brynjúlfur gat sér þess til að örnefnið gæti verið afbökun á eldra örnefni, Skúlastaðatúni. Í Árbók frá 1908 segir Brynjúlfur svo frá vettvangsrannsókn sinni í Skúlatúni þar sem hann er ekki í vafa um að Skúlatún sé í reynd tún landnámsjarðar Garðabæjar og nágrennis.[4] Nánar er rætt um þessar hugmyndir Brynjúlfs í næsta kafla.

Nokkuð margar örnefnaskrár eru á Örnefnastofnun Íslands yfir einstakar jarðir innan marka Garðabæjar. Af þessum skrám má ýmsan fróðleik hafa, t.d. um staðsetningu tófta og annara fornra mannvirkja. Örnefnaskrár Garðabæjar byggja allar á viðtölum við staðkunnugt eldra fólk og eru skrár sem þessar yfirleitt ein mikilvægasta heimildin við leit og skráningu fornleifa.

Fornleifaskráning er ekki ný af nálinni innan marka Garðabæjar, þótt aldrei hafi áður farið fram heildstæð samantekt á öllum minjum bæjarfélagsins. Fyrri skráningar voru yfirleitt gerðar á afmörkuðum reitum sem skráðir voru sem hluti af skipulagsvinnu á viðkomandi svæði eða vegna yfirvofandi framkvæmda. Meira en 20 ár eru síðan fornleifaskráning var fyrst unnin í Garðabæ. Hana gerðu Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson og Guðrún Sveinbjarnardóttir á vegum Þjóðminjasafns Íslands og könnuðu þau m.a. minjar í Selgjá og Garðahverfi. Tvisvar hafa minjar í Garðabæ verið skráðar vegna nálægðar við Hafnarfjörð, í tengslum við skráningarvinnu sem unnið var að í nágrannabæjarfélaginu. Fyrst árið 1988 er Sigurður Bergsteinsson vann að skráningu Hafnarfjarðar í umboði Þjóðminjasafnsins og skráði minjar í Setbergi innan marka Garðabæjar. Síðara skiptið var árið 1998 er Hildur Gestsdóttir og Sædís Gunnarsdóttir skráðu fornleifar milli Skerseyrar og Langeyrar fyrir hönd Fornleifastofnunar Íslands. Níu sinnum hafa afmörkuð svæði innan Garðabæjar verið skráð vegna skipulagsvinnu eða framkvæmda.

- Árið 1994 vann Ragnheiður Traustadóttir skráningu fyrir hönd Þjóðminjasafnasins í Arnarneslandi vegna deiliskipulags.
- Ragnheiður kom aftur að skráningu í Akralandi á Arnarnesi tíu árum síðar, árið 2004, ásamt Önnu Rut Guðmundsdóttur, þá á vegum Byggðasafns Skagafirðinga.

[4] Brynjúlfur Jónsson, 1903:34; 1908:9-10

- Árið 1996 unnu Birna Gunnarsdóttir og Ragnheiður Traustadóttir að fornleifaskráningu vegna samkeppni um skipulag í Áslandi og Grísanesi, fyrir hönd Þjóðminjasafnsins.
- Þremur árum síðar, eða árið 1999, vann Orri Vésteinsson fornleifaskráningu á vegum Fornleifastofnunnar Íslands vegna fyrirhugaðs vegstæðis Álftanesvegar, milli Engidals og Selskarðs.
- Árið 2003 fór fram deiliskráning á völdum reitum í landi Arnarness. Skráningin var unnin af Fornleifastofnun Íslands og var gerð af Elínu Ósk Hreiðarsdóttur. Deiliskráning er nákvæmari en aðalskráning fornleifa og er undanfari verklegra framkvæmda á viðkomandi svæði.
- Árið 2003 var unnin stærsta fornleifaskráningin í Garðabæ fram að þeim tíma. Allt Garðahverfið var þá deiliskráð á vegum Þjóðminjasafns Íslands og unnu Ragnheiður Traustadóttir og Rúna Knútsdóttir Tetzschner verkið.
- Í framhaldi af skráningu í Garðahverfi var tveimur árum síðar unnin skráning á deiliskipulagsreit í landi Garða. Deiliskráninguna vann Bjarni F. Einarsson hjá Fornleifafræðistofunni.
- Árið 2005 aðalskráði Oddgeir Hansson hjá Fornleifastofnun Íslands fimm valda skipulagsreiti, einn í landi Setbergs en hina í landi Vífilsstaða.
- Sama ár deiliskráðu þær Ragnheiður Traustadóttir og Rúna Knútsdóttir Tetzschner hluta Urriðakots í Garðabæ.

Á undanförnum árum hafa þrjár fornleifarannsóknir farið fram í landi Garðabæjar, allar undir stjórn Ragnheiðar Traustadóttur. Frá árinu 1994 til 1998 fór fram björgunaruppgröftur á vegum Þjóðminjasafnsins í landi Hofsstaða vegna fyrirhugaðra bygginga- og vegaframkvæmda í landinu. Rannsóknin leiddi m.a. í ljós veglegan landnámsskála, þann næststærsta sem fundist hefur á Íslandi. Skálinn er skráður hér undir númerinu 177:013. Ákveðið var að varðveita rústina og hefur minjagarður nú verið opnaður á svæðinu sem og veggir tóftarinnar endurbyggðir. Árið 2006 fór fram björgunaruppgröftur á minjum í landi Arnarness, þar sem Akrahverfið nú rís. Ragnar Edvardsson var verkefnisstjóri uppgraftarins. Grafið var í minjar sem í þessari skýrslu eru skráðar sem 178:032 en ekki hefur verið gefin út skýrsla um niðurstöður uppgraftarins. Árið 2007 voru teknir átta könnunarskurðir í níu minjar innan túns í Urriðakoti að beiðni

Fornleifaverndar ríkisins vegna fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu. Könnunarskurðir voru gerðir í minjar 174:004, 006, 007, 009, 010, 035, 065 og 069. Fimm þeirra (174:007, 009, 010, 035 og 065) þótti ekki ástæða til að kanna nánar. Á hinum minjastöðunum (174:004, 006 og 069) var að finna veggjaleifar úr torfi með miðaldalaginu[5] sem féll árið1226. Yfir veggjunum var gjóskulag úr Kötlu frá árinu 1500 og mannvirkin þá fallin úr notkun. Í þúst 174:069 voru eldri minjar, torfveggur og gólflag frá 10. eða 11. öld. Það bendir til þess að jörðin hafi líklega verið lengur í ábúð eða nytjuð fyrr en áður hefur verið talið. Haustið 2008 fór fram fornleifarannsókn á minjum 174:069 og verður henni að öllum líkindum haldið áfram vorið 2009. Fyrstu niðurstöður benda til þess að þar hafi verið selstaða eða nytjastaður, mögulega frá Setbergi eða Vífilsstöðum.[6]

[5] Reykjaneseldar voru á árunum 1211-1240 og miðaldalagið kemur úr þeim.
[6] Ragnheiður Traustadóttir, 2008: 7,19; Ragnheiður Traustadóttir, 2009: munnleg heimild.

4. Byggðasaga

Til að geta sett niðurstöður fornleifaskráningar í fræðilegt samhengi er nauðsynlegt að hafa hugmynd um sögu byggðar á svæðinu sem er til rannsóknar. Byggðasaga er einn sá grunnur sem áætlanir um frekari rannsóknir, t.d. uppgrefti, ættu að byggja á. Vitneskja um sögu byggðar eykur líkur á að rannsóknarefni fornleifafræðinga séu mótuð og þar af leiðandi fáist markvissari niðurstöður. Ekki hefur mikið verið ritað um byggðasögu Garðabæjar, eða þeirra jarða sem bærinn byggðist úr. Fyrir áhugasama um sögu og þróun byggðar í Garðabæ má þó benda á *Garðabær: Byggð milli hrauns og hlíða* sem út kom 1992 en þar er að finna úttekt á upphafi byggðar innan marka bæjarfélagsins og þróun hennar allt fram á síðustu ár og *Örnefni og leiðir í landi Garðbæjar* frá 2001, en þar er teknar saman all ítarlegar upplýsingar um örnefni innan marka bæjarfélagsins sem og gamlar leiðir og flestar þeirra merktar samviskusamlega á loftmyndir og kort. Sökum þess að lítið hefur verið fjallað um byggðarsögu Garðabæjar er markmiðið hér að draga saman helstu staðreyndir um landnám og byggðarþróun sem þegar hafa verið settar fram en jafnframt nota fornleifaskráningu og þær fornleifarannsóknir sem gerðar hafa verið allt fram á síðustu ár til að bæta við myndina og dýpka skilning á byggðarþróuninni. Auk fornleifa nýtast fjölmargar ritaðar heimildir við ritun byggðasögu s.s. Landnáma, Sturlunga og Íslendingasögur, Íslenzkt fornbréfasafn, tölur um dýrleika jarða og upplýsingar um staðsetningu kirkna og bænhúsa. Sú umfjöllun sem hér fylgir um byggðasögu Garðabæjar, eins og reyndar skýrslan í heild, afmarkast við mörk bæjarfélagsins eins og þau eru nú.

Land Garðabæjar tilheyrði Álftaneshreppi, að líkindum allt frá upphafi hreppaskipulags sem á rætur að rekja í það minnsta aftur á 13. öld og sennilega allt aftur til 11. aldar[7], og var svo allt til 1878 er skipting varð milli Garðahrepps og Bessastaðahrepps. Almennt er álitið að bæir, þar sem kirkjur eða bænhús stóðu, hafi byggst snemma, enda hafi slík hús oftast verið stofnsett fljótlega eftir árið 1000. Aðeins ein kirkja er skráð innan marka Garðabæjar, Garðakirkja, enda greinilegt að á Görðum var þungamiðja byggðar fyrr á

[7] Sbr. Tíundar lög og Grágás.

öldum. Ritaðar heimildir eru um eitt bænhús (178:002) innan Garðabæjar og sem var landi Arnarness. Vel má vera að fleiri slík hafi verið á hinum lögbýlunum en heimildir um þau glatast. Þá eru kuml óræk sönnun um forna byggð sem komin var á fyrir 1000. Engin kuml hafa fundist innan núverandi marka Garðabæjar né örnefni sem gefa slíkt til kynna. Það er áhugavert og líklegt að kumlunum hafi verið raskað, þau ekki verið til staðar á svæðinu eða þekking um staðsetningu þeirra glatast. Landamerki og landamerkjagarðar sem skilja á milli jarða geta einnig verið fornir og gefið til kynna aldur býlanna. Tvenn slík garðlög (173:019 og 174:048) eru skráð í Garðabæ. Hið fyrra skilur á milli Setbergs og Urriðakots en hið seinna á milli Setbergs, Hraunsholts, Urriðakots, Hagakots og Vífilsstaða. Einnig koma bæjarnöfn að góðu gagni þegar á að reyna að ákvarða í hvaða röð jarðir hafi byggst. Selstaða er þekkt frá þremur lögbýlum í Garðabæ, Görðum, Setbergi og Vífilsstöðum. Það getur verið vísbending um að býlin séu eldri en önnur á svæðinu.

Samkvæmt tiltækum vísbendingum mætti ætla að elsta byggða ból innan bæjarmarkanna væri Garðar. Garðastaður var metinn á 60 hundruð árið 1697, en til samanburðar var Setberg metið á 16 hundruð árið 1703[8]. Enginn vafi er á því að öll býlin í Garðahverfi byggðust út úr Görðum og árið 1703 voru flest býlin í Garðhverfi enn hjáleigur í óskiptu landi Garðastaðar.[9] Örnefnið ‘Garðar’ er að líkindum frumlegra en ‘Bessastaðir’og virðist hæfa betur fyrsta býlinu á Álftanesi, en að auki eru Garðar metnir nokkru verðmætari í jarðabók 1703,[10] þó svo að þar kunni að liggja aðrar ástæður að baki.[11] Samkvæmt Landnámu var bróðursonur Ingólfs Arnarsonar, landnámsmaður á stórum hluta þess svæðis sem Garðabær nú byggir:

> *Ásbjörn Össurarson, bróðurson Ingólfs, nam land milli Hraunholtslækjar og Hvassahrauns. Álftanes allt, og bjó á Skúlastöðum. Hans son var Egill, faðir (Össurar, föður) Þórarins, föður Óláfs, föður Sveinbjarnar, föður Ásmundar, föður Sveinbjarnar, föður Styrkárs*.[12]

Staðsetning Skúlastaða er, eins og áður kom fram, ekki þekkt, en tvær megin kenningar

[8] **JÁM** III: 176, 180
[9] **JÁM** III
[10] **JÁM** III: 219
[11] Í Jarðabókinni segir um Bessastaði: „Jarðarinnar dýrleiki þykjast menn heyrt hafa að verið hafi xii [hundr].” Bendir þetta til þess að jörðin hafi ekki verið sérstaklega metin við gerð Jarðabókar og hefur jörðin hiklaust verið mun verðmætari.
[12] http://www.snerpa.is/net/snorri/landnama htm

hafa verið á lofti varðandi staðsetningu landnámsbæjarins. Sú fyrri er sú að annað hvort hafi hann verið þar sem seinna byggðust Garðar eða Bessastaðir.[13] En sú síðari sem verður að teljast ósennilegri, er að þeir hafi verið í Skúlatúni, sem er grasigróinn blettur á hraunbreiðu vestur af Helgafelli, við afrétti Garðabæjar og Bessastaðahrepps.[14] Það verður að teljast afar ósennilegt að landnámsbærinn hafi staðið í Skúlatúni enda er þar með öllu vatnslaust og slægjulaust. Hraunið sem Skúlatún er hluti af er að líkindum eldra en landnám Íslands og auk þess er ótrúlegt að fyrsta byggðin á svæðinu hafi verið upp til fjalla, en ekki á grónari og búsælli svæðum niður við sjó.[15] Sá hluti Garðabæjar sem stendur utan ætlaðs landnáms Ásbjörns, var samkvæmt Landnámu byggt Vífli, leysinga Ingólfs:

> *Vífli gaf Ingólfur frelsi, og byggði hann að Vífilstóftum; við hann er kennt Vífilsfell; þar bjó (hann) lengi, varð skilríkur maður*.[16]

Vífilsstaðir draga því samkvæmt þessu nafn sitt af Vífli þessum og taldi Björn Þorsteinsson að frásögnina mætti telja vitnisburð um fyrsta kotið á landinu.[17] Hvaða trúnað sem fólk kann að leggja á Landnámu, er ljóst að á svipuðum tíma og þeir atburðir sem hún lýsir komust fleiri jarðir, eða hjáleigur, í byggð innan núverandi marka Garðabæjar. Fornleifauppgröftur við Hofstaði í miðbæ Garðbæjar leiddi m.a. í ljós skála frá landnámstíð. Mannvirkið er næststærsti víkingaaldarskáli sem grafinn hefur verið upp hér á landi, eða um 30 x 8 m að flatarmáli og því virðist ekki hafa verið um kotbúskap þar að ræða, þó svo að á seinni öldum hafi Hofsstaðir verið metnir sem hálflenda.

Þéttbýli byrjaði að myndast í landi Garðabæjar í kringum 1950 í kjölfar skorts á einbýlishúsalóðum í Reykjavík. Fyrsti vísirinn af þéttbýli byrjaði að myndast í landi Sveinatungu og Hraunsholts og um 1960 risu ný hverfi fyrst í Flötum, sunnan Vífilsstaðavegar og í Arnarnesi. Árið 1960 var Garðabær löggiltur sem verslunarstaður og 1975 fékk bæjarfélagið kaupstaðaréttindi.[18]

---

[13] T.a m. **ÍF**, 1968:394. nmgr. og Ólafur Lárusson, 1936:49-50, nmgr.
[14] Brynjúlfur Jónsson, 1903:34; 1908:9-10
[15] Sjá m.a. Ólaf Lárusson, 1936: 49-50, nmgr.
[16] http://www.snerpa.is/net/snorri/landnama htm
[17] Björn Þorsteinsson, 1983:25
[18] Ragnar Karlsson, 1992: 51-52.

Ritaðar heimildir um jarðir í Garðahverfi

Garðastaður er sú jörð innan marka Garðabæjar sem elstar og mestar heimildir eru til um. Í *Hrafnkels sögu Freysgoða* sem flestir telja ritaða um 1300 er minnst á Þormóð Þjóstarson sem sagður er búa í Görðum á Álftanesi.[19] Garðar (GK-185) koma tvisvar fyrir í *Sturlungu* í báðum tilfellum í sögum sem líklega voru ritaðar á seinni hluta 13. aldar. Í *Íslendingasögu* segir að Gizur jarl hafi gist nokkrar nætur á Görðum hjá Einari bónda Ormssyni. Þar hitti Gizur Óláf jarl Oddson í kirkjugarðinum í Görðum.[20] Í *Þórðar sögu kakala* segir frá því þegar Þórður Bjarnason dvelur hjá Einari Ormssyni í Görðum og var á endanum höggvinn í "ýtri stofunni" á Görðum.[21]

Elsta heimildin um Garða er líklega í kirknaskrá Páls biskups Jónssonar í Skálholti, frá um 1200,[22] og er því ljóst að Garðastaður er gömul kirkjujörð. Þar stóð fram að siðaskiptum á 16. öld Péturskirkja, helguð Pétri postula.[23] Í kirkjumáldaga frá 14. öld sést að Garðakirkja var nokkuð vel stæð og voru eignir hennar dæmigerðar fyrir kirkjur á stórbýlisjörðum.[24] Garðakirkja var aflögð í upphafi 20. aldar er Garðasókn var sameinuð Hafnarfjarðarsókn og var síðasta messan haldin 15. nóvember 1914. Árið 1960 var Garðasókn hins vegar upptekin að nýju og fáum árum seinna var ný Garðakirkja vígð, byggð að hluta á veggjarústum hinnar eldri kirkju.[25]

Frá árinu 1307 er varðveitt bréf er varðar tilkall Garðastaðar til rekaviðs og landrekins hvals við Grindavík en samkvæmt því áttu Garðar allan: "vidreka og hvalreka fra Ranganiogre og [i] Leitu kvenna bása. ad kalftiorninga fiouru."[26]. Í *Hítardalsbók* er máldagi frá 1367 sem segir að Garðakirkja, sem sé helguð Pétri postula, eigi allt heimland, Hausastaði og Selskarð[27]. Í Vilchinsmáldaga frá 1397 er jörðunum Hlíð, Bakka, Dysjum, Hraunsholti og Hjallalandi, auk afréttar í Múlatúni, bætt við upptalninguna á eignum.[28] Rúmlega 150 árum síðar, eða 1558, fóru fram jarðaskipti að undirlagi Knudt Stensson, Konglig Mejestetz Byfalningsmann, við séra Lopt Narfason í

[19] http://www.snerpa.is/net/isl/hrafn htm
[20] Sturlunga saga I, 1946:529-530
[21] Strulunga saga II, 1946:40
[22] **DI** XII: 9
[23] Ragnar Karlsson, 1992:24
[24] **DI** IV: 107-108
[25] Ragnar Karlsson, 1992:25-26
[26] **DI** II: 362
[27] **DI** III: 220
[28] **DI** III: 220; DI IV: 107-108

Garðakirkju, er færðu Hlíð undir Bessastaði og í konungseign, en í staðinn fengu Garðar Vífilsstaði, sem fram að því höfðu tilheyrt Viðeyjarklaustri.[29] Samkvæmt *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* voru Garðar metnir á 60 hndr árið 1697.[30] Í örnefnaskrá Kristjáns Eiríkssonar segir að Hafnarfjörður eigi þá 16 ha þríhyrning úr landi Garða, frá gömlu marklínunni í átt að Álftanesvegi, þar sem nú er hluti af Norðurbænum í Hafnarfirði. Görðum tilheyrir landið sjávarmegin við Hafnarfjarðarveg inn að Arnarneslæk sem ræður til sjávar.[31] Er Hafnarfjarðarkaupstaður var stofnaður 1907 voru honum ákveðin norðurmörk "Úr sjó utanvert við Balatún, sjónhending eftir takmörkum Hafnarfjarðarhrauns og Dysjamýrar, þar til kemur á hinn forna veg frá Görðum til Reykjavíkur. Eftir þeim vegi í Engidal. Þaðan eftir nyrðri brún Hafnarfjarðarhrauns, þar til kemur á móts við austurhorn Hraunholtstúns …".[32] Land þetta tilheyrði þó Garðastað eftir sem áður en 1912 keypti Hafnarfjarðarkaupstaður það mestallt og heimilaði Alþingi það með lögum nr. 12, 22.10.1912 með þessum merkjum: "Bein lína úr Balaklöpp við vesturenda Skerseyrarmalar í veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer að fara lækkandi frá norðurbrún hraunsins. Þaðan bein lína í Hádegishól, hádegismark frá Hraunsholti, nálægt í hásuður frá bænum, spölkorn frá hraunjaðrinum…"[33] Hamarskotstún var eftir sem áður eign Garðastaðar. Görðum tilheyrir landið sjávarmegin við Hafnarfjarðarveg inn að Arnarneslæk sem ræður til sjávar.[34] Í Garðahverfi eru nokkrar litlar jarðir og hjáleigur sem byggst hafa út frá Görðum og sem frá fornu fari hafa tilheyrt kirkjujörðinni. Ágangur sjávar og landbrot virðist hafa hrjáð allar jarðirnar í Garðhverfi, t.a.m. segir í *Jarðabók Árna og Páls* að bæjarhús Bakka hafi þurft að færa þrisvar frá sjó og árið 1918 var búið að færa Austurbæjarkálgarðinn á Dysjum fimm sinnum síðustu 28 árin á undan sökum landbrots.[35]

Á Dysjar (GK-181) er fyrst minnst í Vilchinsmáldaga frá 1397 og er jörðin sögð eign kirkjunnar á Görðum.[36] Í skrá frá 1565 yfir byggðar jarðir Garðakirkju er minnst á

[29] **DI** XIII: 317
[30] **JÁM** III: 181
[31] Ö-Garðahverfi KE: 2
[32] Ásgeir Guðmundsson, 1983: 101
[33] Ásgeir Guðmundsson, 1983 : 102-104
[34] Ö-Garðahverfi KE: 2
[35] **JÁM** III: 182-183; Túnakort 1918
[36] **DI** IV: 107

Dysjar og er jörðin þá ekki lengur talin hjáleiga.[37]. Í *Jarðabók Árna og Páls* frá 1703 eru Dysjar enn eign Garðakirkju og teljast lögbýli í óskiptu Garðastaðalandi og er jarðadýrleiki því óviss, því vitanlega borgaði jörðin enga tíund.[38] Árið 1971 eignaðist Hafnarfjörður hluta úr landi Dysja.[39]

Líkt og Dysjar kemur Bakki (GK-182) fyrst fyrir í Vilchinsmáldaga frá 1397[40] og svo aftur í skrá yfir byggðar jarðir í eign Garðastaðar frá 1565 og telst þar ekki hjáleiga.[41] Í *Jarðabók Árna og Páls* frá 1703 segir að Bakki sé lögbýli og hafi fullt fyrirsvar, en standi í óskiptu landi Garðastaðar og því er dýrleiki óviss. Í Jarðabók segir jafnframt: „ Þessum bæ fylgdi til forna Garðamýri (ein mýri þarí hverfinu ... Mýrina tók hjer frá Sr. Þorkell Arngrímsson og lagði til heimastaðarins sökum eklu á torfristu og útheyss slægjum og færðist so aftur landskuldina ...”[42] Byggð á Bakka lagðist af árið 1910.[43]

Elstu heimildir um Pálshús (GK-183) eru frá 1565 og er býlið þá hjáleiga í landi Garða[44] Árið 1703 er Pálshús enn fyrirsvarslaus hjáleiga í óskiptu Garðastaðalandi.[45]

Svipaða sögu er að segja af Nýjabæ (GK-184), á jörðina er fyrst minnst 1565 í skrá yfir byggðar jarðir í landi Garða.[46] Í jarðabók frá upphafi 18. aldar er Nýibær kallaður hálfbýli, „því þarer ekki fyrirsvar (eða hreppamanna hýsing) nema að hálfu. Stendur þetta býli í óskiftu Garðastaðar landi og samtýniss við Garða eins og hin í hverfinu, er hjáleigur kallast.”[47]

Á Ráðagerði (GK-186) og Miðengi (GK-187) er ekki minnst í heimildum fyrr en 1703 og þá sem hjáleigur Garða í óskipu Garðastaðalandi.[48] Þar að auki segir í Jarðabók að Miðengi hafi fyrst byggst úr Hlíðarlandi á fyrri hluta 17. aldar og hafi í manna minnum haft hálft fyrirsvar.[49]

Móakot (GK-189) byggðist einnig úr Hlíð (GK-188) og segir í jarðabók frá 1703 að

[37] **DI** XIV: 437
[38] **JÁM** III: 181
[39] Ásgeir Guðmundsson, 1983: 116
[40] **DI** IV: 107
[41] **DI** XIV: 437
[42] **JÁM** III: 182-183
[43] Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, 2001: 77
[44] **DI** XIV: 438.
[45] **JÁM** III: 183
[46] **DI** XIV: 438
[47] **JÁM** III: 184
[48] **JÁM** III: 185-7
[49] **JÁM** III: 187

það hafi gerst fyrst „i þeirra manna minni, sem nú lifa"[50] og er elsta heimildin um Móakot einungis 5 árum eldri, frá 1698. 16. febrúar það ár var Oddi Ásbjarnarsyni ábúanda á Móakoti stefnt fyrir Kópavogsþing sökum lönguhöfuðs sem reist hafði verið á grenispýtu, en á þinginu gekkst vinnumaður á Görðum við því að hafa reist stöngina í þeim yfirnáttúrulega tilgangi að kalla fram betra veðurfar til fiskveiða.[51] Móakot fór í eyði árið 1930.

Árið 1397 er Hlíð (GK-188) eign kirkjunnar á Görðum[52] og er árið 1565 er á lista yfir byggðar hjáleigur í landi Garða.[53]. Í *Jarðabók Árna og Páls* árið 1703 er Hlíð enn hjáleiga Garða og tekið fram að jörðin hafi verið „lögbýli áður en Miðengi var þar frá tekið og var þar þá fyrirsvar að menn meina.".[54]

Hausastaðir (GK-190) og Selskarð (GK-192) voru eign Garða þegar árið 1367, og eru það einu jarðirnar sem minnst er á í Hítardalsbók sem voru í landi Péturskirkjunnar á Görðum.[55] Því er mögulegt að Hausastaðir og Selskarð séu elstu jarðirnar sem byggðust út frá Garðastað, en á aðrar jarðir er ekki minnst fyrr en í fyrsta lagi 1397. Á báðar jarðirnar er svo minnst árið 1565, í skrá yfir byggðar jarðir staðarins sem ekki voru hjáleigur.[56] Í *Jarðabók Árna og Páls* frá 1703 eru Hausastaðir „ lögbýli kallað því það hefur fult fyrir svar en stendur þó í óskiftu Garðastaðar landi so sem hjáleigur. Jarðadýrleiki óviss."[57] Frá sama ári segir um Selskarð í jarðabók að jarðadýrleiki sé einnig óþekktur og að árið 1703 hafi verið einn ábúandi, 1 kúgildi og landskuld hafi verið 60 ánir.[58]

Síðasta jörðin í Garðahverfi er Hausastaðakot (GK-191). Á þá jörð er ekki minnst fyrr en í *Jarðabók Árna og Páls* frá 1703 og er því ljóst að hún er að líkindum eitthvað yngri en hinar jarðirnar. Hausastaðakot var hjáleiga í óskiptu Garðastaðalandi, en samkvæmt Jarðabókinni var það mál manna að „hún hafi til forna legið til Hausastaða og verið þar frá tekin og lögð undir staðinn fyrir mannslán og mjeltunnu, sem hvorutveggja

[50] **JÁM** III: 188
[51] Matthías Þórðarson, 1929: 6-8
[52] **DI** IV: 107
[53] **DI** XIV: 438
[54] **JÁM** III: 187
[55] **DI** III: 220
[56] **DI** XIV: 427 og **DI** XIV: 437
[57] **JÁM** III: 189
[58] **JÁM** III: 221

var áður skilið í landskuld auk þeirra sem nú er."[59]

Ritaðar heimildir um jarðir utan Garðahverfis

Nú verður rakin stuttlega byggðasaga þeirra jarða sem eru utan Garðahverfis. Jarðirnar koma fremur sjaldan fyrir í gömlum ritheimildum. Elsta heimildin um Hofstaði er frá 1395, en á hinar er ekki minnst fyrr en á 16. og 18. öld. Þó er ljóst að flestar jarðanna hljóta að vera þó nokkuð eldri en ritheimildir gefa vísbendingar um. Slíkt má fullyrða, m.a. vegna tiltækra upplýsinga um landnámsskála á Hofstöðum og þeirra upplýsinga sem nú hafa komið í ljós í Urriðakoti. Í Landnámu er einnig talað um Vífilstóftir, sem án efa er undanfari Vífilsstaða og er það án efa vísbending um háan aldur jarðarinnar. Jarðirnar utan Garðahverfis verða hér teknar fyrir í þeirri röð sem þær komu fyrir í *Jarðatali Johnsens* frá 1847.

Setberg (GK-173) er vestust jarðanna innan marka Garðabæjar og tilheyrir að hluta Hafnarfirði. Elstu varðveittu ritheimildir um Setberg eru frá fyrri hluta 16. aldar. Til er kvittunarbréf frá árinu 1505 er staðfestir að Grímur Pálsson sé skuldlaus Þorvarði Erlendssyni vegna kaupa þess fyrrnefnda á jörðinni Setbergi.[60] Átján árum síðar, eða 1523, var útgefið annað sölubréf fyrir eignaskiptum á jörðinni, en Tómas Jónsson hafði þá greitt bræðrunum Pétri og Halli Björnssonum að fullu fyrir Setberg en í þessu bréfi eru landamerki jarðarinnar m.a. talin upp.[61] Af jarðabréfum má ráða að upp úr miðri 17. öld skipti Setberg nokkrum sinnum um eigendur. Samkvæmt *Jarðabók Árna og Páls* frá 1703 var Setberg metið á 16 hndr og er í eign Þóru Þorsteinsdóttur.[62] Á þeim tíma er Setberg eina jörðin innan núverandi marka Garðbæjar sem var í einkaeign[63] og hafði svo verið í það minnsta frá því fyrir 1505 samkvæmt þeim eignaskiptabréfum sem varðveist hafa. Árið 1912 keypti Hafnarfjörður hluta af Setbergslandi, allt til Lækjarbotna úr neðstu jarðabrú í Kaplakrika[64].

Óvíst er um aldur Urriðakots, en jörðin virðist hafa verið í eigu kirkjunnar fram á miðja 16. öld. Nafn Urriðakots (GK-174) kemur fyrst fyrir í jarðaskiptabréfi frá 1563 en

[59] **JÁM** III: 189
[60] **DI** VII: 797
[61] 1658 selur Tómar Björnsson sr. Þorsteini Björnssyni 8 hndr. í Setbergi, 1664 selur Tómar Björnsson fógetanum 8 hndr í Setbergi og 1665 eignast Guðrún Björnsdóttir 8 hndr í jörðinni. **DI** IX: 146
[62] **JÁM** III: 175
[63] sbr. Ragnar Karlsson, 1992: 22
[64] Sigurður Skúlason, 1933: 432nm

jörðin er þá ein 19 jarða sem renna til konungs í skiptum fyrir jafnmargar jarðir til Skálholtsstóls.[65] Næstu heimildir er varða Urriðakot eru frá 18. öld og er þá jörðin enn í konungseign. Í Jarðabók frá 1703 er jarðadýrleiki óviss, en Urriðakot er þar kallað hálfbýli því það hefur ekki fyrirsvar nema til helmings á móti lögbýlisjörðum og er í konungseign.[66] Árið 1847 var Urriðakot svo komið í bændaeign og metið á 16 hndr.[67] Ekki er loku fyrir það skotið að Urriðakot hafi á sínum tíma byggst út frá Setbergi. Nú liggja mörk Setbergs og Urriðakots um Urriðakotsvatn og um miðjan Hrauntanga sem skagar út í vatnið að norðanverðu. Á Hrauntanga er fornt garðlag sem kallast Lambhagagarður (173:038) og teygir það sig inn á báðar jarðir. Lambhagagarður er eldri en landamerkjagarðurinn sem skiptir jörðunum norður af Urriðakotsvatni og sem gengur þvert á Lambhagagarð. Hið forna garðlag er því líklegur vitnisburður þess að eitt sinn hafi Setberg og Urriðakot verið ein og sama jörðin. Nöfn jarðanna gætu gefið vísbendingu um hvor sé eldri, en „kot" örnefni eru yfirleitt talin yngri en nöfn sem vísa í náttúruaðstæður, líkt og „Setberg".

Byggð á Vífilsstöðum (GK-175) á mögulega upphaf sitt á landnámsöld, eins og áður kemur fram, en annars eru ritheimildir hljóðar varðandi Vífilsstaði fram undir miðja 16. öld, en frá þeim tíma eru til talsvert af heimildum, allar stjórnsýslulegs eðlis. Í Fornbréfasafni er Vífilsstaða tvisvar getið í Fógetareikningum af konungsjörðum í Borgarfirði, Viðeyjarklaustursjörðum og öðrum konungsjörðum í Kjalarnesþingi 1547-1548[68] og aftur getið í fógetareikningum 1549-1550.[69] Vífilsstaðir koma einnig fyrir í afgjaldarreikningum Kristjáns skrifara frá 1550 [70] og í fógetareikningum 1552[71] Ári síðar, eða 1553, er nefndur ábúandi á Vífilsstöðum í hlutabók og sjávarútgerðarreikningi Eggerts hirðstjóra.[72] Að undirlagi Knudt Stensson *Konglig Majestetz Byfalningsmann* gengu Vífilsstaðir undir Garðakirkju árið 1558, en jörðin hafði fram að þeim tíma tilheyrt Viðeyjarklaustri. Var það gert í skiptum fyrir Hlíð sem var tekin undir konungsjörðina

[65] Samkvæmt óprentuðu jarðaskiptabréfi sem vitnað er til í RT og RKT, 2005:8
[66] **JÁM** III: 223
[67] **JJ**, 1983: 92
[68] **DI** XII: 113
[69] **DI** XII: 154
[70] **DI** XII: 174
[71] **DI** XII: 400
[72] **DI** XII: 577

Bessastaði.[73] Minnst er á Vífilsstaði í skrá yfir byggðar jarðir Garðakirkju frá árinu 1565.[74] Í *Jarðabók Árna og Páls* frá 1703 er dýrleiki jarðinnar sagður óviss sökum þess að Vífilsstaðir eru þá enn Garðakirkjueign,[75] og dýrleiki er ekki heldur tilgreindur Jarðatali Johnsens frá 1847.[76] Vífilsstaðir eru líklegast einna þekktastir fyrir að vera aðsetur heilsuhælis fyrir berklasjúklinga, en það var sett á laggirnar árið 1910. Árið 1974 lagðist búrekstur lagðist af á Vífilsstöðum.[77]

Litlar heimildir frá fyrri öldum hafa varðveist um Hagakot (GK-176). Árið 1703 var jörðin í konungseign og hálflenda með fyrirsvar til hálfs á við lögbýli.[78] Bæjarrústir Hagakots eru nú horfnar með öllu, en voru áður þar sem nú stendur íbúðarhúsið að Tjarnarflöt 10.[79]

Hofsstaðir (GK-177) eru næsta jörð norðan Hagakots og er ljóst að búseta hófst þar mjög snemma. Skáli frá landnámsöld fannst við fornleifauppgröft skammt vestur af núverandi bæjarstæði Hofstaða. Hofstaðabærinn stóð þar frá upphafi og fram á 13. öld, en var síðan fluttur, mögulega á þann stað sem núverandi bæjarhús stendur. Elsta byggingarstigið er veglegur víkingaaldarskáli sem ber þess vitni að stórbýli hafi verið á Hofstöðum í fornöld, þó ekki sé minnst á jörðina í Landnámu. Fyrst er minnst á Hofstaði í rituðum heimildum á 14. öld en þá komust Hofsstaðir í eigu Viðeyjarklausturs.[80] Í *Jarðabók Árna og Páls* frá 1703 eru Hofsstaðir sagðir í eigu konungs og hafa að líkindum orðið það við siðaskiptin um miðja 16. öld.[81] Í *Jarðatali Johnsens* frá 1847 voru Hofsstaðir enn í konungseign og metnir á 10 hdr.[82] Búskapur lagðist af á Hofstöðum árið 1965 og keypti Garðahreppur jörðina undir íbúðahúsalóðir ári seinna.[83]

Fátæklegar ritheimildir hafa varðveist um Arnarnes (GK-178). Í *Jarðabók Árna og Páls* frá 1703 er Arnarnes konungsjörð og jarðadýrleiki því óviss.[84] Telja má þó líklegt byggð í Arnarnesi sé mun eldri en þar er eina þekkta bænhúsið innan núverandi

[73] **DI** XIII: 317
[74] **DI** XIV: 437
[75] **JÁM** III: 224
[76] **JJ**, 1983: 92
[77] Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, 2001: 45
[78] **JÁM** III: 225
[79] Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, 2001: 102
[80] **DI** III: 598
[81] **JÁM** III: 226
[82] **JJ**, 1983: 92
[83] Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, 2001: 20
[84] **JÁM** III: 227

merkja Garðabæjar. Á nesinu eru þekkt tvö býli, Arnarnesið sjálft og svo Litla Arnarnes, sem einnig er þekkt sem Arnarnes gamla og Arnarneskot.[85] Ekkert er minnst á kotið í jarðabókinni og gæti það verið vísbending um að Litla Arnarnes kunni að vera yngra en frá árinu 1703 eða ekki í byggð á þeim tíma. Á Arnarnesinu eru þekktar þrjár dysjar sakamanna sem teknir voru af lífi á Kópavogsþingi og ein þeirra, -178:020, mun vera dys Hinrik Kules sem dæmdur var til dauða fyrir morð þann 23. febrúar 1582. Minna er þekkt um hinar dysjarnar tvær, en þær ganga jafnan undir nöfnunum Þorgarðsdys (178:015) og Þormóðsleiði (178:006). Í *Jarðatali Johnsens* frá 1847 var Arnarnes enn í konungseign og metin á 20 hdr, og því hæst metna jörðin innan núverandi marka Garðabæjar utan Garðastaðar sjálfs.

Ekki er vitað hvenær Hraunsholt (GK-179) byggðist fyrst, en líkt og með fleiri jarðir innan marka Garðabæjar þá kann jörðin að vera býsna gömul þótt nafn hennar komi ekki fyrir í mörgum ritheimildum fyrri alda. Elsta þekkta heimildin um jörðina er frá árinu 1565, og er Hraunsholt þá ein jarða Garðakirkju.[86] Í byrjun 18. aldar var jörðin enn í eigu Garðakirkju, en óvíst var á þeim tíma hvort kalla skildi jörðina hálflendu eða lögbýli „því þar er margoft ekki fyrirsvar nema til helmínga, utan þegar vel fjáðir menn hafa ábúið, og stendur þetta býli í óskiftu Garðastaðar landi".[87]

Þó svo að vísbendingar ritheimilda séu fremur þöglar um upphaf og þróun byggðar innan Garðabæjar er ýmislegt sem bendir til að byggð hafi snemma hafist á þessu svæði og jafnvel orðið nokkuð þétt. Til þess benda m.a. uppgreftir á Hofstöðum og í Urriðaholti og Garðahverfið allt. Einnig má vera að á næstu árum/áratugum muni frekari fornleifarannsóknir á svæðinu leiða í ljós mun ítarlegri vitnesku um elstu byggð á svæðinu og þróun hennar.

[85] Gísli Sigurðsson, 1964: 2
[86] **DI** XIV: 437.
[87] **JÁM** III: 222.

5. Fornleifaskrá

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í *Jarðatali Johnsens* frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er að jafnaði miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Í skráningu í Garðabæ réðu þó núverandi mörk bæjarins umfangi skráningar og var því einstaka jarðir aðeins skráðar að hluta. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: GK-224:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju sé ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á

grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

GK-173 Setberg

1505: "var þad setberg fyrir sunnan land vid hafnarfiord. ok þar med ij. kvgilldi edvr iij huortt ed uæri. iij uættir smiors vr holom. leigur fra haugatungu vppa .iij. ar. var þetta allz .x. vætter. sagdist grimr hafa likt þoruardi adr .xxxiiij. kugilldi. heyrdum vær þa aunguan aaskilnad þessara þratt greindra manna. helldr kom þeim alltt uel samann suo uær heyrdum." DI VII, 797. 1523: var Tómas Jónsson kvittaður af jörðinni Setbergi af Pétri og Halli Björnssonum. Þá voru landamerkin: "Vr midium kietheller og i stein [þan er stendur i fremsta tiorn) hollte. vr honum og i Hellv þa er stendur i lambhaga. þadan og i [nedstu jardbru). so epter þui sem lækurinn af skier [j tungards endan. þadan i silungahellu. so þadan og i þufuna sem sudur a holltenu stendur. vr henne og i midian kietheller. hier ad auk a Garda stadur tolf hesta [Reidings ristu) i setbergs lande. en opt nefnt setbergs budarstödu vid skipaklett i garda lande." DI IX, 146.
1658, selur Tómas Björnsson sr. Þorsteini Björnssyni 8 hndr. í Setbergi. 1664 setur Tómar Björnsson fógetanum 8 hndr í Setbergi. 1665 eignast Guðrún Björnsdóttir 8 hndr í Setbergi. Jarðabréf, 15. 16 hndr 1703.
1912 keypti Hafnarfjörður Setbergsland allt til Lækjarbotna. "Samkvæmt dómi frá 5. des 1924 eru landamerki milli Setbergs og þess hluta Garðakirkjulands, sem með lögum nr. 13, 1912 var selt Hafnarfjarðarkaupsstað, sem hér segir: "Úr neðstu jarðabrú í Kaplakrika eftir Kaplalæk í hraunjaðrinn beint vestur af þeim stað þeim, þar sem Kaplalæk er nú veitt úr eldri farveg sínum, rétt norðan við Baggalágar vestur af Setbergslandi, þaðan beina línu í stíflugarð rafstöðvartjarnarinnar, þá eftir garðinum og úr honum beint í markþúfu suður og uppi á holtinu þaðan í upptök lækjar þess, serm Hafnarfjarðarkaupstaður fær neyzluvatn sitt úr, þá i Gráhellu og þaðan í miðjan Ketshelli. ..." SS: Saga Hafnarfjarðar, 432nm. "Lönd jarðanna Þórbergs, Setbergs og Hlébergs, sem eru innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar, mun Hafnarfjarfjarðarbær eignst innan tíu ára, sbr. samning við landeigendur, dagsettan í júlí 1980." ÁG: Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I, 122
1703: "Engjar á jörðin nokkrar þó litlar sjeu." JÁM III, 176. 1918: Tún 6,5 teigar, nær allt sléttað, garðar 1600 m2.

GK-173:006 tóft útihús 64°04.127N 21°55.655V



Útihús er sýnt á túnakorti við austurjaðar túns, tæplega 170 m norðaustur frá gamla bæjarstæðinu (001). Rústir þess eru enn sjáanlegar, byggðar utan í túngarðinn að austanverðu. Stór hlaðinn kálgarður er sambyggður útihústóftinni að norðanverðu en mun hann vera síðari tíma verk að sögn Óttars Geirssonar heimildamanns. Þessi hluti túnsins er í landi Garðabæjar. Tóftin er í jaðri gamla heimatúnsins sem að mestu hefur verið breytt í golfvöll
Eitthvað virðist vera búið að ryðja þessari rúst til og því erfitt er að átta sig á nákvæmri lögun hennar. Hún virðist þó hafa verið um 15 x 15 m að stærð og er hleðsluhæðin mest um 0,5 m.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918

GK-173:010 garðlag túngarður 64°03.993N 21°55.551V



Túngarðurinn, horft til suðausturs

"Til suðurs frá traðahliði lá svonefndur Urriðakotsvegur eldri ofan við mýrina. Hann beygði síðan vestur
með Hádegisholti, öðru nafni Flóðahjalla, sem er stórt holt suður af Urriðakotsvatni. Síðan lá vegurinn norðvestur eftir Setbergsholti norðaustanverðu meðfram túngarði á Setbergi, norðvestur fyrir
Setbergshamra, og síðan til suðurs niður á Setbergsveg, sem lá til Hafnarfjarðar."segir í örnefnaskrá Urriðakots. Í örnefnaskrá Setbergs segir ennfremur: "Túngarðar eða Setbergstúngarðar lágu að því [túninu] að sunnan, austan og norðan. ... Austurgarður er ofan túns allt út að austurtúngarðshliði og þaðan nokkuð lengra, en þá tekur norðurtúngarður við, og nær hann allt niður að læk." Garðlagið er ennþá allgreinilegt á köflum

meðfram norður- og austurjaðri túnsins, þótt hleðslur séu talsvert signar. Garðlagið liggur í túnjaðri og er utan garðsins. Utan garðsins er óræktarmói og nokkuð grýtt, einkum meðfram norðurjaðrinum. Hefur svæðið utan garðsins verið ræktað upp með lúpínu að nokkru leiti.
Í Þjóðminjaskrá Hafnarfjarðar (Kortablað 1613/III/21) segir: "Um 2 m breiður og 0,50 m hár grjótgarður. Garðurinn hefur verið eyðilagður til vesturs undir Setbergshamri þar sem nýtt íbúðarhverfi hefur risið. Garðurinn liggur skammt norður af húsi nr. 46 við Fagraberg, upp á Setbergshamra í austur en sveigir síðan í aflíðandi boga til suðurs þar til hann rofnar. L=450m. Garðurinn er rofinn á 128 m kafla, eða að S-kanti vegar til Urriðakots. Hann hefur sennilega verið rofinn vegna nýrrar túnræktunar. Frá suðurbrún vegar til Urriðakots liggur garðurinn áfram til suðurs en sveigir síðan meira til vesturs og stefnir í SV, í átt að fjárhúsum um 230 m leið, en hefur verið tekinn niður skammt austur af fjárhúsunum. Dæld í jörðinni og sumstaðar neðsta hleðslan gefur til kynna að héðan hefur garðurinn legið fyrst í SSV síðan í S allt upp að vörðu á Húsaholti eða um 90 m. Elísabet Reykdal segir að þessi garður hafi verið til staðar er faðir hennar hóf búskap." Ástand garðlagsins er ærið misjafnt en lýsingin hér að ofan er þó í samræmi við þá hluta sem eru í hvað bestu ástandi, þ.e norðarlega meðfram austurjaðri túnsins.
Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Urriðakot, 2; Ö-Setberg GS, 1; Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 83

GK-173:012 mannvirki herminjar 64°03.566N 21°54.344V



Hernaðarmannvirki hlaðin úr grjóti, leifar úr Seinni heimsstyrjöld, eru á Flóðahjalla þar sem hann rís hæstur. Flóðahjalli er allhár grágrýtisrani suður af Urriðakotsvatni. Mannvirkin eru um 330 m SA af Flóðahjallavörðu [055] sem er nyrst á Flóðahjallatá. Mannvirkin eru leifar vígis frá Bretum sem ætlað var til varnar mögulegri innrás Þjóðverja um Hafnarfjarðarhöfn (skv. grein í MBL 13.01.2002).
Hernaðarmannvirkin eru hlaðin á og í kring um klöpp og umhverfis er melur. Mannvirkin samanstanda af garðlagi úr grágrýti og grjóthlöðnum tóftum innan þess. Allar hleðslur eru þurrhleðslur úr ótilklöppuðu grjóti. Garðlagið er nokkuð hring- eða sporöskjulaga en óreglulegt, um 45x33 m N-S að utanmáli. Hleðslurnar eru mjög tilgengnar og því víða breiðar og lágar, t.d. allt að 5 m breiðar nyrst. Um miðbik austurhluta garðlagsins eru hleðslurnar heillegastar, allt að 1,3 m háar, ríflega 1 m breiðar og 5-6 umför. Innan garðlagsins er mikið af lausu grjóti og jarðföstum klöppum. Tóftirnar eru einna syðst innan garðsins. Tvær eru greinilegar, ein ferhyrnd og önnur hringlaga, en einnig eru í kring tilgengnir veggir sem hugsanlega hafa áður verið hluti annarra tófta. Ferhyrndatóftin er syðst fyrir miðbik, örskammt frá suðurvegg garðlagsins. Hún er heillegri en hringlaga tóftin, um 6x6 m að utanmáli (4x4 m að innan) og með dyr til austurs. Veggir tóftarinnar eru hæstir um 1,5 m og 7 umför. Hringlaga tóftin er skammt VNV af þeirri ferhyrndu. Hún er um 6x6 m í þvermál og afar tilgengin, ekki nema 2 umför og grjótdreif er í kring. Norðan, austan og suðvestan við ferhyrndu tóftina eru tilgengin veggjarbrot sem kunna að vera leifar annarra mannvirkja. Í grein sem birtist í Morgunblaðinu þann 13.01.2002 færðu Þorkell Jóhannesson og Óttar Kjartansson rök fyrir því að hringlaga tóftin gæti hafa hýst byssustæði, en sú ferhyrnda gæti hafa verið íverustaður hermanna. Á náttúrulega klöpp innan garðlagsins er klappað ártalið 1940 sem og nafnið J. E. Bolan og fangamarkið D. S. Þar skammt við er svo klappað ártalið 1977 og fangamörkin J. A. og G. H.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Þorkell Jóhannesson og Óttar Kjartansson, grein í MBL 13.01.2002

GK-173:019 garðlag landamerki 64°04.112N 21°54.850V

Hlaðinn landamerkjagarður er milli Setbergs og Urriðakots, norður frá Urriðakotsvatni, á Hrauntanga, og að Stórakrókshól. Sýlingarhella [GK-174:026] er náttúrulegt bjarg í garðlaginu. Garðurinn er í fremur úfnu, hálfgrónu hrauni.
Landamerkjagarðurinn er víða nokkuð siginn, tilgenginn og yfirgróinn og er hlaðinn úr meðal stóru hraungrýti. Yngri gaddavírsgirðing, ryðguð og niðurfallin, er yfir grjótgarðinum. Garðurinn er einna hæstur og greinilegastur á um 50 m kafla norður frá Urriðakotsvatni. Þar er hann um 0,5-0,7 m hár, 4 umför og 0,5-1,5 m breiður. Garðurinn hverfur á nokkurra metra kafla við lóð BYKO sem stendur við Kauptún, en

þar er hraunið rutt. Garðlagið er milli 700 og 750 m langt, með gloppum þó.
Hættumat: hætta vegna framkvæmda

GK-173:022 garðlag 64°04.116N 21°54.992V

Lítið garðbrot er á Hrauntanga, mitt á milli Hrauntangagjótu þar sem hún opnast til suðurs og Urriðakotsvatns. Garðbrotið er um 100 m vestur af enda landamerkjagarðs (019) milli Urriðakots og Setbergs sem liggur að Urriðakotsvatni. Garðlagið liggur í nokkuð sléttu og vel grónu hrauni, en skammt norðar og austar er það mun úfnara.

Garðlagið er rúmlega 20 m langt og snýr nokkurn veginn A-V. Það er 1-2 m breitt og milli 0,2 og 0,4 m hátt. Garðlagið er vel yfirgróið mosa, lyngi og grasi og er afar sigið. Það virðist vera hlaðið úr miðlungs og litlu hraungrýti, en ekki er hægt að greina fjölda umfara.
Hættumat: hætta vegna ábúðar

GK-173:023 *Kietsheller* hellir sel 64°02.473N 21°53.351V



Elstu heimildina um Kjöthelli (Kietsheller) er að finna í fornbréfasafni (DI IX), en það er landaskiptabréf dagsett 6. júni 1523 og er hellirinn þar suðvestur landamörk Setbergs. "Selstöðu á jörðin þar sem heitri Kietsheller, eru þar hagar góðir, en vatnsból ekkert nema snjór í gjá, sem sólhiti bræðir," segir í jarðabók Árna og Páls frá 1703. "Úr Gráhellu [sjá 051] liggur línan í Setbergssel. ... Landamerkjalínan liggur í Markvörðu á Selhellinum, því undir vörðunni er þessi hellir, og honum mun hafa verið skipt milli Setbergs og Hamarskots," segir í örnefnaskrá GS. Kjöthellir er á suðvesturmörkum Setbergs, við stóra og steypta landamerkjavörðu [052] sem þar er, um 3,5 km SA af bæ 001. Tveir hellar eru við landamörkin á þessum slóðum og er talsverður nafnaruglingur á milli þeirra. Samkvæmt heimildamanni kallast hellirinn sem hér um ræðir Kethellir (Kjöthellir) eða Selhellir, en hinn hellirinn, sem er öllu stærri og er rúmlega 180 m austar, heitir Kershellir [053] og annar lítill hellir inn af honum Hvatshellir.

Í Þjóðminjaskráningu Hafnarfjarðar segir að hellirinn sé: „Upp í grasivöxnu holti við jaðar Gráhelluhrauns,". Nokkuð mikill snjór var á svæðinu þegar skráning á vettvangi fór fram.

Kjöthellir snýr nokkurn veginn norður-suður og er opinn í báða enda. Innangegnt er um bæði op hans. Hann er um 20 m langur, breiðastur um 4 m og mest lofthæð er vel rúmlega 2 m. Um miðbik hellisins er hlaðið skilrúm sem skiptir honum í tvennt og hefur nyrði helmingurinn að líkindum tilheyrt Setbergi. Skilrúmið er hátt í 1,6 m þar sem það er hæst að vestanverðu og 8 - 9 umför, en megin hluti þess er munlægri og hrundari, frá 0,5 - 1,2 m. Inngangur um syðri hellismunnann er stærri en sá nyrði, mest um 2 m breiður og rúmlega 2 m hár, en hlaðið er að hluta upp í hann með um 1,2 m hárri hleðslu. Inngangur um nyrði hellismunnann, sem er Setbergsmegin, er u.þ.b. 1,5 m breiður og hátt í 2 m hár. Nokkuð meira er lagt í hleðslurnar fyrir honum, en hlaðin, bogadregin göng liggja að munnanum og eru þau að hluta undir hlöðnu þaki. Hleðslan er allt að 7 m löng og er hæst allt að 1,8 m og hlaðið hefur verið þak yfir innganginn að hluta með hraunhellum, þó það sé nú að nokkru leyti hrunið. Umhverfis Kjöthelli er gróið hraun og tvær tóftir eru í næsta nágrenni sem að líkindum tengjast Selstöðunni. Tóft sem er líklega stekkur [058] er um 25 m SV af hellinum og hlaðið aðhald í náttúrulegri lægð [081] er um 70 m til NA.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: DI IX, 144-147; JÁM III, 175-176, Ö-Setberg GS, 4-5; Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 72

GK-173:031 *Oddsmýrarfjárhús* tóft fjárhús 64°03.589N 21°55.078V

"Botnlækur kemur í Lækjarbotnum, og þegar fylgzt er með honum suður eftir, er komið í móa, er nefnist Norðlingamói. Þar er Norðlingavað yfir Botnalækinn. Þar er byggð, nefnist Kléberg. Hálsinn er hér fyrir ofan og austan, einnig nefndur Norðlingaháls og Oddsmýrarháls. Um Hálsinn og austan í holtinu lá forðum Norðlingagata (030). Oddsmýrarfjárhús er hér í hálsinum austanverðum ..." Rústir Oddsmýrarfjárhúsa eru

í vestanverðum Oddsmýrardal, undir austanverðum Norðlingahálsi, skammt sunnan við Flóttaveginn (sjá 030). Fjarlægð suðaustur frá bæ er um 1 km. Fjárhúsin eru undir lítt grónu holti (nema stöku grasblettur), í jaðri gamallar mýrar sem hefur verið ræst fram og breytt í tún.



Um er að ræða einfalda fjárhústóft sem snýr austur-vestur með hlöðutóft við vesturenda. Eru tóftirnar grafnar inn í brekku. Fjárhústóftin er hlaðin úr stórum múrsteinum nema hvað neðsta umfar (sökkull) er úrnáttúrulegu hleðslugrjóti. Eru veggir fjárhússins að mestu fallnir inn í tóftina. Hlaðan er aftur á móti eingöngu úr náttúrulegu grjóti. Samanlagt eru fjárhúsið og hlaðan um 15 x 8 m að stærð og er hleðsluhæðin líklega mest um 1,8 m í hlöðutóftinni, en hleðsluhæð/dýpt fjárhústóftarinnar er mest um 1 m.
Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Setberg GS, 4

GK-173:032 *Urriðakotsgata* heimild leið
"Niður og austur frá hliðinu voru fyrst Móar. Suður frá þeim lá Urriðakotsgatan austan í holtinu niður af því." Ekki sést til götunnar, hún lá m.a. um svæðið þar sem nú er golfvöllur golfklúbbsins Setbergs.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Setberg GS, 2

GK-173:033 *Móagötur* heimild leið
"Niður og austur frá hliðinu voru fyrst Móar. Suður frá þeim lá Urriðakotsgatan austan í holtinu niður af því. Móagötur lágu niður eftir, er (svo) hér neðst nefndust Vatnsmóar allt niður að Urriðakotsvatni/Urriðakotstjörn." Ekki sést til götunnar, hún lá um svæðið þar sem nú er golfvöllur golfklúbbsins Setbergs.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Setberg GS, 2

GK-173:034 heimild samgöngubót 64°04.151N 21°55.198V
"Hér við var Vatnsvikið neðra. Út því rann Ósinn eða Vatnsósinn, og þar tók við Urriðavatnslækur. Fyrrum voru hér við Ósinn stiklur, steinar að stikla á yfir," segir í örnefnalýsingu. Stiklurnar eru horfnar. Á staðnum er steypt ræsi sem Stórakrókslækur rennur um frá Urriðakotsvatni og yfir það er malargöngustígur sem liggur austur í Urriðakotsland. Setbergsland norðan og vestan Urriðakotsvatns er í dag hluti af golfvelli.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Setberg GS, 2

GK-173:036 *Kofarústin* mannvirki 64°04.119N 21°55.030V
"Í hraunbrúninni var rúst, Kofarústin, en lægð lá hér inn eftir hrauninu, nefndist Hrauntangagjóta," segir í örnefnalýsingu. Ekki sást til Kofarústarinnar við vettvangsathugun og heimildamaður, Svanur Pálsson, kannaðist ekki við nafnið. Hins vegar er á svipuðum slóðum gamall steyptur grunnur. Hann er á Hrauntanga, um 20 m norður af Urriðakotsvatni og um 20-30 m suður af Hrauntangagjótu, þar sem hún opnast inn í hraunið að sunnan.



Umhverfis steypta grunninn er nokkuð slétt og vel gróið hraun, en skammt norðar og austar er það mun úfnara.
Á svæðinu er steypt plata, sem samkvæmt heimildamanni er gamall húsagrunnur. Grunnurinn virðist vera 7x7 m og er ferhyrndur. Platan er mjög sprungin og brotin, nokkuð tilgegnin og yfirgróin. Hún virðist vera 15-20 sm þykk og steypan er blönduð miklu of möl og grjóthnullungum. Nyrðri helmingur grunnsins er greinanlegri og betur varðveittari en sá syðri.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Setberg GS, 2

GK-173:037 *Bryggjan* örnefni 64°04.113N 21°55.079V
"Inn með vatninu frá vikinu var fyrst Bryggjan, þá Veiðitangi og innar hella mikil, nefndist Veiðiklettar." Ekkert mannvirki er austur af Vikinu, svo að líkindum vísar örnefnið í náttúrulega bryggju.
Á svæðinu er gróinn bakki Urriðakotsvatns, með smá hraunnibbum hér og þar. Skammt austur af eru Veiðiklettar, úfnar hrauntungur sem ná fram í vatnsborð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Setberg GS, 2

GK-173:038 *Lambhagagarður* garðlag rétt 64°04.118N 21°54.902V
"Mjóitangi er ystur og þar um liggur landamerkjalínan. Rétt innan við, yst á tanganum, er svonefndur Kriki og lítið eitt norðar eru Kvíar [GK-174:024] og Kvíanef. Hér liggur Lambhagagarður þvert yfir tangann. Þá er nokkru norðar Sýlingahella [GK-174:030]", segir í örnefnaskrá GS. "Mýrin sunnan vegar, en norðaustan undir Hrauntanga, kallast Kriki....Sunnan við Krika liggur gamall grjótgarður þvert yfir Hrauntangann. Heimildamanni er ekki kunnugt um nafn á honum", segir í örnefnaskrá SP. Lambhagagarður liggur þvert á landamerkjagirðingu milli Setbergs og Urriðakots sem skiptir Hrauntanga milli jarðanna tveggja, ríflega 70 m norður af Urriðakotsvatni og 30-40 m norður af Sýlingarhellu [GK-174:030]. Garðlagið liggur um land tveggja jarða og er meira en helmingur þess í landi Urriðakots. Garðlagið er þó skráð með Setbergi því mögulegt er að það sé eldra en Urriðakotsjörðin, sem að líkindum hefur byggst út úr landi Setbergs. Í Setbergslandi hefst garðurinn nærri bakka Urriðakotsvatns, um 40 m vestur af landamerkjagirðingu, og liggur í bugðu til norðausturs og endar nærri bakkanum í landi Urriðakots um 100 m austur af landamerkjagirðingu. Lambhagagarður er um 680 m VNV af bæ 001. Lambhagagarður liggur um svokallaðan Hrauntanga, sem er úfið, en nokkuð gróið hraun sem liggur að Urriðakotsvatni.
Lambhagagarður er alls um 200 m langur og er heldur signari og ógreinilegri í Setbergslandi en í Urriðakoti. Þar er hann einna best varðveittur syðst á um 10 m kafla sem liggur að Urriðakotsvatni. Garðurinn er þar nokkuð sokkinn og gróinn, en vel má greina 3-4 umför, hlaðin úr meðal hraungrýti og allt að 0,7 m á hæð, breidd 1-1,5 m. Á syðsta kaflanum er rúmlega 1 m breitt rof og liggur þar slóði þvert yfir. Norðan við þennan 10 m langa kafla nýtir garðurinn náttúrulega hraunbrún sem búið er að hlaða 1-3 umförum á til hækkunar á um 25-30 m löngum kafla. Þaðan sveigir garðurinn til austurs í um 40 m í átt að landamerkjagarðinum 019 og er það ógreinilegasti hluti hans. Þar er garðlagið afar sigið og yfirgróið, mest 0,20 m hátt, og líkist á köflum grjótfylltri rennu, 1-2 m breiðri. Í landi Urriðakots er garðurinn betur varðveittur, sumsstaðar nokkuð tilgegninn en víðast afar greinilegur. Víða má sjá í honum 4 umför og er hann hæstur allt að 0,8 m, en víðast nokkuð lægri. Hraungrýtið í garðlaginu er gróið skófum og smá mosa. Lítil kró, um 5x2 m, er innan garðsins í landi Urriðakots og kann hún að vera samtíða mannvirki, en er þó ekki sambyggð garðinum. Króin er skráð undir Urriðakoti sem GK-174:027.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir Ö-Urriðakot SP, 3; Ö-Urriðakot GS, 3

GK-173:039 *Selvogsgata* heimild 64°02.743N 21°53.630V
"Yfir hraunhrygginn hér liggur Selvogsgatan, og ýmist í hrauninu eða með Svínaholtinu liggur gata áfram. En landamerkjalínan liggur hér upp á hraunið sem nefnist Gráhelluhraun, og er nú tunga þessi öll undir umsjón Skógræktarfélags Hafnarfjarðar," segir í örnefnaskrá GS. Greina má Selvogsgötu í landi Garðabæjar þar sem hún liggur fast vestur undir Setbergshlíð. Á vesturbrún Setbergshlíðar, ofan við götuna, standa vörður 065, 066 og 067. Gatan er gróin.
Selvogsgata er greinanleg sem nokkrar samhliða rásir í jörðinni og liggur nokkurnveginn NV-SA undir Setbergshlíð.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Setberg GS, 4

GK-173:040 *Mómýrin* heimild mógrafir 64°04.232N 21°55.322V
"Vatnsmýrin liggur austan lækjarins meðfram hraunbrúninni út í Stórakrók. Vestan við lækinn er Mómýrin. Þar var mótak fyrir Setberg." Mómýri var vestur af Stórakrókalæk, en búið er að þurrka hana og

breyta í golfvöll.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Setberg GS, 2

GK-173:050 *Markasteinn* heimild huldufólksbústaður 64°02.823N 21°52.318V
"Á mörkum Setbergs, Urriðakots og Garðakirkjulands er Markasteinn og átti að búa huldufólk þar," segir í örnefnaskrá SP. Markasteinn stendur á landamörkum, um 6,3 km SA af bæ 001 og um 1,1 km NA af Kjöthelli 023.
Markasteinn er afar stórt hraungrýti, um 3 m að flatarmáli og 2,5 m hátt, með gróinni fuglaþúfu á toppnum. Amma heimildamanns (f. 1864) heyrði sem ung stúlka strokkhljóð berast úr Markasteininum og taldi það til marks um bústörf steinbúa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Setberg SP, 2

GK-173:051 tóft+garðlag sel 64°02.934N 21°54.633V
"Sel. Byggt norðan í hraunkletti, sem nefnist Gráhella í Gráhelluhrauni. ... Gráhella er merkt á "uppdrátt íslands", geodætisk Institut, blað 27." Selið er á mörkum Setbergs og Hamarskots og er fast austan í skógarlundi sem er í Gráhelluhrauni. Það er um 930 m VNV af beitarhúsatóft 056 sem stendur í Húsatúni. Selið er um 2.2 km SSA af bæjarstæði Setbergs 001. Bæði í kringum og innan tóftarinnar og garðlagsins er grasi gróið, en fjær er mosi og lyng. Mannvirkin eru í úfnu hrauni og vestur af er skógræktarsvæði í landi Hafnarfjarðar þar sem eru reiðstígar nýttir af eigendum nærliggjandi hesthúsa.

Mannvirkið er hlaðið upp að klettinum Gráhellu, sem myndar suðurvegg þess, og samanstendur af einni tóft og hlöðnum grjótgarði fast austan við hana. Tóftin er að utanmáli um 9x6 m, snýr N-S og að innanmáli 7x2,5 m. Dyr vísa til norðurs. Veggir hennar eru hlaðnir úr torfi og grjóti og eru grjóthleðslurnar að innanverðu. Veggirnir eru milli 1,5 og 2 m breiðir, um 1,2 m háir og samanstanda af 5-6 umförum af meðalstóru hraungrýti, sem er nokkuð fallega hlaðið. Lítill skúti gengur suður úr enda tóftarinnar inn í Gráhellu, um 2 m djúpur, 4 m breiður og um 1 m á hæð. Bogadregið garðlag úr hraungrýti gengur frá norðausturhorni tóftarinnar og sveigir til suðurs að Gráhellu. Grjóthleðslan í gerðinu er nokkuð tilgengin, mest 2 m breið og 0,5-1 m há. Innanmál gerðisins er um 8x8 m og myndar tóftin vesturvegg en Gráhella suðurvegg. Garðurinn hefur mögulega verið aðhald fyrir sauðfé eða heystæði.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 76

GK-173:052 *Markavarða* varða landamerki 64°02.472N 21°53.341V
„Landamerkjalínan liggur í Markvörðu á Selhellinum [023], því undir vörðunni er þessi hellir, og honum mun hafa verið skipt milli Setbergs og Hamarskots. Kethellirinn liggur örlítið hærra." Markavarðan er á suðvestur mörkum Setbergslands, við Kjöthelli [023]. Varðan er við Kjöthelli, í hálfgrónu hrauni. Varðan er hlaðin úr hraungrýti og steypt er á milli umfara. Á toppi vörðunnar er stendur stök hraunhella upp á rönd og er henni haldið með steypu. Varðan er rúmlega 2 m há og um 1,5 m að grunnfleti.


Varðan, horft til norðvesturs.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Setberg GS, 4

GK-173:053 *Kershellir* heimild sel 64°02.449N 21°53.128V
Kershellir, eða Hvatshellir, er um 190 m vestur af Kjöthelli [023]. Op hellsins er kerslaga sig í hraunrás, en Hvatshellis nafnið er frá upphafi 20. aldar er félagar í Hvat könnuðu hellinn. Hellirinn er náttúrulegur.
Hellirinn er 30-40 m langur, allt að 10 m breiður og mest lofthæð er 2-3 m. Samkvæmt Þjóðminjaskráningu í Hafnarfirði frá 1988 var 6 m löng hleðsla á hellisgólfinu um 18 m inni í hellinum og hefur hún hugsanlega náð þvert yfir hellinn áður fyrr. Í Þjóðminjaskránni er gert að því skóna að hrun úr lofti hellisins hafi blandast við grjótið í hleðslunni og því sé erfitt að greina hana frá náttúrulegu grjóti. Fyrir aftan hina meintu hleðslu er svo mikið af grjóti á gólfi hellisins. Hin líklega hleðsla fannst við vettvangsathugun en erfitt er

að bæta við lýsinguna frá 1988 þar sem hellirinn er afar dimmur. Tveir litir skútar ganga inn af aðalhellinum til vesturs. Sá stærri er við hleðsluna og er rúmlega 4 m djúpur, en hinn er nokkuð nær hellismunnanum og er um 3 m djúpur.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Setberg GS, 4-5; Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 72, 75

GK-173:054 *Seljahlíð* örnefni sel
"En landamerkjalína milli Setbergsland og upplands Garðakirkju lá úr hellunum norðaustur eftir Smyrlabúðarhraunbarmi, norður í Markasteininn á Tjarnarholtinu syðsta. Frá þessu hornmarki liggur línan um Efridal. Síðan um Seljahlíð og þaðan í Fljóðahjallavörðu." Hlíðin er betur þekkt sem Sandahlíð og kannast heimildamaður, Svanur Pálsson, ekki við tóftir á þessum slóðum né að þar hafi verið sel. Ekki sást til tófta við vettvangsathugun. Þar er nú ógróinn melur
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Setberg GS, 5

GK-173:056 *Húsatún* tóft beitarhús 64°02.778N 21°53.535V



„En landamerkjalína milli Setbergslands og upplands Garðakirkju lá úr hellunum norðaustur eftir Smyrlabúðarhraunbarmi, norður í Markasteininn á Tjarnarholtinu syðsta. Frá þessu hornmarki liggur línan um Efridal. Síðan um Selhjahlíð og þaðan í Fljóðahjallavörðu [GK-174:062]. Þegar komið er fyrir Hánef og komið þar upp á holtið, er komið í Húsatún, og þar eru beitarhúsin frá Setbergi," segir í örnefnaskrá. Húsatún er á vestanverðri Setbergshlíð um 80 m NA af vörðu 066. Húsatún er um 2,9 km SA af bæ 001 og um 930 m ASA af Gráhellu 051.

Í kringum beitarhúsið er melur og vex á honum lyng á stangli, en fjær er kjarrgróður. Tóftin er algróin þykkri sinu að innan og einnig er smá grasblettur fast vestan við tóftina, gróinn þykkri sinu. Beitarhúsið er hlaðið úr grágrýti og virðist hleðslan vera nokkuð vönduð þó hún sé nú tilgengin á stórum hluta. Mest hleðsluhæð er um 1,5 m, á norðurvegg einna austast og eru þar 5-6 umför. Grjótið í hleðslunni er af öllum stærðum, en mest er þó af miðlungs og stóru grjóti. Utan með grjóthleðslunni er sigin torfhleðsla, um 1 m breið og 0,5 m há. Beitarhúsið er um 17 x 11 m að stærð A-V og er innanmál um 14 x 8 m. Vestur hlið tóftarinnar er að mestu opin og hefur þar að líkindum verið timburþil fyrir.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Setberg GS, 5

GK-173:057 heimild rista
1523 voru landamerkin: "Vr midium kietheller og i stein [þan er stendur i fremsta tiorn) hollte. vr honum og i Hellv þa er stendur i lambhaga. þadan og i (nedstu jardbru). so epter þui sem lækurinn af skier [j tungards endan. þadan i silungahellu. so þadan og i þufuna sem sudur a holltenu stendur. vr henne og i midian kietheller. hier ad auk a Garda stadur tolf hedta [Reidings ristu) i setbergs lande. en opt nefnt setbergs budarstödu vid skipaklett i garda lande."
Nú er ekki vitað hvar í Setbergslandi Garðamenn áttu ristu.
Hættumat:
Heimildir: DI IX, 146

GK-173:059 varða 64°02.450N 21°53.138V
Samkvæmt Árbók hins íslenzka Fornleifafélags 1943-48 voru þrjár vörður til skamms tíma við brún Hvatshellis [053]. Í dag er ein varða yfir hellinum. Er sú varða um 170 m vestur af Markavörðunni [052] sem er við Kjöthelli.
Varðan er hlaðin yfir inngang Kershellis og er í hálfgrónu hrauni.
Varðan er fallega hlaðin úr hraungrýti og hraunhellum og er nokkuð vaxin skófum. Grunnmál vörðunnar er um 1x1 m og er hún um 1,6 m á hæð og 10-11 umför.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Árbók 1943-48, 97

GK-173:060 *Oddmýrarvað* heimild vað 64°03.812N 21°54.859V
"Norður er svo Flóðahjalli með Flóðahjallavörðu [055] , en austar og niður frá hjallanum er Flóðahjallatá. Flóðahjallarani liggur niður í norðvestur og lokar Oddsmýrardal, nema hvað Oddsmýrarlækur rennur fram úr og yfir hann Oddsmýrarvað." segir í örnefnaskrá. Oddsmýrarvað var á svipuðum slóðum og lækurinn fellur undir Flóttaveginn, við mynni Oddsmýrardals. Fjarlægð norðaustur frá Oddsmýrarfjárhúsum (031) er um 450 m.Vaðið er í dalsmynni á milli tveggja holta. Dalurinn er að mestu framræst mýri.
Hnit voru tekin samkvæmt lýsingu örnefnaskrár en nákvæm staðsetning er ekki ljós. Lækjarfarvegurinn virðist hafa verið grafinn út að einhverju leyti.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Setberg GS, 5

GK-173:062 *Þverhlíðarvarða* varða 64°02.939N 21°52.967V
,,Syðst á Þverhlíðinni er Þverhlíðarvarða," segir í örnefnaskrá GS. Heimildamaður, Svanur Pálsson, telur að Þverhlíðarvarða hafi verið rifin á árum áður. Nú markar fyrir lágri grjóthrúgu þar sem varðan hefur verið, austast á Þverhlíð þar sem hún er hæst, rúmlega 200 m ASA af Kúadalshæðarvörðu 063. Umhverfis vörðubrotið er melur. Grjóthrúgan er 3 m í þvermál og 0,4 m á hæð og samanstendur af meðalstóru grjóti. Ekki er vitað hvort varðan gegndi sérstöku hlutverki.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Setberg GS, 5

GK-173:063 *Kúadalshæðarvarða* varða 64°02.984N 21°53.215V
"Kúdalshæð liggur þvert við Húsatúni norðan og ofan. Nyrzt á henni er Klöppin, slétt og jökulsorfin, og þar er Kúadalshæðarvarða," segir í örnefnaskrá GS, 5. Kúasdalshæðarvarða er um 1 km norður af Kjöthelli [023] og rúmlega 200 m VNV af rústum Þverhlíðarvörðu [062].
Varðan stendur á mel og er vaxin skófum. Varðan er 1,3 má hæð og 1,5 m í þvermál í grunninn. Hún er hlaðin úr litlu og meðalstóru grjóti og er um 10 umför. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Setberg GS, 5

GK-173:064 *Hádegisvarða* varða 64°03.362N 21°54.098V
"Hér nokkru norðar er misgengirbrún. Hæsta hæðin nefnist Klifið. Einnig nefnist það Hádegisholt, og uppi á því er Hádegisvarða, eyktarmark frá Urriðakoti." Syðst á Flóðahjalla er varða, örskammt norðan við Klifið (en Klifið er skarð sem skilur að Flóðahjalla og Sandahlíð). Varðan er um 430 m SSA af grjóthlöðnu vígi [012] úr Síðari heimsstyrjöld sem einnig er að finna á Flóðahjalla. Varðan er ekki á landamerkjum og er mögulega sú sem nefnd er Hádegisvarða í örnefnaskrá.
Hálfgróinn melur er allt umhverfis vörðuna.
Varðan er um 2 m í þvermál og 1 m há. Hún er hlaðin úr meðalstóru grjóti, vöxnu skófum.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Setberg GS, 5

GK-173:065 *Háanefsvarða* varða 64°02.659N 21°53.382V
,,Á Hánefi er svo Háanefsvarða," segir í örnefnaskrá GS. Þrjú nef standa vestur úr suðvesturenda Þverhlíðar, í röð frá norðri til suðurs, og eru vörður á þeim öllum. Háanef er í miðjunni og er hæst. Varðan á Háanefi er að hluta hrunin og því lægri en hinar tvær, sem eru norðan og sunnan við. Gróinn melur er allt umhverfis vörðuna.
Þetta er gömul varða hlaðin úr fremur stóru grjóti sem er að hluta fallin saman. Hún er um 2 m í þvermál, um 1 m á hæð og mosagróin.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Setberg GS, 5

GK-173:066 *Húsatúnsvarða* varða 64°02.749N 21°53.614V



Varðan, horft til vesturs.

"Á brúninni sunnan Húsatúns [056] er Húsatúnsvarða." Varðan er vestur af Kúadalshæð, skammt norður af Háanefsvörðu [065]. En þrjú nef standa vestur úr suðvesturenda Þverhlíðar, í röð frá norðri til suðurs, og eru vörður á þeim öllum. Háanef er í miðjunni og er hæst og er umrædd varða á næsta nefi norður af.
Húsatúnsvarða er um 80 m SV af tóft 056 í Húsatúni.
Gróinn melur er umhverfis vörðuna.
Varðan er um 1,6 m á hæð og 1-1,5 m m að þvermáli í grunninn. Varðan er vel hlaðin og há miðað við þvermál. Hún er nokkuð mikið vaxin skófum og virðist vera gömul.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Setberg GS, 5

GK-173:067 varða 64°02.584N 21°53.262V



Varðan, horft til vesturs.

Þrjú nef standa vestur úr suðvesturenda Þverhlíðar, í röð frá norðri til suðurs, og eru vörður á þeim öllum. Háanef er í miðjunni og er hæst, en varðan sem hér um ræðir er á nefinu sunnan Hánefs, rúmlega 200 m NNA af Kjöthelli [023]. Varðan er á grónum mel.
Fallega hlaðin varða og að mestu leyti byggð úr grjóthellum, alls 11 umför. Varðan er 1,6 m á hæð og rúmlega 1 m í þvm og vaxin skófum. Líkast til er varðan nokkuð gömul.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

GK-173:072 mannvirki herminjar 64°04.239N 21°55.852V

"Skotbyrgi. Fram á NA brún Setbergshamars." Skotbyrgið, sem er í landi Garðabæjar, er um 60 m norðaustur frá steinsteyptum landamerkjasteini á Setbergshamri. Það er byggt á flötum klöppum. Útsýni er einkum í norður og austur.
Í Þjóðminjaskrá Hafnarfjarðar (Kortablað 1613/III/21, teikning bls. 24) segir: "Hringlaga grjótbyrgi, að mestu hrunið." Byrgið er nokkurn vegin hringlaga og hlaðið úr grjóti. Það er um 9 m í þvermál og er hleðsluhæðin mest um 0,5 m.

Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir: Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 59

GK-173:081 garðlag stekkur 64°02.506N 21°53.306V



Í Þjóðminjaskráningu Hafnarfjarðar frá 1988 segir: „Stekkur...Um 40 m Austur af landamerkjavörðu við Kethelli." Aðhaldið er hátt í 70 m NNA af Markavörðu [052] við Kjöthelli [023]. Aðhaldið er í nokkuð grónu hrauni.
Aðhaldið, sem mögulega er stekkur, er myndað af náttúrulegu, ferköntuðu sigi í hrauninu sem snýr nokkurnveginn NV-SA og hlaðið er fyrir NV og SA enda. Innanmál er um 20x10 m. Hleðslurnar fyrir báðum endum eru um 10 m langar og um 0,5 m háar og sjást 2-3 umför. Norðvestari hleðslan er aðeins tilgengnari og allt að 1 m breið. Langveggir aðhaldsins eru náttúrulegir hraunveggir, allt að 3 m háir og er sigið dýpst fyrir miðju. Botninn er nokkuð ójafn en gróinn. Nálægt miðju norðvestari hleðslunnar er líklegur inngangur, um 1 m breiður, en mögulegt er að einnig sé inngangur vestarlega á suðeystri hleðslunni, heldur þrengri en hinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 73

GK-174 Urriðakot

1703 var jarðardýrleiki óviss, kallað hálfbýli því að hefur ekki fyrirsvar nema til helmins móti lögbýlisjörðunum. Konungseign.
1847: 3 1/3 hndr.
Urriðakotsland keypt undir Hafnarfjörð 1912.
1703 voru engjar mjög votlendar. JÁM III, 224. 1918: Túnið 3,3 teigar, nær allt slétt, garðar 780 m2.



GK-174:001 *Urriðakot* bæjarhóll bústaður 64°04.093N 21°54.396V
"Bærinn stóð suðvestan í Urriðakotsholti norðaustan við Urriðakotsvatn. Bærinn stóð nálægt miðju túninu", segir í örnefnaskrá SP. Á túnakorti 1918 sést Urriðakot í miðju túni og samanstendur úr sjö sambyggðum húsum. Þar af sýnast tvö þau suðvestustu vera úr torfi en tvö þau norðaustustu úr steini og gengur aftur af þeim minna torfhús. Tvö hús eru auk þess sýnd sem opnar tóftir. Stefnan er norðvestur-suðaustur. Skv. Fasteignabók var þarna komið timburhús með vatnsveitu árið 1932 (bls. 23). Í Örnefnaskrá 1964 segir: "Bærinn stóð austur og upp frá Urriðavatni, við það kennt (...) því sem næst í miðju túni." (Uk. A20/Bt. B443). Í örnefnalýsingu 1988 segir: "Urriðakot er jörð í Garðabæ. Bærinn stóð suðvestan í Urriðakotsholti, norðaustan við Urriðakotsvatn. Bærinn stóð nálægt miðju túninu." (Bls. 1). "Túnið lá í halla í holtinu." segir í Fornleifaskráningu RT og RKT.


Mynd: RT, 2005, bls. 8.

Á bæjarhólnum í dag eru leifar af yngsta bænum frá miðri síðustu öld en Urriðakot fór í eyði 1958. Grunnarnir af húsunum eru allir mjög greinilegir. Það eru háir steyptir veggir sem enn standa og bárujárnsleifar inni í tóftunum. Það er sennilegast að bærinn hafi alltaf staðið á núverandi bæjarstæði. Bæjarhóllinn er nokkuð hár og breiður og hægt er að sjá á vettvangi að hóllinn er manngerður. Það er því nokkuð öruggt að undir yngstu húsunum er að finna mannvistarleifar," segir í Fornleifaskráningu RT og RKT.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Urriðakots SP, 1; RT og RKT: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ, 12-13
Ekki skráð á vettvangi heldur byggt á fornleif 'Urriðakot 117902 174-1' í 'Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ' sem unnin var árið 2005 af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner. Í skýrslunni eru þrjár ljósmyndir af minjastaðnum. Hnitið í þeirri skráningu er í landshnitakerfinu Ísnet 93: X:399386.004034 Y:358165.261936

GK-174:002 tóft útihús 64°04.077N 21°54.392V
Inn á túnakort frá 1918 er merkt ferningslaga útihús skammt (ca 6 m) suðvestan við bæjarhúsin.
"Tóftin orðin mjög sokkin en sést þó enn á vettvangi", segir í fornleifaskrá RT og RTK.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918; RT og RKT: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ, 14-15
Ekki skráð á vettvangi heldur byggt á fornleif 'Urriðakot 117902 174-4' í 'Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ' sem unnin var árið 2005 af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner. Hnitið í þeirri skráningu er í landshnitakerfinu Ísnet 93: X:399355.326738 Y:358166.942884

GK-174:003 tóft útihús 64°04.084N 21°54.403V
Inn á túnakort frá 1918 er merkt útihús skammt vestur af syðsta bæjarhúsinu. Útihúsið virðist vera um 4 m vestur af bæjarhúsunum og 2 m norður af útihúsi GK-174:002.
"Þessar tóftir eru orðnar sokknar og sjá má móta fyrir grjóthlöðnum undirstöðum", segir í Fornleifaskráningu RT og RTK.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918; RT og RKT: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ, 14
Ekki skráð á vettvangi heldur byggt á fornleif 'Urriðakot 117902 174-3' í 'Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ' sem unnin var árið 2005 af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner. Hnitið í þeirri skráningu er í landshnitakerfinu Ísnet 93: X:399368.896054 Y:358158.67772

GK-174:004 tóft útihús 64°04.010N 21°54.401V

Inn á túnakort frá 1918 er merkt útihús um 110 m suðvestur af bæjarhúsum Urriðakots (GK-174:001). "Hún (tóftin) er aflöng úr torfi og hefur stefnuna norður-suður... Leifar af grjóthlöðnum undirstöðum af útihúsinu fundust á vettvangi, tóftin er 11 m á lengd og 2,5 m á breidd. Líklega hefur grjót út túninu verið sett í útihúsið eftir að það var rúst. Stór steinn er við suður endann," segir í Fornleifaskráningu RT og RTK.



Mynd: RT, 2005, bls. 15.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918; RT og RKT: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ, 15
Ekki skráð á vettvangi heldur byggt á fornleif 'Urriðakot 117902 174-5' í 'Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ' sem unnin var árið 2005 af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner. Í skýrslunni er ein ljósmynd af minjastaðnum. Hnitið í þeirri skráningu er í landshnitakerfinu Ísnet 93: X:399232.189632 Y:358154.389575

GK-174:005 heimild útihús 64°03.983N 21°54.352V
Inn á túnakort frá 1918 er merkt útihús um 140 m SSV af bæjarhúsum Urriðakots GK-174:001 og fast vestan við kálgarð GK-174:056.
"Ekki sáust nein merki um þessa tóft en leifar af kálgarðinum sáust óljóst á vettvangi, en mun betur á loftmyndinni", segir í Fornleifaskrá RT og RTK
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918; RT og RKT: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ, 16
Ekki skráð á vettvangi heldur byggt á fornleif 'Urriðakot 117902 174-6' í 'Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ' sem unnin var árið 2005 af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner. Hnitið í þeirri skráningu er í landshnitakerfinu Ísnet 93: X:399180.058431 Y:358191.761154

GK-174:006 tóft lambhús 64°04.050N 21°54.331V
Inn á túnakort frá 1918 er merkt útihús um 90 m suður af bæjarhúsum Urriðakots (GK-174:001) og um 20 m suðvestur af útihúsi GK-174:007. "Á túnakorti 1918 er ferhyrningslaga torfhús neðan við ærhús (GK-174:007)...líklega lambhús sem nefnt er í Örnefnalýsingu 1988: "Túnið austan traðanna (GK-174:008)...var kallað Austurtún. Efst á Austurtúninu voru fjárhúsin, ærhúsið uppi við túngarð og lambhúsið neðar"", segir í Fornleifaskráningu RT og RTK.



Mynd: RT, 2005, 17.

"Tóftin af lambhúsinu snýr í N-S og er inngangur að norðan. Hefur hún verið grjót- og torfhlaðin, lengd um 11 m og breidd 9. Hleðsluhæð frá 20 cm til 50 cm. Rústin er töluvert sokkin í sinu", segir í Fornleifaskráningu RT og RTK.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918; RT og RKT: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ, 17.
Ekki skráð á vettvangi heldur byggt á fornleif 'Urriðakot 117902 174-7' í 'Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ' sem unnin var árið 2005 af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner. Í skýrslunni er ein ljósmynd af minjastaðnum. Hnitið í þeirri skráningu er í landshnitakerfinu Ísnet 93: X:399302.361514 Y:358214.301472

GK-174:007 tóft fjárhús 64°04.069N 21°54.319V
Inn á túnakort frá 1918 er merkt útihús rúma 60 m suður af bæjarhúsum Urriðakots (GK-174:001) og um 20 m norðaustur af lambhúsi GK-174:006. "Í Örnefnalýsingu 1988 segir: "Túnið austan traðanna (GK-174:008)...var kallað Austurtún. Efst á Austurtúninu voru fjárhúsin, ærhúsið uppi við túngarð og lambhúsið neðar."...Fjárhúsin má líklega sjá á túnakorti 1918 en þar eru tvö hús í túninu austan traðar...annað, væntanlega ærhúsið, uppi við túngarð (GK-174:011)...en hitt nokkru neðar", segir í Fornleifaskráningu RT og RTK.

"Á Túnakortinu er ærhúsið byggt úr torfi, tvískipt með stefnuna norður-suður. Fjárhúsin sem við skráðum á vettvangi eru sennilega byggð ofan á eldri útihúsum. Húsgrunnurinn sem stendur enn er steyptur og má sjá leifar af bárujárnsplötu í tóftinni, þó eru líka leifar af torf og grjóthleðslu í hluta rústinni, sem eru merki um eldra hús. Við suðurenda hefur verið hlaða og í sjálfu fjárhúsinu má sjá garð og steypt fjárbað", segir í Fornleifaskráningu RT og RTK.


Mynd: RT, 2005, bls. 17.

Hættumat: stórhætta vegna farmkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918; RT og RKT: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ, 17-18.
Ekki skráð á vettvangi heldur byggt á fornleif 'Urriðakot 117902 174-8' í 'Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ' sem unnin var árið 2005 af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner. Í skýrslunni er ein ljósmynd af minjastaðnum. Hnitið í þeirri skráningu er í landshnitakerfinu Ísnet 93: X:399338.517261 Y:358226.196291

GK-174:008 *Suðurtraðir* heimild traðir 64°04.061N 21°54.431V
"Suður frá bænum lágu traðir, hlaðnar úr torfi og grjóti. Traðirnar svo sléttaðar út 1918. Í eystri traðarveggnum var stór steinn, sem ekki var hreyfður, þegar traðirnar voru sléttaðar", segir í örnefnaskrá SP. "Á Túnakorti 1918 má sjá traðir sem liggja frá bænum suðvestur um túnið. Þetta eru líklega Suðurtraðir sem svo eru nefndar í Örnefnaskrá 1964, "traðir með tveimur görðum" sem lágu "frá bæ niður undir Dýjakrók" Suðurtraðarhlið hét svo hliðið " þar sem saman komu garðar traða og túns"", segir í Fornleifaskráningu RT og RTK.
Gamalt tún vaxið þykkri sinu og byrjað að þýfast
"Það má sjá fyrir hvar traðirnar lágu en þær voru sléttaðar út og því horfnar að mestu leyti", segir í Fornleifaskráningu RT og RTK. Ekki sást til traðanna við vettvangsskráningu.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 1; RT og RKT: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ, 20

GK-174:009 *Urriðakotstúngarður* garðlag túngarður 64°04.120N 21°54.316V
"Urriðakotsbærinn stóð í Urriðakotstúni, nær miðju. Umhverfis túnið var Urriðakotstúngarður, hlaðinn af torfi og grjóti. Suðurtúngarður sunnan að túninu. Austurtúngarður að ofan og Vesturtúngarður vestan", segir í örnefnaskrá GS. "Túnið austan traðanna var kallað Austurtún. Efst á Austurtúninu voru fjárhúsin, ærhúsið uppi við túngarð, og lambhús neðar", segir í örnefnaskrá SP. "Á Túnakorti 1918 má sjá að túngarður liggur kringum túnið að sunnan, austan og norðan. Í Fasteignabók 1932 kemur fram að algirt var í kringum Urriðakot með túngarði og girðingu...Örnefnaskrá 1964 ber hins vegar saman við Túnakortið: "Urriðakotstúngarður: garður af torfi og grjóti umhverfis túnið, að norðan, austan og ofan og sunnan, allt niður í Dýjamýri"", segir í Fornleifaskráningu RT og RTK


Urriðakotstúngarður 009.
Mynd: RT, 2005, bls. 18.

"Túngarðurinn er ágætlega varðveittur og er auðvelt að rekja hann allan eins og hann er á túnakortinu frá 1918. Sést vel að garðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti. Hleðsluhæð er frá 30 cm og allt að 1 metra. Hann hefur þó á stöku stað sokkið töluvert en með góðu móti væri hægt að varðveita hann allan og lagfæra þar sem hann er lægstur. Það er ekki ólíklegt að garðurinn sé í grunninn frá elstu tíð", segir í Fornleifaskráningu RT og RTK
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 1; Ö-Urriðakot GS, 1; RT og RKT: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ, 18-19
Ekki skráð á vettvangi heldur byggt á fornleif 'Urriðakot 117902 174-9' í 'Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ' sem unnin var árið 2005 af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner. Í skýrslunni er ein ljósmynd af minjastaðnum. Hnitið í þeirri skráningu er í landshnitakerfinu Ísnet 93: X:399431.389622 Y:358232.499845

GK-174:010 tóft rétt 64°04.129N 21°54.330V

"Ofan (norðaustan) bæjarins var Uppitúnið. Þar alveg við túngarðinn, beint upp af bænum, var fjárrétt, sem síðast var notuð u.þ.b. 1934-35", segir í örnefnaskrá SP. Aðhaldið er fast austan við túngarðinn, upp af bæjarrústum Urriðakots.



Umhverfis aðhaldið er grasigróið þýfi, en austar og ofar í holtinu er mest megnis lyng. Búið er að ryðja veg þvert yfir Urriðakotsholt frá norðri til suðurs að Elliðavatnsvegi og liggur vegur þessi rúmlega 50 m austur af aðhaldinu.

Aðhaldið er hlaðið úr grjóti, grónu skófum og nokkrum mosa og er vesturveggur þess hluti af túngarði Urriðakots. Utanmál er um 12x6 m og snýr aðhaldið N-S. Um 2 m breiður inngangur er að sunnan. Fremur stórt grjót er í hleðslunum og þær virðast vera nokkuð tilgengnar, nema að garðurinn hafi í upphafi ekki verið vandlega hlaðinn. Mest er hægt að greina 5 umför og hæstar eru hleðslurnar um 1 m og rúmlega 1 m breiðar.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 1

GK-174:011 heimild leið

Inn á túnakort frá 1918 er merkt gata sem liggur frá norðurmörkum túns, suður að bæjarhúsum. "Nyrst í túninu var slétta, sem kölluð var Kinn, en niður af henni úti undir garði var laut, sem kölluð var Snorralaut...Rétt fyrir neðan Snorralaut lá gata frá bænum norðvestur úr túninu", segir í örnefnaskrá SP.

Gamalt tún, vaxið þykkri sinu og byrjað að þýfast.

Gatan sást ekki við vettvangsathugun, hún er yfirgróin þykkri sinu.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Urriðakot SP, 1

GK-174:012 brunnur vatnsveita 64°04.029N 21°54.464V

"Neðan við traðirnar [008] í mýrarjaðrinum rétt utan við túnið var brunnurinn, en leiðin frá brunninum til bæjar lá um traðirnar. Frá brunninum liggur Brunnrásin eftir mýrinni út í vatnið", segir í örnefnaskrá SP. "Niðurflöt var slétta kölluð ofan frá bæ niður að vatni sunnan við Hólmana. Neðst í Niðurflötinni var Brunnurinn, vel upphlaðinn brunnur" segir í örnefnaskrá GS. Samkvæmt heimildamanni, Svani Pálssyni, hefur brunnurinn líklega verið við NA-verðan jaðar Dýjamýrar við enda Brunnrásarinnar, sem þaðan liggur í kræklóttum farvegi til NNV í Urriðavatn.

Brunnrásin er við gróna mýri og er þýft allt í kring.

Í SSA-endanum er Brunnrásin breiðari en nær Urriðakotsvatni og myndar smá poll, um 2x1 m að stærð, sem er hinn gamli brunnur. Þar er að finna nokkuð af meðalstóru grjóti sem gæti verið ættað úr fallinni hleðslu. Grjótið er þó mjög tilgengið og yfirgróið.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 1-2, Ö-Urriðakot GS, 1

GK-174:013 *Grjótréttin* *Grjótréttin eystri* heimild rétt

"Mýrin sunnan við túnið heitir Dýjamýri. Ofan við veginn rétt fyrir sunnan túnið er Grjótréttin, rústir gamallar réttar, sem móðir mín veit ekki, hvenær hætt var að nota", segir í örnefnaskrá SP. "Úr Suðurtraðarhliði lá Urriðakotsstígurinn. Ofanvert við hann mýrarblettur, nefndist Hlandpollur, og þar fyrir ofan Grjótrétt, rústir gamallar réttar. En suður af var Dýjakrókshóll", segir í Örnefnaskrá GS. Heimildamaður, Svanur Pálsson man ekki eftir að hafa séð þessa rétt, en hún mun hafa verið sunnan túns og norðan Elliðavatnsvegar. Þar er nú grasi gróið þýfi.

Ekki sást til réttarinnar við vettvangsathugun, kann að vera að hún hafi verið rifin og grjótið nýtt í önnur mannvirki, t.d. er nokkuð um mannvirki úr seinni heimsstyrjöld í næsta nágrenni.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 2; Ö-Urriðakot GS, 2

GK-174:014 *Dýjakrókahóll* heimild huldufólksbústað 64°03.905N 21°54.217V

"Í austurhorni Dýjamýrar eru uppsprettur undan holtinu, og kallast það svæði Dýjakrókar. Ofan við

Dýjakróka er lítill hóll, Dýjakrókarhóll. Í hólnum var talið búa huldufólk og sá afi minn, Guðmundur Jónsson bóndi í Urriðakoti, konu, sem hann þekkti ekki sækja vatn í fötum í Dýjakróka snemma á þessari öld", segir í örnefnaskrá SP. Dýjakrókahóll er syðst í Urriðakotshlíð, skammt norðan Elliðvatnsvegar, sunnan túns og austan innkeyrslu að Urriðakoti.
Umhverfis hólinn er gróið, en nokkuð mikið stórgrýti stingst gegnum gras, lyng og mosa á hólnum.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 2

GK-174:015 *Skothús* heimild skotbyrgi 64°03.998N 21°54.664V
"Þar sem þurrumýrarlækur rennur í Urriðakotsvatn, er tangi úr í vatnið Urriðakotsmegin, er nefnist Álftatangi. Hann er á mörkum Urriðakots og Setbergs. Skammt norðaustan við hann gengur annar tangi og út í vatnið, Skothústangi. Í Skothústanga eru gamlar rústir af byrgi, er nefnast Skothús", segir í örnefnaskrá SP. Þýfð og gróin mýri fast sunnan Urriðakotsvatns. Heimildamaður mundi eftir rúst við suðurströnd Urriðakotsvatns frá unglingsárum sínum, en ekkert fannst við vettvangsathugun. Mögulegt er að rústin hafi farið í kaf þegar hækkaði í Urriðakotsvatn eftir að rennsli Stórakrókslækjar úr vatninu var minnkað fyrir nokkrum árum.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 2

GK-174:016 *Gjáarréttargata Gjáarréttarstígur* gata leið 64°03.137N 21°51.940V
"Frá Urriðakoti lá Gjáarréttargata upp Dýjakrókaflöt, norðan við Dýjakrókarhól og upp á Urriðakotsháls, venjulega stytt í Háls ... Um Urriðakotsháls liggur nú bílvegur, sem venjulega er kallaður Flóttavegur eða Flóttamannavegur. Hann liggur milli Hafnafjarðar og Suðurlandsvegar og var lagður af bretum á Stríðsárunum. ... Hið opinbera nafn hans á vegamerkjum er Elliðavatnsvegur, en einnig er hann nefndur Vatnsendavegur...Í neðri (norðvestur) enda Selgjár [034] er Selgjárhellir. ... Örskammt norðvestur af Selgjárhelli er Sauðahellir [037]. Sauðhellirinn er norðan við vörðu [052] við Gjáaréttargötu, en Gjáarréttargatan er vörðuð í gegnum hraunið alla leið austur með Sneiðingjum í Vífilsstaðalandi", segir í örnefnaskrá Urriðakots SP. "Þá lá hér undir Hraunhólnum Gjáarréttarstígur og síðan norðan hraunbrúnarinnar, fyrst um Maríuflöt eða Maríuvelli undir Hlíðarhorninu og síðan inn eftir lægð milli Vífilsstaðahlíðar og hraunsins," segir í örnefnaskrá Vífilsstaða GS. Gjáarréttargata er undir Elliðavatnsvegi þar sem hann liggur úr landi Urriðkots austur í land Vífilsstaða að Maríuvöllum [GK-174:039]. Þar hefur Gjárréttargata sveigt til suðurs á svipuðum slóðum og Heiðmerkurvegur og marlarbornir gönguslóðar meðfram honum eru í dag. Gatan hefur legið yfir þröngt og gróið sléttlendi milli Flatahrauns og Vífilsstaðahlíðar, þar vex nú mosi, gras og trjágróður. Gatan sést enn greinilega þegar komið er ofan í Selgjár og liggur hún þar meðfram austur brún gjárinnar.
Gjárréttargata er að miklu leyti undir nýrri vegi, en hún er þó afar greinileg þegar komið er ofan í Selgjá og liggur þar meðfram eystri gjárbarminum. Gatan er sem nokkrar samhliða rásir í jörðinni og er vel gróin.
Hættumat: hætta vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 2, 5; Ö-Vífilsstaðir GS, 3

GK-174:017 *Dagmálavarða* varða eyktamark 64°04.067N 21°54.271V
"Á holtinu beint upp af fjárhúsunum efst á Austurtúninu [007], sem áður voru nefnd, er Dagmálavarða, eyktarmark frá Urriðakoti, en norðar uppi á háholtinu er Stóravarða", segir í örnefnaskrá SP. "Suður af Stóruvörðu [018] er svo Dagmálavarða", segir í örnefnaskrá AG.
"Varðan stendur nokkuð vel ennþá og er um 80 cm á hæð", segir í fornleifaskrá RT og RTK
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 2; Ö-Urriðakot AG, 1; RT og RTK: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ, 28
Ekki skráð á vettvangi heldur var hnitið fengið úr skráningarfærslu 'Urriðakot 117902 174-25' í 'Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ' sem unnin var árið 2005 af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner. Í skýrslunni er ein ljósmynd af minjastaðnum. Hnitið í þeirri skráningu er í landshnitakerfinu Ísnet 93: X:399331.909722 Y:358264.503833

GK-174:018 *Stóravarða* varða 64°04.126N 21°53.980V
"Á holtinu beint upp af fjárhúsunum efst á Austurtúninu [007], sem áður voru nefnd, er Dagmálavarða, eyktarmark frá Urriðakoti, en norðar uppi á háholtinu er Stóravarða. Hana hlóð Jón Þorvaldsson, afi

heimildarmanns, og var hún mjög vel hlaðin, en hefur nú verið spillt", segir í örnefnaskrá SP. "Upp af Grjótrétt, þar sem holtið er hæst, er Stóravarða", segir í örnefnaskrá AG.
"Stóravarða: Stór varða á Urriðakotsholti, þar sem það er hæst. Þar er staurasamstæða fyrir raflínu Suðurnesja," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi.
"Varðan stendur ennþá á klöppinni, neðst í henni er óvenju stórt grjót," segir í fornleifaskráningu RT og RTK
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 2; Ö-Urriðakot AG, 1; Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 24; RT og RTK: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ, 29.


Mynd: RT, 2005, bls. 29.

Ekki skráð á vettvangi heldur var hnitið fengið úr skráningarfærslu 'Urriðakot 117902 174-26' í 'Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ' sem unnin var árið 2005 af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner. Í skýrslunni er ein ljósmynd af minjastaðnum. Hnitið í þeirri skráningu er í landshnitakerfinu Ísnet 93: X:399431.689000 Y:358506.457036

GK-174:019 *Kvíaflöt* örnefni kvíar 64°04.163N 21°54.451V
"Kvíaflötin heitir allmikið barð norðvestan við túngarðinn og ofan við veginn, sem lá norðvestur frá bænum Kvíaflötin var gerð að túni skömmu áður en Urriðakot fór í eyði", segir í örnefnaskrá SP.
"Engin merki eru um kvíar á Kvíaflöt. Það er ekki ljóst af heimildum hvernig kvíar hafa verið þarna, en ef þar hefur verið mannvirki þá geta leifar þess leynst undir sverðinum", segir í Fornleifaskráningu RT og RTK.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 2; Ö-Urriðakot AG, 1; RT og RTK: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ, 21.
Ekki skráð á vettvangi heldur byggt á fornleif 'Urriðakot 117902 174-13' í 'Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ' sem unnin var árið 2005 af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner. Hnitið í þeirri skráningu er í landshnitakerfinu Ísnet 93: X:399517.958429 Y:358127.020376

GK-174:020 *Grjótréttin vestri* heimild rétt
"Ofan við Kvíaflötina er Grjótréttin vestri, rústir gamallar réttar", segir í örnefnaskrá SP. "Kvíaflöt heitir allmikið barð vestan við túngarðinn og ofan götunnar, Urriðakotsvegar. Ofan hennar er Grjótréttin vestri, rústir gamallar fjárréttar", segir í örnefnaskrá GS. "Norðvestan við túngarðinn er Kvíaflöt. Hefur hún nú verið ræktuð. Norðvestur af henni heitir svo Langabarð. Upp af því, þar sem holtið er hæst að vestan, er lítið barð sem kallast Trantur. Austur af Langabarði og upp af Kvíaflöt er Grjótrétt. Þar sést móta fyrir réttarbroti", segir í örnefnaskrá AG. Grjótréttin vestri fannst ekki við vettvangsathugun. Samkvæmt heimildamanni, Svani Pálssyni, er ekki loku fyrir það skotið að samkvæmt lýsingu á staðsetningu í örnefnaskrám sé réttarbrotið horfið undir nýjan veg sem ruddur hefur verið upp á Urriðaholt frá norðri til suðurs.
Réttin fannst ekki við vettvangsathugun
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 3; Ö-Urriðakot GS, 2; Ö-Urriðakot AG, 1

GK-174:021 *Keldubrú* heimild brú 64°04.215N 21°54.768V
"Í miðri Vesturmýri liggur Urriðakotsvegur yfir vatnslænu, sem nefnist Kelda. Við vegagerðina var hún brúuð og brúin nefnd Keldubrú. Áður var hún stikluð á steinum nokkru norðar (sjá 057)", segir í örnefnaskrá SP. Í skráningu RT og RTK var tekið hnit við Keldubrú en þar er ekki að finna frekari lýsingu á mannvirkinu né ástandi þess.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 3; RT og RTK: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ, 31.
Ekki skráð á vettvangi heldur byggt á fornleif 'Urriðakot 117902 174-29' í 'Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ' sem unnin var árið 2005 af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner. Hnitið í þeirri skráningu er í landshnitakerfinu Ísnet 93: X:399625.452017

Y:357873.375241

GK-174:022 *Rásarbrú* heimild samgöngubót 64°04.234N 21°54.767V
"Í miðri Vesturmýri liggur Urriðakotsvegur yfir vatnslænu, sem nefnist Kelda. Við vegagerðina var hún brúuð og brúin nefnd Keldubrú. Áður var hún stikluð á steinum nokkru norðar. Þegar norðvestar kemur í mýrina, var læna þessi kölluð Rás. Rásin var stikluð á steinum, sem kallaðir voru Rásarbrú á Stórakrókargötu, sem lá að heiman vestur í Stórakrók", segir í örnefnaskrá SP. Í skráningu RT og RTK var tekið hnit við Rásarbrú en þar er ekki að finna frekari lýsingu á mannvirkinu né ástandi þess.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 3; RT og RTK: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ, 32.
Ekki skráð á vettvangi heldur byggt á fornleif 'Urriðakot 117902 174-31' í 'Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ' sem unnin var árið 2005 af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner. Hnitið í þeirri skráningu er í landshnitakerfinu Ísnet 93: X:399660.672645 Y:357875.692388

GK-174:023 *Réttartangi* tóft rétt 64°04.172N 21°54.786V
"Vikið, sem gengur norður út vatninu milli Hrauntanga að vestan, og hlotsins að austan, heitir einu nafni Vesturvik. ... Réttartangi skagar austur úr Hrauntanga nokkru sunnan við mitt Vesturvik", segir í örnefnaskrá SP. "[Á Réttartanga] var kró," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi frá árinu 1964. Ekki sást til króar á sjálfum Réttartanga, en um 30 m vestar á Hrauntanganum (sem Réttartangi gengur út úr) er lítil kró. Króin er um 7 m SSA af austurenda Lambhagagarðs [GK-173:038], skammt norður af bakka Urriðakotsvatns. Króin er innan Lambhagagarðs og tengist honum að líkindum.



Hrauntangi er úfin og nokkuð gróin hrauntunga sem liggur að Urriðakotsvatni.
Króin er hlaðin úr hraungrýti upp að náttúrulegri hraunhellu sem myndar suðurvegg hennar. Utanmál króarinnar er um 5x2 m (að hraunhellunni undanskildri) og innanmál um 3x1 m. Króin snýr A-V. Hraunhleðslan er tilgengin og sigin, en greina má 3 umför og er mest hæð um 0,4 m. Ekki er hægt að greina inngang.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 3; Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 25

GK-174:024 *Kvíar* hleðsla rétt stekkur 64°04.232N 21°54.932V
"Mýrin sunnan vegar , en norðaustan undir Hrauntanga, kallast Kriki. ... Norðavestan við Krikann, norðan vegarins, sem áður var nefndur, skagar hraunnef út í mýrina. Það kallast Kvíanef. Norðan undir því er rétt, sem kallast Kvíar. Síðast var fært frá 1918, og var þá búinn til stekkur í öðrum enda Kvíanna. Það var í eina skiptið, sem heimildamaður man eftir því að fært var frá, því það hafði ekki verið gert í langan tíma fyrir 1918", segir í örnefnaskrá SP. Kvíarnar eru hlaðnar við austanverða hraunbrúnina fast vestan við Vesturmýri, um 200 m suður af nýju BYKO búðinni að Kauptúni 6 í Garðabæ og um 500 m NV af bæ 001.


Horft til suðurs eftir kvíunum

Kvíarnar eru fast austan í úfnu hrauni, sem er að stórum hluta gróið grasi, mosa og lyngi, en fast vestan við er þýfð og grasi gróin mýri.
Kvíarnar nýta sér náttúrulega hraunbrún og skarð í hrauninu sem hlaðið er við með hraungrýti til að skapa lokað aðhald. Kvíarnar eru aflangar N-S, allt að 30 m á lengd og 3 m breiðar (með hleðslu). Við suðurenda er skilrúm sem myndar lítið hólf, um 2x2 m að utanmáli og inn af hólfinu gengur lítill hellisskúti inn í hraunið. Hellismunninn er um 1 m hár og 0,5 m breiður, en skútinn er ekki nema rúmlega 2 m djúpur en þrengist

svo mikið. Einnig er hlaðið afmarkað hólf við norðurenda Kvíanna, sem er um 3 x 1,5 m N-S að stærð. Miðja Kvíanna er eitt stórt hólf, allt að 25 m langt og 2 m breitt að innanmáli. Langveggir norðurhluta Kvíanna eru náttúrulegir sprunguveggir, allt að yfir 2 m háir, en hlaðið er fyrir N-endann. Eystri langveggur suðurhlutans er hlaðinn úr hraungrýti, um 4 umför og hæstur rúmlega 1 m. Mest er um miðlungsstórt hraungrýti í hleðslunum. Um 1 m breiður inngangur er um miðbik hins hlaðna eystri langveggs.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 3

GK-174:025 heimild mógrafir 64°04.271N 21°54.973V
"Skammt norðavestur af Kvíunum [024] er gjóta í hraunbrúninni, sem kölluð var Folaldagjóta. Nafnið var dregið af því, að í tíð foreldra heimildamanns, fór folald í mógröf á móts við gjótuna. ... Um mótekju þarna er það að segja, að um 4 skóflustungur voru niður á móinn og mólagið var um 4-5 skóflustungur á þykkt. Mórinn þótti ekki góður, en hann var þurrkaður uppi á hraunbrúninni. Mótekja lagðist niður um 1921-22", segir í örnefnaskrá SP. Mórinn var stunginn í Vesturmýri, sem er fast norður af Urriðakotsvatni og skammt suður af nýju BYKO versluninni Garðabæ að Kauptúni 6.
Mýrin er umlukin hrauni að vestan og að hluta til að sunnan, hún er gróin, þýfð og mjög blaut.
Ekki var hægt að greina sérstakar mógrafir við vettvangsathugun.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 3

GK-174:026 *Sýlingarhella* náttúrumin landamerki 64°04.132N 21°54.864V
"Í Hrauntanga rétt norðvestan við Mjóatanga er stór klettur með sýlingu í . Hann kallast Sýlingarhella og er á mörkum Urriðakots og Setbergs", segir í örnefnaskrá SP. "Mjóitangi er kallað þar sem hraunið gengur lengst út í vatnið að vestan...Vestur af Mjóatanga er klettur sem kallast Sýlingahella", segir í örnefnaskrá AG. Sýlingarhella er um 40 m norður frá Urriðakotsvatni, ef landamerkjagirðingu milli Urriðakots og Setbergs er fylgt, en girðingin liggur þvert á helluna.
Sýlingarhella er náttúrulegt hraunbjarg á úfinni hrauntungu sem gengur út í Urriðakotsvatn.
Ekki er hægt að sjá að hellan sé tilklöppuð, sýlingsnafnið á líklega við spísslaga skarð sem gengur niður í helluna að ofan.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 3; Ö-Urriðakot AG, 2

GK-174:027 *Miðaftanshóll* varða landamerki eyktamark 64°04.815N 21°55.099V
"Norðvestur af norðurenda Vesturmýrar er hraunið tiltölulega slétt og flatt og kallast þar Flatahraun. Þar liggur nú akvegur, sem nefndur er Reykjanesbraut. Norður af Flatahrauni er nokkuð áberandi hóll með vörðu, Miðaftanshóll. Hann er á mörkum Urriðakots, Hafnarfjarðar og Vífilsstaða", segir í örnefnaskrá SP. Miðaftanshóll er einn mest áberandi hóllinn í Hafnarfjarðarhrauni. Hann er um 300 m suður af Hagakotslæk, í beinni línu frá grænum reit milli Bakkaflatar og Sunnuflatar.
Miðaftanshóll er í fremur úfnu hrauni og er að nokkru leyti gróinn lyngi og grasi.
Varðan sem nú stendur á Miðaftanshól er ekki gömul. Hún er hlaðin úr hraungrýti og er steypt á milli umfara. Í steypulagið undir efsta grjótinu er letrað ártalið "1960". Flatamál vörðunnar er 1x1 m og er hún 1,5 m á hæð.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 4


Varðan, horft til norðurs

GK-174:028 tóft útihús 64°03.991N 21°54.278V
"Á túni fyrir framan túngarðinn og ofan við veginn...[rúmlega 200 m suðaustur]...af bænum er [að finna tóft á svonefndri] kvíaflöt", segir í fornleifaskráningu RT og RKT.
"Á vettvangi fannst rúst sem er um 6 metrar á lengd og um 6 metrar á breidd, inngangur í suður að vatninu. Inngangurinn er um 1,5 metri og veggjarhæð um 30 til 55 cm. Sennilega er þetta útihús en það hefur verið á einhverjum tíma bárujárnsþak á henni, ekki kemur neitt fram í heimildum eða frá heimildarmönnum að



Mynd: RT, bls. 62. 2005.

þetta séu kvíarnar á flötinni. Enda ekki vaninn að að kvíar hafi haft þak. Sennilega er þetta útihús frá síðustu öld, það má vel vera að undir tóftinni séu kvíarnar," segir í fornleifaskráningu RT og RKT
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ, 62-63
Ekki skráð á vettvangi heldur byggt á fornleif 'Urriðakot 117902 174-80' í 'Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ' sem unnin var árið 2005 af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner. Í skýrslunni er ein ljósmynd af minjastaðnum. Hnitið í þeirri skráningu er í landshnitakerfinu Ísnet 93: X:399191.854572 Y:358252.671217

GK-174:029 *Stekkurinn* hleðsla stekkur 64°03.876N 21°53.391V
"framhjá honum (Grástein) lá Grásteinsstígur [030] þvert yfir hraunið frá Hraunhorni sem var nokkru sunnar með hraunbrúninni, en sunnar við það var svo Hraunhornsflöt. Hér nokkru sunnar er komið í Stekkinn. Þar var Stekkatúnið, hvammur í hrauninu. Þarna var líka Stekkatúnsrétt (031)...sem var í hraunbrúninni nokkru sunnar", segir í örnefnaskrá GS. "Í hvammi neðan við Kúadali er rétt (032) þétt við hraunbrúnina...Nokkru neðar er svo gamall stekkur, frá stekktíðinni," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. Leifar stekksins eru í viki sem gengur í vesturbrún hraunsins, norðarlega við golfvöllinn, um 160 m NNA af Stekkatúnsrétt og um 350 NNV af Réttinni gömlu, en báðar réttirnar eru einnig við vesturbrún hraunsins. Stekkurinn er um 900 m ASA af bæ 001.



Stekkurinn, horft til norðausturs

Fast vestan við leifar stekksins er golfvöllur og úfinn hraunkargi sem myndar vesturbrún Flatahrauns er fast austan við.
Stekkurinn er mjög raskaður. Það eina sem er eftir af honum er garðbrot, sokkið og mikið yfirgróið úr miðlungsstóru og litlu hraungrýti. Brotið er 5 m langt NA-SV og um 1-1,5 m breitt. Um 15 m NNV er um 5 m löng, röskuð hrúga af hleðslugrjóti í norðurbrún viksins. Norðan við hrúguna er sléttuð og gróin flöt sem tilheyrir golfvellinum. Grjótið er miðlungshraungrýti vaxið skófum og smá mosa og er greinilega ný raskað, því gúmmí slanga eða kapall liggur í gegnum hrúguna.
Hættumat: stórhætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Urriðakot GS, 4; Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 27

GK-174:030 *Grásteinsstígur* heimild leið 64°03.680N 21°53.269V
"Nokkru sunnan við Dyngjuhólsflöt gengur smáhorn suðvestur úr hrauninu, sem kallast Hraunhorn. ... Nokkurn spöl suðaustur af hraunhorni er vik inn í hraunið, og liggur Grásteinsstígur þar inn í hraunið. Hann dregur nafn af stórum steini, Grásteini, við stíginn í hrauninu", segir í örnefnaskrá SP. "Grásteinsstígur lá fram hjá Grásteini frá Hraunhornsflöt að Kolanefsflöt," segir í Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar. Stígurinn hlykkjast til suðausturs inn á kargann á vesturmörkum Flatahrauns, úr viki sem er 30 m ASA af rétt 032. Þaðan liggur stígurinn að beitarhúsi 033.
Grásteinsstígur er í úfnu og mosavöxnu hrauni.
Stígurinn er ruddur í gegnum hraunkargann frá golfvelli og austur að beitarhúsi 039. Á Flatahrauni austan kargans var ekki mögulegt að rekja stíginn lengra sökum snjóa og gróðurs, þó að samkvæmt örnefnalýsingu hafi hann legið alla leið austur yfir Flatahraun að Kolanefsflöt. Grásteinsstígur hefur að líkindum ekki verið reiðgata heldur gönguslóði, sökum erfiðrar yfirferðar um hraunið.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 4; Guðlaugur Rúnar Guðmundsson: Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar, 70

GK-174:031 *Stekkjartúnsrétt Gamla réttin* tóft rétt 64°03.792N 21°53.449V
"Nokkru sunnan við Dyngjuhólsflöt gengur smá horn suðvestur úr hrauninu, sem kallast Hraunhorn. ... Nokkurn spöl suðaustur af Hraunhorni er vik inn í hraunið, og liggur Grásteinsstígur [030] þar inn í hraunið. Hann dregur nafn af stórum steini, Grásteini, við stíginn í hrauninu. Skammt sunnan við vikið,

sem Grásteinsstígur liggur um, er gömul rétt, sem kölluð var Stekkjartúnsrétt, eða aðeins Stekkjartún", segir í örnefnaskrá SP. "Í hrauninu suðaustur af Grásteini er hóll sem kallast Einbúi. Suðvestur af Einbúa er réttarbrot, þar er svokallað Stekkjartún", segir í örnefnaskrá AG. "Hér nokkru sunnar er komið í Stekkinn. Þar var Stekkatúnið, hvammur í hrauninu. Þarna var líka Stekkatúnsrétt eða Gamla réttin sem var í hraunbrúninni nokkru sunnar", segir í örnefnaskrá GS. "Stekkatúnsréttin: Rétt þessi er nú (1964) horfin með öllu. Þarna hafa verið byggðir sumarbústaðir. Erfitt með vatn," segir í Skrá yfir örnefni og leiðir í landi Garðabæjar. Stekkatúnsrétt er í litlu viki í karganum á vesturmörkum Flatahrauns, fast austan í golfvellinum. Rúst hennar er um 160 m SSV en rúst stekksins [029], um 220 m NV af rétt 032 og hátt í 950 m SA af bæ 001. Samkvæmt heimildamanni, Svani Pálssyni, er réttarrústin sem hér er skráð líklegast Stekkatúnsrétt.



Fast austan við réttina er golfvöllur, sem hefur að líkindum farið yfir hluta mannvirkisins, en hún er annars í grónu viki inni í afar hrjóstrugri hraunbrún. Birki vex milli hólfs og garðlags, en einnig virðist jarðrask hafa átt sér stað sunnan við hólfið og norðan við garðinn.

Af réttinni má í dag greina eitt hólf og garðbrot sem gengur í vinkil fyrir austan og sunnan það. Útlínur hólfsins nálgast að vera nokkuð hring- eða sporöskjulaga. Hólfið er um 9 x 5 m að utanmáli A-V og mögulega hefur verið inngangur í það að sunnan. Grjótið í hólfinu er stórt og sokkið, en ekki er hægt að greina umför eða raunverulega hleðslu því einungis sést í efri hluta grjótsins sem markar útlínur mannvirkisins. Eflaust hefur grjót verið tekið úr réttinni og endurnýtt í önnur mannvirki. Af þessum sökum er þykkt veggja nokkuð óljós en virðist vera mest um 1 m, en mest hæð er um 0,3 m. Meira grjót er í garðlaginu, sem er 3-5 m fyrir austan og sunnan hólfið. Garðlagið er alls um 16 m langt, 1 m breitt og 0,3 m hátt. Það er mjög sokkið, en hægt er greina 2 umfara hleðslu úr litlu og miðlungs hraungrýti.

Hættumat: stórhætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 4; Ö-Urriðakot AG, 1; Ö-Urriðakot GS, 4; Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og leiðir í landi Garðabæjar, 27

GK-174:032 *Réttin gamla* tóft rétt 64°03.687N 21°53.305V

"Við hraunið, nokkru suðaustar [en rétt 031] er önnur rétt nafnlaus, sem byggð var í minni heimildarmanns", segir í örnefnaskrá SP. "Í hvammi neðan við Kúadali er rétt þétt við hraunbrúnina. Innst í réttinni er lítill skúti," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. Réttin er fast vestan við hraunkargann sem myndar vesturbrún Flatahrauns, við austanverðan golfvöllinn. Réttin gamla er rúmlega 220 m suðaustur af réttarbroti 031, um 130 m VNV af beitarhúsi 033 og um 1,2 km SA af bæ 001.



Að austanverðu er réttin byggð fast í úfið hraun sem er að mestu gróið mosa og lyngi, en skammt vestan við er golfvöllur og hefur hluti garðs sem tengist að réttinni að vestanverðu verið rifinn þegar völlurinn var gerður.

Eftir af réttinni er eitt hólf og um 20 m langt garðlag sem gengur austur úr því. Hólfið er um 10x6 m að utanmáli, snýr N-S og er inngangur að norðan. Réttin er hlaðin úr meðalstóru hraungrýti sem er ekkert tilklappað. Hleðslurnar eru mest um 1,3 m á hæð, 7 umför og þykkt er víðast um 0,5 m. Lítill skúti er í hrauninu syðst á austurhlið hólfsins, 2 m breiður, rúmlega 1 m djúpur og 0,7 m hár, og er austurveggur hólfsins hlaðinn yfir náttúrulega hraunþekju skútans. Um 2 m norðan við innganginn í hólfið er vesturendi 430 m langs garðs [059] sem sem liggur SV-NA yfir Flatahraun.

Hættumat: stórhætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 4; Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 27

GK-174:033 tóft beitarhús 64°03.670N 21°53.150V
"Norður af henni [rétt 032] er áberandi hóll í hrauninu, sem heitri Einbúi. Suðaustur af einbúa eru rústir beitarhúss, sem byggt var fyrir minni heimildarmanns", segir í örnefnaskrá SP. "Sauðahúsið: Tóft þessi er eftir sauðahús, sem Guðmundur bóndi Jónsson í Urriðakoti byggði," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. Beitarhúsið er um 130 m ASA af Réttinni gömlu [032], en mannvirkin eru sitthvoru megin við hraunkargann sem myndar vesturbrún Flatahrauns.


Beitarhúsið séð til SSA.

Beitarhúsið stendur við úfið hraun að sunnan og vestan, en norðan við er gamall algróinn túnblettur, um 20x10 m N-S. Um 20-30 m austan við er malarborinn göngustígur sem hlykkjast gegnum hraunið frá N-S.
Tóftin er eitt hólf sem opnast til norðurs, að gamla túnbleðlinum og er 7x5 m að utanmáli N-S. Hún er þurrhlaðin úr miðlungs-og stóru hraungrýti, flest tilklappað í múrsteinslagaða kubba og hleðsluhæð er um 1,4 m. Hleðslan í tóftinni er vönduð en er nokkuð tilgengin. Utan með veggjunum að neðan, er pakkað að grjóthleðslunni með torfi.
Hættumat: stórhætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 4; Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 27

GK-174:034 *Selgjá/Selgjárhellir/Sel/Urriðakotssel/Norðurhellnasel* tóftir sel 64°03.216N 21°52.121V
"Úfna hraunið á móts við Svarthamra í Vífilsstaðahlíð kallast Kargi. Suður af Karganum er mikil hrauntröð, Selgjá. Hún er framhald Búrfellsgjáar, sem nær upp í Búrfell. Í Selgjá eru rústir af mörgum gömlum byrgjum, og eru sum þeirra í Urriðakotslandi, en flest í Garðakirkjulandi", segir í örnefnaskrá SP. "Austan við Sauðahelli [037] er Selgjá sem er lægð í hraunið er nær upp að Búrfelli þótt hún heiti ekki því nafni alla leið", segir í örnefnaskrá AG. "Vestast í Selgjánni er Selgjárhellir. Selgjárbyrgin og Selgjárselin eru 33 að tölu í 11 sambyggingum því hér höfðu Álftnesingar í seli lengi eða allt fram á 18. öld", segir í örnefnaskrá GS.
Selgjá er skráð undir einu númeri og er litið á hana sem heildstæðan minjastað, þó svo hún tilheyri bæði Urriðakoti og Garðakirkjulandi. Það er sökum þess að Selgjá er landfræðilega afmarkað svæði, víðferm gróin lægð í hrauninu þar sem gjábarmarnir mynda náttúrulegt aðhald. Nyrst markast Selgjáin af Selgjárhelli, en að sunnan af Hrafnagjá, sem skilur Selgjá frá Búrfellsgjá. Norðan Selgjár eru Norðurhellar [054] og mætti eflaust flokka Selgjárhelli sem einn þeirra, en þar sem hann er í Selgjá er hann skráður hér.
Selgjárhellir markar nyrsta hluta Selgjár og er um 150 m VSV af Heiðmerkurvegi. Mikið af rústum eru í Selgjá og eru þær allar, sem og Norðurhellar [054], friðlýstar af Kristjáni Eldjárn með lögum frá 1964.
"Slétt tún (hagi), um 100 m langt og 40-50 m breitt NV við hraun þar NV af melur, kjarr og grastorfur." Botn Selgjár er sléttur og gróinn grasi, mosa og lyngi og mynda gjárbarmarnir náttúruleg aðhald fyrir búfénað.
Selgjárhellir (034) er náttúrulegur hellir í mosa og grasivöxnu hrauni. Hraunhellir þessi hefur áður verið lengri en hrunið saman að hluta í öndverðu svo labba þarf upp úr NV enda Selgjár og niður aftur í 7x3 m dæld sem er framan við hellismunnann.
Selgjárhellir er um 8-10 m djúpur SA-NV, 4 m breiður og lofthæð er 1,2-1,5 m. Í botni hans er mikið grjót. Tveir stuttir grjótgarðar hafa verið hlaðnir fyrir munnann og á milli þeirra er 1 m breiður inngangur. Í hvorum grjótgarði eru 7-9 umför og eru þeir 0,5-1,2 m háir og 1 m breiðir.
Eftirfarandi eru mannvirki sem fundust við vettvangsskráningu ofan í Selgjá, merkt með bókstöfum frá A-S:
034A
tóft 64°03.191N 21°52.127V
Tóft, mögulegur stekkur, er einna nyrst í Selgjá, rúmlega 40 m suður af Selgjárhelli. Tóftin er hlaðin úr hraungrýti og er nokkuð yfirgróin mosa og grasi. Tóftin er um 5 x 2,5 m að utanmáli og snýr NV-SA. Inngangur er að suðaustan, en norðvestur gafl virðist vera náttúrulegt bjarg, um 1 m hátt. Hleðsluhæð veggja er um 0,4 m og þykkt um 0,5 m. Tóftin er tvískipt og er hvort hólf um sig um 2 x 1,5 m að innanmáli NV-SA. Umhverfis tóftina er vel grasi gróið.
034B
tóft 64°03.163N 21°52.144V
Tóft er við vesturbarm Selgjár, hátt í 100 m suður af Selgjárhelli og 50 m SSA af tóft A.

Tóftin er hlaðin úr hraungrýti og er 7 x 3 m að utanmáli SA-NV. Þykkt veggja er að jafnaði 0,5 m, en er mest um 1 m, hæð 0,3 - 0,5 m. Tóftin opnast til austurs, en enginn veggur er á þeirri hlið, Gjárbarmurinn myndar vesturvegginn. Tóftin er sigin og tilgengin og er, líkt og nánasta umhverfi, yfirgróin þykkri sinu og smá lyngi.

034C

tóft 64°03.136N 21°52.123V

Tóft er við vesturbarm Selgjár, hátt í 150 m suður af Selgjárhelli, rúmlega 50 m suður af tóft 034B og rúmlega 20 m NV af tóft 034D.

Gjárbarmurinn myndar vesturvegg tóftarinnar, en hlaðnir veggir hennar mynda nokkurnveginn hálfhring út frá hraunkarganum. Tóftin er 7 x 3 m að stærð og snýr N-S. Dyr snúa til austurs. Veggir eru 2 m breiðir, mest 1 m háir og 7 – 8 umför af meðalstóru hraungrýti. Tóftin er vel yfirgróin grasi og lyngi og þykk sina er innan í henni.

034D

tóft 64°03.129N 21°52.098V

Stór tóft er fast við vesturbarm Selgjár, rúmlega 150 m suður af Selgjárhelli og hátt í 100 m NV af vestari enda garðlags 034F.

Tóftin er þrjú hólf og er hún hlaðin úr hraungrýti fast upp við barm gjárinnar sem myndar vestur vegg hennar. Tóftin hefur áður verið undir þaki, en enn er ein þakhella á sínum stað yfir syðsta hólfinu og mikið hrun úr veggjum og þaki er innan í tóftinni. Tóftin er alls um 17 x 2,5 m að stærð og snýr N-S. Veggir eru 1-2 m breiðir og 1 m háir. Syðsta hólfið er rúmlega 3 x 1 m að innanmáli, miðhólfið er rúmlega 6 x 1 m og nyrsta hólfið er rúmlega 4 x 1 m að innanmáli. Ekki er innangengt milli hólfa, en þrír inngangar, einn við hvert hólf, er á austurhlið. Torf hefur líka verið í veggjum og eru þeir vel yfrgrónir. Mest er af miðlungs grjóti í hleðslunum, þurr hlöðnu. Engar jötur eða krær eru í tóftinni.

034E

tóft 64°03.126N 21°52.085V

Tóft hlaðin úr grjóti er skammt austur af vesturbarmi Selgjár, um 170 m suður af Selgjárhelli og hátt í 10 m austur af tóft 034D.

Tóftin er tvö hólf, 7 x 4 m að stærð og snýr N-S. Syðra hófið er mun stærra, um 3 x 2 m N-S að innamáli, en hið nyrðra er rúmlega 1 x 1. Veggir eru um 1 m breiðir og hæstir 0,5 m. Inngangur er til austurs á stærra hófinu, en ekki virðist vera innangengt milli hólfa. Engar dyr eru á minna hófinu og er það mögulega heystæði. Vel gróið af lyngi, mosa og grasi yfir tóftina. Grjót í veggjum er sokkið og tilgengið og ekki er hægt að greina torfhleðslur.

034F

garðlag 64°03.085N 21°52.014V

Garðbrot má greina við sitthvorn barm Selgjár, sem eflaust eru leifar garðlags sem áðurfyrr hefur náð yfir gjánna þvera A-V og myndað aðhald fyrir sauðfé, en mögulega einnig verið landamörk Urriðakots að norðan og Garðakirkjulands að sunnan. Við austurbarminn er garðlagið um 240 m SA frá Selgjárhelli og um 30 m NNV af seli 034P. Við vesturbarminn er garðlagið rúmlega 250 m SSA frá Selgjárhelli og um 110 m VSV af seli 034P. Á seinni tímum hefur sennilega verið girðing þvert yfir Selgjá á sama stað og garðurinn, en girðingastaurar úr járni eru við garðana á sitthvorum gjárbakkanum. Eystra garðbrotið er um 26 m langt NA-SV, en það vestara er um 16 m NA-SV. Garðlagið er afar sokkið og yfirgróið. Það er hlaðið úr miðlungs hraungrýti og er um 0,5 m breitt og 0,3 m hátt. Mest má greina 2 umför, en víðast glittir bara í einfalda streinaröð. Á um 70 – 80 m kafla milli garðbrotanna hverfur garðurinn alveg.

034G

tóft 64°02.931N 21°51.723V

Við vesturbrún Selgjár er tóft, um 620 m SA af Selgjárhelli, um 80 m SA af áberandi klofnum hraunhól sem er á þessum slóðum í Selgjánni og um 10 m NNV af tóft 034H.

Tóftin samanstendur af hleðslum sem mynda skjól við vesturbakka Selgjár og fast vestur úr hleðslunum að sunnanverðu er hólf sem opnast til norðurs. Alls er mannvirkið um 7 x 5 m og snýr N-S. Hleðslan sem myndar aðhald við gjárbarminn er um 7 m löng og myndar hólf á móti barminum sem er um 5 m langt og 1 m breitt N-S. Á miðri hleðslunni eru yfirbyggðar dyr, en flöt hraunhella er yfir innganginum. Nyrðsti hluti aðhaldsins er alveg yfirgróinn, en restin eru vel grónar hraunhleðslur. Austur úr aðhaldinu, sunnan dyranna, er hólf sem opnast til norðurs. Innanmál hólfsins er um 2 x 1 m N-S og er það einning hlaðið úr hraungrýti. Hæð hleðslu í tóft er um 0,5 m og 5 umför en hæst er hleðslan í aðhaldinu um 1 m við dyrnar og 7-8 umför. Veggir eru um 1 m þykkir, nema þar sem aðhald og hólf mætast, en það er þykkt allt að 2 m. Mannvirkið sem sokkið og lag þess nokkuð ógreinilegt.

034H

tóft 64°02.924N 21°51.714V

Tóft er við vesturbarm Selgjár, um 10 m SSA af tóft 034G og um 630 m SA af Selgjárhelli. Tóftin er hlaðin úr hraungrýti og er vel yfirgróin mosa. Tóftin er ferkönntuð, um 7 x 2 m að utanmáli, snýr N-S og hefur dyr til norðurs. Hún er tvö hólf, hið syðra er um 1 x 1 m að innanmáli, en nyrðra hólfið er hátt í 5 x 1 m. Veggir tóftarinnar eru um 0,5 m breiðir, mest 1 m háir og 5 umför. Allra syðst á austurvegg er tóftin mögulega hlaðin utan í náttúrulega klöpp sem er næstum alveg yfirgróin mosa.

034I

tóft 64°02.891N 21°51.694V

Aðhald er hlaðið við vesturbarm Selgjár hátt í 700 m SA af Selgjárhelli, um 60 m SSA af tóft 034H og um 30 m N af hlöðnu aðhaldi 034J.

Gjárbarmurinn við aðhaldið er yfir 2 m hár og slútir örlítið fram. Hann myndar vesturhlið aðhaldsins, en á móti eru hleðslur sem mynda norður-og suðurhliðar og liggja þær því sem næst saman að austanverðu, þannig að innra rými aðhaldsins er nokkuð þríhyrningslaga. Austast, á milli garðanna tveggja, er inngangur. Norðurveggurinn er tilgengin hraunhleðsla, sokkin og yfirgróin mosa. Hann er mest 0,5 m hár og 4 umför, um 5 m langur og 0,5 – 1 m breiður. Suðurveggurinn er aflöng ólöguleg þúst, sem er því sem næst alveg yfirgróinn og fellur vel inn í umhverfið. Erfitt er að meta breidd suðurveggjar, en hann er hátt ú 5 m langur. Innan í aðhaldinu er talsvert mikið af yfirgrónu grjóti.

034J

hleðsla 64°02.873N 21°51.690V

Byrgi er hlaðið við vesturbarm Selgjár, hátt í 730 m SA af Selgjárhelli, rúmlega 30 m suður af tóft 034I og um 50 m vestur af tóft 034L.

Brún Selgjár myndar þak yfir byrgið, hún slútir fram um 2 m og er 1,5 – 2 m há og fyrir framan hana eru hlaðnir veggir úr hraungrýti. Fyrir skútanum eru tveir hlaðnir veggir og á milli þeirra inngangur. Nyrðri veggurinn er L-laga, fyrir munnanum er 4 m löng hleðsla N-S sem liggur að dyrunum, en snýst þar í austur í 3 m og myndar þar stuttan aðrekstrar garð. Nyrðri veggurinn er hæstur að innanverðu um 1,2 m og 6 umför, mest breidd er 0,5 – 1 m. Sunnan við nyrðri vegginn, milli hans og þess syðri eru dyr, sem í dag eru fullar af hruni og því afar þröngar en hafa áður verið allt að 0,5 m breiðar. Syðri veggurinn er T-laga 5,5 m langur N-S og lokar fyrir suður hluta skútans, en frá honum miðjum liggur 2 – 3 m langt garðbrot vestur inn undir gjárbrúnina og skiptir skútanum í tvennt. Syðri veggurinn er hæstur um 0,5 m og 3-4 umför. Nyrðra hólfið í byrginu er rúmlega 6 x 3 m N-S að innanmáli, en hið syðra er mun minna eða mest um 3 x 3 m. Að utanverðu eru hleðslurnar grónar, en að innanverðu eru þær berar. Hleðslurnar eru tilgengnar og innan í byrginu eru mikið hrun og því er ekki loku fyrir það skotið að áður fyrr hafi veggirnar lokað alveg fyrir skútann, líkt og byrgi við Gjárrétt GK-185:048 í Búrfellsgjá.

034K

hleðsla 64°02.855N 21°51.667V

Hellir með hleðslu innan í er í vesturbrún Selgjár, um 760 m SA af Selgjárhelli, um 40 m SV af tóft 034L og hátt í 40 m SSA af byrgi 034J.

Hellirinn er um 1 m hár, 7 m breiður N-S og 3-4 m djúpur A-V, en þrengist afar mikið er innar dregur. Hellismunninn er um 1 m hár og 3 m á vídd N-S. Vel gróið er framan við hellisopið og óljóst hvort hleðsla leynist þar undir sverði. Frá munnanum liggur L-laga hleðsla inn í hellinn, fyrst um 2,5 m til vesturs, en svo rúmlega 1 m til suðurs. Hleðslan er um 0,4 m há, 2-3 umför og um 1 m breið. Í dag er mikið grjót á gólfi hellisins sem hrunið hefur úr þaki hans.

034L

tóft 64°02.870N 21°51.631V

Tóft er rúmlega 750 m SA af Selgjárhelli og um 50 m austur frá vesturbrún Selgjár. Tóftin er hátt í 70 m SA af tóft 034I og 40 m austur af byrgi 034J.

Tóftin er aflöng N-S og fast austan við hana er heygarður. Tóftin virðist vera um 11 x 3 m að utanmáli og eru dyr að norðan. Tóftin er hlaðin úr hraungrýti, en ef torf hefur áður fyrr verið í henni, er það í dag afar sigið. Að sunnanverðu virðist tóftin enda fast við hraunkarga, en þó er það ekki fullljóst sökum gróðurs. Um 7,5 m suður frá dyrunum er skilrúm í tóftinni sem skiptir henni í tvö hólf. Nyrðra um 7x1 m N-S en hið syrðra öllu óljósara, en gæti verið mest 2-3 x 1 m N-S. Fast austan við tóftina er bogadreginn garður, líklegt heystæði, sem er rúmlega 7 x 3 m N-S. Mannvirkið er allt tilgengið og sigið. Hleðsluhæð er mest um 0,8 m á austurvegg og 4 umför. Þykkt veggja er 0,5 – 1 m.

034M

tóft 64°02.865N 21°51.616V

Tóft, líklega stekkur, er um 770 m SA af Selgjárhelli. Tóftin er um 10 – 15 m SA af tóft 034L og suðaustan við hraunkargann sem tóft L er hlaðin við.
Tóftin er mjög sokkin og tilgengin, en einnig vel gróin. Hún er um 7 x 3 m að stærð og snýr A-V. Dyr eru á austurgafli. Þykkt veggja er ójöfn sökum þess hve tilgengnir þeir eru, en er að jafnaði 0,5 – 1 m. Hæst er hleðslan í vesturgafli, 1 m og 5 umför, en er annarsstaðar mun lægri eða kringum 0,3 m. Tóftin hefur sennilega verið tvö hólf, þó skilrúmið milli þeirra sé sokkið. Eystra hólfið hefur að líkindum verið um 3,5 x 1,5 m en það vestara um 2 x 1,5 m.

034N

tóft 64°03.088N 21°51.870V

Tóft er hlaðin við austurbarm Selgjár, um 330 m SA af Selgjárhelli og um 15 m suður af selrúst 034P.
Tóftin er hlaðin fast við eystri gjárbarminn sem myndar austurvegg hennar. Hún er hlaðin úr hraungrýti og torfi, en er næstum alveg yfirgróin. Tóftin er 9 x 3 m og snýr N-S, 0,5 m breiðar dyr eru norðarlega á vesturvegg. Lítið hólf er út frá vesturvegg, fast sunnan við dyrnar, mögulega heystæði. Litla hólfið er um 4 x 2 m og snýr N-S. Hæst er mannvirkið rúmlega 0,8 m, 4 umför og 1 m. Tóftin, sem og næsta nágrenni, er vel grasi gróin.

034O

tóft 64°03.093N 21°51.872V

Tóft er fast við austurbarm Selgjár, um 8 m suður af seljarúst 034P.
Gjárbarmurinn myndar austurhlið tóftarinnar. Tóftin er að utanmáli um 4,5 x 4 m N-S, en innanmáli rúmlega 2 x 1 m A-V. Dyr eru að vestanverðu. Veggir eru 1,5 – 2 m breiðir og mest 0,5 m háir. Tótin er sigin og vel yfirgróin, en þó er mögulegt að greina í henni grjót. Lítið birkitré vex á norðurvegg.

034P

tóftir 64°03.100N 21°51.873V

Seljarúst er um 270 m SA af Selgjárhelli og um 30 m SA af eystri enda garðlags 034F
Snjór var í gjánni þegar vettvangsathugun fór fram. Þó sást til tóftaþyrpingar sem líklega er rúst sels. Tóftirnar eru samvaxnar og liggja fast meðfram austurbakka Selgjár, sem myndar þannig austurvegg mannvirkisins og slútir hraunbrúnin nokkuð yfir og myndar skjól. Þær snúa NNV-SSA og virðast vera alls um 25 m langar og og minnst um 7 m breiðar. Greinanleg eru 5 hólf, hlaðin úr hraungrýti og torfi, en rústirnar eru vel yfirgrónar. Veggjahæð er á bilinu 0,6-2 m og er fjöldi umfara að minnsta kosti 6, breidd veggja er 1-2 m. Fjögur syðstu hólfin eru í röð og hafa öll samsíða innganga sem snúa til vesturs. Nyrsta hólfið virðist vera ögn vestar og opnast til suðurs. Syðsta hólfið er rúmlega 2x2 m að innanmáli, næsta hólf norðan við er um 7 x 2 m, þar næsta er rúmlega 7 x 2 m, nyrsta hólfið með op til vesturs er hátt í 5x3 m að innanmáli. Nyrsta hólfið, sem opnast til suðurs, er ógleggra að stærð en hin, en er 2 x 2 m hið minnsta og hefur hugsanlega verið stærra. Inngangar tóftanna eru allir á bilinu 0,4-0,6 m breiðir.

034Q

tóft 64°03.119N 21°51.892V

Lítil tóft er fast við austurbarm Selgjár, um 15 – 20 m norður af seljarúst 034P og um 15 m SSA af austurenda garðlags 034F.
Tóftin er 5 x 2,5 m að stærð og snýr N-S. Selgjárbarmurinn myndar austurvegg tóftarinnar, en annars eru veggir hlaðnir úr torfi og grjóti. Veggir eru tóftarinnar eru hæstir um 0,5 m, en ekki er hægt að greina fjölda umfara því tóftin er algróin grasi og lyngi. Þykkt veggja er 1,5 m og innanmál tóftarinnar er 2 x 1 m N-S. Þröngar dyr eru á tóftinni á SV horni hennar.

034R

tóft 64°03.202N 21°52.074V

Skammt vestur af austurbrún Selgjár er lítil tóft hlaðin við frístandandi náttúrulegan klett, hátt í 50 m SA af Selgjárhelli, 20 m SA frá tóft 034S og 50 m NA af tóft A.
Tóftin er hlaðin við stóran klett sem myndar suðurvegg hennar. Greina má hlaðinn austurvegg, sem liggur í um 2 m frá klettinum og norðurvegg sem einnig er um 2 m langur. Ekki er hægt að greina vesturvegg á mannvirkinu. Veggir tóftarinnar eru afar signir, um 0,3 m háir og 0,3 m breiðir. Mikil og þykk sina er innan í tóftinni, milli klettsins og hleðslunnar, sem og í brekkunni vestur og norðvestur af tóftinni, en austur af vex lyng. Norðaustur frá hleðslunni er aflöng þúst sem liggur alla leið að eystri gjárbarminum. Þústin er um 4 x 2-3 m að stærð og snýr NA-SV. Greina má grjót í þústinni og er hún um 0,5 m há og vel gróin lyngi.

034S

tóft 64°03.207N 21°52.092V

Tóft er um 28 m SA af Selgjárhelli [034]. Brún Selgjár er á þessum slóðum vaxin grasi, lyngi og mosa.

Tóftin er hlaðin úr hraungrýti við náttúrulega kletta við austurbarm Selgjár og eru hleðslurnar nokkuð tilgengnar. Innanmál tóftarinnar er um 3x2 m A-V, hleðslurnar eru milli 0,5-1,2 m háar, með 2-3 umförum og um 1 m breiðar. Inngangur snýr til suðausturs. Austurbarmur gjárinnar slútir um 1-1,5 m fram yfir hlöðnu veggina og myndar ágæts skjól.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 5; Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 91; Ö-Urriðakot GS, 4; Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftanehreppi, 29.

GK-174:035 tóft 64°04.173N 21°54.460V
"Fyrir sunnan túngarðinn aðeins ofan við núverandi heimreið að Urriðakoti [er að finna tóft]", segir í fornleifaskrá RT og RKT. Á korti er tóftin sýnd fyrir norðan túngarðinn, ekki fyrir sunnan, og er hún rúmlega 150 m NNV af bæjarstæði 001.


Mynd: RT, 2005, bls. 64.

"Tóftin er að mestu hlaðin úr torfi og grjóti. Hún er um 10 m á lengd og 5 m á breidd, veggirnir eru ekki allir jafn greinilegir norðurhliðin er sýnum best, en veggjarhæð er um 40 cm. Hlutverk hennar óþekkt en sennilega aðhald fyrir skepnur t.d. Kvíar eða rétt," segir í fornleifaskráningu RT og RKT.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ, 64.
Ekki skráð á vettvangi heldur byggt á fornleif 'Urriðakot 117902 174-81' í 'Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ' sem unnin var árið 2005 af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner. Hnitið í þeirri skráningu er í landshnitakerfinu Ísnet 93: X:399535.60838 Y:358119.876348

GK-174:036 tóft útihús 64°04.231N 21°54.610V


"Fyrir norðan Kvíaflötina [019] ofan við veginn og rétt ofan við Urriðavatn um 30 m," segir í fornleifaskráningu RT og RKT Steyptur húsgrunnur við Kvíaflöt, um 30 m norður af túngirðingu og 5 m austur af vegslóða sem liggur suður að Elliðavatnsvegi.
Algróið er grasi og lyngi umhverfis og inni í húsgrunninum.
Húsgrunnurinn er 16x6 m N-S og ferhyrndur. Veggir eru um 40-50 sm háir og 20-30 sm breiðir. Mikil möl er íblönduð steypunni, en ekkert steypustyrktarjárn er í þeim, sem bendir til að mannvirkið sé sennilega frá fyrri hluta 20. aldar.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ, 65
Ekki skráð á vettvangi heldur byggt á fornleif 'Urriðakot 117902 174-82' í 'Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ' sem unnin var árið 2005 af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner.

GK-174:037 *Sauðahellir efri/Sauðahellir syðri* hellir fjárskýli 64°03.201N 21°52.201V
"Í neðri (norðvestur) enda Selgjár er Selgjárhellir [034]. ... Örskammt norðvestur af Selgjárhelli er Sauðahellir. Sauðhellirinn er norðan við vörðu (052) við Gjáaréttargötu, en Gjáarréttargatan er vörðuð í gegnum hraunið alla leið austur með Sneiðingjum í Vífilsstaðalandi. ... Þessi hellir mun hafa verið notaður á svipaðan hátt og fyrr nefndur Sauðahellir, en fyrir minni heimildarmanns [GK-175:020]", segir í örnefnaskrá SP. "Við vesturenda Selgjár er Sauðahellir efri", segir í örnefnaskrá AG. "Spölkorn...fyrir...sunnan (Tjarnholtsgreni), liggur Gjárréttarstígurinn upp á hraunið og skáhallt yfir það. Þar er komið að Sauðahellinum syðra", segir í örnefnaskrá GS. (Kargi) var lítill partur hraunisins undir Svarthömrum kallaður...Í bungu þeirri syðst á Flatahrauni voru margir hellar, þar á meðal (Sauðahellirinn syðri). Hlaðinn upp munninn. Skiftist í tvent er inn var komið. Allgóður", segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. Sauðahellir efri er um 70 m V af Selgjárhelli [034].
Sauðahellir er hluti af víðáttumiklu hellakerfi sem liggu NNV-SSA, mikið af þaki náttúrulegra hella er

hrunið og myndar marga smærri hella sem notaðir hafa verið sem fjárskýli og þar af er mesta mannvirkið við Sauðahelli efri. Hraunið er mosa og grasi gróið með rofabörðum hér og þar.
Hellisopið hefur verið hlaðið upp með mjög fallegum, yfirbyggðum, J laga inngangi. Gangurinn er hlaðinn úr hraungrýti, en aðeins hrundi úr þaki hans í jarðskjálftanum árið 2000 þótt hleðslur séu annars í góðu ásigkomulagi. Inngangurinn er 3 m langur, um 1 m breiður og 1-1,6 m hár, úr 8-10 umförum þannig að hægt er að standa hálf uppréttur í honum. Í inngagninum eru 3-4 þrep sem liggja niður í hellana. Innst greinist gangurinn í tvennt við 4,5 m löng göng, yfirbyggð með hraunhellum, sem liggja þvert á hann NV-SA. Inn af göngunum eru tveir náttúrulegir hellar, sinn við hvorn enda þeirra. Þakið yfir göngin sem liggja að hellunum er enn uppistandandi, en þakið yfir tröppunum í J laga innganginum er hrunið að miklu leyti, svo ein stór hraunhella er eftir yfir dyrunum. Torf hefur verið hlaðið utan á hraunhleðslurnar til einangrunar.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 5; Ö-Urriðakot AG, 2; Ö-Urriðakot GS, 4; Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 28
Hellirinn er friðaður: "Urriðavatn. Seltóftir margar, hellar og önnur mannvirki í og við norðurenda Selgjár. Skjal undirritað af KE 30.04.1964. Þinglýst 05.05.1964."

GK-174:038 *Kúadalsstígur* heimild leið 64°03.135N 21°52.342V
"Norðaustur af Byrginu [049] er vik inn í hraunið, sem heitir Kúadalur. Þar liggur Kúadalsstígur inn í hraunið", segir í örnefnaskrá SP. "Kúadalir: Svo heita hvammar og flatir niður með hrauninu milli þess og Tjarnholtanna. Grónir vel og sléttir...Kúadalastígur: Úr stærsta hvamminum liggur stígur þessi upp á hraunið út á Flatahraunið yfir í Vífilsstaðahlíð," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. Um 230 m SV af Selgjárhelli er greið leið upp á hraunbrúnina til austurs í átt að Vífilsstaðahlíð. Þó sást ekki til gatna.
Mosa og lyngivaxið hraun.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 5; Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 26-27

GK-174:039 *Urriðakotsvegur eldri/Urriðakotsstígur* heimild leið
"Til suðurs frá traðarhliði lá svonefndur Urriðakotsvegur eldri ofan við mýrina. Hann beygði síðan vestur með Hádegisholti, öðru nafni Flóðahjalla, sem er stórt holt suður af Urriðakotsvatni. Síðan lá vegurinn norðvestureftir Setbergsholti norðaustanverðu, meðfram túngarði á Setbergi norðvestur fyrir Setbergshamar og síðan til suðurs niður á Setbergsveg, sem lá til Hafnarfjarðar", segir í örnefnaskrá SP. "Urriðakotsstígur: Hann lá frá Suðurtraðarhliði ofanvert við Dýjakrók og Dýjamýrar, undir Flóðahjalla yfir vað á Oddsmýrarlæk, norðan í Setbergsholti að traðarhliði að Setbergstúngarði", segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. Á kort á bls. 30 í Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar er Urriðakotsvegur eldri og Flóttavegur (nú Elliðavatnsvegur) merktir sem einn og sami vegurinn.
Er nú undir malbiki.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 13; Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 23

GK-174:040 *Fitin* álagablettur 64°04.150N 21°54.602V
"Norðan við Ferginsflöt á vatnsbakkanum er Fitin. Hún er utan túngarðsins, en varð síðan innan túngirðingar. Hún er álagablettur, sem ekki má slá. Í minni móður minnar var hún einu sinni slegin, en veturinn eftir drapst besta kýrin", segir í örnefnaskrá SP. Fitin: Slétt flöt niður við vatnið, útvið túngarðinn", segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. Í skráningu RT og RKT voru Fitin hnitsett en ekki lýst nánar.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 1; Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 22; RT og RTK: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ, 22
Ekki skráð á vettvangi heldur byggt á fornleif 'Urriðakot 117902 174-14' í 'Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ' sem unnin var árið 2005 af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner. Hnitið í þeirri skráningu er í landshnitakerfinu Ísnet 93: X:399497.787057 Y:358003.050482

GK-174:041 brunnur brunnur herminjar 64°03.927N 21°54.324V



Vatnsbólið, horft til suðvesturs

Steypt vatnsból frá hernámsliði í Seinni heimsstyrjöld er austur af Dýjamýri, um 100 m norður af Elliðavatnsvegi og um 10 m vestur af heimkeyrslu að rústum Urriðakotsbæjar.
Vatnsbólið er ferhyrningslaga hola, um 4x3 m að ummáli og steypt að innan. Vatnið í brunninum er ófrosið (skráð í kuldakasti í janúar) svo augljóslega er rennsli í gegnum brunninn. Um 0,5 m eru niður að vatnsyfirborði og virðist vatnið ekki vera nema um 1 m á dýpt.
Hættumat: hætta vegna ábúðar

GK-174:042 *Stórakróksgata/Kirkjustígur* heimild leið
"Rásin var stikluð á steinum, sem kallaðir voru Rásarbrú [022] á Stórakróksgötu, sem lá að heiman vestur í Stórakrók...Um Rásarbrú, sem áður var nefnd, lá Stórakróksgata, sem fyrr var nefnd. Hún var einnig nefnd Kirkjustígur og var farið eftir honum til Garðakirkju. Lá hann norðaustan við Stórkrókshól, sem er í vesturbrún hraunsins vestur af Kaffigötu," segir í örnefnaskrá SP. "Úr Kaffigjótu lá Kirkjustígurinn eða Stórakróksstígur yfir í Stórakrók og þaðan yfir hraunið á Garðaholt heim að kirkju," segir í örnefnaskrá GS. Ekki sást til Stórakróksgötu við vettvangsskráningu, en stórhluti hraunsins austur- og suðaustur af Stórakrókshól hefur verið ruddur undir götur og nýbyggingar við Kauptún.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 4-5; Ö-Urriðakot GS, 4

GK-174:043 *Gjáarréttarstígur Álftnesinga/Moldargötur* heimild leið 64°04.521N 21°54.461V
"Norðan undir Brekkutöglum með hrauninu lá Gjáarréttarstígur Álftnesinga", segir í örnefnaskrá SP. "Í landi Urriðakots var Gjáréttarstígur Álftnesinga sem tók við af Hagakotsstíg [GK-176:005] ef haldið var inn með norðurhlíð Urriðakotsholts, um Moldargötur að Gjárréttargötum"..."Gjáarréttarstígur Álftnesinga (Moldargötur) lá norðan í Urriðakotsholti, undir Brekkutöglum og með hrauninu. Að Moldargötum við Brekkutögl Urriðakots hafa þeir farið: 1) Hraunholtsstíg [GK-179:049] um Hvamminn upp af Neðranefi við Hraunsholt eða 2) Álftanesgötu [GK-185:075], Kirkjustíg inn á Garðahraun en þaðan kirkjustíg, Setbergsstíg, norðan Víðistaða í Kaplakrika og þaðan um Stórakrókshól, Stórakróksstíg, að Brekkutöglum Urriðakots. Stíga þessa má enn víða rekja"..."Moldargötur lágu inn með norðurhlíð Urriðakotsholts að Maríuhellum," segir í Örnefnum og leiðum í landi Garðabæjar. Á svipuðum slóðum og Moldargötur lágu í landi Urriðakots er nú malarborinn slóði, jeppafær, sem liggur nokkurn veginn NV-SA. Norðvestast endar hann við mikið jarðrask við raftækjabúðina MAX og liggur að Elliðavatnsvegi við Maríuhella. Leiðin liggur milli Moldarbrekkna og Urriðakotsholts að vestan og Vífilsstaðahrauns að austan.
Umhverfis stíginn er að mestu gróið grasi og lyngi og nokkur skógrækt er á svæðinu. Norðvestast er stígurinn kominn undir byggingar og malbik.
Göturnar eru nú orðnar að jeppaslóða.
Hættumat: hætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 4; Guðlaugur Rúnar Guðmundsson: Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar, 70, 97-8, 125

GK-174:044 *B-steinn* áletrun 64°03.152N 21°51.957V
"Við norðausturbarm Selgjár, niðri í gjánni, er svokallaður B-steinn, en svo er nefnd hraunhella, sem rís þar upp á rönd líkt og legsteinn og bókstafurinn B hefur verið höggvinn í", segir í örnefnaskrá SP. Steinninn er ofan í gjánni, næstum fast við eystri gjáarbarminn, um 180 m SA frá Selhelli [034] við norðurenda Selgjár. Steinninn er í grónu hrauni.
B-steinn er hraunhella, um 1 m há, hátt í 0,5 m breið og 0,2 m á þykkt. Lag B-steins minnir helst á legstein og snýr hann flatri framhliðinni til vesturs. Framan á steininn, við hægra horn hans að ofan, er klappað B, um 20 x 10 sm í þvermál. Stafurinn líkur ekki ýkja ellilega út og er líklega frá því snemma á 20. öld. Hugmyndir hafa verið uppi um að stafurinn standi fyrir "brunn", en samkvæmt heimildamanni, Svani Pálssyni, eru engar líkur til þess þar sem enginn brunnur er á þessum slóðum.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 5

GK-174:045 varða 64°03.135N 21°52.884V
Ónefnd varða er á melholti um 480 m SSV af Fjárhústóftinni syðri [051] og um 390 m NA af

Kúadalshæðarvörðu [GK-173:063].
Varðan er hlaðin á klöpp á um 20 m háu melholti.
Varðan er fallega hlaðin úr hraungrýti og ferkönntuð í grunninn. Hún er um 1,4 m á hæð, 1,2 m í þvermál og nokkuð vaxin skófum. Fimm aðrar minni vörður eru í næsta nágrenni.
Hættumat: hætta vegna ábúðar

GK-174:046 *Hraunréttin* heimild rétt
"Í hraunbrúninni sem sneri að Vetrarmýrinni voru rétt norðan vegarins Folaldagjóta og þar hjá Hraunréttin, þá kom ónefnt hraunsnef og norðan í því Kaffigjóta", segir í örnefnaskrá GS. Heimildamaður, Svanur Pálsson, kannast ekki við rétt þessa og ekki sást til hennar við vettvangsathugun. Ekki er loku fyrir það skotið að réttin hafi áður verið þar sem nú eru risnar stórverslanir IKEA og BYKO við Kauptún, en sú gata er rudd inn í hraunið norðan Urriðakotsvatns.
Hættumat: stórhætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Urriðakot GS, 3

GK-174:047 *Stórakróksvarða* heimild landamerki 64°04.449N 21°55.330V
"Frá Klofasteini lá Flatahraun yfir að Stórakrókshól. Á hólnum var Stórakróksvarða ", segir í örnefnaskrá GS. Stórakrókshóll er hornmark á milli Urriðakots og Setbergs og í dag er hornstaur á landamerkjagirðingu þar sem varðan var áður, en búið er að rífa Stórakróksvörðu.
Úfið og nokkuð gróið hraun.
Varðan hefur e.t.v. verið nýtt í lágan grjótgarð sem er undir gaddavírslandamerkjagirðingu milli Urriðakots og Setbergs, jafnframt er nokkuð mikið af lausu hraungrýti í dreif á norðanverðum Stórakrókshól við hornmarkið, sem gæti verið ættað úr vörðu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Urriðakot GS, 4

GK-174:048 *Fjárréttargirðing* garðlag landamerki vörslugarður 64°04.791N 21°55.037V
"Frá Klofasteini lá Flatahraun yfir að Stórakrókshól. Á hólnum var Stórakróksvarða [047]. Hér norður af var svo kallað Moldarhraun og þar lá landamerkjalínan um svonefnda Fjárréttargirðingu í Miðaftanshól en þar var hornmark milli landa Garðalands, Hafnarfjarðarlands og landa Urriðakots, Hagakots og Vífilsstaða.", segir í örnefnaskrá GS. "Fjárréttargirðing: Girðing þessi lá frá Stórakrók í norð-austur. Eftir þessari fornu grjóthleðslu var talið að landamerkjalínan hafi legið yfir í Miðaftanshól hornmarkið mikla," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. Samkvæmt heimildamanni, Svani Pálssyni, er Fjárréttargirðingin að nokkrum hluta horfin undir byggingar og malbik, en þó sést enn til hluta garðlagsins í Hafnarfjarðarhrauni. Vestasti endi þess (A) hefst við Miðhraun og syðsti endinn (C) við Reykjanesbraut (en heldur eflaust áfram sunnan við veginn. Um 100 m NA af enda Dýrtíðarvinnuvegar [010] við Miðhraun, klippir hann garðlagið, sem er samhliða Dýrtíðarvinnuveginum á rúmlega 230 m kafla, um 20-30 m norðan við veginn.
Garðurinn liggur yfir úfið hraun sem er að hluta vaxið mosa og lyngi. Í seinni tíð hefur garðlagið verið endurbætt með gaddavírsgirðingu, sem nú er kolryðguð og fallin.


Garðlagið, horft til austurs.

Garðurinn er hlaðinn úr litlu, meðal og stóru grjóti, en er ekki ýkja hár í dag og fellur sums staðar inn í grýtt umhverfið. Garðurinn er um 400 m langur í NV frá Reykjanesbraut að Dýrtíðarvinnuvegi, en sveigir þar í SA í um 240 m. Á tveim stöðum má augljóslega greina útúrdúra úr garðinum (milli A og B og G og H, sjá kort). A-B: Á þessum kafla líkist garðurinn "grjótfylltri rennu" en annars staðar rís hann hærra yfir umhverfi sitt, mest um 0,7 - 1 m. 0,5 - 1 m breiður. C-E: Langur armur, sumsstaðar horfinn með öllu undir mosa og gróður en annarsstaðar allt að 1 m hár og breiður (sérstaklega þar sem hraunið er úfnast og torfærast). E-F: Dýrtíðarvinnuvegur [012] klippir garðinn og er hann mjög lágur og tættur þar í kring og sumsstaðar horfinn. G-I: Garðurinn er lítill og lágur (enginn gaddavír) mest 0,2 m hár og 0,3 m breiður. I: Garðurinn hverfur snögglega inn í umhverfið. I-J: Garðurinn rysjóttur og oft ógreinilegur og þegar hann sést er hann lágur og lítill. J: Garðurinn endar við gil (aflanga laut) í hrauninu, skammt austar er Dýrtíðarvinnuvegur (sem er samhliða) hlaðin yfir þetta sama gil. K-L: Suðaustur undan Miðaftanshól er garðlag sem ekki tengist hinum sýnilega, en er samsíða Dýrtíðarvinnuvegi. Þar liggur í SA frá

Miðaftanshól og að Miðhrauni. Garðlagið er lágt og vel yfir gróið mosa og lyngi. Mest er það 0,5 m breitt og 0,4 m hátt. Enginn gaddavír er við þetta garðbrot.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir. Ö-Urriðakot GS, 4; Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 21-22

GK-174:049 *Byrgi/Skotbyrgi* heimild skotbyrgi 64°03.368N 21°53.080V
"Skotbyrgið: Gamalt skotbyrgi af grjóti vestan til við stíginn [Kúadalastíg 038]," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. "Vestur frá Kúadölum er Skotbyrgi gamalt", segir í örnefnaskrá GS. "Suðvestur af neðri enda Selgjár er holt vestan við Urriðakotshraun. Nefnist það Syðsta-Tjarnarholt. ... Norður af Syðsta-Tjarnarholti er Mið-Tjarnarholt og Litla-Tjarnarholt norðvestur af Mið-Tjarnarholti. Tjarnarholtin eru öll suðvestan hraunsins. Vestur af Litla-Tjarnarholti er stór steinn, og er annar steinn uppi á honum. Var það kallað Byrgi", segir í örnefnaskrá SP. Heimildamaður Svanur Pálsson vísaði gróflega á þann stað sem hann minnti að Byrgið hafi verið uppi á melholti um 350-400 m vestur af Fjárhústóftinni syðri 051, en þar var ekkert mannvirki að finna. Stór rafmagnsmöstur ganga nú yfir melholtið og kunna hugsanlega að hafa raskað Byrginu.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 27; Ö-Urriðakot GS, 4; Ö-Urriðakot SP, 6-7

GK-174:050 *Fjárhústóftin nyrðri* heimild fjárhús
„Nokkru norðar en gamla rústin (Fjárhústóftin syðri 051) er fjárhústóft og standa veggirnir enn (1964)," segir í skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. Fjárhúsið fannst ekki við vettvangsskráningu. Heimildamaður, Svanur Pálsson, kannaðist heldur ekki við þessa rúst og datt helst í hug að um sama mannvirki og beitarhús 033 sé að ræða.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni of fiskimið í Álftanesi, 21

GK-174:051 *Fjárhústóftin syðri* tóft beitarhús 64°03.362N 21°52.597V



"austan við Kúadali er Fjárhústóftin syðri. Það var upphaflega reist sem Sauðahús", segir í örnefnaskrá GS. "Nokkru norðar en Skotbyrgið [049] er rúst gamals fjárhúss við allstóran klett", segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. Fjárhústóftin syðri er um 470 m NV af Selgjárhelli 034, skammt frá öðru háspennumastri frá Heiðmerkurvegi.
Fjárhústóftin er uppi á hárri mosa- og grasigróinni hæð í hrauninu.
Tóftin er hlaðin uppvið náttúrulegt bjarg, sem myndar hluta suðurveggjar hennar. Innanmál tóftarinnar er 6 x 2,5 m A-V og dyr eru á vesturvegg. Veggirnir eru um 0,8 á hæð og um 1-2 m á breidd. Nokkuð hefur hrunið úr hraunhleðslum veggjanna, sem eru grónar mosa, grasi og lyngi. Gluggi er hlaðinn í suðurvegg tóftarinnar.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Urriðakot GS, 4; Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 21

GK-174:052 *Sauðahellisvarða* varða samgöngubót 64°03.174N 21°52.213V
"Spölkorn...fyrir...sunnan (Tjarnholtsgreni), liggur Gjárréttarstígurinn [GK-175:019] upp á hraunið og skáhallt yfir það. Þar er komið að Sauðahellinum syðra (037). En Sauðahellisvarða er þar rétt hjá...Þegar komið er framhjá Sauðahellisvörðu hallar niður í Selgjána", segir í örnefnaskrá GS. Sauðahellisvarða hefur að líkindum verið um 50 m SSV við Sauðahelli syðri, en nú er mun nýrri varða á þessum slóðum.
Hraun, vaxið mosa, lyngi og grasi, með rofabörðum á stöku stað. Sauðahellisvarða var hluti Gjáarréttargötu GK-175:019.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Urriðakot GS, 4

GK-174:053 *Selgjárvarða/Norðurhellnagjárbarmsvarða* heimild landamerki samgöngubót
Á suðurhlið (Selgjár) er svo Selgjárbarmurinn syðri. Við syðsta selið liggur stígurinn upp á barminn og er það Selgjárvarðan", segir í örnefnaskrá GS. "Urriðakot á hálfa Fjárhella mót Vífilstöðum sem fyrrum hjetu

Maríuhellar frammí vörðuna sín megin á Norðurhellragjáarbarmi, og í stóra steininn á fremsta Tjarnholtinu... Varða þessi er á suðurbarmi, rétt þar sem stígurinn liggur upp úr Selgjánni, rétt áður en stígurinn tengist götunum neðan við Sneiðinga. Þessi varða er einnig landamerkjavarða," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. "Af lýsingunni að dæma er varðan á norðaustari barmi gjárinnar, þeim megin sem Sneiðingar og Kargi eru," segir í fornleifaskrá RT og RKT. Samkvæmt heimildamanni, Svani Pálssyni, var varðan rifin fyrir þó nokkuð mörgum árum síðan.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Urriðakot GS, 1, 4; Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 29; RT og RKT: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ

GK-174:054 *Norðurhellar* heimild sel 64°03.222N 21°52.153V
"Selstæðið þarna (Vestast í Selgjánni) var einnig nefnt Norðurhellar, Norðurhellnasel", segir í örnefnaskrá GS. "Í landamerkjabréfi er Selgjá nefnd Norðurhellagjá. Er það nafn þá dregið af Selgjárhelli og fleiri hellum í norðurenda hrauntraðarinnar, sem hafa þá heitið Norðurhellar. Heimildarmaður kannast ekki við þessi nöfn úr mæltu máli," segir í örnefnaskrá SP. "Þetta nafn (Norðurhellar) á þessum stað er að finna í sóknarlýsingu síra Árna Helgasonar í Görðum frá 1842. Einnig segir frá þessu örnefni í lögfesti Þorkels prests Arngrímssonar frá 1661," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. Norðurhellar eru skammt norðan við Selgjá [034], og ætti Selgjárhellir [034] og Sauðahellir efri [037] að flokkast með þeim, enda á sömu slóðum og hlutar af sama hellakerfi.
Hraunið er að mestu gróið mosa, lyngi og grösum.
Við yfirferð um svæðið fundust 8 hellar til við bótar við Selgjárhelli [034] og Sauðahellinn efri [037], en snjór hamlaði nánari könnun þeirra. Hellarnir beint upp af (NV af) Selgjárhelli, virðast vera stærstir og í þeim mætti hugsanlega finna hleðslur. Þar af í helli A, sem er um 30 m NV af Selgjárhelli, virðist vera hlaðið þak úr meðalstórum hraunhellum sem er að hluta hrunið.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Urriðakot GS, 5; Ö-Urriðakot SP, 6; Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 29

GK-174:055 *Syðridalatroðningur* heimild leið
"um (Dalinn syðri/Urriðakotdal syðri/Efri-Flatir) lá troðningur og niður um holtið nefndist Syðridalatroðningur, hann lá framhjá svonefndum Grjóthól um Grjóthólsflöt niður undan honum, en hér var kallað holtið Milli dala og þá lá troðningurinn niður á Neðri-Flatir, Dalinn neðra eða Dalinn og Urriðakotsdalinn neðri, en svæði þetta sem nú hefur verið lýst nefndist einu nafni Urriðakotsdalir og lá stígurinn hér um miðjan dal í Gjárréttarstíginn og síðan yfir á Hálsinn, Flóðahjallaháls eða Urriðakotsháls sem fyrr er talinn og síðan niður til bæjar", segir í örnefnaskrá GS. Syðridalatroðningur tók við af Kúadalastíg sem er sunnar. Syðridalatroðningur var áður þar sem nú er suðurhluti golfvallar.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Urriðakot GS, 5

GK-174:056 garðlag kálgarður 64°04.090N 21°54.422V
Inn á túnakort frá 1918 er merktur kálgarður skammt vestan við bæjarhús Urriðakots 001. Suðurtraðir 008 sem merktar eru inn á túnakort eru fast á milli bæjarhúsa og kálgarðs.
"Leifar kálgarðsins sjást vel fyrir framan bæinn og bæjarhlaðið. Kálgarðurinn er stór um 30 m breiður og lengd rúmir 30 m. Torfhlaðnir veggir frá 20 cm til 40 cm", segir í Fornleifaskráningu RT og RTK.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918; RT og RKT: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ, 13-14
Ekki skráð á vettvangi heldur byggt á fornleif 'Urriðakot 117902 174-2' í 'Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ' sem unnin var árið 2005 af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner. Í skýrslunni er ein ljósmynd af minjastaðnum. Hnitið í þeirri skráningu er í landshnitakerfinu Ísnet 93: Urriðakot 117902 174-2 X:399379.70048 Y:358144.25009


Mynd: RT, 2005, bls. 13.

GK-174:057 *Keldustiklur* heimild vað 64°04.219N 21°54.770V
"Í miðri Vesturmýri liggur Urriðakotsvegur yfir vatnslænu, sem nefnist Kelda. Við vegagerðina var hún

brúuð og brúin nefnd Keldubrú [021]. Áður var hún stikluð á steinum nokkru norðar", segir í örnefnaskrá SP. "Keldustikklur: Áður en vegurinn var lagður voru stikklur yfir Kelduna," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. Í skráningu RT og RKT voru Keldustiklur hnitsettar en núverandi ástandi þeirra ekki lýst nánar.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 4; Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 24
Ekki skráð á vettvangi heldur byggt á fornleif 'Urriðakot 117902 174-30' í 'Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ' sem unnin var árið 2005 af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner. Hnitið í þeirri skráningu er í landshnitakerfinu Ísnet 93: X:399633.793745 Y:357872.216668

GK-174:058 garðlag rétt 64°03.661N 21°53.180V



Aðhald er uppi á karganum sem markar vesturbrún Flatahrauns, um 30 m SV af beitarhúsi 033 og 110 m SA af rétt 032.
Aðhaldið er í afar úfnu hrauni, nokkuð grónu.
Þetta er lítið aðhald eða rétt hlaðin úr meðalstóru, ótilklöppuðu hraungrýti. Stærð um 5 x 4 m N-S og mest hæð 0,8 m eða 5 umför. Aðhaldið er byggt upp við hraunhól að austan, en vestan við er nokkuð sléttara hraun, gróið grasi, lyngi og mosa.
Hættumat: hætta vegna ábúðar

GK-174:059 garðlag vörslugarður 64°03.696N 21°53.310V
Garðlag hefst rúmlega 2 m norðan við inngang í rétt 032 og liggur í um 430 til NA yfir Flatahraun í átt að Vífilsstaðahlíð. Garðlagið endar við veg undir Vífilsstaðahlíð um 300 m NV af Sauðahelli nyrðri [GK-175:020].
Garðurinn liggur yfir hálfgróið hraun og er klipptur þvert af göngustíg sem liggur N-S austan við hraunkargann sem er fast austan við golfvöllinn. Grjóti úr garðinum verið hlaðið að hluta meðfram stígnum.
Garðurinn er hlaðinn úr óunnu hraungrýti. Frá rétt 032 er garðurinn víðast fremur lágur, siginn og yfirgróinn, þar til í Flatahraun er komið. Þar er garðurinn sumsstaðar meira en 1 m á hæð og víðast 0,4-0,5 m breiður. Mögulega var garðlagið aðrekstrargarður í rétt 032.
Hættumat: hætta vegna ábúðar

GK-174:060 *Norðurhellnagjárbrunnur* heimild brunn
"Norðurhellnagjárbrunnur: Hvar hann hefur verið er ekki gott að segja, en brunnur hlýtur að hafa verið þarna [í Selgjá 034]," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. Staðsetning meints brunns er óþekkt.
Í Selgjánni er slétt hraun, mosa og lyngivaxið og þýft, með rofabörðum á stöku stað á milli þúfa.
Ekki vitað hvort eða hvar brunnur hefur verið í Selgjá.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 29

GK-174:061 *Markavarða* heimild landamerki
"Í ódagsettri örefnaskýrslu er nefnd varða sem virðist staðsett milli Selgjárvörðu (nr. 64) og Merkjasteins á Tjarnholti (nr. 66). Selgjárvarða virðist vera á nyrðri eða norðaustur barmi gjárinnar en síðan segir: "Frá Markavörðu á Syðri barmi Norðurhellnagjár lá Landamerkjalínan suð-vestur í Markastein syðst á Tjarnholtinu syðsta." segir í fornleifaskráningu RT og RKT.
Syðribrún Selgjár er slétt hraun, gróið mosa, lyngi og kjarri.
Ekkert sást til vörðunnar.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ, 51-52.
Ekki skráð á vettvangi heldur byggt á fornleif 'Urriðakot 117902 174-65' í 'Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ' sem unnin var árið 2005 af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner.

GK-174:062 *Flóðahjallavarða/Flóðahjallartáarvarða* varða landamerki 64°03.707N 21°54.595V
"Flóðahjallavarða: Varða þessi átti að vera á Flóðahjalla, fyrirfinnst ekki," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. Jafnframt segir í skrá þeirri að "Hálsinn", "Urriðakotsháls" og "Flóðahjallaháls" séu allt örnefni á sama hálsinum og að "Flóðahjallatá" sé "Vestur og upp frá Hálsinum" og að þar hafi landamerkjavarðan átt að standa. "...Flóðahjallatá, en þar var Flóðahjallatávarða ," segir í örnefnaskrá GS.
Varðan er á tá sem stendur út úr NV horni Flóðahjalla, fast sunnan við Urriðavatn og er þar vítt útsýni til allra átta. Flóðahjallavarða er rúmlega 300 m NV af herminjum GK-173:012.
Varðan er á 30-40 m hárri hæð, á lúpínu-, mosa- og lyngigrónum mel, en gras grær næst vörðunni.
Varðan er hrunin, en eftir er grjóthrúga, 3x2 m að flatarmáli N-S og 0,6 m há.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 21, 26; Ö-Urriðakot GS, 5

GK-174:063 *Klofavarða* heimild um landamerki
"Klofavörðusteinn: Steinn norðan Sýlingarhellu með klofavörðu á," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. "Skv. Landamerkjaskrá 1890 liggja merki Urriðakots frá Álftartanga "í hellu sem er í miðjum hrauntanganum, kölluð Sílingarhella úr henni í uppmjóan háan Kletta með Klofavörðu uppá sin megin (við) Stóra Krók(...)"", segir í fornleifaskrá RT og RKT. Varðan fannst ekki við vettvangsathugun. Heimildamaður, Svanur Pálsson, sem og móðir hans á undan honum, höfðu bæði leitað vörðunnar á árum áður en án árangurs. Varðan hefur áður verið einhversstaðar á 700 m langri leið milli Sýlingarhellu [026] og Stórakrókshóls [047].
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 21; RT og RKT: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ, 54.
Ekki skráð á vettvangi heldur byggt á fornleif 'Urriðakot 117902 174-69' í 'Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ' sem unnin var árið 2005 af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner.

GK-174:064 þúst 64°04.003N 21°54.384V
"Rétt innan við suður túngarðinn en norðan við útihús [005] í lægð sem gengur frá holtinu niður undir vatn eru 5 grjóthrúgur [064-068]," segir í fornleifaskráningu RT og RKT
"Grjóthrúgurnar eru allar leifar eftir túnahreinsun, þær eru óvenjustórar og fullt af stóru grjóti. Það kemur ekki á óvart þegar horft á holtið í kring sem grýtt og lítill jarðvegur á svæðinu. Þessar minjar eru sennilega að mestu frá síðustu öld en má ætla að menn hafi týnt grjót úr túni frá elstu tíð. Grjóthrúga [068] sker sig úr hún er hringlaga og er 7 x 7 m. Hinar eru allar svipað stórar um 8 m á lengd og 4 á breidd og hæðin allt að 50 cm," segir í fornleifaskrá RT og RKT.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ, 57-61
Ekki skráð á vettvangi heldur byggt á fornleif 'Urriðakot 117902 174-74' í 'Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ' sem unnin var árið 2005 af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner. Í skýrslunni er ein ljósmynd af minjastaðnum. Hnitið í þeirri skráningu er í landshnitakerfinu Ísnet 93: X:399217.213579 Y:358167.195273


Mynd: RT, 2005, bls. 57.

GK-174:065 þúst 64°03.998N 21°54.368V
"Rétt innan við suður túngarðinn en norðan við útihús [005] í lægð sem gengur frá holtinu niður undir vatn eru 5 grjóthrúgur [064-068]," segir í fornleifaskráningu RT og RKT
"Grjóthrúgurnar eru allar leifar eftir túnahreinsun, þær eru óvenjustórar og fullt af stóru grjóti. Það kemur ekki á óvart þegar horft á holtið í kring sem grýtt og lítill jarðvegur á svæðinu. Þessar minjar eru sennilega að mestu frá síðustu öld en má ætla að menn hafi týnt grjót úr túni frá elstu tíð. Grjóthrúga [068] sker sig úr hún er hringlaga og er 7 x 7 m. Hinar eru allar svipað stórar um 8 m á lengd og 4 á breidd og hæðin allt að 50 cm," segir í fornleifaskrá RT og RKT.

Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ, 57-61
Ekki skráð á vettvangi heldur byggt á fornleif 'Urriðakot 117902 174-75' í 'Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ' sem unnin var árið 2005 af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner. Hnitið í þeirri skráningu er í landshnitakerfinu Ísnet 93: X:399207.94531 Y:358180.214932

GK-174:066 þúst 64°04.002N 21°54.340V
"Rétt innan við suður túngarðinn en norðan við útihús [005] í lægð sem gengur frá holtinu niður undir vatn eru 5 grjóthrúgur [064-068]," segir í fornleifaskráningu RT og RKT.
"Grjóthrúgurnar eru allar leifar eftir túnahreinsun, þær eru óvenjustórar og fullt af stóru grjóti. Það kemur ekki á óvart þegar horft á holtið í kring sem grýtt og lítill jarðvegur á svæðinu. Þessar minjar eru sennilega að mestu frá síðustu öld en má ætla að menn hafi týnt grjót úr túni frá elstu tíð. Grjóthrúga [068] sker sig úr hún er hringlaga og er 7 x 7 m. Hinar eru allar svipað stórar um 8 m á lengd og 4 á breidd og hæðin allt að 50 cm," segir í fornleifaskrá RT og RKT.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ, 57-61
Ekki skráð á vettvangi heldur byggt á fornleif 'Urriðakot 117902 174-76' í 'Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ' sem unnin var árið 2005 af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner. Hnitið í þeirri skráningu er í landshnitakerfinu Ísnet 93: X:399214.088702 Y:358202.701451

GK-174:067 þúst 64°04.005N 21°54.321V
"Rétt innan við suður túngarðinn en norðan við útihús [005] í lægð sem gengur frá holtinu niður undir vatn eru 5 grjóthrúgur [064-068]," segir í fornleifaskráningu RT og RKT.
"Grjóthrúgurnar eru allar leifar eftir túnahreinsun, þær eru óvenjustórar og fullt af stóru grjóti. Það kemur ekki á óvart þegar horft á holtið í kring sem grýtt og lítill jarðvegur á svæðinu. Þessar minjar eru sennilega að mestu frá síðustu öld en má ætla að menn hafi týnt grjót úr túni frá elstu tíð. Grjóthrúga [068] sker sig úr hún er hringlaga og er 7 x 7 m. Hinar eru allar svipað stórar um 8 m á lengd og 4 á breidd og hæðin allt að 50 cm," segir í fornleifaskrá RT og RKT.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ, 57-61
Ekki skráð á vettvangi heldur byggt á fornleif 'Urriðakot 117902 174-77' í 'Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ' sem unnin var árið 2005 af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner. Hnitið í þeirri skráningu er í landshnitakerfinu Ísnet 93: X:399219.169973 Y:358218.632026

GK-174:068 þúst 64°04.012N 21°54.307V
"Rétt innan við suður túngarðinn en norðan við útihús [005] í lægð sem gengur frá holtinu niður undir vatn eru 5 grjóthrúgur [064-068]," segir í fornleifaskráningu RT og RKT.
"Grjóthrúgurnar eru allar leifar eftir túnahreinsun, þær eru óvenjustórar og fullt af stóru grjóti. Það kemur ekki á óvart þegar horft á holtið í kring sem grýtt og lítill jarðvegur á svæðinu. Þessar minjar eru sennilega að mestu frá síðustu öld en má ætla að menn hafi týnt grjót úr túni frá elstu tíð. Grjóthrúga [068] sker sig úr hún er hringlaga og er 7 x 7 m. Hinar eru allar svipað stórar um 8 m á lengd og 4 á breidd og hæðin allt að 50 cm," segir í fornleifaskrá RT og RKT.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ, 57-61
Ekki skráð á vettvangi heldur byggt á fornleif 'Urriðakot 117902 174-78' í 'Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ' sem unnin var árið 2005 af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner. Hnitið í þeirri skráningu er í landshnitakerfinu Ísnet 93: X:399231.356844 Y:358230.39866

GK-174:069 þúst óþekkt 64°04.023N 21°54.384V
"...suður frá bæjarstæðinu ofan við tóft [002] er þúst eða lítill hóll í túninu... Hóllinn er um 16 m x 12 m og hæðin frá 20 cm allt að að 170 cm " segir í fornleifaskráningu RT og RKT.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda

Heimildir: RT og RKT: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ, 61
Ekki skráð á vettvangi heldur byggt á fornleif 'Urriðakot 117902 174-79' í 'Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ' sem unnin var árið 2005 af Ragnheiði Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner. Hnitið í þeirri skráningu er í landshnitakerfinu Ísnet 93: X:399255.676787 Y:358168.847948" Við vettvangsskráningu var þessi meinta þúst skráð. Í skýrslunni er ein ljósmynd af minjastaðnum. Erfitt að meta hvort þetta sé manngerðar minjar eða náttúrulegur hóll, en ástæða er til að kanna það nánar.


Mynd: RT, 2005, bls. 61.

GK-174:070 *Russell* mannvirki herminjar
"Ekki var saga hverrar rústar eða hver rúst skráð nákvæmlega, en herminjar eru ekki verndaðar í þjóðminjalögum. Þó hefur sú hefð skapast á síðustu árum að slíkar minjar eru skráðar en ekki mældar upp nákvæmlega eins og gert er þegar um fornleifar er að tefla. Eins og sést á kortinu er um er um allstórt svæði að ræða og fjöldi húsgrunna og annarra minja mikill". segir í fornleifaskráningu RT og RKT.
Herminjarnar eru á gróðurlitlu og grýttu svæði austast á Urriðaholti.
"Herminjar eru margar enn greinilegar í Urriðaholti, fæstar heillegar... Ber mest á steinsteyptri stjórnstöðinni, nokkrum steyptum grunnum, litlum turni og hliði inn á svæðið". Á korti á bls. 67 í skýrslunni RT og RKT eru teiknuð upp um 40 mannvirki á svæðinu. Telja má nánast öruggt að hér sé komið braggahverfi er kallaðist Russell og var í Urriðakotsholti.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ, 67-68; Þór Whitehead: Ísland í hers höndum: 124-125.
Ekki skráð á vettvangi heldur byggt á umfjöllun um herminjar í skýrslu RT og RKT.



Tvær tóftir á Urriðaholti. Myndir: RT, 2005, bls. 68-69.

GK-175 Vífilsstaðir

1547-1548: Í Fornbréfasafni er Vífilsstaða tvisvar getið í Fógetareikningum af konungsjörðum í Borgarfirði, Viðeyjarklaustursjörðum og öðrum konungsjörðum í Kjalarnesþingi. „Jtem met Weuelstedom ij legekior. xij for. landskyldt en guelde. ij lege vj forenger smör dt. her ij foder iiij lamb oc aff foder 4 lam oc ij landskyldt en 4 ar gamle ko dt." DI, XII, 113.
1549-1550: Í fógetareikningum af konungsjörðum í Borgarfirði, Viðeyjarklaustursjörðum og öðrum konungsjörðum í Kjalarnesþingi er greint frá Vífilsstöðum. „Jtem mett Wiüelstedom ij kiör xij foer landskiöld jc n lege vij förenger smör etc. oc j lege til geffuit for en geldmelckeko oc j landsskyldt en vj ar gamel ko etc." DI, XII, 154.
1550: Í afgjaldarreikningum Kristjáns skrifara, svo og sjávarútgerðarbók.„Jtem mett Wiiüelstedom ij kiör xij foer landskyldt jc ij lege vij förenger smör etc. oc j lege tilgeffurt for en geeldmelckeko oc j landskyldt en sex ar gamel ko etc." DI, XII, 174.
1552: Í fógetareiknungum yfir ofangreindar jarðir. „Jtem mett Wiuelstedom iiij kör. vj faar. landskyld jc. ij leger j vett smör. dt. och ij landskyld j iij aars gamel ko. dt." DI, XII, 400.
1553. Í hlutabók og sjávarútgerðarreikningi Eggerts hirðstjóra. „Jtem Ion Pouelsson aff Vijuelsted viij alne vattmell." DI, XII, 577.
1558: „Kirkjujörðin Hlið lögð til Bessastaða, en til Garða í staðinn Viðeyjarklausturjörðin Vífilsstaðir." DI, XIII, 317.
1565: Bygging jarða Garðakirkju. „Wifilstader Jone Pälssyne fyrer malnytu kugillde og mannslän. med jördunne ij kugillde." DI, XIV, 437.
1703: Garðakirkjueign. JÁM, III, 224.
1847: Jarðardýrleiki ekki tilgreindur. JJ,92.
1974: Búrekstur lagðist niður á Vífilsstöðum. GRG, 45.
Túnakort 1919: Tún allt sléttað, stærð ekki gefin upp.



Byggt á túnakorti frá 1918

GK-175:001 *Vífilsstaðir* bæjarhóll bústaður 64°04.866N 21°53.463V
„Býli í Garðahreppi, fyrrum Álftaneshreppi. Þar hefur verið sjúkrahús (Berklahæli) frá 1910...Vífilsstaðabærinn stóð nær því í miðju túni vestanverðu. Rústir nú." segir í örnefnaskrá Vífilsstaða. Rústir Vífilsstaðabæjarins eru horfnar en þó er nokkuð auðvelt að átta sig á staðsetningu bæjarins út frá afstöðu hans gagnvart spítalanum (007) samkvæmt túnakorti frá 1919. Á túnakortinu er jafnframt sýndur kálgarður (002), austan og sunnan við bæinn sem enn sjást leifar af. Fjarlægð bæjarstæðisins vestsuðvestur frá spítalanum er um 150 m. Austan við kálgarðsleifarnar er lítill timburkofi.
Rústir bæjarins hafa nú verið sléttaðar og eru nú í túni. Ekki er hægt að tala um eiginlegan bæjarhól.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Vífilstaðir,15-16

GK-175:002 gerði kálgarður 64°04.859N 21°53.435V
Kálgarður er sýndur á túnakorti, fast austan og sunnan við gamla bæinn (001). Leifar leifar austur- og suðurveggja hans sjást enn allgreinilega. Fjarlægð norðurenda austurveggjar að spítalanum (007), er um 140 m. Þýfður óræktarmói innan túns. Skógarlundur er austan og norðaustan við kálgarðinn.
Kálgarðurinn er grjóthlaðinn og er hleðsluhæð mest um 0,5 m. Lengd austurveggjar er um 25 m en suðurveggurinn er um 20 m að lengd. Austurveggurinn er mun greinilegri en suðurveggurinn.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-175:003 hús bústaður 64°04.906N 21°53.182V
Hús er sýnt á túnakorti frá 1919 um 70 m austsuðaustur frá spítalanum (007). Er um að ræða steinsteypt íbúðarhús sem enn stendur. Þetta hús er á aldur við spítalann (007) sem byggður var um 1910.
Í túni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1919

GK-175:004 hús bústaður 64°04.915N 21°53.209V
Hús er sýnt á túnakorti frá 1919 um 30 m austur frá spítalanum (007), á milli hans og 003. Er um að ræða tvö steinsteypt og sambyggð íbúðarhús, með afhýsi að vestanverðu en yfirbyggðu bíslagi að austan, og standa þau enn. Í túni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1919

GK-175:005 heimild útihús 64°04.923N 21°53.212V
Útihús er sýnt á túnakorti frá 1919, um 20 m norður frá 004. Er það nú horfið.
Nú er slétt grasflöt á þessum stað.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-175:006 heimild útihús 64°04.986N 21°53.418V
Útihús er sýnt á túnakorti frá 1919 um 140 m norðvestur af spítalanum 007. Virðist það vera á svipuðum slóðum og útihús sem nú standa. Ekki er ljóst hvort um sama útihús er að ræða.
Malarplan utan túns.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-175:007 hús spítali 64°04.903N 21°53.278V
"Býli í Garðahreppi, fyrrum Álftaneshreppi. Þar hefur verið sjúkrahús (Berklahæli) frá 1910..." segir í örnefnaskrá Vífilsstaða. Spítalinn er sýndur á túnakorti frá 1919 og stendur hann enn.
Í túnjaðri.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Vífilsstaðir, 15.

GK-175:008 heimild ristu 64°05.126N 21°53.342V
Í Jarðabók Árna og Páls segir: „Torfrista og stúnga nægileg." Óljóst er hvar torf hefur verið rist þegar

Jarðabókin var tekin saman á 18. öld, en ekki er þó ólíklegt að það hafi verið í Vatnsmýri eða Vetrarmýri. Vetrarmýri er um 330 m NNA við Vífilsstaði, milli Vífilsstaða og Hnoðraholts, en Vatnsmýri er um 100-150 m SSA við Vífilsstaði.
Vetrarmýri er búið að breyta í golfvöll, en Vatnsmýri er deig og þýfð mýri, gróin grasi og mosa.
Ekki sáust ummerki torfristu við vettvangsathugun.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 225.

GK-175:009 *Vífilsstaðatúngarður* garðlag túngarður 64°04.880N 21°53.132V
„Garður af torfi og grjóti lá umhverfis túnið, norðan, austan og sunnan Engjarnar að neðan og lækurinn." segir í örnefnaskrá. Vífilsstaðatúngarður er nú að mestu horfinn utan þess að sjá má slitrur af honum meðfram austurjaðri gamla túnsins.
Vestan við garðinn er trjálundur, en austan við hann er þýfður grasmói.
Garðurinn er mikið siginn. Torf er einungs allra nyrst annars yfirleitt um að ræða grjótnibbur í reglulegri röð. Heildarlengd garðlagsins er um 85 m. Hleðsluhæð hans er mest nyrst, um 0,4-0,5 m og er hann jafnframt breiðastur þar eða um 1,3 m neðst.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir, 16.

GK-175:010 *Vífilstaðalækjarbrú* mannvirki brú 64°04.830N 21°53.512V
„Brú yfir lækinn niður undan bænum." segir í örnefnaskrá. Steinsteypt brú er yfir lækinn beint niður undan gamla bæjarstæðinu (001). Upphlaðnar traðir eru frá brúnni til norðausturs (sjá 011).
Þýfðir og grasigrónir lækjarbakkar. Lækurinn er nokkuð breiður fyrir ofan (austan) brúnna, en þrengri við og fyrir neðan hana.
Brúin er um 1,6 m á breidd og um 3,3 m á lengd. Sjá má greinilegar hleðslur í bakkanum beggja vegna brúarinnar. Ekkert handrið er á brúnni. Þar sem brúin er steinsteypt þá er hún líklega frá svipuðum tíma og spítalinn og telst því ekki til fornleifa. Spítalinn og þau mannvirki sem honum tilheyra eru þó í sjálfu sér menjar um þá mikilsverðu starfsemi sem rekin hefur verið á Vífilsstöðum frá upphafi 20. aldar. Því fær brúin að fljóta með hér.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir, 16.

GK-175:011 *Suðurtraðir* gata traðir 64°04.831N 21°53.508V
Suðurtraðir "lágu heiman frá bænum niður að lækjarbrúnni [010]." samkvæmt örnefnaskrá. Traðir þessar sem eru upphlaðnar, má enn sjá á kafla frá brúnni (010), norðan lækjarins. Þær eru einnig sýndar á túnakorti frá 1919.
Þar sem traðirnar sjást ennþá, liggja þær um þýfðan grasmóa. En eftir það tekur við slétt tún.
Traðirnar liggja í norðaustur frá brúnni 010 um 50 m, en beygja eftir það til austurs og eru þær greinilegar á um 40 m kafla eftir það. Samkvæmt túnakortinu beygja þær síðan aftur til norðausturs eftir þetta allt að aðalveginum að Vífilsstöðum. Er líklegt að þessi síðastnefndi hluti sé sá sem kallaður er Norðurtraðir (012) og er sá hluti alveg horfinn. Hleðsluhæð traðanna er líklega mest um 0,5 m og breidd þeirra um 3 m.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir, 17 og Túnakort 1919

GK-175:012 *Norðurtraðir* heimild traðir 64°04.891N 21°53.418V
Í örnefnaskrá segir: „Norðurtraðir: Var eiginlega troðningur af Alfaraveginum heim að bæ." Norðurtraðir eru horfnar með öllu. Á túnakorti eru sýndar samfelldar traðir sem liggja frá aðalveginum að spítalanum (007) meðfram austanverðum kálgarðinum (002) sem er austan og sunnan við bæjarstæðið (001). Eftir það beygja liggja þær fyrir sunnan kálgarðinn á kafla en beygja síðan til suðvesturs eftir það. Er þessi síðasti hluti líklega sá sem nefnist Suðurtraðir (011) í örnefnaskrá.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir, 17.

GK-175:013 *Jónshellnastígur* gata leið 64°04.703N 21°53.732V
Í örnefnaskrá segir: „Stígur þessi liggur frá Brúnni [010] suður að Hellunum." Þessi stígur er enn allgreinilegur og auðvelt að fylgja honum að Jónshellum ("Hellunum").

Stígurinn liggur í gegnum hraunbreiðu.
Um er að ræða mjóan troðning sem hlykkjast í gegnum hraunið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vífilstaðir, 17.

GK-175:014 *Vatnsbólið* heimild vatnsból 64°04.830N 21°53.512V
Í örnefnaskrá segir: ,,Vatnsbólið var í læknum niður undan bænum við Brúna (010).
Þýfðir og grasigrónir lækjarbakkar. Lækurinn er nokkuð breiður fyrir ofan (austan) brúnna, en þrengri við og fyrir neðan hana.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir, 17.

GK-175:015 *Finnsstekkur* tóft stekkur 64°04.965N 21°52.051V
Í örnefnaskrá segir: ,,Finnsstekkur: Stekkur var þarna í eina tíð við voginn." Finnsstekkur er um 1 km austnorðaustur frá Vífilsstaðaspítala (007). Hann er rétt norðan við veginn að Elliðavatni, undir "suðvestur horni" Smalaholts. Reiðvegur liggur hjá tóftinni.
Á grasi- og lyngi grónum hjalla við brekkurætur.
Tóftin er um 14 x 6 m stór. Hún skiptist í tvö hólf, rétt og lambakró. Er lambakróin byggð við réttina að suðaustanverðu, bæði hólfin norðvestur-suðaustur. Ekki eru greinilegar dyr á milli hólfanna. Dyr eru hins vegar allgreinilegar á norðvestur enda réttarinnar hólfsins. Réttin er um 11x6 m að stærð og lambakróin um 4x3m. Hleðsluhæð er mest um 1 m. Hleðslur eru yfirleitt grónar þótt sjáist í hleðslugrjót hér og þar.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir, 19.



-175:016 *Finnsstaðir* heimild bústað 64°04.965N 21°52.051V
Í örnefnaskrá: ,,Í gömlum skjölum segir að þarna [við Finnstekk (015)] hafi verið hjáleiga." Engar aðrar minjar eru sjáanlegar við Finnstekk og er mögulegt að hann sé byggður upp úr tóftum hjáleigunnar. Fær hjáleigan sömu hnit og stekkurinn. Örnefnaskrá SP talar um Finnstekk og Finnstaði sem einn og sama staðinn: "Milli Skyggnisholts og Smalaholts eru rústir á lágum hól, sem nefnast Finnsstekkur eða Finnsstaðir."
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir,19.

GK-175:017 *Rjúpnahæðarvarða* varða landamerki 64°05.052N 21°50.300V
"Hér í norður, bak við Smalholt, er Rjúpnahlíð og þá Rjúpnadalur og svo Rjúpnahæð með Rjúpnahæðarvörðu sem héðan liggur landamerkjalínan í í miðja Kjóavelli, en þar var Kjóavallavarða [055]," segir í örnefnaskrá GS. Varðan hefur áður verið á Rjúpnahæð um 200 m norðan við Elliðavatnsveg.
Á Rjúpnahæð er nú sendistöð fyrir höfuðborgarsvæðið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir GS, 2

GK-175:018 *Vatnsgeymir* brunnur brunnur 64°04.542N 21°52.847V
Í örnefnaskrá segir: ,,Hann [vatnsgeymirinn] er upp í hlíðinni upp frá vatnsósnum, byggður 1910. Vatnið svo leitt heim í Vífilsstaðahælið." Vatnsgeymirinn er um 190 m NA við Grímssetu, fast við göngustíg sem liggur upp að henni.
Geymirinn er í norðaustanverðri Vífilsstaðahlíð í lúpínu- og mosagrónu umhverfi og stórt basaltgrjót stendur upp úr gróðrinum hér og þar.
Steinsteyptur tankur, hringlaga sívalningur grafinn í jörðu. Tankurinn er ríflega 4 m í þvermál og stendur 1,2 m upp úr jörðinni.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir, 19.

GK-175:019 tóft beitarhús 64°03.423N 21°52.074V



Nokkuð ógreinileg tóft er rúmlega 3 km suður af Vífilsstöðum og um 550 m SV af Vífilsstaðaseli [034]. Tóftin, sem líkast til er af beitarhúsi, er fast austan við göngustíg sem liggur N-S milli skógar og hrauns.
Gras, mosa- og skógivaxinn móí. Birkihrískur vaxa inni í tóftinni.
Tóftin er 12 m löng, 5 m breið og snýr N-S. Veggjahæð er 0,6-0,8 m en breidd 1-1,5 m. Tóftin er eitt hólf og inngangur er ekki greinanlegur. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar í tóftinni og er hún algróin grasi og mosa.
Hættumat: hætta vegna ræktunar

GK-175:020 *Sauðahellir/Sauðahellirinn nyrðri* hellir fjárskýli 64°03.725 21°52.621

"Flatahraun nær norður á móts við Kolanef. Í Vífilsstaðahlíð. Í Flatahrauni hefur verið gróðursett talsvert [af] furu og greni. Í norðaustur frá rústum beitarhússins [GK-174:033] í norðausturbrún hraunsins gegnt Kolanefi í Vífilsstaðahlíð við Kolanefnsflöt ... Er lítill hellir, sem nefnist Sauðahellir. Veit op hans að hlíðinni, og eru hlaðnir kampar báðum megin við innganginn. Við hann var sauðum frá Urriðakoti gefið á gadd (á jörðinni) allt frá því að heimildamaður man fyrst eftir sér til 1933. Heyið var borið heiman frá Urriðakoti í poka á bakinu", segir í örnefnaskrá SP. "Sauðahellir: Allgóður hellir í hraunbrúninni inn með Vífilsstaðahlíð undir Kolanefi," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. Hellirinn er um 450 m ANA af beitarhúsi [GK-174:033], hinu megin við Flatahraun og um 20 m SV af göngustíg undir Vífilsstaðahlíð. Hellirinn sést þó ekki frá stígnum vegna hraunkarga sem er á milli. Skammt sunnar og hinu megin við göngustíginn er skilti sem á stendur "Almennar Tryggingar H/F Lét gróðursetja þennan lund vorið 1958". Sauðahellirinn nyrðri er um 1,6 km ASA af bæ Urriðakots GK-174:001



Hellirinn er í úfnu hrauni, sem að nokkru leyti er gróið grasi, mosa og lyngi.
Hellismunninn er um 3 m víður, um 1 m hár og opnast til NA. Frá sitthvorum enda hellisopsins ganga stuttir garðar og mynda aðhald framan við hellinn. Garðarnir ganga ekki alveg saman fyrir framan hellismunnann, heldur er rúmlega 0,5 m bil á milli þeirra fjærst munnanum. Hvor garður er um 5 m langur, 1-1,5 m á breidd og mest rúmlega 1 m hár. Að jafnaði eru 5 umför í hvorum garði. Garðarnir eru haganlega hlaðnir úr ótilklöppuðu grjóti.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 4-5; Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 28

GK-175:021 *Réttir* heimild rétt 64°04.388N 21°53.388

"Réttarflatir: Þar eru við Hraunbrúnina undir hlíðinni, vel grónar...Réttir: Rústir gamalla rétta eru þarna við hraunbrúnina," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftanesi. "Á flötum niður undan Svínahlíð norður með var Stekkurinn [041] í svonefndu Stekkatúni og þar norðar voru Réttarflatir og þar Réttir, rétt við brún Svínahrauns," segir í örnefnaskrá GS Réttirnar voru um 100 m NNV af stekknum í Stekkatúni [041] og rúmlega 200 m norðaustur af Maríuhellum [039].
Þar sem réttin var áður er nú malbikaður vegur og bílastæði.
Hættumat: stórhætta vegna vegagerðar
Heimildir: Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftanesi, 17; Ö-Vífilsstaðir GS, 2

GK-175:022 hús herminjar 64°05.448N 21°53.090V



Skotbyrgið, horft til austurs

Skotbyrgi frá síðari heimsstyrjöldinni er á svonefndu Hnoðraholti um 1 km norðnorðaustur frá Vífilsstaðaspítala og um 90-100 m suðaustur af íbúðarhúsinu við Háholt 1.
Melholt sem að mestu er vaxið þéttum lúpínubreiðum. Gott útsýni er frá byrginu, einkum í norður og vestur.
Byrgið er 3,5 x 3,5 m að stærð og er það hálf niðurgrafið, en um 1,20 m

standa upp úr jörðu (og annað eins er niðurgrafið). Byrgið er steinsteypt með um 9 cm breiðum og 20 cm háum skotraufum, tveim á vestnorðvesturhlið, og einni á norðaustur og suðvestur hlið. Inngangur er niður í byrgið á austsuðausturhlið.
Hættumat: hætta vegna framkvæmda

GK-175:023 varða óþekkt 64°05.577N 21°52.739V
Varða er á dálitlu klapparholti norðvestan til á hábungu Hnoðraholts, um 370 m norðaustur frá skotbyrginu (022).
Klapparholt. Gott útsýni til allra átta, einkum þó norður og vestur.
Varðan er um 80 sm á hæð og um 1 x 1 m að flatarmáli, en mjókkar upp. Varðan er fremur hroðvirknislega hlaðin.
Hættumat: hætta vegna framkvæmda

GK-175:024 *Vífilsstaðabeitarhús* tóft beitarhús 64°03.584N 21°52.503V
Í örnefnaskrá segir: „Vífilsstaðabeitarhús: Í Hraunbrúninni er fjárhústótt, jötustallar." Tóftin er um 280 m SSA af Sauðahellinum nyrðri [020] og rúmlega 50 m SV við veg undir Vífilsstaðahlíð. Beitarhúsið er um 2,5 km SSA af bæ 001. Rúmlega 3 m austur af tóftinni er rúst fjárborgar [025] og um 10 m vestan við er garðbrot [054].
Umhverfis tóftina er úfið mosavaxið hraun, en fyrir framan tóftina og fjárborgina [025] er hraunið vel grasivaxið á smá bletti, sem er eflaust leyfar túnbleðils.
Tóftin er tvö hólf, hið stærra er austanmegin og er að líkindum fjárhús en hið minna kann að vera hlaða. Hún er hlaðin úr þurri hraungrýtishleðslu, úr hraunhellum sem sumar hverjar kunna að hafa verið klappaðar til. Utanmál tóftarinnar er 10,5 x 7,5 og snýr hún N-S. Hleðsluhæð er mest um 1,5 m, en víðast kringum 1 m og mesti fjöldi umfara er 7-8. Tóftin er gróin mosa, grasi og lyngi og er austurveggur mest yfirgróinn. Óvíst er hvort veggirnir hafi verið einangraðir að utan með torfi.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir, 18.

GK-175:025 *Fjárborgin* mannvirki fjárskýli 64°03.589N 21°52.492V
Í örnefnaskrá: „Þarna hefur átt að gera fjárborg. Aðeins undirstaðan." Fjárborgin er rúmlega 3 m austur af Vífilsstaðabeitarhúsi [024], rúmlega 50 m SV af vegi undir Vífilsstaðahlíð og um 20 m frá göngustíg sem liggur samhliða veginum.



Umhverfis borgina er úfið mosavaxið hraun, en fyrir framan hana og Vífilsstaðabeitarhús [024] er hraunið vel grasivaxið á smá bletti, sem er eflaust leyfar túnbleðils. Borgin er vel yfirgróin mosa og lyngi og að NA-verðu vex á henni birki.
Hringlaga fjárborg með dyr sem opnast til norðausturs. Borgin er sigin og yfirgróin og greinilega ekki fullhlaðin. Hún er hlaðin úr miðlungs og stóru hraungrýti eða hraungrýtishellum. Hleðsluhæð er ekki nema um 0,3-0,4 m, nema að utanverðu að austan er hægt að greina 5 umför og er hleðslan þar um 1 m há. Borgin heldur hringlaga formi sínu mjög vel þó sumsstaðar sé grjótið nokkuð tilgengið. Hún er 8,5 m í þvermál.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir, 18.

GK-175:026 *Vífilsstaðaselsstígur* gata leið 64°03.731N 21°52.599V
Í örnefnaskrá: „Hann [Vífilsstaðaselsstígur] mun hafa legið heiman frá bæ, undir Svínahlíð og með Vífilsstaðahlíð skáhalt upp eftir Ljóskollulág upp á hálsinn að Selinu [034] austan Víkurholta." Heiman frá Vífilsstaðabæ að Ljóskollulág hafa Vífilsstaðaselstígur og Gjáréttargötur 019 verið sami slóðinn, þaðan hafa þeir greinst og Vífilsstaðaselsstígur sveigt austur að Vífilsstaðaseli. Í dag er malaborinn göngustígur meðfram Vífilsstaðahlíð, en upp eftir Ljóskollulág er erfitt að greina gömlu leiðina sökum skógræktar og annars gróðurs, en þó vottar fyrir gróinni götu, um 0,5 m breiðri sem liggur upp holtið í ANA.
Hættumat: hætta vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir, 18.

GK-175:027 *Víkurholtsvarða nyrðri* varða landamerki 64°03.265N 21°51.174V
Í örnefnaskrá segir: „Víkurholt: Tvö klapparholt uppi á Hálsinum ofan til við Eyjólfshvamm. Víkurholt Nyrðra: Nyrðra holtið, sem var hærra, kallað svo. Víkurholtsvarða Nyrðri: Allstór varða uppi á klapparholtinu.". Víkurholtsvarða nyrðri er landamerkjavarða. Hún er uppi á háu holti, um 200 m NA af Víkurholtsvörðu syðri [028], um 790 m ASA af Vífilsstaðabeitarhúsi [024] og um 640 m SSA af Vífilsstaðaseli [034].
Hraunholt, gróið mosa, lágum trjágróðri og grasi.
Varðan er hlaðin úr hraungrýti, um 1,5 m há og 2x1 m að þvermáli. Varðan er ekki ýkja gróin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir, 18.

GK-175:028 *Víkurholtsvarðan syðri* varða landamerki 64°03.200N 21°51.369V
Í örnefnaskrá: „Allstór varða uppi á Klapparholtinu. Er þá komið í suðurmarkalínu." Víkurholtsvarða syðri er á vesturbrún Víkurholts, um 200 m SV af Víkurholtsvörðu nyðri [027], um 700 m SA af Vífilsstaðabeitarhúsi [024] og um 610 m S af Vífilsstaðaseli [034]. Víkurholtsvarða syðri er landamerkjavarða.
Varðan er á klettabrún, gróinni grasi, lyngi, lúpínu og á stöku stað.
Víkurholtsvarðan syðri er grjóthlaðin, um 1,5 m á hæð og 2 m að ummáli. Varðan er ógróin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir, 18.

GK-175:029 *Norðlingagata/Vífilsstaðastígur* heimild leið 64°03.831N 21°54.007V
"Úr Suðurtraðarhliði lá Urriðakotsstígurinn [GK-176:006]...En neðan frá Urriðakotsstíg lá svokölluð Norðlingagata upp á hálsinn og áfram austan í holtinu, þá leið sem nú liggur Flóttavegurinn, Vatnsendavegur eða Elliðavatnsvegur", segir í örnefnaskrá Urriðakots GS. "Vífilsstaðastígur: Lá úr Urriðakotsholti yfir hraunið undir Dyngjuhól neðan Svínahlíðar að ósnum og þaðan af Vífilsst. Nordlingagata: Stígur þessi var einnig kallaður svo," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftanesi. "Norðlingagata (Norðlingastígur) var gatan kölluð sem lá undir Flóðahjalla sunnan frá Oddsmýrarlæk. Gatan lá sunnan frá Norðlingahálsi, sunnan við Flóðahjalla, milli Klifs og Sandahlíðar að Vífilsstaðahlíð," segir í Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar. Á þeim slóðum sem Vífilsstaðastígur er sagður vera er nú malbikaður vegur (Elliðavatnsvegur eða Flóttavegur sjá 035), en ekkert sást til gamalla gatan við vettvangsskoðun.
Undir malbiki
Hættumat: hætta vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Urriðakot GS, 2; Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið , 17; Örnefni og liðir í landi Garðabæjar, 128

GK-175:030 mannvirki herminjar 64°04.434N 21°52.985V
"Norðurendi hennar (Vífilsstaðahlíðar) kallast Hlíðarhorn og þar uppi er varða, sem kölluð var Grímssetur (032), en í seinni tíð er farið að nefna hana Gunnhildi, en það gæti verið komið af ensku "Gunhill" byssuhæð, því að nálagt vörðunni er steypt skotbyrgi frá hernámsárunum," segir í örnefnaskrá SP. Byrgið er á norðurbrún hæðar vestan við Vífilsstaðavatn, um 50 m vestan við vörðuna Grímssetu [032] og u.þ.b. 1 km suður af Vífilsstöðum.



Mikið af stóru grjóti er í kringum byrgið og fast uppvið það, en fjær eru lúpínubreiður. Skotbyrgið er steypt ofan í sand-og malarundirlag.
Byrgið er niðurgrafið og stendur um 0,5 - 1 m upp úr jörðinni. Það er 5 m á lengd og 4 m á breidd og snýr A-V. Skotraufin vísar til norðvesturs og er á horni byrgisins. Innanmál er 2,5 x 2,5 m og lofthæð er ríflega 1,8 m. Veggir eru steinsteyptir og um 0,3 m á þykkt. Niðurgrafinn inngangur er á austurhlið. Hann er um 1 m djúpur, steinsteyptur og 2 x 1 m að flatarmáli A-V. Umhverfis innganginn er hlaðinn veggur úr hraungrýti. Hann er um 1 m hár og samanstendur af 7 umförum og er steypt á milli þeirra. Mikið af grjóti er inni í byrginu.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir SP, 2

GK-175:031 þúst óþekkt 64°05.295N 21°53.345V
Mjög óljós þúst er neðarlega í "suðvesturhorni" Hnoðraholts, örskammt norðaustur frá mótum Vetrarbrautar og vegslóða sem liggur frá austri til vesturs meðfram holtinu sunnanverðu.
Þústin er á dálitlum hjalla í brekkunni sem er lyngi vaxin að mestu.
Þústin er nokkurn veginn með hálfmánalagi. Hún er mjög óljós og er ekki loku fyrir það skotið að hún sé náttúruleg, þ.e rof sem hefur gróið upp. Þústin er um 5 x 3 m að stærð og er hleðsluhæðin mest um 0,2 m að innanverðu.
Hættumat: hætta vegna framkvæmda

GK-175:032 *Grímsseta/Gunnhildur* varða 64°04.449N 21°52.933V
"Allstór varða og gömul upp á holtinu. Gunnhildur: Svo var Grímsseta kölluð af vistfólki Hælisins," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. Norðurendi hennar (Vífilsstaðahlíðar) kallast Hlíðarhorn og þar uppi er varða, sem kölluð var Grímssetur, en í seinni tíð er farið að nefna hana Gunnhildi, en það gæti verið komið af ensku "Gunhill" byssuhæð, því að nálagt vörðunni er steypt skotbyrgi [030] frá hernámsárunum," segir í örnefnaskrá SP. Grímsseta er um 50 m NA af steyptu skotbyrgi úr Síðari heimsstyrjöld [030]. Varðan er fremst á norðurbrún holtsins vestan við Vífilsstaðavatn og sést til hennar langar leiðir.
Allt í kringum vörðuna er landið gróið mosa, grasi og lúpínu, en víða stendur stórgrýti upp úr gróðrinum.
Grímsseta er haganlega hlaðin úr fremur stóru grjóti, 1,8 - 2 m á hæð og þakin skófum. Þvermál hennar er 4 x 3 m. Efsti hluti vörðunnar er hruninn og er því stór grjóthrúga sunnan við hana.


Varðan, horft til ANA.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 19; Ö-Vífilsstaðir SP, 2

GK-175:033 *Grunnavatnsstígur* heimild leið 64°04.683N 21°52.676V
Í örnefnaskrá: „Stígur lá frá Vatnsósnum upp hlíðina um Skarðið, suður Grunnuvötn fram á Hjalla og niður á Tungur." "Grunnavatnsstígur liggur frá Vatnsósnum, inn með Vífilsstaðavatni og upp í Grunnavatnsskarð," Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar.
Góður malarstígur liggur NV-SA meðfram Vífilsstaðavatni og vestan við vatnsból Garðabæjar. Þegar malarstígnum sleppir, eftir 650-700 m, tekur við grunnur og ógreinilegur troðningur vestan megin í Grunnavatnsskarði sem er að nokkru yfirgróinn birki og víði. Slóðann má rekja um 500 m áfram til suðausturs eftir skarðinu og líkist einna helst kindastíg.
Hættumat: hætta vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir, 19; Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar, 100

GK-175:034 *Vífilsstaðasel* tóftir sel 64°03.579N 21°51.495V
"Það lá í grunnu dalverpi vestur af Vatnsás. Þar eru allmiklar rústir. Hefur verið vel hýst," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álfaneshreppi. "Ef farið er...upp á Vífilsstaðahlíð, þar sem Einarsnef gengur fram og haldið til norðausturs, þar sem Ísallínan liggur, er fljótlega komið á klapparás suðaustan háspennulínunnar, sem Selás nefnist. Suðvestan undir ásnum er grasi gróin[n] slakki á móts við mastur nr. 29 í Ísallínu. Suðaustast í slakkanum eru rústir Vífilsstaðasels," segir í örnefnaskrá SP. Vífilsstaðasel er hátt í 3 km suður af bæ 001. Vífilsstaðasel er um 550 m NA af Vífilsstaðabeitarhúsi [024], 40 m VSV af kvíum 045 og um 100-150 m sunnan við línuveg.
Tóftirnar eru á um 1-2 m háum hól, mjög þýfðum og grónum háu grasi og mosa. Selrústin er falin innst í smáum hvammi milli Seláss að austan og Selholts að vestan.
Selið er aflangt, um 30 x 10 m og snýr N-S. Fimm hólf virðast vera í því, öll í röð og inngangur í þau hefur verið á vesturhlið. Veggir tóftanna eru um 2-3 m breiðir og um 0,5 -1,2 m háir. Ekki sést til grjóthleðslna. Tóft



sem gæti verið af kvíum er 40 m VSV frá selinu.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir, 19; Ö-Vífilsstaðir SP, 3

GK-175:035 *Vatnsendavegur/Flóttavegur* gata leið 64°04.951N 21°50.251V
Í örnefnaskrá: „Hann [Vatnsendavegur] liggur um Vífilsstaðaland, yfir hraunið hjá Dyngjuhól, um Svínahlíð yfir lækinn á brú við Ósinn. Upp í Skygnisholt, um Finnsstekk [015] og upp á Vífilsstaðaháls þaðan um Rjúpnadal og ofan Vatnsenda á Suðurlandsveginn við Rauðavatn. Vegur þessi var upphaflega kallaður Flóttavegur." Gatan kallast Elliðavatnsvegur þar sem hún liggur um land Garðabæjar og er enn nýtt sem akvegur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir, 20.

GK-175:036 gripir
1864: "Stór SAXKNÍFUR (?). Blaðið er átta þumlúnga lángt, frammjótt og tvíeggjað meir en upp til miðs. Skaptið er samsett af 47 beinhríngjum og járnhríngjum er alltaf skiptast á, er hnoðuð ró aptan á, og engi er hjöltu á honum. Hann er lítið sem ekkert skemmdur. Kníf þenna fann Gísli bóndi á Vífilstöðum árið 1855 í jarðfalli í Vífilstaðafelli, og ætla menn að þar hafi verið slétt til forna sem nú er jarðfallið. Skaptið stóð út úr bakkanum og var manni í mitti frá grassverði og niður þángað, er knífurinn var. Þar fannst ekki annað, og engar eru sagnir um stað þenna. Knífurinn er auðsjáanlega vopnknífur eða hefir verið hafður fyrir vopn." Fundarstaður hnífsins er óþekktur.
Heimildir: Skýrsla FÍ I, 93

GK-175:037 varða óþekkt 64°05.535N 21°52.847V
Um 100 m suðvestur af klapparholtin sem varða 023 stendur á, er annað lítið klapparholt. Á því er áberandi hundaþúfa með flötum toppi. Þúfan er það regluleg að ekki er loku fyrir það skotið að undir gróðrinum leynist hleðslur. Nokkrum metrum sunnar er lítil varða sem lítur ekki út fyrir að vera gömul og er ekki ólíklegt að hún sé hlaðin af göngufólki.
Staðhættir eru um margt líkir og hjá vörðu 023: Klapparholt með útsýni til allra átta, einkum í vestur og norður.
Hættumat: hætta vegna framkvæmda

GK-175:038 *Hádegisholt/Dyngjuhóll* varða eyktamark 64°04.224N 21°53.475V
"Suður af hellunum [039] rétt sunnan við Heiðmerkurveginn er stór hraunhóll, sem áður var með einni vörðu, en nú með mörgum. Hann kallaði Urriðakotsfólkið Dyngjuhól, en Vífilsstaðafólkið Hádegishól, og var hann eyktarmark þaðan", segir í örnefnaskrá SP. Hóllinn er um 1350 m SSV af Vífilsstöðum og er bein sjónlína þar á milli.
Um 10-15 m hár hóll úr hraungrýti, vaxinn mosa, birkikjarri og berjalyngi.
Á Hádegisholti eru a m k 9 vörður, allar hlaðnar úr hraungrýti. Engin þeirra er hærri en 0,6 m eða meira en 1,5 m í þvermál.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 4

GK-175:039 *Maríuhellar/Vífilsstaðahellar* hellir fjárskýli 64°04.302N 21°53.551V
"Í Svínahrauni rétt norðaustan við vegamót Flóttavegar [Elliðavatnsvegar] og Heiðmerkurvegar eru Maríuhellar. Þeir eru tveir og eru á mörkum Urriðakots og Vífilsstaða. Hellarnir voru fyrrum notaðir sem fjárhellar. Nyrðri hellirinn var notaður frá Vífilsstöðum, en hinn frá Urriðakoti. Þessir hellar eru oftast kallaðir Vífilsstaðahellar", segir í örnefnaskrá SP. Maríuhellar eru skammt norðan við Heiðmerkurveg þar sem hann liggur þvert á Elliðavatnsveg og eru merktir með skilti. Hellarnir eru rúmlega 150 m NNV af Hádegisholti [038] og 1,2 km SSV af Vífilsstöðum.
Maríuhellar eru tveir náttúrulegir hellar í Vífilsstaðahrauni. Í fyrndinni hefur verið um einn helli, eða hraunrás, að ræða, en þak hans er að hluta fallið svo úr verða tveir hellar andspænis hvor öðrum, sinn hvoru megin við hrunið. Hraunið er að nokkru leyti mosa- og grasivaxið.
Um 25 m N-S eru milli munna hellanna tveggja. Nyrðri hellirinn er um 20 m langur NV-SA, 12 m breiður og um 3 m hár. Stærri munni hellisins er við suðausturendann og vísar að syðri hellinum, en jafnframt er mjög lítið op við norðvesturendann. Syðri hellirinn er um 20-25 m langur N-S, 10 m breiður og um 3-4 m

hár. Í þaki syðri hellisins er 2x1 m stórt gat og grjóthrun á gólfi hans fyrir neðan. Hrunið skiptir syðrihellinum í tvö hólf. Engar hleðslur er að finna innan í Maríuhellum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Urriðakot SP, 4

GK-175:040 *Álfaklettur* huldufólksbústaður huldufólksbústaður 64°05.000N 21°51.936V
"Milli Skyggnisholts og Smalaholts eru rústir á lágum hól, sem nefnast Finnsstekkur [015] eða Finnsstaðir [016]. Þar nálægt á að vera stór steinn, er kallast Álfaklettur," segir í örnefnaskrá SP. Rúmlega 110 m ANA við Finnstekk er stórt grjót sem líklega er Álfaklettur.
Kletturinn er á skógræktarsvæði í grasi, mosa og trjágrónum móa.
Náttúrulegur klettur, um 1,2 m hár, 2x1,5 m að flatarmáli.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir SP, 1

GK-175:041 *Stekkatúnið/Máríuvellir* tóft stekkur 64°04.341N 21°53.330V
"Stekkatúnið: Svo voru Máríuvellir einnig kallaðir. Stekkur frá V[ífilsstöðum]," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. "Í hraunjaðrinum fast uppi við Vífilsstað[a]hlíð beint vestur af Grímssetri [032] er lítil flöt og kallast sá hluti hennar, sem nær er hlíðinni, Maríuvellir, en hlutinn, sem er nær hrauninu, Stekkjartún. Í Stekkjartúni var rétt eða rústir af rétt. Þegar Flóttavegurinn [nú Elliðavatnsvegur], sem liggur um norðurjaðar flatarinnar, var lagður, var réttin rifin," segir í örnefnaskrá SP. "Á flötum niður undan Svínahlíð norður með var Stekkurinn í svonefndu Stekkatúni og þar norðar voru Réttarflatir og þar Réttir [021], rétt við brún Svínahrauns," segir í örnefnaskrá GS. Rúst stekksins á Maríuvöllum er um 10 m vestur af rótum Svínahlíðar, rúmlega 1,1 km SSV af bæ 001 og um 250 m norðaustur af Hádegisholti [038].



Tóftin er á lítilli gras- og mosavaxinni flöt milli Svínahlíðar og Flatahrauns. Birkihríslur vaxa fast norðan og sunnan við rústina.
Stekkjartóftin er 9 x 5 m að ummáli og snýr N-S. Rústin er sigin og er hæð veggja um 0,5 m en breidd um 1 m. Einungis er um 0,5 m bil milli austur og vestur langveggja. Óljóst er hvort tóftin er eitt hólf eða hvort hún sé tvískipt, en þúst er fast við vesturvegg að norðan, sem kann að vera leifar annars hólfs.
Hættumat: hætta vegna trjáræktar
Heimildir: Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið , 17; Ö-Vífilsstaðir SP, 2; Ö-Vífilsstaðir GS, 2

GK-175:042 *Guðnýjarstapi/Markavarðan* heimild landamerki 64°05.318N 21°54.264V
"Norðan í háholtinu er varða, sem heitir Guðnýjarstapi," segir í örnefnaskrá AG. "Norðan í háholtinu var varða, Guðnýjarstapi...Nú er allt Hofstaðaholtið komið undir byggingar," segir í örnefnaskrá SP. "...eftirfarandi lýsing passar betur "Norðan í holtinu er Guðnýjarstapi, klapparhóll með grasþúfu. Guðnýjarstapi er nú inn á lóð Holtsbúðar 87,"" segir í örnefnaskrá EBB (viðauka við skrá SP). "Markavarðan: Hún mun hafa verið norðan og neðan við Guðnýjarstapa," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. Sunnan, austan og vestan við Guðnýjarstapa eru Holtsbúð 87, 89 og 91.
Guðnýjarstapi er náttúruleg smáhæð, um 8x6 m að flatarmáli NV-SA og allt að 1,5 m há. Hér og þar standa hraunbjörg upp úr grasigrónum stapanum og efst á honum er stór þúfa. Mögulegt er að þúfan sé yfirgróin varða, en líklegra er að Markavarðan sé komin undir byggð.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir AG, 1; Ö-Vífilsstaðir SP, 1; Ö-Vífilsstaðir EBB (viðauki við skrá SP), 1; Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 15

GK-175:043 *Hallbera* heimild 64°05.176N 21°53.899V
"Norðan í háholtinu er varða, sem heitir Guðnýjarstapi [042]. Einnig er varða, hlaðin af sjúklingum, á holtinu. Sú varða heitir Hallbera," segir í örnefnaskrá AG. "Nú er allt Hofstaðaholtið komið undir byggingar," segir í örnefnaskrá SP. "Hallbera varða austan í Hofsstaðaholti hvarf, þegar byggð reis á holtinu. Hún stóð, þar sem lóð Gígjulundur 6 er nú," segir í örnefnaskrá EBB (viðauka við skrá SP). Varðan var um 610 m SSA við Vífilsstaði
Undir byggð.
Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Vífilsstaðir AG, 1; Ö-Vífilsstaðir SP, 1; Ö-Vífilsstaðir (viðauki við skrá SP), 1

GK-175:044 *Arnarsetur/Arnarbæli* varða landamerki 64°03.847N 21°49.785V
"Arnarsetur (-> Arnarbæli, Arnarstapi) er hæð norður af Hjallabrún og landamerki fyrir Vatnsendajörðina...Í beinni stefnu til suðurs frá Kjóavöllum og þar sem hæst ber til að sjá er klapparborg sem ber nafnið Arnarsetur," segir í Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar. Landamerkjavarðan á Arnarseti er um 1,5 km ANA af Vífilsstaðaseli [034].
Varðan er uppi á hárri hæð í grýttu landslagi.
Varðan er um 1,2 m há og 3 x 2 m að flatarmáli NA-SV og er nokkuð strýtulaga. Hún sést langt að. Neðri hluti vörðunnar er grasivaxinn en að ofan má greina mjög óreglulega hleðslu og stendur þar tréprik upp úr, sem bendir til að bætt hafi verið við vörðuna fyrir skömmu síðan.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar, 75

GK-175:045 tóft kvíar 64°03.587N 21°51.446V


Rúmlega 40 m austur af Vífilsstaðaseli [034] eru kvíar.
Kvíarnar eru á mosa- og grasivöxnum kletta- og grjótás sem snýr N-S, rofinn að hluta.
Kvíarnar eru hlaðnar úr hraungrýti. Þær eru tvö hólf, um 14 m langar, 3-6 m breiðar og snúa NA-SV. Norðeystra hólfið er hringlaga, um 6 m í þvermál og hefur dyr á SA hlið. Suðvestara hólfið er aflangt NA-SV, rúmlega 7 m langt og 3 m breitt og opnast til SV. Veggir kvíanna eru nokkuð signir, 0,3-0,6 m háir og 0,4-0,6 m á breidd.
Hættumat: hætta vegna ábúðar

GK-175:046 *Draugahellir* örnefni draugur 64°04.315N 21°53.602V
"Ofanvert við Maríuhella [039] var svo Draugahellir," segir í örnefnaskrá GS. "Draugahellir er á svæði skátanna, þarf að síga í hellinn. Hann er stór og hár. Opið þröngt. Maður kemur fyrst niður á syllu (með vasaljós meðferðis). Nú hafa skátarnir sett upp borð í honum. Hellirinn er ekki langt frá Heiðmerkurveginum," segir í örnefnaskrá EBB. Draugahellir er um 15 m norður af Maríuhellum og um 200 m norður af Hádegishól. Hellisopið sést ekki frá vegi þó það sé um 40 m ANA af gatnamótum Heiðmerkurvegar og Elliðavatnsvegar.
Hraunhellir sem snýr NA-SV og tilheyrir eflaust sama kerfi og Maríuhellar. Munni hans er um 0,5x0,5 m.
Örnefnið Draugahellir bendir til að þjóðsaga kunni að vera til um hellinn, þó skrásetjari hafi ekki fundið heimildir þar að lútandi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir GS, 2; Ö-Vífilsstaðir EBB, 2

GK-175:047 *Alfaraleiðin* heimild leið 64°04.957N 21°52.201V
"Úr hliðinu [á Norðurtúngarði 009] lá svo gata í Alfaraleiðina sem þarna lá um Vífilsstaðamela," segir í örnefnaskrá GS. Ekki sást til Alfaraleiðarinnar á Vífilsstaðamelum við vettvangsathugun, nú liggur malbikaður vegur um melinn sem hugsanlega er á svipuðum stað og Alfaraleiðin var áður.
Melur, gróinn lúpínu og mosa.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir GS, 1

GK-175:048 *Heiðmerkurvegur* gata leið 64°04.293N 21.53.633V
"Hér neðan við hólinn lá Vífilsstaðastígur (029) en...Inn og austur hraunið liggur svo Heiðmerkurvegurinn,"segir í örnefnaskrá GS. Heiðmerkurvegur er í dag malbikaður vegur og er enn í notkun. Hann liggur yfir mosagróið hraun vestur undir Vífilsstaðahlíð. Ekki er ljóst hvort eldri gata lá áður þar sem vegurinn er nú.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir GS, 3

GK-175:049 *Vaðið* heimild vað 64°04.830N 21°53.513V
"Lækurinn féll úr Vífilsstaðavatni og þar var Ósinn og Vaðið og nú seinna lá þar Lækjarbrúin yfir á vaðinu," segir í örnefnaskrá GS. Vaðið er um 260 m SV af Vífilsstöðum.
Lækurinn við Vaðið er um 2-3 m breiður og mjög grunnur svo vel er stígvélafært yfir. Lækjarbakkinn er 0,1-0,5 m á hæð og aflíðandi. Nú er steinsteipt brú á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir GS, 1

GK-175:050 *Bjarnarkriki/ Bjarnakriki* þjóðsaga draugur 64°05.031N 21°53.473V
"Norðan Vífilsstaða liggur stórt mýrasvæði, Vetrarmýri. Í suðvesturhorni þess er Bjarnakriki. Þar er talið að verið hafi á tímabili reimleikar miklir," segir í örnefnaskrá GS. "Suðvesturhorn Vetrarmýrar við fjósið á Vífilsstöðum heitir Bjarnakriki. Þar þótti reimt og var sagt, að óeðlilegur skepnudauði hefði verið í fjósinu fyrst eftir að það var tekið í notkun, svo að sóknarpresturinn var fenginn til að vígja fjósið. Tók þá fyrir reimleikana," segir í örnefnaskrá SP. "Bjarnarkriki í túni Vífilsstaða er horfinn undir Reykjanesbraut, þar var sleða- og skíðabrekka ofan í krikann," segir í örnefnaskrá EBB (viðauka við skrá SP). Bjarnarkriki er um 180 m NNV við Vífilsstaði.
Reykjanesbraut liggur yfir Bjarnarkrika og norðaustan við götuna er golfvöllur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir GS, 1; Ö-Vífilsstaðir SP, 1; Ö-Vífilsstaðir EBB (viðauki við skrá SP), 1

GK-175:051 *Smalholtsvarða* heimild landamerki 64°05.123N 21°51.571V
"Þá liggur Landamerkjalínan í Smalholtsvörðu á Smalholti," segir í örnefnaskrá GS. Varðan var um 370 m NA af Álfaklett [040].
Smalholt er lítið gróið, mest möl og grjót með smá dreif af mosa og lyngi.
Engin varða er sjáanleg í dag, en í svæðinu er steyptur stöpull.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir GS, 1

GK-175:052 *Hálshús* heimild óþekkt 64°04.947N 21°52.291V
"Þegar Alfaraleiðin [047] var farin hér austur og inn með vatninu var komið í vog eða krika sem nefndist Hálshúskriki. Og þá hefur Hálshús verið þarna nálægt," segir í örnefnaskrá GS. Hálshúskriki gengur norður úr Vífilsstaðavatni, um 200 m vestan við Finnstekk [015].
Elliðavatnsvegur er skammt norðan við voginn og á milli er gróið grasi og mosa.
Engar rústir eða tóftir sáust við vettvangskönnun og er skrásetjara ekki kunnugt um heimildir er varða Hálshús.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir GS, 2

GK-175:053 lind vatnsból 64°04.438N 21°51.927V
"Þegar haldið er suður með vatninu er komið í Króka, upp af þeim er mýrarkorn og þar í uppsprettur. Dýjakrókar er mýrin Krókamýri. Þar er nú Vatnsból Garðakauptúns og Garðahverfis," segir í örnefnaskrá GS. Vatnsbólið er um 1,5 km SA af Vífilsstöðum og um 150-200 m SSA af Vífilsstaðavatni.
Svæðið er um 80 x 80 m og afgirt. Það er gróið grasi og runnagróðri á stanglin og malarplan er í miðju þess, sem og fjórar byggingar, hver um 3x2 m að flatarmáli. Lækur rennur inn á svæðið úr Grunnavatnsskarði og út í Vífilsstaðavatn.
Ekki er ljóst hvort vatnsbólið hafi verið nýtt áður fyrr, áður en það varð vatnsból Garðabæjar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vífilsstaðir GS, 2

GK-175:054 garðlag 64°03.585N 21°52.520V
Garðlag er 5-10 m vestan við Vífilsstaðabeitarhús [024]. Allt í kring er úfið hraun, hálfgróið.
Garðurinn er um 15 m langur NV-SA og liggur þvert yfir grunna gjá í hrauninu. Garðlagið er ekki fallega hlaðið, heldur hefur grjótinu verið staflað í lengju og í botni gjárinnar endar það í ólögulegri hrúgu, en lagið er lögulegra upp suður gjábarminn. Hæð garðsins er 0,4-1 m og breiddin er 0,5 - 1,5 m. Mögulega hefur hey verið gefið undir garðinum.
Hættumat: hætta vegna ábúðar

1703: ,,hálflenda so kölluð, því það hefur ekki fyrirsvar nema til helmings á móts við lögbýlisjarðir." Konungseign. JÁM, III, 225.
2001: Bæjarrústir með öllu horfnar, þar er nú Tjarnarflöt 10. GRG, 102.
1703: ,,Engjar litlar." JÁM, III, 226.
Túnakort ekki til.

GK-176:001 *Hagakotsbær* heimild bústað 64°05.042N 21°54.962V
,,Býli í Garðahreppi, fyrrum Álftaneshreppi. Er nú í eyði [1964]. Átti sitt eigið tún, en beit í óskiftu Garðastaðalandi, fyrir fénað þann sem túnið framfleytti. Munmæli herma svo: Hagakot á utan túns, beit fyrir kýr í hafti og hest í stokk. Hagi er býli þetta nefnt í fornum bréfum Viðeyjarklausturs...Hagakotsbærinn: Stóð í túninu miðju, þar sér nú aðeins rústirnar," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið. ,,Hagakot var jörð í Garðakirkjulandi.... Bæjarrústirnar eru horfnar með öllu. Bæjarstæði Hagakots var þar sem nú er Tjarnarflöt 10." segir í Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar. ,,Á móts við Brekkutögl liggur stígur út í hraunið, sem nefnur var Hagakotsstígur. Um hann var farið milli Urriðakots og Hagakots, en Hagakot var skammt norðan við Vífilsstaðalæk, en suður af Hofsstöðum", segir í örnefnaskrá SP yfir Urriðakot.
Þar sem Hagakotsbærinn var áður er nú þétt og gróin byggð. Tjarnargata 10 er einbýlishús og bílskúr og er mikið af trjágróðri á lóðinni. Ekkert markar fyrir bæjarstæði Hagakots á yfirborði, þó leifar þess kunni að leynast undir sverði.
Hættumat: stórhætta vegna ábúðar
Heimildir: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 7; GRG, 102; Ö-Urriðakot SP, 4

GK-176:002 *Hagakotstúngarður* heimild túngarð
,,Garður af torfi og grjóti, lá um túnið norðan og austan og sunnan," segir í örnefnaskrá. Hagakotsbærinn [001] stóð í miðju túni, þar sem Tjarnarflöt 10 stendur nú. Þar sem ekkert túnakort er til af Hagakoti er ekki hægt að staðsetja Hagakotstúngarð í þéttbýlisumhverfi nútímans.
Túngarðurinn er horfinn undir þétta byggð Flatahverfisins.
Hættumat: stórhætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hagakot, 7.

GK-176:003 *Hagakotstraðir* heimild traðir
,,Lá[g]u norður frá bænum um troðninginn. Alfaraveginn [009]," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið. Hagakotstraðir eru horfnar undir byggð, líkast til þar sem nú er Tjarnarflöt og Móaflöt.
Hættumat: stórhætta vegna ábúðar
Heimildir: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 7

GK-176:004 *Stiklur* heimild vað 64°04.963N 21°54.916V
,,Vað yfir lækinn rétt vestan við túnið," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið. Vaðið er merkt á kort í ritinu "Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar", bls. 18. Vaðið er yfir lækinn suður af opnu grænu svæði milli Bakkaflatar að vestan og Sunnuflatar að austan, um 150 m SSA af bæ 001.
Vaðið er grynnra en lækurinn beggja megin við, því þar eru stórir grjóthnullungar þvert yfir lækinn sem má stikla á og eru hnullungarnir örskammt undir yfirborði. Vað þetta gæti hugsanlega verið leifar Steinbrúar [006].
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 7; Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar, 18

GK-176:005 *Hagakotsstígur/Urriðakotsstígur* gata leið 64°04.860N 21°54.848V
,,Hagakotsstígur lá frá Vaðinu suður um hraunið...að Urriðakoti. Því var stígurinn allt eins nefndur Urriðakotsstígur", segir í örnefnaskrá GS. Urriðakotsstígur: Troðningurinn nefndur svo af þeim sem leið áttu um hann frá Hagakoti að Urriðakoti," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið. Hagakotsstígur hefst við Stiklur [004] og liggur til SSV yfir Hafnarfjarðarhraun.
Stígurinn hlykkjast yfir Hafnarfjarðarhraun. Víða er vel gróið yfir leiðina og oft vex meira gras í leiðinni sjálfri en mosi og lyng umhverfis.

Stígurinn liggur upp á hraunið frá Stiklum [004] og um 50-60 m suðaustar er hann klipptur af Dýrtíðarvinnuvegi [010] sem er augljóslega yngri. Frá Dýrtíðarvinnuvegi er gatan nokkuð greinileg sem "rennur" í jörðinni á um 70 m kafla SA, en verður þá óljósari á um 180 m kafla. Þá verður leiðin greinileg á ný á 60 m kafla SA þar sem búið er að ryðja í gegnum hraunið og þaðan suður af er leiðin vel greinileg á 70 m kafla sem "rennur" í jörðinni sem hlykkjast yfir gróið hraunið, en vel er gróið yfir leiðina. Eftir það verður leiðin mun ógreinilegri síðustu 70 m að Reykjanesbrautinni, þar sem vinnuvél á beltum hefur verið ekið þvers og kruss yfir götustæðið í tengslum við vegframkvæmdir sem eflaust verður lokið þegar þessi skýrsla er útgefin. . Í landi Urriðakots er stígurinn að mestu horfinn undir hið nýja verslunarhverfi Kauptún. ,,Þaðan [frá Urriðakoti GK-174:001] lá leiðin úr traðar hliðinu neðst í Urriðakotsholti, ofan Dýjamýrar, ofanvert við Dýjakróka, um Dýjakrókaflöt yfir að Flóðahjalla og neðan undan honum að Oddsmýrarlæk. Leiðin ofanvert við Dýjakróka að Oddsmýrarlæk var einnig nefnd Norðlingagata [GK-174:045] af ábúendum Urriðakots," segir í Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Hagakot GS, 1; Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 7; Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar, 102

GK-176:006 *Steinbrú* heimild brú 64°04.963N 21°54.916V
,,Talið var að Steinbrú hafi verið yfir Hagakotslæk, rétt sunnan til við túnið. Nú fallin niður," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. Stiklur [004] eru mögulega leifar Steinbrúar, en þær eru suður af Hagakotstúni, yfir Hagakotslæk suður af opnu grænu svæði milli Bakkaflatar að vestan og Sunnuflatar að austan.
Vaðið er grynnra en lækurinn beggja megin við, því þar eru stórir grjóthnullungar þvert yfir lækinn sem má stikla á og eru hnullungarnir örskammt undir yfirborði. Vað þetta gæti hugsanlega verið leifar Steinbrúar [006] en þó er það alls ekki víst.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 7.

GK-176:007 *Hagakotshellir* hellir 64°04.914N 21°54.552V
,,Lítill hellir eða skúti úti í hrauninu. Þar eru kofar," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. Hellirinn er í hrauninu rúmlega 20 m suður af Hagakotslæk, beint suður af Sunnuflöt 20, sem er norðan lækjar.
Hellismunninn er um 5 m breiður og 1,5-2 m hár, hann opnast til norðurs. Skútinn er fullur af meðalstóru grjóti og fyrir framan hann er mikið af meðal - stóru grjóti í hrúgum, yfirgrónum grasi. Ekki er hægt að greina sérstakar tóftir, en þó er möguleiki að þýfið og grjótið N við hellismunnann séu leifar e-a kofa, þótt það sé afar illgreinilegt. Vestur frá skútanum eru hlaðnir garðar [011] víðsvegar í hrauninu, sem snúa A-V og eru samsíða (og skammt frá) læknum. Skútinn er í lægð í hrauninu sem er um 6 x 6 m og er aðkoman best að NV, annars er lægðin dýpst 3 m.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 7.


Hellirinn, horft til suðausturs.

GK-176:008 *Vatnsbólið* heimild vatnsból 64°04.962N 21°54.929V
,,Vatnsbólið: Vatn mun hafa verið sótt í lækinn fram til 1910. Eftir það sótt í Tjörnina," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. Átt er við Hagakotslæk sem rennur fyrir sunnan hið gamla Hagakotstún.
Lækurinn er tær og í honum er talsvert rennsli sem heldur vatninu fersku. Talsvert sef og annar gróður vex í læknum og eru bakkarnir algrónir grasi.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 8.

GK-176:009 *Alfaravegurinn* heimild leið
,,Alfaravegurinn: Gamla þjóðbrautin, troðningarnir lá[g]u úr Krossgötum, ofanvert við Hagakotstúnið, austur eftir Hagakotsmelum til Vífilsstaða," Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. Alfaravegurinn er horfinn undir byggð, hann var áður þar sem í dag eru risin Flata- og Lundahverfi í Garðabæ.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 8.

GK-176:010 *Dýrtíðarvinnuvegur/ Atvinnubótavegur* mannvirki 64°04.766N 21°55.162V
Dýrtíðarvinnuvegur liggur yfir Hafnarfjarðarhraun, frá Miðhrauni 18 og áfram til NA. Vegurinn liggur fast austan í Miðaftanshól, en þar stendur steypt varða sem á stendur "1960".


Vegurinn, horft til NNA

Dýrtíðarvinnuvegur liggur yfir nokkuð úfið Hafnarfjarðarhraunið, sem er gróið mosa, lyngi og grasi inn á milli.
Dýrtíðarvinnuvegur var lagður 1918, ætlaður undir járnbraut sem aldrei varð af. Hann er 4-6 m breiður og er ruddur rúmlega 400 m þráðbeint í gegnum úfið hraunið. Að SV hverfur vegurinn, þar sem búið er að ryðja hraunið og reisa iðnaðarhverfið Miðhraun, en að NA stoppar vegurinn nærri norðurbrún Hafnarfjarðarhrauns því lagning hans var ekki kláruð. Smátt hraungrýti er borið í veginn, sem sker sig frá mun stærra grjóti í kring og hlaðið hefur verið í lægðir og gjótur til að jafna og slétta. Nokkur mosi og lyng er gróið yfir veginn, sem og grasflekkir, en þó skín smátt grjótið víðast í gegn. Um 180 m NA frá Miðhrauni er vegurinn mun ógreinilegri og yfrigrónari, en verður aftur augljós 50 m norðaustar. Norðaustast er búið að ryðja hraunið en eftir á að bera grjót í veginn og er augljóst að um óklárað verk er að ræða.
Hættumat: hætta vegna ábúðar

GK-176:011 garðlag rétt 64°04.912N 21°54.554V
Þrjú garðlög eru við norðanvert Hafnarfjarðarhraun, milli hrauns og Hagakotslæks. Garðlögin liggja A-V og loka öll fyrir vik sem ganga í hraunið norðanvert milli hærri og úfnari hrauntungna. Garðlag A hefst 3 m vestan við helli [007] og liggur í um 17 m vestur. Garðlag B hefst 10 m vestar, við norðurbrún Hafnarfjarðarhrauns og er um 7 m langt. Garðlag C hefst 95 m vestar, við norðurbrún Hafnarfjarðarhrauns og er um 20 m langt.


Garðlagið, horft til suðurs

Garðarnir eru í grasbölum milli hrauntungna sem liggja að læk.
Öll garðlögin þrjú eru hlaðin úr hraungrýti, grónu skófum og mosa, en ekkert torf er sjáanlegt. Þau ná yfir um 150 m langt svæði frá austri til vesturs. Garðag A er um 17 m langt, 1 m breitt og hæst um 1 m. Það er hlaðið úr stóru hraungrýti. Garðlag B er lægra og signara en 1. Það er um 7 m langt, 0,7 m hæst og um 0,7 m breitt og hlaðið úr fremur stóru hraungrýti. Garðlag C er enn signara og er hlaðið úr hraungrýti af öllum stærðum, litlu sem stóru. Það er um 20 m langt, 0,3 m hátt og um 0,5 m breitt. Miðbik garðlags C er afar sigið og er sem grjótfyllt renna eftir endilöngum grasbalanum.
Hættumat: hætta vegna ábúðar

GK-176:012 tóft rétt 64°04.940N 21°54.864V



Aðhald er við norðanverðan jaðar Hafnarfjarðarhrauns, um 7 m suður af Hagakotslæk og beint suður af Sunnubraut 4, sem er handan lækjar.
Sunnan við aðhaldið er Hafnarfjarðarhraun, en þess fyrir utan er algróið háu grasi allt í kring sem og inni í því.
Aðhaldið er 8,5 x 6,5 m og snýr N-S. Rúmlega 1 m breiðar dyr eru á norðurhlið, sem snúa að læknum. Hleðsluhæð er mest á austurvegg, um 1,5 m. Þykkt veggja er að jafnaði um 1 m. Gerðið er hlaðið úr meðalstóru til stóru hraungrýti og má mest greina 5 umför. Hraungrýtið er vaxið mosa og skófum.
Hættumat: hætta vegna ábúðar

GK-176:013 gata leið 64°05.012N 21°55.355V
Gata liggur yfir Hafnarfjarðarhraun. Hún hefst um 10 m SV af brúnni yfir Hagakotslæk sem er niður af Lindarflöt 26 og 28. Þaðan liggur stígurinn suður upp á hraunið, en um 70 m sunnar snýst gatan til suðvesturs og liggur þvert yfir hraunið og endar við Suðurhraun 12, þar sem Hafnarfjarðarhraun hefur verið rutt undir byggð.

Slóðinn er gulleitari og meira gras í honum en umhverfinu, þar sem vex meiri mosi og lyng.
Nyrsti hluti slóðans, sem liggur suður upp á Hafnarfjarðarhraun er bersýnilega enn nýttur. Hann er 0,5 - 1 m breiður og 10 sm djúpur og er nokkuð yfirgróinn. Hugsanlegt er að þessi hluti sé "nýr" og fylgi tilkomu brúarinnar yfir Hagakotslæk sem er skammt frá, en er þó í beinu samhengi viðeldri hluta slóðans sunnar í Hrauninu. Um 70 m sunnar snýst leiðin til SV og er greinileg sem 2 rákir í jörðinni. Gróðurinn gulari í rákunum en í kring, breidd um 1 m og dýpt 5-20 sm. Sé leiðinni fylgt hátt í 100 m suðvestar má fyrst greina að hraungrýti hefur verið rutt til hliðar. Stígurinn hlykkjast gegnum hraunið og sneiðir hjá úfnum köflum í um 200 m áfram í SV þar til slóðinn hverfur sökum þess að hraunið hefur verið rutt undir Hraunahverfið og endar fyrir aftan Suðurhraun 12. Slóðinn stefnir á fornar götur sem varðveist hafa fyrir aftan Fjarðarkaup og hafa hugsanlega tengst þeim.
Hættumat: hætta vegna ábúðar

GK-177 Hofsstaðir

1395: „Skrá um jarðir þær, er komið hafa undir Viðeyjarklaustr síðan Páll ábóti kom til Viðeyjar. ... Hofstader.vij. c." DI, III, 598.
1703: Konungseign. JÁM, III, 226.
1847:10 hdr. Konungseign.
1965: Búskapur leggst af. GRG, 20.
1966: Jörðin seld Garðahreppi undir íbúðarhúsalóðir. GRG, 20.
1890: ,, jörðin eigi sitt eigið tún en ekkert land utan túns."GRG, 2001.
Túnakort 1918: Tún, sléttað, 2,9 teigar. Kálg. 700 m2"



GK-177:001 *Hofsstaðir* bæjarhóll bústaður 64°05.273N 21°54.939V
Í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi segir: ,,Býli í Garðahreppi, fyrrum Álftaneshreppi. Jörðin átti sitt eigið tún, en ekkert land utan túns. Beit átti býlið í óskiftu Garðastaðalandi. Gömul munnmæli herma eftirfarandi: Hofsstaðir eiga beit utan túns fyrir hest í stokk og kýr í hafti.
Hofstaðabærinn: Hann stóð austan til við láganhól í túni miðju." "Hofsstaðir býli í Garðahreppi, fyrrum Álftaneshreppi, stóð á Hofstaðahól eða Bæjarhólnum," segir í örnefnaskrá GS. Hofsstaðir eru næsta hús vestur af Vídalínskirkju og sunnan götunnar frá Hofstöðum er Tónlistarskóli Garðabæjar og sýningarsvæði Hofstaðaskálans. Að sunnan markast lóð Hofstaða af götunni Kirkjulundi.
Hofsstaðir eru nú inni í þéttri byggð, þótt engin bygging sé fast upp við bæinn. Talsverður trjágróður vex á lóð Hofstaða.
Hofstaðabærinn sem nú stendur er byggður 1923 og er tvílyft steinhús með kjallara. Sennilega eru talsvert miklar búsetuminjar í kringum Hofstaði, bæði á lóðinni sem og undir malbiki fjær frá húsinu, en skálinn [013] skammt sunnan við ber vott um búsetu frá fyrstu tíð. Erfitt er að gera sér grein fyrir stærð og umfangi bæjarhólsins sökum sléttaðs og malbikaðs umhverfis í kring. Fyrir nokkrum áratugum síðan kom upp úr túni nærri Hofstaðabænum hraunhella 50x30x10 sm að ummáli. Gat, um 2 sm í þvermál, er klappað í gegnum hana nærri annarri langhlið. Hugsanlega er um að ræða myllustein eða eitthvað slíkt. Gripurinn stendur í dag upp við húsvegg Hofstaða til skrauts.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918; Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 5; Ö-Hofsstaðir GS, 1

GK-177:002 *Hofhóll/Hóllinn* öskuhaugur 64°05.225N 21°54.918V
,,Ofan við þetta hraun er bærinn Hofsstaðir og er ekki úti á nesinu sjálfu. Jónas Hallgrímsson segir frá, að hann hafi rannsakað hæð sem nefnist "Hofhóll" og er þar í túninu, en þar reyndist aðeins venjulegur öskuhóll, grasi vaxinn." FF 1, 19. Hóllinn er á grasflöt 20 m SA af Lögreglustöð Garðabæjar og 30 m SV af Tónlistarskóla Garðbæjar.Var áður innan túns, er nú á opnu grænu svæði. Nokkuð er búið að byggja og malbika í kring en hóllinn hefur enn sem komið er sloppið.
"Hof eller Tingstæd tales ikke heller om i dette Sogn [Reykjavík]; de som boede her sögte först Kialarnes, og siden til Hofstad paa Alftenes inden Garde Sogn, hvor endnu sees Ruster af en betydelig Bygning," segir í Frásögur um fornaldarleifar frá 1821. Fremur lágur hóll, rís hæst um 0,7 m. Erfitt er að henda reiður nákvæmlega á ummálinu, virðist vera um 6 m NA-SV, en SA hluti hólsins rennur algerlega inn í umhverfið, gæti þó allt eins verið rúmlega 10 m langur. Líklega er þetta gamall öskuhaugur.
Hættumat: stórhætta vegna ábúðar
Heimildir: KK 1, 19; FF, 256


Öskuhaugurinn, horft til suðurs.

GK-177:003 heimild útihús og kartöflugarð 64°05.275N 21°54.952V
Á túnakorti frá 1918 er sýnt útihús innan kartöflugarðs rétt vestan við bæjarhúsin. Nú er svæðið sléttuð lóð Hofstaða.
Gróinn bakgarður, sléttaður og í honum er talsverður trjágróður. Einnig er í dag sólpallur SV við húsið sem teygir sig að líkindum inn á það svæði sem kálgarðurinn náði áður yfir.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

GK-177:004 *Hofstaðabrunnur* heimild brunn 64°05.265N 21°55.006V
Í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi segir: ,,Hofstaðabrunnur: Hann var í túnjaðrinum sunnan bæjarins. Aflagður." "Hofstaðatúngarður (010) lá umhverfis túnið á alla vegu, hlaðinn að mestu af torfi og grjóti. Sér nú ekkert af honum nema garðbrot fram undan húsinu niðri í mýrinni, en þar nálægt var Hofstaðabrunnur, og frá honum heim til bæjar lá Brunngatan (014)," segir í örnefnaskrá GS. Brunnurinn er horfinn undir byggð. Hann var þar sem nú stendur fjölbýlishúsið Garðatorg 17.
Brunnurinn er nú undir byggð og malbiki.
Samkvæmt heimildamanni þornaði brunnurinn oft og þá þurfti að sækja vatn til Lindarinnar [016] og seinna meir til Hafnarfjarðar. Í bakgarði Hofstaða fast við grindverk að Kirkjulundi 8 eru tveir

þvottasteinar [004B] sem stóðu áður við Hofstaðabrunn en voru fluttir þegar Garðatorg var byggt. Steinarnir voru áður 3 en 1 glataðist. Þvottur var lagður á steinana og klappaður með viðarspaða. Steinarnir eru hvor um sig um 1x1x0,5 m í þvermál.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 5; Ö-Hofsstaðir GS, 1; Túnakort 1918

GK-177:005 heimild útihús 64°05.309N 21°55.012V
Á túnakort frá 1918 er merkt útihús um 40-50 m NV af bæjarhúsunum. Húsið var áður um það bil við miðbik Kirkjulundar 8 sem nú er.
Undir þéttri byggð.
Hættumat: stórhætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

GK-177:006 heimild útihús 64°05.311N 21°54.890V
Á túnakorti frá 1918 er útihús um 80 m NNA af bænum 001, nærri nyrðri enda Hofstaðatraða yngi [012], skammt frá túngarði [010]. Svæðið er nú undir byggð og hefur útihúsið að líkindum verið þar sem nú er malbikað bílaplan austur af Vídalínskirkju.
Hættumat: stórhætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

GK-177:007 heimild fjárhús 64°05.314N 21°54.880V
Á túnakorti frá 1918 er útihús rúmlega 90 m NNA af bænum 001, fast norðan við túngarð. Svæðið er nú undir byggð og hefur útihúsið að líkindum verið þar sem nú er malbikað bílaplan austur af Vídalínskirkju.
Hættumat: stórhætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

GK-177:008 *Kristjánsgarður* heimild fjárhús og kartöflugarð 64°05.305N 21°54.876V
Kristjánsgarður var kartöflugarður sem fjárhús stóð fast við og er merktur á túnakort frá 1918, um 70 m austur af bæ 001. Hann var áður þar sem nú stendur leikskólinn Kirkjuból, skammt austur af Vídalínskirkju.
Undir byggð.
Hættumat: stórhætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

GK-177:009 heimild rista
Í Jarðabók Árna og Páls frá árinu 1703 segir: ,,Torfrista og stúnga og móskurður hjálplegt." Ekki er ljóst hvar móskurðurinn fór fram sem rætt er um í Jarðabók en í minni heimildamanns var mótak þar sem Mýrarhverfið er nú risið og sérstaklega þar sem nú stendur Hofstaðaskóli, neðan Bæjarbrautar og niður að Arnarneslæk.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 227.

GK-177:010 *Hofsstaðatúngarður* heimild túngarð 64°05.239N 21°54.856V
Í örnefnaskrá segir: ,, Garður hlaðinn af torfi og grjóti lá um túnið allt. Nú er aðeins lítið garðbrot eftir sunnan hússins." "Hofstaðatúngarður lá umhverfis túnið á alla vegu, hlaðinn að mestu af torfi og grjóti. Sér nú ekkert af honum nema garðbrot fram undan húsinu niðri í mýrinni, en þar nálægt var Hofstaðabrunnur [004], og frá honum heim til bæjar lá Brunngatan [014]," segir í örnefnaskrá GS. Hofstaðatúngarðurinn er með öllu horfinn undir byggð. Samkvæmt heimildamanni eru mestar líkur á að leifar hans leynist undir sverði á grónum sléttuðum fleti SA við Tónlistarskóla Garðbæjar og NV við Hofslund, þar sem enn er ekkert búið að byggja. Garðurinn lá áður NA-SV eftir þessum fleti.
Hættumat: stórhætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hofsstaðir, 5; Ö-Hofsstaðir GS, 1

GK-177:011 *Hofsstaðatraðir-eldri* heimild traðir
"[Hofstaðatraðir-eldri] Lá[g]u frá bænum vestur, undir Hólnum niður á Mela," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið. Óvíst er hvar Hofstaðatraðir-eldri hafa nákvæmlega verið, en samkvæmt örnefnaskrá lágu þær "niður á mela" og er þá eflaust átt við Hagakotsmela, sem voru vestan og suðvestan við tún Hofsstaða.

Traðirnar hafa því að líkindum legið til vesturs frá bænum og út úr túni, í átt að Vífilsstaðavegi sem nú er. Traðirnar eru nú undir byggð og malbiki.
Hættumat: stórhætta vegna ábúðar
Heimildir: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 5.

GK-177:012 *Hofsstaðatraðir-yngri* heimild traðir 64°05.223N 21°54.977V
„[Hofstaðatraðir-yngri] Lá[g]u frá bænum, síðar húsinu á Vífilsstaðaveginn." Hofstaðatraðir-yngir eru merktar með punktalínu inn á túnakort frá 1918. Traðirnar voru um 100 m langar og lágu til SSV frá bæjarhúsunum að túngarði. Traðirnar hafa að líkindum verið á svipuðum slóðum og gatan Kirkjulundur er í dag og endað skammt frá mótum Kirkjulundar og Vífilsstaðavegar.
Hættumat: stórhætta vegna ábúðar
Heimildir: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 5; Túnakort 1918

GK-177:013 *Hofsstaðir* bæjarstæði býli 64°05.270N 21°54.892V
Skálinn er á lóð Tónlistarskóla Garðabæjar. Hann fannst og var kannaður við fornleifauppgröft sem fór fram árin 1994 - 1998, í tengslum við byggingu leikskólans Kirkjubóls. Skálinn er um 35 m ASA af bæjarstæði 001.
Minjagarður hefur verið hannaður um skálann.
Skálinn er talinn frá lokum 9. aldar. Hann er 30 x 8 m að stærð og snýr nokkurn veginn N-S. Ekki hefur enn komið út skýrsla um rannsókn skálans eða frekari niðurstöður.
Hættumat: engin hætta

GK-177:014 *Brunngata* heimild leið 64°05.266N 21°54.981V
Í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi segir: „Brunngata: Lá frá Brunninum [004] heim til bæjar og fjósa." "Hofstaðatúngarður [010] lá umhverfis túnið á alla vegu, hlaðinn að mestu af torfi og grjóti. Sér nú ekkert af honum nema garðbrot fram undan húsinu niðri í mýrinni, en þar nálægt var Hofstaðabrunnur [004], og frá honum heim til bæjar lá Brunngatan," segir í örnefnaskrá GS. Brunngata lá áður frá Hofstaðabænum þangað sem nú stendur Garðatorg 17.
Sléttuð og gróin lóð með talsverðum trjágróðri. Var áður innan túns.
Leiðin var áður í aflíðandi brekku frá Hofstöðum að brunni.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 5; Ö-Hofsstaðir GS, 1

GK-177:015 *Stekkurinn* heimild stekk 64°05.356N 21°54.577V
Í Skrá yfir örnefni og fiskimið segir: „Norður frá bænum var stekkur þessi niður við Mýrina." "Við mýrarjaðarinn austan bæjarins var Stekkurinn, forn stekkur, stóð í svokölluðu Stekkatúni," segir í örnefnaskrá GS. Nú er þétt byggð þar sem stekkatúnið var áður, Brekkubyggð 40-52. Stekkurinn var um 300-350 m ANA af bæ 001.
Hættumat: stórhætta vegna ábúðar
Heimildir: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 5; Ö-Hofsstaðir GS, 1

GK-177:016 *Lindin/Stekkjarlindin* heimild vatnsból 64°05.356N 21°54.577V
Í Skrá yfir örnefni og fiskimið segir: „Lind eða uppspretta rétt við Stekkinn. Stekkjarlindin: Einnig var Lindin kölluð svo. Gott vatnsból." Samkvæmt heimildamanni var Lindin einnig kölluð Kaldavermslalind. Nú er þétt byggð þar sem stekkatúnið var áður, Brekkubyggð 40-52.
Hættumat: stórhætta vegna ábúðar
Heimildir: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 5

GK-177:017 *Vífilsstaðavegurinn nýi* heimild leið 64°05.220N 21°55.033V
Í Skrá yfir örnefni og fiskimið segir: „Vífilsstaðavegurinn nýi: Hann var lagður 1908, þegar fyrirhugað var að reisa heilsuhælið að Vífilsstöðum fyrir berklasjúklinga."
Malbikuð gata milli Hafnarfjarðarvegar og Vífilsstaða. Talsvert mikið er búið að hlaða undir og hækka veginn frá því sem áður var.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 6

GK-177:018 *Stekkjargatan* heimild leið
Í Örnefnum og leiðum í landi Garðabæjar segir: ,,Stekkjargatan lá heiman frá bænum norður í jaðar Hofsstaðamýrar (Austurmýrar) og þar var Stekkurinn." Stekkjargatan lá í því sem næst beinni línu frá Hofstaðabænum [001] að Stekkjartúni [015]
Gatan er nú undir byggð.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar, 20

GK-177:019 heimild leið
Á túnakorti frá 1918 sést 90 m löng gata liggja NNA frá bæjarhúsum, að útihúsi 006 og út úr túni. Gata þessi hefur líklega tengst Stekkjargötunni [018]. Gata þessi, sem og túnið allt, er komin undir byggð. Gatan hefur að líkindum áður legið þar sem nú er bílastæði Vídalínskirkju.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

GK-178 Arnarnes

1703: Konungseign. JÁM, III, 227.
1918: ,,Tún er ...sléttað, farið að þýfast, telst 4 teigar. Kálg. 900 m2"



GK-178:001 *Arnarnes* bæjarhóll bústaður 64°05.928N 21°55.475V
"Arnarnesbær stóð í Arnarnestúni, ..." segir í örnefnalýsingu GS. Á túnakorti frá 1918 eru sýnd á bæjarstæðinu allmörg lítil hús, aðallega í tveimur röðum samhliða. Arnarnesbærinn var áður um miðja vegu á útivistarsvæði sem liggur suðvestur af baklóðum Blikaness 5 og 7 og niður að sjó.
Þar sem Arnarnesbærinn var áður er nú sléttað, grænt útivistarsvæði, með fótboltavelli og róluvelli. Útivistarsvæðið er rammað inn af íbúðabyggð til allra átta, nema að suðvestan en þar liggur það að Arnarnesvogi.
Ekki sést til bæjarhólsins, en flötin er þó ekki fullkomlega rennislétt heldur eru á henni nokkrar mjög lágar aflíðandi bungur sem renna fyllilega inn í umhverfið. E-ð af þeim misfellum gætu verið leifar þess efnis sem rutt var þegar bæjarhólinn var sléttaður, en það gerðist að líkindum þegar farið var að byggja á Arnarnesinu á sjöunda áratugnum.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnarnes GS, 1; Túnakort 1918

GK-178:002 heimild bænhús 64°05.928N 21°55.475V
Í fógetareikningum fyrir árin 1547-48,1548-49, 1549-50, og 1550 er getið um 2 kirkjukúgildi í Arnarnesi. Staðsetning bænhússins/kirkjunnar er ekki þekkt, en þó er hugsanlegt að bænhúsið/kirkjan sé í Smiðjuhól [010], sbr. álögin.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: DI XII, 113; 139; 154; 174

GK-178:003 heimild útihús 64°05.986N 21°55.448V
Á túnakorti frá 1918 sést útihús 120-130 m norður af bæjarhúsum Arnarness. Útihúsið var líklega þar sem nú stendur íbúðarhúsið að Blikanesi 11 eða 13.
Þar sem útihúsið var áður eru nú steypt einbýlishús með kjallara, umkringd trjágrónum lóðum.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

GK-178:004 heimild útihús 64°05.982N 21°55.420V
Á túnakorti frá 1918 sést útihús áfast við túngarð um 140 m norður af bæjarhúsum Arnarness. Útihúsið var líklega þar sem nú stendur íbúðarhús að Blikanesi 10.
Þar sem útihúsið var áður stendur nú steypt einbýlishús með kjallara, umkringt trjágróinni lóð.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

GK-178:005 *Arnarnestúngarður* garðlag túngarður 64°05.988N 21°55.641V
"Arnarnesbær stóð í Arnarnestúni, Arnarnestúngarður lá um túnið. Austurtúngarður að austan, norðurtúngarður að ofan, norðan, og vesturtúngarður að vestan. Allir voru garðar þessir af grjóti og torfi hlaðnir," segir í örnefnalýsingu GS. Eini hluti túngarðsins sem enn sést til er líklega "norðurtúngarður". Greina má hluta hans á óbyggðum lóðum milli Mávaness 1 og 7 og nær túngarðsbrotið frá gangstétt að austan og fram að strönd að vestan.


Túngarðurinn, horft til vesturs

Túngarðsbrotið er á óbyggðum lóðum Mávaness 3 og 5, en afgangur túngarðsins er kominn undir byggð. Lóðirnar, líkt og túngarðurinn, eru grónar. Innan garðs (að sunnan) eru óbyggðu lóðirnar grónar háu grasi, en utan garðs, (norðan við hann) er gróið lyngi og grasstrám á milli og stafar munurinn á gróðurfari líklega af því að heimatúnið var sunnan við garðbrotið.
Garðurinn liggur í nokkuð beinni línu austur- vestur og er nærri 50 m langur. Um 8 m vestur af gangstéttinni, sem liggur fyrir austan óbyggðu lóðirnar, er garðurinn mjög greinilegur. Glittir þar sumsstaðar í meðalstórt grjót (mest um 30 sm í þvermál), þó er hann víðast yfirgróinn, rúmlega 1 m breiður og 60 sm hár. Garðurinn rennur inn í umhverfi sitt þegar nær dregur gangstéttinni og hverfur. Um 8-9 m vestar og alla leið vestur að strönd, lækkar garðurinn nokkuð og meira af grjóti sést stingast upp úr honum.
Hættumat: stórhætta vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Arnarnes GS, 1; Túnakort 1918

GK-178:006 *Þormóðsleiði/Þormóðsdys* dys legstaður 64°06.150N 21°54.442V
"Á háholtinu vestan [Hafnarfjarðarvegar] er stór þúfa, og liggur alfaraleiðin rétt hjá. Hér er Þormóðsleiði eða Þormóðsdys. Enn vestar er svo Kulhesleiði eða Kulhesdys [020]. Þormóður var dæmdur á Kópavogsþingi til lífláts fyrir þjófnað, en Kulhes, þýzkur maður, dæmdur þar fyrir mannvíg. Vó mann, íslenzkan, á Bessastöðum," segir í örnefnalýsingu. Dysin er 120 m A af Súlunesi 33, fast S við leið 017 og 30 m NV af Hafnarfjarðarvegi. Mögulegt er að Þormóðsleiði sé í raun fornleif 015 og þá að Þorgautsdys eigi við fornleif 006.
Dysin er algróin og er í mosa, lyngi- og grasivöxnu umhverfi.
Dysin er um 1,3 m á hæð og mjög sýnileg í umhverfinu. Hún er um 3 x 2,5 m að flatarmáli og snýr NA-SV. Ekkert grjót sést í dysinni og er hún nokkuð ávöl í laginu en sporöskjulöguð að grunnmáli.



Dysin, hoft til suðurs

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnarnes, 2

GK-178:007 *Arnarnestraðir* heimild traðir 64°05.905N 21°55.401V
"Arnarnestraðir lágu heiman frá bæ austur í garðshlið, þar sem saman komu traðarveggir og austurgarður," segir í örnefnalýsingu. Traðirnar sjást ekki í dag en hafa að líkindum stefnt frá bæ 001 og í átt að lóð Hegraness 24.
Þar sem Arnarnesbærinn var áður er nú sléttað, grænt útivistarsvæði, með fótboltavelli og róluvelli. Útivistarsvæðið er rammað inn af íbúðabyggð til allra átta, nema að suðvestan sem liggur að Arnarnesvogi.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnarnes, 1

GK-178:008 *Brunnstígur* heimild leið
"Brunnstígur lá heiman frá bæ [001] til vesturs niður í túnið að Arnarnesbrunni [009]," segir í örnefnalýsingu.
Þar sem Arnarnesbærinn var áður, sem og stór hluti túnsins, er nú sléttað, grænt útivistarsvæði, með fótboltavelli og róluvelli. Útivistarsvæðið er rammað inn af íbúðabyggð til allra átta, nema að suðvestan sem liggur að Arnarnesvogi.
Brunnstígur sést ekki sökum sléttunar.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnarnes, 1

GK-178:009 *Arnarnesbrunnur* heimild vatnsból 64°05.881N 21°55.440V
"Brunnstígur [008] lá heiman frá bæ til vesturs niður í túnið að Arnarnesbrunni," segir í örnefnalýsingu. "Arnarnesbrunnur var í túninu suður frá bænum" segir í örnefni og fiskimið. Af samanburði við túnakort Arnarness frá 1918 má áætla að brunnurinn kunni að hafa verið þar sem nú er lóð Hegraness 26.
Þar sem Arnarnesbærinn var áður, sem og stór hluti túnsins, er nú sléttað, grænt útivistarsvæði, með fótboltavelli og róluvelli. Útivistarsvæðið er rammað inn af íbúðabyggð til allra átta, nema að suðvestan sem liggur að Arnarnesvogi.
Ekki sést til brunnsins sökum seinni tíma mannvirkja.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnarnes, 1; Örnefni og fiskimið, 2; Túnakort 1918

GK-178:010 *Smiðjuhóll* álagablettur smiðja 64°05.913N 21°55.403V
"Smiðjuhóll er hóll suðaustur frá bænum í túninu. Á hólnum eiga að vera mikil álög og hörð ummæli. Við honum má ekki hrófla, og hann mátti ekki slá." segir í örnefnalýsingu. Smiðjuhóll var áður þar sem nú er sléttað útivistarsvæði á vestanverðu Arnarnesi. Smiðjuhóll var norðvestur af Hegranesi 24 og suðvestur af Blikanesi 3. Hóllinn hefur að líkindum verið um 50 - 60 m ASA af bæ 001.
Þar sem Arnarnesbærinn var áður, sem og stór hluti túnsins, er nú sléttað, grænt útivistarsvæði, með

fótboltavelli og róluvelli. Útivistarsvæðið er rammað inn af íbúðabyggð til allra átta, nema að suðvestan sem liggur að Arnarnesvogi.
Smiðjuhóll sést ekki í dag og hefur honum að líkindum verið rutt niður og jafnaður út.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnarnes, 1

GK-178:011 *Uppsátrið/Arnarnesvör* heimild uppsátur 64°05.923N 21°55.604V
"Bakkar liggja að Arnarnesvogi. Eystribakkarnir eru hærri. Þá er lægð, og niður undan henni er Bátsvik, þá er Uppsátrið eða Arnarnesvör," segir í örnefnalýsingu. Bátsvik er um miðbik Arnarnessins að suðvestanverðu. Ströndin beint niður (suðvestur) af Mávanesi 2 og Blikanesi 9. Uppsátrið hefur að líkindum verið um 90 - 100 m vestur af bæ 001.
Strönd með fíngerðum sandi og smásteinum inn á milli. Bátsvik er að líkindum skjólbesti lendingarstaðurinn á vestanverðu Arnarnesinu.
Við vettvangsathugun sást ekkert sem bendir til að vörin sé manngerð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnarnes, 1

GK-178:012 heimild 64°06.091N 21°55.912V
"Vestan túns er svo Nesið og fer lækkandi niður að sjó. Framan við það er Arnarnessker. Þar var þangtekja býlisins," segir í örnefnalýsingu. Arnarnessker (Arnarneshólmi) gengur norðvestur út af Arnarnesi, nánar tiltekið norðvestur af götunni Mávanesi, en baklóðir hennar liggja að sjó.
Lágur tangi og sker skammt undan honum, sem er laust frá landi. Tanginn er alþakinn fersku þangi og fer hann undir sjó á flóði.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnarnes, 1-2

GK-178:013 *Gvendarbrunnur* vatnsból 64°06.114N 21°54.670V
"Nokkru þar fyrir innan [Bæjarsker], spöl uppi í holtinu, er Gvendarbrunnur (16), lind sem Guðmundur biskup góði á að hafa vígt. Frá brunninum rennur Brunnlækurinn (17) til sjávar," segir í örnefnalýsingu. "Gvendarbrunnur er á há-Arnarneshálsi." segir í örnefnalýsingu AG. "Gvendarbrunnur er sunnan vogsins, í hálsbrúninni, rétt upp af svo-kölluðum Bæjarsteinum, sem eru þar úti í leirunni, og er lítil laug skammt framar í vognum, að sögn Þuríðar [Guðmundsdóttur, f. 21.9.1855 í Kópavogi]. Þarna á að hafa verið bær í fyrndinni [líklega átt við Arnarneskot 178:014]. Mun það hafa verið þar sem enn er mjög grasgefinn mói, rétt við voginn. Ekkert sést þar til tófta. Við brunninn, sem er raunar dálítil lind, er lagleg eggslétt grasflöt. Brunnurinn er sjálfsagt kenndur við Guðmund byskup góða, eins og aðrir Gvendar-brunnar." MÞ Nokkrar Kópavogsminjar, 32. Gvendarbrunnur er um 10 m austur af Súlunesi 27, á óbyggðri lóð Súluness 29.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Arnarnes, 2; Ö-Arnarnes AG, 1; MÞ Nokkrar Kópavogsminjar, 32.

GK-178:014 *Litla Arnarnes/ Arnarneskot* bæjarhóll býli 64°06.153N 21°54.539V
"Þar enn innar með fjöru [en Gvendarbrunnur 013] er svo Arnarneskot, Arnarnes gamla eða Arnarnes litla," segir í örnefnalýsingu. "[Þorgautsdys 015] er að austanverðu við gamla veginn, skammt suður frá Litla-Arnarnesi, er Þuríður [Guðmundsdóttir, f. Í Kópavogi 21.9.1855] kvað svo heita. Þar sést enn á flöt niður við voginn, norðan gamla vegarins, litlar og óglöggar tóftir eftir kot, sem var þar fyrrum." MÞ Nokkrar Kópavogsminjar, 30. Bæjarstæði Litla Arnarness er ríflega 50 m NA af Súlunesi 33, á austurströnd Arnarness við Kópavog suðanverðan.



Bæjarhóllinn er algróinn grasi og lyngi. Næstum fast við hólinn að norðanverðu er ógróinn, rofinn bakki, 4 m hár, sem liggur niður að strönd.
Hóllinn er sýnilega 13x13 m að stærð, en fornleifarnar kunna að ná yfir stærra svæði þótt hóllinn renni saman við umhverfið. Hann er mest um 1,3 m á hæð. Hólinn er þýfður og ójafn, en þó er greinilegt eitt hólf á honum miðjum, sem er um 3x2 m og snýr N-S. Þó er hólf þetta jafnframt þýft og ólögulegt. Ekkert grjót sést í hólnum og ekkert sem bendir til

fornleifa (s.s. Viðarkol eða aska) sést í sárinu á rofabarðinu norðan við hólinn. Gömul leið [017] liggur framhjá hólnum að sunnan (snýr A-V) og leifar túngarðs (029) eru skammt frá.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnarnes, 2; MÞ Nokkrar Kópavogsminjar, 30.

GK-178:015 *Þorgautsdys/Þorgarðsdys* dys legstaður 64°06.096N 21°54.622V
"Ofan til við [Arnarneskot 014] er dys, nefnist Þorgautsdys (21). Þar var réttaður þjófur, og gekk hann mjög aftur og var lengi á ferli í Seltjarnar- og Álftaneshreppum," segir í örnefnalýsingu. "Neðar [en Kulhesdys], á norðanverðum hálsinum. Kvað [Þuríður Guðmundsdóttir, f. Í Kópavogi 21.9.1855] vera dys Þorgarðs, sem svo miklar þjóðsögur gengu um, sbr. Þjóðs. Jóns Árnas., I, 388-91. Mun sú dys þó frá fyrri tímum en Þorgarður á að hafa verið á, eftir þjóðsögunum. Annars er svo að sjá að sumt í þeim, einkum frásögnin um glæp þann er Þorgarður á að hafa verið drepinn fyrir, stafi frá máli Sigurðar á Árbæ. En hvað sem um það er, þá er líklegast að þessi dys sé yfir einhverjum, sem hafi verið líflátinn hér skammt frá eftir dómi á Kópavogsþingi. Ögmundur skólastjóri Sigurðsson hefir sagt mér, að Filippus heitinn Filippusson, sem ólst upp í Arnarnesi, hafi skýrt svo frá, að þetta væri dys Steinunnar frá Árbæ. Ekki er það fortaksmál, þótt það komi ekki heim við frásögn Þuríðar. Dysin er úr grjóti og allstór. Að norðanverðu hefir henni verið rótað mikið upp, fyrir nokkrum árum, og kann þá að hafa verið tekið nokkuð grjót úr henni. Hún er að austanverðu við gamla veginn, skammt suður frá Litla-Arnarnesi ..." MÞ Nokkrar Kópavogsminjar, 30. Merki dysjarinnar eru enn greinileg um 20 m norðan við Hafnarfjarðarvegi en um 5 m norðan við hljóðeinangrandi upphækkun sem liggur meðfram veginum. Dysin er um 65 m austan við Súlunes 26 og hefur að líkindum verið 10-20 m suðaustan við gömlu alfaraleiðina 017. Að líkindum er þetta Þorgarðs-/Þorgautsdys en sagnir eru um þrjár dysjar á þessum slóðum. Hinar tvær hafa líklega verið ofar á hálsinum. Guðmundur Ólafsson skráði staðinn 1983 fyrir Þjóðminjasafn Íslands og taldi að um Þorgarðsdys væri að ræða.


Dysin, horft til norðausturs

Umhverfis eru lyngi, mosa og grasi vaxnir móar í aflíðandi halla að sjó.
Dysin er sporöskjulaga og samanstendur af fremur smáum, ávölum steinum. Flestir steinanna eru um 20 cm í þvermál en nokkrir stærri steinar eru í ysta lagi dysjarinnar. Steinarnir eru vaxnir mosa og skófum. Svo virðist sem einhvern tíma hafi verið rutt úr dysinni eða hún rænd/skemmd með öðrum hætti. Þó stendur hún hærra en umhverfið, mest um 0,3 á hæð. Lyng og annar gróður vex yfir jaðar dyjarinnar. Stærð hennar nú er um 5 X 4 m.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Arnarnes, 2; MÞ Nokkrar Kópavogsminjar, 30.

GK-178:016 *Danskavað* heimild vað 64°06.250N 21°54.208V
"Hér um leirurnar rennur Kópavogslækur, en um hann eru landamerkin allt inn að Danskavaði. Mun hafa verið neðan við þá brú, sem hér liggur yfir lækinn," segir í örnefnalýsingu. Þar sem Danskavað var áður er nú Kópavogsbrú.
All umhverfi Danskavaðs er í dag manngert og landfyllt, m.a. er 5 akgreina umferðarbrú á þessum stað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnarnes, 2

GK-178:017 gata leið 64°06.112N 21°54.630V
"Frá Danskavaði [016] lá alfaraleiðin með vognum sunnan og ofan Arnarneskots upp holtið á Arnarneshálsi." - "Framan í Arnarnesbrekku var á veginum, fram til áranna 1940 - 1945, Arnarnesess." - "Síðan lá gatan áfram inn með holtinu, sem nefndist Móholt [sjá 031]." - "Alfaraleiðin lá niður af holtinu, niður með túngarði [005], niður að Arnarneslæk," segir í örnefnalýsingu. Gamla alfaraleiðin er enn greinileg austan við Súlunes og að Hafnarfjarðarbraut. Samkvæmt heimildamanni lá leiðin þaðan framhjá Tjaldhól [027], yfir Arnarneslækjarvað [025], meðfram ströndinni yfir Strympumel, Neðrifossavað [GK-179:029] og út á Garðabæjarhraun og áfram út á Álftanes (og kallaðist þá Álftanesgata).
Greinilegust er leiðin vestast. Þar sést hún fyrst skammt austan við Súlunes 26 og


Gata, hoft til vesturs

liggur í rúma 30 m áður en hún er rofin af vegruðningi sem rutt hefur verið upp í framhaldi af malbikaðri götu Súluness. Þessi vestasti hluti er mjög skýr. Þar er gatan nokkuð breið og allt að 1,4 m frá botni hennar og upp á norðurbarminn. Leiðin er rofin á um 25 kafla en heldur svo áfram til austurs, nokkuð grynnri og ógreinilegri en vestast. Gatan liggur þaðan, óslitin allt að Hafnarfjarðarbraut eða tæpa 200 m. Á þessum kafla er slóðinn yfirleitt fremur grunnur eða innan við 10 cm djúpur. Undantekning er þar sem slóðinn liggur sunnan í bæjarhól Litla-Arnarness [014] frá áætluðum lóðamörkum lóðar 33 við Súlunes og að túngarði Litla-Arnarness. Á þessum slóðum eru allt að 1,5 m frá botni slóðans og að brúnum hans. Greinilegt er hvar slóðinn liggur yfir túngarðinn. Slóðinn sást á Strympumel þar til fyrir um 20 árum, en var skt. heimildamanni eyðilagður af jarðýtum í e-m framkvæmdum.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Arnarnes, 2

GK-178:018 *Brunngata* heimild leið 64°06.118N 21°54.643V
"Þar sem [Arnarnesháls] er hæstur, kemur Brunngatan neðan frá Gvendarbrunni. Hún er vel sýnileg, en mosagróin. Sýnir, að hún hefur verið troðin, en fyrir mjög löngu niður lögð. Vera má, að naut hafi verið rekin hingað til vatns." segir í örnefnalýsingu. Ekki er nú unnt að greina hvar Brunngata hefur legið frá Gvendarbrunni og upp hálsinn.
Á þessu svæði er lyngi- og grasi vaxinn aflíðandi bakki að sjó, fast austan við austustu íbúðarhús í Súlunesi.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Arnarnes, 2

GK-178:019 *Telephonþúfa* heimild
"Suður á Arnarnesholti er þúfa, sem ég nefni Thelephonsþúfu. Þegar Thelephonfélagið var stofnað og sími lagður milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur, voru línurnar á staurum. Kringum staurana voru þúfur. Þessi ein er uppistandandi. Man ég eftir mörgum slíkum 1911, er ég kom til Hafnarfjarðar, og fúna stól[p]a í þúfunum. Þarna liggur um holtið Hafnarfjarðarvegurinn." segir í örnefnalýsingu. "Telefónþúfa er spölkorn suður á Arnarnesholtinu, til hægri við veginn þegar til Reykjavíkur er farið," segir í Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar. Nú er hverfið Arnarneshæð risið þar sem Telefonþúfa var áður.
Þegar vettvangsskráning fór fram voru miklar byggingaframkvæmdir í gangi á öllu Arnarnesholti við nýtt hverfi, Arnarneshæð.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Arnarnes, 2; Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar, 145.

GK-178:020 *Kulhesleiði/Kulhesdys* legstaður 64°06.016N 21°55.193V
"Á háholtinu vestan [Hafnarfjarðarvegar] er stór þúfa, og liggur alfaraleiðin rétt hjá. Hér er Þormóðsleiði eða Þormóðsdys (006). Enn vestar er svo Kulhesleiði eða Kulhesdys. Þormóður var dæmdur á Kópavogsþingi til lífláts fyrir þjófnað, en Kulhes, þýzkur maður, dæmdur þar fyrir mannvíg. Vó mann, íslenzkan, á Bessastöðum." segir í örnefnalýsingu. Ekki eru til öruggar heimildir fyrir staðsetningu Kuhlesleiðis. En samkvæmt heimildamanni hefur fuglaþúfa ein verið kennd við dys þessa. Hún er á opnu og óbyggðu svæði á miðju Arnarnesi milli gatnanna Arnarness, Tjaldaness og Hegraness, um15-20 m SV af "leiðarvörðu" 023 og 50 m V af Wegenerstöpli [022].


Dysin, hoft til suðurs.

Þúfan er á ógrónum mel en í nánasta umhverfi vex gras og lyng.
"En því er þessa dóms [dauðadómur yfir þýskum manni, Hinrik Kules 23.2.1582 á Kópavogsþingstað] minnst hér, að sagt hefur verið, að dys sú, sem er efst á Arnarneshálsi, vestan við gamla veginn, sé dys dansks manns, er tekinn hafi verið af fyrir einhvern glæp. Skiljanlegt er að þjóðerni mannsins hafi skolast í frásögnunum, mann fram af manni í 3 aldir, og er ekki ólíklegt að þarna liggi Hinrik Kules. Dys þessi er nú að mestu grasi gróin." - "[Þuríður Guðmundsdóttir f. í Kópavogi 21.9.1855] sagði [MÞ] af munnmælunum um dysina við veginn gamla efst á Arnarneshálsi, sem getið er um hér að framan." MÞ Nokkrar Kópavogsminjar, 3-4, 29-30. Kuhlesleiði er hundaþúfa, um 1 m há og flöt í toppinn, ummál neðst um 1-2 m en efst um 0,4 m. Ef hundaþúfa þessi er í

raun toppur á dys gæti útlit hennar hafa breyst nokkuð í áranna rás þar sem mikið af jarðveginum í kring hefur rofnað í burt.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnarnes, 2; MÞ Nokkrar Kópavogsminjar, 3-4, 29-30.

GK-178:021 *Vífilstaðagata* heimild leið 64°05.787N 21°55.247V
"Austur úr alfaraleiðinni neðan við Þormóðsdys [006] lá Vífilstaðagata neðan undir holtinu; markar enn fyrir henni." segir í örnefnalýsingu. Vífilstaðagata er merkt á kort á bls. 24 í Örnefni og leiðir og virðist þar liggja þvert austur af Hafnarfjarðarvegi (þar sem hann liggur fram hjá Arnarnesi) og að Dýjakrókum, þar sem í dag er grunnskóli. Svæðið kallast í dag Arnarneshæð og eru þar miklar byggingaframkvæmdir í gangi.
Svæðið sem Vífilstaðavegur er sagður hafa náð yfir er mjög þýft og á köflum nokkuð mýrlent. Þegar skrásetjari fór um svæðið voru þar í gangi miklar framkvæmdir vegna hins nýja hverfis sem þar er að rísa. Búið var að byggja undir vegi, grafa skurði og jafnframt höfðu stórvirkar vinnuvélar keyrt um mest allt svæðið.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Arnarnes, 2

GK-178:022 *Wegenerstöpull* mannvirki 64°06.015N 21°55.131V
Wegenerstöpull er á horni Hegarness og Arnarness.
Stöpullinn stendur við gangstétt
Steinsteyptur stöpull, ferkantaður. Rúmlega 3 m hár og um 1x1 m að flatarmáli. Reistur af Alfred Wegener í apríl 1930 í tengslum við landrekskenninguna. Stöpullinn er ekki fornleif en hefur ótvírætt menningarsögulegt gildi og er því skráður hér.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnarnes GS, 2

GK-178:023 mannvirki óþekkt 64°06.023N 21°55.182V
Lítil rúst er á opnu og óbyggðu svæði á miðju Arnarnesi milli gatnanna Arnarness, Tjaldaness og Hegraness, um 15-20 m NA af Kuhlesdys [020] og 40-50 m VNV af Wegenerstöpli [022].
Rústin er á ógrónum mel, en er sjálf algróin grasi.
Heimildamaður, Guðlaugur R. Guðmundsson, taldi að rústin gæti verið eftir leiðarvörðu. Ef svo er hefur varðan verið talsvert mannvirki áður en hún var rifin. Rústin líkist helst lítilli tóft og er áberandi þar sem hún rís algróin upp úr ógrónum melnum. Tóftin/rústin er hringlaga, um 3 x 3 m að ummáli og með hólf í miðju sem er 1x1 m. Hæð hennar er mest um 1 m. Nokkuð grjót er í botni hólfsins, en ekkert grjót sést í veggjum, einungis torf.
Hættumat: hætta vegna ábúðar



GK-178:024 *Víghóll* örnefni
"Síðan lá gatan [021] áfram inn með holtinu, sem nefndist Móholt [sjá 031]. Hér einhvers staðar á að vera hóll, er nefnist Víghóll." segir í örnefnalýsingu. Staðsetning Víghóls er ókunn en hann hefur verið einhverstaðar á því svæði sem byggðin á Arnarneshæð er nú að rísa.
Svæðið er mjög þýft og á köflum nokkuð mýrlent. Þegar skrásetjari fór um svæðið voru þar í gangi miklar framkvæmdir vegna hins nýja hverfis sem þar er að rísa. Búið var að byggja undir vegi, grafa skurði og jafnfram höfðu stórvirkar vinnuvélar keyrt um mest allt svæðið.
Örnefnið „Víghóll" kann að benda til þjóðsögu varðandi staðinn, þó skrásetjara sé það ekki kunnugt.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Arnarnes, 2

GK-178:025 *Arnarneslækjarvað* heimild vað 64°05.753N 21°55.470V
"Þar er Arnarneslækjarós, Arnarneslækjarvað og Arnarnesleirur fram undan langt fram á vog." segir í örnefnalýsingu. "Arnarneslækjarvað lá rétt við lækjarmynnið yfir lækinn. Gat þar orðið alldjúpt þegar leysingar voru eða háflæði," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið.

Arnarneslækur hefur tekið nokkrum breytingum í takt við byggðina í kring. M.a. er lítil stífla nærri lækjarósnum sem dýpkar og hægir rennsli lækjarins ofan við, en myndar litlar flúðir og skarpara og grynnra rennsli út í ósinn og út í sjó. Lækjarfarvegurinn er mun breiðari þegar nær dregur ósnum og er það líkleg ástæða þess að vaðinu var þar valinn staður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnarnes, 2-3; Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 3

GK-178:026 *Arnarnesmýrarbrú* heimild samgöngubót 64°05.736N 21°55.351V
"Þegar fyrsta vegabótin var gerð um mýrina, var hún nefnd Arnarnesmýrarbrú. Þá var byggð Arnarneslækjarbrú," segir í örnefnalýsingu. Ekki er fullvíst hvar Arnarnesmýrarbrú var áður, en ekki er ósennilegt að hún hafi verið þar sem Hafnarfjarðarvegur liggur í dag til suðurs frá Arnarneslæk.
Malbikaður, tvöfaldur vegur og þétt byggð í kring.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnarnes, 3

GK-178:027 *Tjaldhóll* örnefni áfangastaður 64°05.776N 21°55.367V
"Ofan með [Arnarneslæk] var fossmiga, nefndist Mígandi. Þar upp af var Tjaldhólsmelur og Tjaldhóll," segir í örnefnalýsingu. Tjaldhóll er merktur á kort á bls. 24 í Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar. Líkast til hefur Tjaldhóll verið á svæðinu suðvestur af Hegranesi 34 og fast austan við Arnarneslæk, þó erfitt sé að fullyrða um nákvæmari staðsetningu.
Svæðið er manngert, sléttað og að hluta undir byggð. Enginn náttúrulegur hóll er sjáanlegur.
Á Tjaldhól áði fólk sem var á leið frá Reykjavík og suður með sjó. Alfaraleiðin [017] lá þar framhjá og útyfir Garðabæjarhraun.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnarnes, 3; Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar, 24

GK-178:028 *Norðlingavað/Þvergilsvað* heimild vað 64°05.631N 21°53.979V
"Héðan liggur svo landamerkjalínan milli Arnarness og Fífuhvamms um Þvergil hjá Þvergilsvaði, sem er á Arnarneslæk. Þar um liggur Vífilstaðagata [021]" segir í örnefnalýsingu. Vaðið er merkt á kort á bls. 24 og 67 í Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar og er á Arnarneslæk milli Hæðarbrautar og Smiðsbúðar, austan Bæjarbrautar, og er kallað Norðlingavað.
Lítill lækur í manngerðu umhverfi í miðjum bæ, umkringdur malbiki og steypu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Arnarnes, 3; Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar, 24, 67

GK-178:029 garðlag túngarður 64°06.137N 21°54.529V
Túngarður Litla Arnarness er um 11 m austur af bæjarhól Litla-Arnarness [014] og suðvesturendi garðlagsins er um 40 m ANA af Súlunesi 33. Umhverfi túngarðsins er þýft og gróið mosa og lyngi, en NA við hann vex einnig gras.


Túngarðurinn, horft til suðvesturs

Túngarðsbrotið er um 50 m langt og liggur nokkuð beint NA-SV, það virðist vera breiðast um 1 m og mest um 0,3 m á hæð. Að NA rennur garðurinn saman við þýft og gróið umhverfið. Frá NA enda og 22 m SV er garðurinn sem lág, gróin og aflöng bunga í umhverfinu. Þá verður hann greinilegri sem röð af meðal stóru grjóti (oft um 0,3 m í þvermál) í um 10 m, en rest garðlagsins til SV er fremur ógreinileg mosa- og lyngvaxin bunga, þar til garðurinn fellur algerlega inn í umhverfi sitt um 40 m ANA af Súlunesi 33. Þar sem grjót sést í garðinum, er einungis hægt að greina eitt umfar og er það nokkuð sokkið. Það er ef til vill til merkis um aldur garðsins, að hann er klipptur þvert með gamalli leið [017] og er því líkast eldri en hún.
Hættumat: hætta vegna ábúðar

GK-178:030 *Skotmóavarða* heimild landamerki
"Þaðan [úr Grænadýi] liggur svo lína á Skotmóa um Skotmóavörðu og svo í Kópavogslæk." segir í örnefnalýsingu. "G[unnar] Ben[ediktsson] telur Skotmóa vera sjávarmegin Hafnarfjarðarvegar, skammt

sunnan og vestan vegar en ekki austan vegar upp með Kópavogslæk," segir í Örnefni og leiðir. Í landamerkjalýsingu segir svo: "Milli Kópavogs og Arnarness eru mörkin: Úr vörðu, sem hlaða ber á Skotmóa, þar sem hann er hæstur, fyrir sunnan brúna yfir Kópavogslæk, bein lína [í vörðu], sem er norðanvert í holtinu, sunnanvert við svokallað Grænadý." - og má af því ráða að Skotmóavarða hafi verið hlaðin eftir að landamerkjalýsingin var samin, engin varða sést á þessum slóðum í dag.
Hafnarfjarðarvegur er 4-5 akgreinar þar sem hann liggur um Skotmóa. Þegar vettvangsskráning fór fram voru stórvirkarvinnuvélar í óða önn að leggja veg eða stíg sjávarmegin meðfram Kópavogsbrú og Hafnarfjarðarvegi, jafnframt því að leggja lagnir í jörðu, reisa ljósastaura o.s frv. Ekki er ósennilegt að varðan hafi lent undir Hafnarfjarðarvegi.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnarnes, 3; Landamerkjabók Gullbringu- og Kjósarsýslu; GRG: Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar, 137

GK-178:031 *Borgarmýri* náma mógrafir 64°05.692N 21°55.166V
"Austan [Tjaldhóls 027] var Borgarmýri. Þar var mest mótak 1917 - 1919." segir í örnefnalýsingu GS. "Í mýrinni austan Hafnarfjarðarvegar og norðan Silfurtúns var mótekja allt fram á 20. öld. Á mel, sem nefnist Tjaldur, skammt austan við mógrafirnar, var þurrkvöllur. Mógrafirnar eru margar hverjar afar djúpar og vatn hlaupið í þær, aðrar eru fallnar saman og sumar eru þurrar. Grafirnar eru misjafnlega stórar en liggja allflestar þétt hvor upp að annarri í einum hnapp. Litlu norðar má finna stöku mógrafir," segir í fornleifaskráningu RT og ARG frá 2004. Mórinn sem skorinn var í Borgarmýri var þurrkaður á Móholti, en Móholt er austur af mýrinni. Í örnefnalýsingu GS segir: „Hér framan í holtinu [þ.e. Móholti] var þurrkaður mór á árunum 1917 - 1919, fyrri stríðsárunum." .
Svæðið er mjög þýft og á köflum nokkuð mýrlent. Þegar skrásetjari fór um svæðið í maí 2006 voru þar í gangi miklar framkvæmdir vegna hins nýja hverfis sem þar er að rísa. Búið var að byggja undir vegi, grafa skurði og jafnfram höfðu stórvirkar vinnuvélar keyrt um mest allt svæðið.
"Mógrafirnar hafa ekki verið teiknaðar eða mældar en þær sjást greinilega á loftljósmynd frá 1990. Ekki verður af yfirborðskönnun ráðið hvenær mótekjan hófst en ætla má af frásögnum að grafirnar séu allgamlar. Af loftljósmyndinni frá 1990 að dæma virðist einhvers konar efnistaka einnig hafa farið fram á öðru svæði enn austar og á móts við Mýrahverfið. Á því svæði hefur nú verið byggt," segir í fornleifaskráningu RT og ÖRG frá 2004. Borgarörnefnið gæti bent til þess að fjárborg hafi áður fyrr verið á þessum slóðum, þó ekki hafi fundist heimildir um það. Þó er mögulegt að fornleifar 032, 035, 036 eða 037, sem eru allar í næsta nágrenni, tengist þessu örnefni.
Hættumat: stórhætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Arnarnes GS, 2, 3; RT og ARG: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Arnarneslandi, 1.
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á fornleifaskráningu Ragnheiðar Traustadóttur, 178-33, vegna breytingu á deiliskipulagi Arnarnesslands frá 2004. Ragnheiður gefur í skráningu sinni fjögur hnit á mógrafasvæðinu. Hnit Ragnheiðar eru í Ísnet 93: 1:X357676.76 Y402382.16; 2:X357644.68 Y402601.78; 3:X357839.63 Y402621.52; 4:X357870.47 Y402429.04

GK-178:032 *Gerðið* tóft+garðlag útihús túngarður 64°05.890N 21°54.784V
"Skammt austan essins var grænn blettur, nefndist Gerðið, og efst í því kofarúst. Talið, að þarna hafi verið akurreitur fyrrum daga," segir í örnefnalýsingu GS. "Liggur í holtinu ofan Vífilstaðavegar, upp af Tjaldhólsmel," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. "Rústirnar liggja í halla um það bil 180 metra suður af Arnarnesbrúnni og eru nefndar "túngarður og útihús" á skipulagsuppdrættinum," segir í fornleifaskráningu RT og ARG frá 2004.


Mynd: RT, 2004, bls. 2.

"Þar er landslag grýtt og þýft," segir í fornleifaskráningu RT og ARG frá 2004.
"Rústirnar eru mjög samgrónar umhverfinu og greinast t.d. Tæplega á loftljósmynd. Vegghleðslurnar sjást ógreinilega,- og síður nú en 1994 með því að veggirnir hafa sokkið frekar - en norðurveggurinn sést þó best. Sá veggur er rúmir átta metrar á lengd. Suðvesturveggurinn er aftur á móti hruninn en virðist vera um það bil jafnlangur. Skammveggirnir eru um það bil 6 metrar á lengd. Inni í rústunum virðast vera leifar hleðslna sem kynnu að hafa skipt húsinu í minni rými en þurfa ekki að vera nema hrun af útveggjum. Suður af rústunum mótar fyrir túngarði sem beygir til vesturs. Túngarðurinn er sokkinn. Breidd hans er

óvenju mikil, næstum því 1,60 m sums staðar. E.t.v. er alls ekki um túngarð að ræða heldur uppbyggðan veg.," segir í fornleifaskráningu RT og ARG frá 2004. Í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi er garðlaginu lýst svo:" Þetta er gamalt mannvirki hringmyndað um 40 metrar í þvermál." Árið 2006 var þessi tóft grafin upp á vegum Ragnheiðar Traustadóttur en skýrsla hefur ekki komið út.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: RT og ARG: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Arnarneslandi, 2; Ö-Arnarnes GS, 2; Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 4
Þessi skráningarfærsla er að öllu leiti byggð á fornleifaskráningu Ragnheiðar Traustadóttur, 178-5, vegna breytingar á deiliskipulagi Arnarnesslands frá 2004. Hnit Ragnheiðar er í Ísnet 93: X:358003.8747 Y:402734.54367. Hnit túngarðsins er N64°05.874 V21°54.787, eða í Ísnet 93: X:358000.09374 Y:402706.33538

GK-178:033 heimild skotbyrgi
Í Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar segir: ,,Skotmói er á merkjum milli Arnarness og Kópavogs. Um hann segir Adolf J.E.P. Í örnefnaskrá sinni: ,,Er sunnan við brúna yfir Kópavoginn [svo] og rétt við Hafnarfjarðarveginn. Í móanum er lítil tóft, hlaðin úr grjóti og torfi, enginn þeirra sem ég veit til að eru kunnir þarna, veit fyrir víst hvað þarna hafi verið, en giska á að þetta hafi verið byrgi fyrir skotveiðimenn er stundað hafi veiðar við voginn, svo sem fugla- og selveiði, en það segja menn að ekki hafi gerst að minnsta kosti eftir síðustu aldamót." G[unnar] Ben[ediktsson] telur Skotmóa vera sjávarmegin Hafnarfjarðarvegar, skammt sunnan og vestan vegar en ekki austan vegar upp með Kópavogslæk."
Hafnarfjarðarvegur er 4-5 akgreinar þar sem hann liggur um Skotmóa. Þegar vettvangsskráning fór fram voru stórvirkar vinnuvélar í óða önn að leggja veg eða stíg sjávarmeginn meðfram Kópavogsbrú og Hafnarfjarðarvegi, jafn framt því að leggja lagnir í jörðu, reisa ljósastaura o.s frv. Ekki er ósennilegt að tóftin hafi lent undir Hafnarfjarðarvegi.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar, 137

GK-178:034 mannvirki herminjar 64°05.904N 21°54.685V
"Skotbyrgi úr seinni heimstyrjöldinni er um það bil 45 metra suðvestur af Arnarnesvegi og 100 metra suður af Arnarnesbrú," segir í fornleifaskráningu RT og ARG frá 2004.
"Landslagið er grýtt og blásið," segir í fornleifaskráningu RT og ARG frá 2004.
"Um er að ræða gróna upphækkun sem virðist vera hlaðinn veggur sem snýr í suðsuðvestur og norðnorðaustur en sveigir þeim megin dálítið til norðurs. Þykkt veggjarins er um það bil 35 sm og lengd hans alls 2 metrar og 40 sm, þar af er sveigjan 75 sm á lengd. Í suðvestur frá veggnum mynda torf og grjót odd. Hann virðist vera hlaðinn en kann að vera hrun úr veggnum. Lengd frá vegg til ysta punkts á oddi er 2 metrar og 20 sm. Skotbyrgið hefur verið mælt, teiknað, staðsett og ljósmyndað. Rústin er afar ógreinileg og erfitt af ummerkjum að átta sig á hvaða hlutverki hún hafi gegnt. Sigríður Gísladóttir, húsfreyja á Hofsstöðum, kvað rústina vera skotbyrgi frá hernámstímanum og mundi hún vel eftir því uppistandandi," segir í fornleifaskráningu RT og ARG frá 2004.
Hættumat: stórhætta vegna ábúðar
Heimildir: RT og ARG: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Arnarneslandi, 3
Þessi skráningarfærsla er að öllu leiti byggð á fornleifaskráningu Ragnheiðar Traustadóttur, 178-4, vegna breytingu á deiliskipulagi Arnarnesslands frá 2004. Hnit Ragnheiðar er í Ísnet 93: X:358085.53 Y:402757.74

GK-178:035 tóft óþekkt 64°05.756N 21°54.140V



Mynd: RT, 2005, bls 3.

"Rúst [035] liggur norðnorðaustur af Hofsstaðaskólanum, um 10 metra frá Bæjarbrautinni á móts við Blómahæð 10," segir í fornleifaskráningu RT og ARG frá 2004.
"Landslagið er afar þýft...Rúst þessi hverfur alveg undir veg samkvæmt skipulagsuppdrættinum. Reynist nauðsynlegt að kanna rústina með könnunarskurði áður en hróflað verður við henni," segir í fornleifaskráningu RT og ARG frá 2004.
"...rústirnar liggja lítið eitt hærra en svæðið umhverfis. Austurhlið rústarinnar er samhliða Bæjarbrautinni, rúmir 4 metrar á lengd, norður- og suðurhlið eru tæpir 5 metrar. Suðvestur hornið á vesturhlið er opið

en hleðslan þeim megin er talsvert hrunin. Í vegghleðslum eru torf og grjót. Þykkt veggja er frá 35 sm upp í 50 sm. Frá fyrri skráningu 1994 hefur rústin sokkið töluvert og erfitt er nú orðið að greina hana frá umhverfinu," segir í fornleifaskráningu RT og ARG frá 2004.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: RT og ARG: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Arnarneslandi, 3
Þessi skráningarfærsla er að öllu leiti byggð á fornleifaskráningu Ragnheiðar Traustadóttur, 178-3, vegna breytingu á deiliskipulagi Arnarnesslands frá 2004. Hnit Ragnheiðar er í Ísnet 93: X:358515.08619 Y:402461.86765

GK-178:036 mannvirki óþekkt 64°05.738N 21°54.746V
"Á uppblásnum mel, sem kallaðist Tjaldur og var notaður til að þurrka mó, fannst hringlaga rúst við vettvangskönnun árið 2004. Rústin er um 40 m í norður frá Krókamýri," segir í fornleifaskráningu RT og ARG frá 2004.
Uppblásinn melur. "Rústin hverfur undir veg samkvæmt skipulagsuppdrættinum," segir í fornleifaskráningu RT og ARG frá 2004.
"Rústin er mjög ógreinileg. Af staðsetningunni að dæma þykir líklegt að hún hafi annað hvort gegnt einhverju hlutverki við móþurrkinn eða verið varða," segir í fornleifaskráningu RT og ARG frá 2004.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: RT og ARG: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Arnarneslandi, 4
Þessi skráningarfærsla er að öllu leiti byggð á fornleifaskráningu Ragnheiðar Traustadóttur, 178-32, vegna breytingu á deiliskipulagi Arnarnesslands frá 2004. Hnit Ragnheiðar er í Ísnet 93: X:358021.73481 Y:402451.95104.


Mynd: RT, 2005, bls. 4.

GK-178:037 *Virkið* mannvirki 64°05.857N 21°55.044V
"Norðan við mógrafirnar, á móts við Hegranes, um 25 m í suðaustur frá Hafnarfjarðarveginum, er hóll sem virðist af mannavöldum og er kallaður Virkið," segir í fornleifaskráningu RT og ARG frá 2004.
"Rústinni verður raskað við framkvæmdirnar samkvæmt skipulagsuppdrættinum," segir í fornleifaskráningu RT og ÖRG frá 2004.
"[Hóllinn] er sporöskjulagaður með upphækkun í miðjunni, sem virðist vera hlaðin. Lengd Virkisins er um 12 m og breiddin 4 til 5 m...Hlutverk [hins ætlaða mannvirkis] er ekki ljóst, en hóllinn er ekki ósvipaður fornu kumli. Er nauðsynlegt að gera á honum fornleifarannsókn áður en framkvæmdir hefjast eða breyta skipulaginu svo að hann verði ekki fyrir hnjaski," segir í fornleifaskráningu RT og ÖRG frá 2004.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: RT og ARG: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Arnarneslandi, 4
Þessi skráningarfærsla er að öllu leiti byggð á fornleifaskráningu Ragnheiðar Traustadóttur, 178-34, vegna breytingu á deiliskipulagi Arnarnesslands frá 2004. Hnit Ragnheiðar er í Ísnet 93: X:357790.20855 Y:402683.24252


Mynd: RT, 2005, bls 4.

GK-178:038 tóft útihús 64°05.993N 21°55.633V
Tóft er á óbyggðri lóð Mávaness 3 eða 5, um 3-4 m norður af Arnarnestúngarði [005] og um 2 m vestur af gangstétt.
Þýfður mói, vaxinn háu grasi á óbyggðri lóð í Mávanesi.
Tóftin er afar tilgengin og ekki er augljóst hvort í henni hafa verið eitt eða fleiri hólf. Hún er 6x5 m að stærð og snýr A-V. Veggir eru úr torfi, en einnig glittir í grjót. Norðurveggur er afar óljós og hugsanlega hafa verið dyr (jafvel þil?) á þeirri hlið. Tóftin er hæst um 0,3 m. Stórt grjót hvílir ofan á tóftinni austarlega.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda



GK-179 Hraunsholt

1565: Bygging jarða Garðakirkju. „Hraunshollt byggt mäg Þorsteins fyrer fridar. xx. alner. äskilinn vallarslattur. og mannslän um vertid. med jördunne eckert kugillde. madurinn heiter Ingemundur." DI, XIV, 437.
1703: „Hraunsholt efa menn hvert heita skuli hálflenda eður lögbýli, því þar er margoft ekki fyrirsvar nema til helmínga, utan þegar vel fjáðir menn hafa ábúið, og stendur þetta býli í óskiftu Garðastaðar landi. ... Eigandinn Garðakirkja." JÁM, III, 222.
1703: „Engjar öngvar." JÁM, III, 223.
1918: „Tún 2,5 teigar og kálgarður 600 m2."



GK-179:001 *Hraunsholt* bæjarhóll bústaður 64°05.174N 21°56.051V
„Hraunsholt: Býli í Garðahreppi, fyrrum Álftaneshreppi. Á afmarkað tún og rétt til afnota af Garðakirkjulandi að tiltölu. ... Hraunsholtsbærinn: Stóð á holtshryggnum austarlega," segir í örnefnaskrá. Bæjarhóllinn er við sauðausturenda Hraunholtsvegar. Hraunholtsvegur 8, sem er nýbygging, er byggður utan í hólinn norðvestanverðan, en einnig nær bakgarður Hraunholtsvegar 6, sem í er mikill trjágróður, inn á hólinn að norðvestan.
Búið er að byggja hús og leggja innkeyrslu á bæjarhólnum. Hóllinn er talsvert mikið raskaður, bæði vegna nýlegra framkvæmda við Hraunsholtsveg 8, sem og vegna þess að síðustu bæjarhúsin (sem enn sést grunnurinn af) hafa verið steinsteypt og með kjallara. Súrheysturn stendur enn undir þaki á bæjarhólnum.
Erfitt er að átta sig fyllilega á ummáli bæjarhólsins sökum framkvæmda á og í kringum hann. En hóllinn er að líkindum um 40x40 m að stærð. Nokkuð mikið af 20. aldar keramikbrotum eru á hólnum og eru þau án efa ættuð úr róti sökum framkvæmda á og við hólinn, jafnframt eru brunnin bein og tennur úr nautgripum á hólnum sem gætu verið ættuð úr nálægum öskuhaugi.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918; Ö-Hraunsholt, 9.

GK-179:002 heimild útihús 64°05.173N 21°56.038V
Á túnakorti frá 1918 er sýnt útihús 5-10 m suðaustur af Hraunsholtsbænum. Rúst útihússins er að líkindum undir sverði austarlega á bæjarhólnum [001].
Búið er að byggja hús og leggja innkeyrslu á bæjarhólnum. Hóllinn er talsvert mikið raskaður, bæði vegna nýlegra framkvæmda við Hraunsholtsveg 8, sem og vegna þess að síðustu bæjarhúsin (sem enn sést grunnurinn af) hafa verið steinsteypt og með kjallara. Súrheysturn stendur enn undir þaki á bæjarhólnum.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918

GK-179:003 heimild útihús 64°05.176N 21°56.032V
Á túnakorti frá 1918 er sýnt mannvirki um 10 - 20 m austur af bæ 001. Mannvirkið er austarlega á bæjarhólnum [001] og sést enn.
Búið er að byggja hús og leggja innkeyrslu á bæjarhólnum. Hóllinn er talsvert mikið raskaður, bæði vegna nýlegra framkvæmda við Hraunsholtsveg 8, sem og vegna þess að síðustu bæjarhúsin (sem enn sést grunnurinn af) hafa verið steinsteypt og með kjallara. Súrheysturn stendur enn undir þaki á bæjarhólnum.
Lítið, ferhyrnt og þaklaust steypt mannvirki sem er um 2,3 x 2 m að ummáli NA-SV. Veggjahæð er um 1 m. Veggir eru 0,15 m þykkir og fremur margar stórar steinvölur eru íblandaðar steypunni.
Hættumat: stórhætta vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918

GK-179:004 heimild útihús 64°05.180N 21°55.992V
Á túnakorti frá 1918 er útihús sýnt fast utan túngarðs, um 50 m vestur af bæ. Útihúsið hefur verið skammt suður af enda botnlangagötunnar Lækjarfitjar, sem og skammt suður af skotbyrgi úr Seinni heimsstyrjöld [057] sem þar er.
Slétt grasflöt.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

GK-179:005 heimild útihús 64°05. 190N 21°56.134V
Á túnakorti frá 1918 er sýnt útihús um 70 m norðvestur af íbúðarhúsinu á Hraunsholti 001.
Þar sem útihúsið var áður stendur nú einbýlishús að Hraunsholtsvegi 2.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

GK-179:006 garðlag kálgarður 64°05.181N 21°56.157V
Á túnakorti frá 1918 er sést kálgarður um 80 m vestur af íbúðarhúsi Hraunsholts 001. Garðbrot og þúst, sem sennilega eru leifar kálgarðsins, eru um 5 m suðvestan við bakgarð Hraunsholtsvegar 2.
Garðbrotið og þústin eru á grónu, gömlu túni, örskammt frá frá bakgarðgörðum húsa við Hraunsholtsveg. Nokkuð hátt og mikið gras er



yfir rústinni og enn vex rabbabari við garðbrotið, þótt grisjóttur sé.
Garðbrotið er um 1 m breitt og 3 m langt SA-NV og er um 0,3 m hátt. Garðlagið er hlaðið úr torfi og hraungrýti og glittir í grjót í suðausturenda þess en annars er það vel yfirgróið. Fast við norðvesturenda garðbrotsins er þúst. Þústin er nokkuð óregluleg í laginu ekki er hægt að greina á henni hólf. Þústin rennur vel inn í umhverfið svo mörk hennar eru ekki augljós, en hún er að líkindum um 4 x 3 m að stærð NV-SA og 0,3 m há.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1918

GK-179:007 *Hraunsholtstúngarður* garðlag túngarður 64°05.155N 21°55.861V



Túngarðurinn, horft til NNA

,,Garður að torfi og grjóti lá umhverfis túnið," segir í örnefnaskrá. Túngarðurinn liggur frá girðingu bakgarðs Garðs (íbúðarhús úr timbri við innkeyrslu sem gengur inn af Lækjarfitjum) í 90 m til SSV. Túngarðsbrotið er hátt í 150 m austur af bæjarhól 001.
Túngarðurinn er í gömlu grónu túni.
Hægt er að rekja túngarðinn um 90 m leið. Að NNA er garðurinn lágur og yfirgróinn og einstaka mosavaxið grjót stingst upp úr honum. Um miðbikið er garðurinn afar siginn og líkist einna helst grjótfylltri "rennu". Um 10 m frá SSV enda er garðurinn mikið raskaður á 4 m spotta. Garðurinn er um 1 m breiður og skagar hæst um 20 sm. Stærstu steinarnir í garðinum eru um 0,5 x 0,5 m að ummáli.
Hættumat: stórhætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hraunsholt, 9.

GK-179:008 *Suðurtraðir* heimild traðir 64°05.147N 21°55.853V
,,Suðurtraðir: Lá[g]u heiman frá bæ suð-vestur í Gömlu-Fjarðargötur...Suðurtraðarhlið: Hlið þar sem lá[g]u saman garðar traða og túns," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. "Suðurtraðir Hraunsholtsbæjar lágu frá bænum í suðvestur niður undir hraun og sameinuðust þar Gömlu-Fjarðargötu sem var alfaraleið til Hafnarfjarðar í eina tíð, eða allt fram til 1898 (G.S. Skráði eftir Sigurlaugu Jakobsdóttur í Hraunsholti)," segir í örnefni og leiðir í Garðabæ. Suðurtraðir sjást ekki á túnakorti 1918 og því hefur líklega verið hætt að nota þær fyrir þann tíma. Samkvæmt heimildamanni, Guðlaugi R. Guðmundssyni, lágu traðinar að Helguflöt, sem er slétt grasflöt fast VSV af Hraunsholtstúngarði og er merkt á kort á bls. 14 í örnefni og leiðir.
Sléttuð grasflöt
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 9; GRG: Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar, 14, 143

GK-179:009 *Vesturtraðir/Hraunsholtsstígur* heimild um traðir 64°05.184N 21°56.050V
,,Traðir eða vegur af Hafnarfjarðarveginum heim að bæ. Vesturtraðarhlið: Hlið þar á túngarðinum út undir Hafnarfj-vegi. Hraunsholtsstígur: Nú 1963 er vegurinn nefndur þessu nafni," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. ,,Vesturtraðir voru aftur á móti síðar til komnar, eða ekki fyrr en Hafnarfjarðarvegurinn hafði verið lagður, og lágu út eftir hryggnum um Vesturtraðahlið," segir í örnefnaskrá GS. Vesturtraðir eru á túnakorti frá 1918 og liggja NNV frá bæjarhúsum og út úr túni. Vesturtraðir voru líklegast á svipuðum slóðum og Hraunsholtsvegur er í dag.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 9; Ö-Hraunsholt GS, 1

GK-179:010 *Norðurtraðir* heimild traðir 64°05.174N 21°55.994V
,,Lá[g]u norður frá bænum niður allbrakka brekku," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. ,,Þá voru Norðurtraðir. Þær lágu frá bænum austanvert niður í Norðurtraðahlið, og lágu þær milli hárra garða, austurtraðagarðs og vesturtraðagarðs," segir í örnefnaskrá GS. Á túnakorti 1918 eru það líklegast Norðurtraðir sem liggja til NA frá bæjarhúsum og út úr túni. Ekki sást til traðanna á vettvangi.
Sléttuð grasflöt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 9; Ö-Hraunsholt GS, 1; Túnakort 1918

GK-179:011 *Garðlagið gamla* heimild túngarð
,,Nokkru vestar í holtinu, en túngarðurinn var [007], mátti til skamms tíma sjá þetta gamla garðlag," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið Í Álftaneshreppi. ,,Túngarður um Hraunsholtstún, hæstur að sunnanverðu til að verjast fénu úr hrauninu," segir í örnefnaskrá EBB. ,,Þá mátti fram undir 1940 sjá Gamla-Garðlagið alllangt vestur á holtinu," segir í örnefnaskrá GS. Ekki sást til Garðlagsins gamla á vettvangi og er sennilegast að það hafi verið rutt niður við sléttun.
Sléttuð grasflöt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftanesi, 9; Ö-Hraunsholt GS, 2; Ö-Hraunsholt EBB, 2; Ö-Hraunsholt GS, 1

GK-179:012 *Gömlu Fjarðargötur* leið 64°05.098N 21°56.108V
,,Svo var troðningurinn, eða Alfaravegurinn kallaður, er lá suður frá Suðurtraðarhliði, suðvestur yfir hraunið til Hafnarfjarðar," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið. "Hluti af Gömlu-Fjarðargötu sést enn milli lóða Hraunshólum 6-8," segir í örnefnaskrá EBB. Samkvæmt heimildamanni var steyptur göngustígur, sem liggur frá Stekkjarflöt að Hraunshólum, lagður yfir Gömlu Fjarðargötur. Enn er hægt að greina götuna í bakgarði Hraunshóla 18, sem og fast austan við lóð Hraunshóla 18, 2-3 m suður af göngustígnum.
Vestan Hraunsholtslækjar eru Gömlu Fjarðargötur að mestu undir nýjum steyptum göngustíg, en austan lækjar undir byggð eða sléttaðar.
Brot leiðarinnar sem enn sést er um 12-13 m langt A-V og er í ósléttuðu þýfi. Reiðgatan er um 3-4 m breið og samanstendur af nokkrum samhliða rásum í gegnum þýfið. Hver rás er um 20 sm djúp og 0,2-0,5 m breið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftanesi, 9; Ö-Hraunsholt EBB, 1

GK-179:013 *Markavarðan* varða landamerki 64°04.989N 21°56.757V
,,Markavarðan á Engidalsnefni. Landamerki Hafnarfj. og Garða," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. Markavarðan er á umferðareyju á Reykjarvíkurvegi, fast vestan móta Hafnarfjarðarvegar og Reykjavíkurvegar.
Varðan er á gróinni umferðareyju
Markavarðan er hlaðin úr hraungrýti og er styrkt með steypu. Hún er um 1,8 m á hæð og rösklega 1x1 m í grunnmál. Toppur vörðunnar er stök hraunhella sem stendur upp á rönd og er skorðuð föst með steypu. Umför í vörðunni eru 8 - 9 og er varðan nokkuð mosavaxin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hraunsholt, 9.


Varðan, horft til austurs

GK-179:014 *Stekkurinn* hleðsla stekkur 64°05.007N 21°56.562V
"Þá var Stekkurinn í Stekkjarlautinni vestur af Fjarðargötu og Húfugjóta þar suður af," segir í örnefnaskrá GS. "Í suðaustur af bæ er hóll, heldur austur af Hádegishól, sem er allstór, og heitir hann Klofhóll; við hann eru svonefndar Löngugjótur, og Stekkjargjótur bera í hann frá bæ séð," segir í örnefnaskrá AG.
Stekkjarlaut er SA við mót Hafnarfjarðarvegar og Fjarðarhrauns og liggur í austur átt meðfram Hafnarfjarðarvegi að norðan, rúmlega 500 m suðvestur af bæ 001.
Stekkjarlaut er afmörkuð með 4 m háum hamri að sunnan en malbikuðum vegi að norðan og vestan, en endar í byggð að austan. Lautin er gróin grasi og þónokkrum trjágróðri. Þónokkrar framkvæmdir hafa farið fram í og við lautina, t.a m. vegagerð, grafið hefur verið fyrir ræsum og malarslóði liggur suður frá Hafnarfjarðarvegi og í átt að Marklandi.
Hraungrýtishleðsla er upp við hamarinn vestast í lautinni, við Fjarðarhraun, sem mögulega er leif stekksins. Hleðslan er 4 m löng og er 0,5-0,7 m há, þykkt óviss en allt að 1 m. 2-3 umför og stærsta grjótið um 0,4 m á kant. Mestmegnis er gróið yfir hleðsluna, gras, mosi og trjágróður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Hleðslan, horft til SSA

Heimildir: Ö-Hraunsholt GS, 1; Ö-Hraunsholt AG, 1

GK-179:015 *Hraunsholtsselsstígur* heimild leið
„Stígur frá Suðurtraðarhliði um Hraunbrúnina suður hraunið í svokallað Hraunsholtssel [016]," segir í Skrá yfir örnefni og leiðir í Álftaneshreppi. Hraunsholtsselsstígur fannst ekki við vettvangsathugun. Búið er að slétta grasflötina þar sem Suðurtraðarhlið var áður, sem og ryðja hraunið þar sem Hraunsholtssel var sunnan Hádegishóls. Þó má vera að enn leynist ummerki stígsins í Flatahrauni.
Nyrðsti hluti stígsins er sléttaður og sá syðsti var í hrauni sem nú er búið að ryðja. Líkast til leynist enn hluti stígsins í Flatahrauni, sem er nokkuð gróið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hraunsholt, 10.

GK-179:016 *Hraunsholtssel* heimild sel 64°04.906N 21°55.940V
„Var í eina tíð á hrauninu sunnan Hádegishóls," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið. "Selstígurinn (015) lá suður með Hádegishól í Hraunsholtssel, en talið er, að það hafi verið við Hraunsholtshella, öðru nafni Hraunsholtskletta, og er þar grænka kringum, þó hellarnir séu litlir," segir í örnefnaskrá GS. „Hraunsholtssel...var sunnan við Hádegishól Hraunsholts og einnig nefnt Hraunsholtshella. Selstígurinn lá sunnan við Brunann, framhjá Hádegishól, að Selinu (G.S.). G[unnar] Ben[ediktsson] sá enn votta fyrir selinu 1987," segir í Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar. Nú er búið að ryðja hraunið sunnan Hádegishóls undir byggð og bílaplan, en þar er iðnaðarhverfi (Hraunahverfið austan Fjarðahrauns). Selið hefur verið um 500 m SSA af bæ 001.
Sunnanverður Hádegishóll er mikið raskaður því búið er að ryðja hraunið að stórum hluta.
Ekki sáust augljósar fornleifar sunnan Hádegishóls, en þó er afar þýfður og mishæðóttur grasblettur sunnan hólsins þar sem fornleifar kunna að leynast undir sverði. Allt í kringum grasblettinn, sem er um 15x10 m A-V, er rutt hraun og mikið rask.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 10; Ö-Hraunsholt GS, 1

GK-179:017 *Alfaravegurinn 1* heimild leið
„Alfaravegurinn 1: Lá af Gömlu-Fjarðargötum [012] norður með Túngarði [007] niður að Hraunholtslæk, yfir hann og niður Háubakka, en þar var mikill áningarstaður ferðamanna," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. Sést ekki til, grasflötin kringum túnið gamla er sléttuð og svæðið kringum Hraunsholtslæk (norðan Flatahrauns) er meira og minna undir byggð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 10.

GK-179:018 *Alfaravegurinn 2* heimild leið
„ Alfaravegurinn 2: Hann lá af Gömlu-Fjarðargötu milli Hraunbrúnar og Túngarðs eftir lægðinni að Neðra-Nefi í Krossgötur," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. Ekki sést til Alfaravegarins 2, grasflötin kringum túnið gamla er sléttuð og svæðið kringum Hraunsholtslæk (norðan Flatahrauns) er meira og minna undir byggð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hraunsholt, 10.

GK-179:019 *Neðra vað* heimild vað 64°05.160N 21°55.700V
„Neðra vað: Svo hét vaðið við Hraunhornið yfir lækinn," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið. „Leiðin liggur hér inn með hraunbrúninni inn að Hraunsnefi neðra eða Neðranefi, sem lá alveg við Hraunsholtslæk, sem bar þetta nafn frá nefinu niður til sjávar. Hér var yfir lækinn Vaðið eða Neðravað," segir í örnefnaskrá GS. Vaðið er 10-15 m ofar (sunnar) í Hraunsholtslæk en brú við Stekkjarflöt og um 280 m austur af bæ 001.
Grónir lækjarbakkar. Lækurinn breikkar nokkuð á þessum stað og verður við það grynnri og lygnari, en lækjarfarvegurinn þrengist aftur neðan vaðsins (þar sem brúin er). Af hófförum að dæma á lækjarbakkanum er vaðið enn nýtt af reiðmönnum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 10; Ö-Hraunsholt GS, 2

GK-179:020 *Hofstaðabrú* heimild brú 64°05.167N 21°55.713V
„Í eina tíð var göngubrú yfir lækinn, kölluð svo." "Ofan við það (Neðravað 019) var hleðsla, og myndaðist við það foss eða flúð, nefndist Efrifossar og þá Efrifossvað. Hleðslan nefndist Hofstaðabrú," segir í örnefnaskrá GS. Í Örnefnum og leiðum í landi Garðabæjar segir: „Hofsstaðabrú var göngubrú sunnan við Neðravað á Hraunholtslæk," segir í GRG. Hofstaðabrú er merkt á kort herforingjaráðs frá 1903 (eða 1905?). Þar sem Hofstaðabrú var áður er nú göngubrú yfir Hraunsholtslæk, vestur af SV enda Stekkjarflatar og S af Stjörnuvelli.
Grónir lækjarbakkar og steyptur göngustígur eru nú á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hraunsholt, 11; GRG, 21

GK-179:021 *Hvammurinn* tóft+garðlag beitarhús 64°05.094N 21°55.625V
„Hraungjótan [Hraunnefsgjóta] var einnig kölluð svo. Þarna var fjárhús og sjást enn rústirnar," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. "Sunnan við nefið kom svonefndur Hvammur. Vestast í honum var Hraunsnefsgjóta og þar rétt hjá Hvammsfjárhús," segir í örnefnaskrá GS. Fjárhúsið er í Hafnarfjarðarhrauni norðaustanverðu, SV af Smáraflöt 22 og 24 (sem eru beint handan Hraunholtslækjarlækjar) og 80 m vestur af brú yfir Hraunholtslæk sem er framhald göngustígs frá Lindarflöt. Hvammfjárhús er um 370 m ASA af bæ 001.
Fjárhúsið er hlaðið í úfnu hrauni. Umhverfis fjárhúsrústina er þýfi, gróið háu og þéttu grasi sem sker sig frá hrauninu umhverfis og bendir til mikils magns lífræns úrgangs í jarðvegi. Jafnframt ef horft er til suðvestur Hvammsins frá Hraunsholtslæk er augljóst að brekkan upp að ANA vegg fjárhússins er mun grænni og grónari en umhverfið sem bendir til að mokað hafi verið út úr fjárhúsinu og hent niður brekkuna sem er niður af ANA vegg.



Fjárhúsrústin er um 7 x 6 m, snýr NNA-SSV og er innrabyrði hennar 4 x 3,5 m NNA-SSV. Langveggir fjárhússins (ANA og VSV veggir) eru hlaðnir úr stóru og miðlungs hraungrýti og standa hæstir um 1,5 m. Í ANA vegg er hraunhleðsla að innanverðu (4 umför greinileg) og torf hlaðið upp að utan. VSV veggur virðist hafa nokkuð þykkari hraunhleðslu en óljóst er hvort torfhleðsla hafi verið pökkuð upp að honum að utan á sama hátt þar sem hann er meira hruninn, sérstaklega fyrir miðju. Niður frá báðum langveggjum (ANA og VSV veggjum) eru aflíðandi brekkur. ANA veggur snýr að Hvamminum, sem gengur inn í Hafnarfjarðarhraun að austan, en VSV veggur snýr að lægð í hrauninu sem notuð hefur verið sem aðhald eða hugsanlega sem heygarður. Mun minni hraunhleðslur hafa verið í NNA og SSV veggjum og hugsanlega voru þar timburþil fyrir. Rúmlega 4 m breið lægð er í hrauninu fast VSV við rústina og er hún mörkuð að VSV með klapparvegg. Lægðin liggur samhliða rústinni en er nokkuð lengri og er hleðsla í henni að SSV sem skapar aðhald, en engin hleðsla er sjáanleg að NNA. Í lægðinni er talsvert mikið torfhrun úr VSV vegg fjárhúsrústarinnar. Hlaðna aðhaldið er hæst um 1,6 m, 1 m breitt og er 5-6 umför. Hleðslan er vaxin nokkuð miklum mosa og skófum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið, 11; Ö-Hraunholt GS, 2

GK-179:022 *Efra vað* heimild vað 64°05.153N 21°55.691V
„Vað yfir lækinn kallað svo. Hagakotsvað áður nefnt," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. "Hvammurinn var einnig kallaður Milli nefja, allt inn að Efranefi eða Hraunsnefi efra. Þar var einmitt Hagakotsvað, sem einnig var nefnt Efravað," segir í örnefnaskrá GS. Efravað er um 10 m sunnar en Neðravað [019] og 20-25 m sunnar í Hraunsholtslæk en brú við Stekkjarflöt.
Grónir lækjarbakkar. Lækjarfarvegurinn við Efravað er heldur þrengri en við Neðravað [019].
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 11; Ö-Hraunsholt GS, 2

GK-179:023 heimild kálgarður 64°05.169N 21°56.051V
Á túnakorti frá 1918 er kálgarður sýndur um 10 m suður af bæ [001]. Ekki er vitað hvort hlaðið garðlag var utan um kálgarðinn fyrr á tímum, en í dag eru leifar seinni tíma girðingar, fúnir timburstaurar og vír, á

sama stað.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918

GK-179:024 *Hraunsholtsvatnsból* heimild vatnsból 64°05.223N 21°55.827V
„Hraunsholtsvatnsból: Vatnsból frá Hraunsholti var við Stórahyl fram til ársins 1910 að Vífilsstaðahælið var byggt," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið. Hylurinn er í Hraunsholtslæk, um 15 m SV við girðingu sem umlykur knattspyrnuvöll Stjörnunnar og um 140 m NV af göngubrú yfir Hraunsholtslæk, sem brúar göngustíg frá Stekkjarflöt að Hraunhólum. Stórihylur er um 200 m ANA af bæ 001.
Tær og sefgróinn lækur umlukinn grasivöxnum lækjarbökkum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 11.

GK-179:025 *Skólabrú* heimild brú 64°05.297N 21°55.857V
„Skólabrú: Eftir að skólinn var byggður, lá brú þarna yfir lækinn," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið. Þar sem Skólabrú var áður er nú göngubrú úr viði yfir lækinn. Göngubrúin brúar Hraunsholtslæk á stíg sem liggur frá íþróttahúsi Stjörnunnar að Lækjarflöt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 11.

GK-179:026 *Bugðulækjarvað* heimild vað 64°05.297N 21°55.857V
„Bugðulækjarvað: Vað yfir lækinn neðan Bugðumels," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið. „Bugðulækjarvað á Hraunsholtslæk þar sem síðar var byggð göngubrú fyrir nemendur skólans, Skólabrú [025]," segir í Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar. Þar sem Bugðulækjarvað var áður er nú göngubrú yfir Hraunsholtslæk sem er hluti stígs sem liggur frá íþróttahúsi Stjörnunnar að Lækjarflöt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 11; Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar, 81.

GK-179:027 *Hraunsholtslækjarbrú* heimild brú 64°05.344N 21°55.961V
„Brúin yfir lækinn, þar um liggur Þjóðvegurinn," segir í örnefnaskrá. Brúin var líklegast á svipuðum slóðum og Hafnarfjarðarvegur er brúaður yfir Hraunsholtslæk í dag.
Þar sem brúin var að líkindum áður er Hraunsholtslækur nú leiddur í stokk undir fjögurra akgreina veg og þar norðan við er þétt íbúðabyggð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hraunsholt, 11.

GK-179:028 *Brúarvað* heimild vað 64°05.358N 21°55.985V
„Vaðið svo kallað neðan við Brúna," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið. "En gamla leiðin lá af holtinu niður að læk og yfir hann á Brúarvaðinu, neðan við Hraunsholtslækjarbrú," segir í örnefnaskrá GS. Að líkindum var vaðið á svipuðum slóðum eða rétt við Hraunsholtslækjarbrú [027].
Þar sem vaðið var að líkindum áður er Hraunsholtlækur nú leiddur í stokk undir fjögurra akgreina veg og þar norðan við rennur lækurinn milli baklóða í þéttri íbúðabyggð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni of fiskimið í Álftaneshreppi, 11; Ö- Hraunsholt GS, 2

GK-179:029 *Neðri Fossavað* heimild vað 64°05.578N 21°56.248V
„Neðri Fossavað: Þar ofan við fossinn var vað svo kallað," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið. Neðri Fossavað var áður á þeim stað þar sem Hraunholtslækur rennur nú undir Sjálandsskóla.
Lækurinn rennur undir stóra skólabyggingu. Þegar skráning á vettvangi fór fram voru miklar framkvæmdir í gangi allt í kring, bæði niðurrif gamalla bygginga sem og bygging nýrra, og hefur umhverfið tekið miklum breytingum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hraunsholt, 11.

GK-179:030 *Gerðisgarður* heimild túngarð

„Gamallt garðlag umhverfis Gerðið," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. Við Norðurtraðahlið var Stöðullinn [052] vestan við þær. En rétt austan við það var Gerðið og Gerðisgarður," segir í örnefnaskrá GS. Gerðisgarður sást ekki við vettvangsathugun og er annaðhvort búið að slétta úr honum eða að hann er kominn undir byggð (Lækjarfit) og nákvæm staðsetning er því ekki þekkt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Skrá yfir örnefni og leiðir í Álftaneshreppi, 11; Ö-Hraunsholt GS, 2

GK-179:031 *Hraunsholtsbrunnur* heimild brunn
„Brunnur grafin 1910 rétt hjá Stöðlinum [052]," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. Brunnurinn sást ekki við vettvangsathugun og er annaðhvort búið að fylla upp í hann og slétta úr eða hann er kominn undir byggð (Lækjarfit).
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 12.

GK-179:032 *Brunngatan* heimild um leið
„Brunngatan: Lá frá Brunninum heim til bæjar," segir í skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. "Brunngatan lá vestan traðargarðanna [010] heim til bæjar," segir í örnefnaskrá GS. Brunngatan sást ekki við vettvangsathugun og er að líkindum bæði búið að slétta úr henni sem og að hún er kominn undir byggð, bæði gatan að brunninum frá 1910 og alla leið að Hraunsholtsvatnsbóli [024].
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 12; Ö-Hraunsholt GS, 2

GK-179:033 *Þjóðvegurinn* heimild leið
„Lá úr Engidal um Hraunholt niður að læk. Þaðan um melana að Austurmýri niður á Arnarneslækjarbrún. Hafnarfjarðarvegur: Svo var Þjóðvegurinn kallaður um þetta svæði," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. Hafnarfjarðarvegur er enn í notkun.
Undir malbiki
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 12.

GK-179:034 *Álftanesvegur* heimild leið
„Hann [Álftanesvegur] var fyrst troðningur er lá um Holtið norðan Þjóðvegar [033] úr Engidal niður að Brúarvaði [028]," segirí Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftanesi. "Álftanesvegur, fyrrum Selstígurinn, lá frá Suðurtraðahliði á Hraunsholtstúni vestur með hraunbrúninni norðan við Engidal, í holtinu út að hrauni og þar upp, en Hraunsholt á ekkert land þar," segir í örnefnaskrá GS. "Er Álftanesvegur sami og Gjárréttarstígur (Seljastígur)? Allt sama örnefnið kallað Götur frá Hraunsholti," segir í örnefnaskrá EBB. Áður fyrr tengdist Álftanesvegurinn í landi Hraunsholts Fógetavegi [GK-185:075], sem var aðalgatan gegnum Garðahverfi norður á Álftanes og sem enn sést til að hluta. Ekki sést þó til vegarins í landi Hraunholts því hann er undir malbiki og byggð, m.a. að líkindum Hraunholtsbraut og Ásahverfinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 12; Ö- Hraunsholt GS, 2; Ö-Hraunsholt EBB, 4

GK-179:035 heimild kálgarð 64°05.171N 21°56.029V
Á túnakorti frá 1918 er sýndur kálgarður um 20 m ASA af bæ [001]. Ekki er vitað hvort hlaðið garðlag var utan um kálgarðinn fyrr á tímum, en í dag eru leifar seinni tíma girðingar, fúnir timburstaurar og vír, á sama stað.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918

GK-179:036 *Hraunsholtsmýri* heimild mógrafir 64°05.507N 21°56.220V
„Mýrin vestan Hraunsholtslækjar. Mótak mikið," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. "Vestur eða norðvestur frá bæ er, niður við sjó, sem hér heitir Arnarnesvogur, mýri, sem nefnd er Hraunsholtsmýri. Þar tóku Hafnfirðingar mó áður fyrr. Þessi mýri, sem nú er allmikið komin undir hús og tún, nær svo austur að Hraunsholtslæk," segir í örnefnaskrá AG. Hraunholtsmýri var svæðið vestan Hraunsholtslækjar á þeim slóðum sem Langalína og Strikið eru í dag, en ekki eru vesturmörk mýrarinnar

eða mótaksins kunn.
Hraunholtsmýri er nú undir byggð, jafnframt voru miklar byggingframkvæmdir í gangi þegar skráning á vettvangi fór fram.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 12; Ö-Hraunsholt AG, 1

GK-179:037 *Troðningar* heimild leið 64°05.557N 21°57.184V
„Götur frá Neðrifossum vestur eftir Sjávarbökkunum," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. "Troðningur liggur hér inn að Neðrafossvaði [029], er liggur ofan til við Neðrifossa, en neðan þeirra rennur lækurinn niður í fjöruna," segir í örnefnaskrá GS. Troðningar voru rétt ofan til við fjöruna vestan við Hraunsholtslæk, vestan við Neðri fossa og Réttartanga," segir í Örnefni og leiðir í Garðabæ, en leiðin er merkt á kort í sömu bók á bls. 14. Troðningar voru áður meðfram ströndinni frá frá Réttartanga, vestur að Hraunsviki. Nú er steyptur göngustígur meðfram ströndinni, en ekkert sést til hinna gömlu Troðninga.
Byggð er komin langleiðina að ströndinni, fjölbýlishús sem tilheyra Strandvegi og austast við Réttartanga [055] er búið að landfylla.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftanesi, 12; Ö-Hraunsholt, GS, 3; GRG: Örnefni og leiðir í garðabæ, 14, 145.

GK-179:038 mannvirki rétt 64°05.068N 21°56.005V



Rétt er norðarlega í Hafnarfjarðarhrauni, um 90 m A af Hraunhólum 18, um 200 m suður af bæjarhól [001], rúmlega 50 m suður af rétt 051 og 70 m S af göngustíg milli Stekkjarflatar og Hraunshóla.
Umhverfi réttarinnar er þýft og grasi gróið en víðsvegar stingst úfið hraun í gegnum svörðinn. Réttin er á hraunspildu inni í byggð.
Réttin er um 23 x 19 m að flatarmáli og snýr A-V. Í NA horni réttarinnar er tóft. Tóftin er um 5,5 x 5 m og snýr N-S. N veggur hennar er klöpp og dyr hafa að líkindum verið á S vegg. Veggir tóftarinnar eru úr hraungrýti (litlu og meðal stóru) og torfi. Hægt er að greina 3 umför af hraungrýti. Þykkt veggja er mest um 2,5 m á S vegg og hæð mest um 1,3 m á V vegg. Veggir réttarinnar eru nokkuð tilgengnir og lágir, en þeir eru hlaðnir úr hraungrýti af öllum stærðum. Ekkert torf er sjáanlegt í réttinni. Veggirnir eru mest 1 m breiðir og 1 m háir, þó að jafnaði séu þeir ekki nema 0,2-0,3 m á hæð. Lítil sem engin skipting er sjáanleg innan réttarinnar og kann það hugsanlega að stafa af því að viðarþil hafi verið nýtt innan réttarinnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-179:039 mannvirki rétt 64°05.078N 21°56.045V



Lítið aðhald eða tóft er í lægð í Hafnarfjarðarhrauni, um 70 m A af Hraunshólum 18, 180 m S af bæjarhól [001], um 20 m NV af rétt 038 og 50 m S af göngustíg milli Stekkjarflatar og Hraunshóla.
Hleðslurnar eru ofan í lægð í hrauninu sem í eru tvö hellisop sem opnast til S og NV. Lægðin er gróin í botninn en hliðar hennar eru víðast bert hraun. Hellarnir sem opnast inn af lægðinni eru fremur lágir og litlir og með mikið af stórgrýti á hellisgólfinu.
Mannvirkið er um 5x4 m að stærð og snýr A-V. Veggir eru úr hraungrýti og torfi og víðast um 1 m á þykkt en eru sumsstaðar (sérstaklega að A og V) nokkuð óljósir því þeir renna inn í umhverfið. Sennilega einhvar konar aðhald sem gæti tengst rétt 038, en hugsanlega er um hústóft að ræða. Hleðsluhæð mest um 0,5 m. Ekki hægt að greina fjölda umfara af hraungrýti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



GK-179:040 garðlag 64°05.093N 21°56.152V
Garðlag er á lóð Hraunshóla 18, um 4 m norður af íbúðarhúsinu.
Garðlagið er á gróinni lóð og vex trjágróður tiltölulega nálægt.

Garðlagið er úr hraungrýti og torfi og snýr N-S. Óvíst er um stærð hleðslugrjóts eða fjölda umfara því vel er gróið yfir garðinn af grasi og mosa. Lagið er 6 m langt, 0,5 m breitt og hæst 0,3-0,5 m. Bil er á garðinum rétt sunnan við hann miðjan, en líkast til er fremur um rask að ræða en op því greina má sennilegt hrun austan við opið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-179:041 tóft+garðlag hesthús 64°05.071N 21°56.131V
Hesthús er á baklóð Hraunhóla 18, um 20 m S af Hraunhólum 18 og um 200 m SSV af bæ 001.Lóðin er grasigróin og er í jaðri Hafnarfjarðarhrauns. Mikið af birki og grenitrjám er á lóðinni, sem m.a. vaxa á tóftinni og stafar henni talsverð hætta af því.
Samkvæmt heimildamanni er tóftin af hesthúsi. Tóftin er um 6x5 m og snýr N-S. Hún er hæst um 1,5 m (hraunhleðsla að innanverðu). Tóftin er hlaðin úr meðal-og stóru hraungrýti og torfi. Innrabyrðið er hraunhleðsla (4 umför) en þó stingst einnig hraungrýti hér og þar í gegnum torfið utan á. Tóftin er nokkuð tilgengin og má það að hluta rekja til tjrágróðurs sem vex á henni. Sunnan við hesthústóftina er sokkið garðlag. Garðlagið er 7 m langt og 0,3 m breitt og er að stórum hluta yfirgróið grasi, lyngi og mosa. Hæst skagar garðlagið um 0,3 m og eru 2 umför greinileg, en hugsanlega leynast fleiri umför undir sverði. Að líkindum var garðlagið einungis hlaðið úr hraungrýti en engu torfi.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar



GK-179:042 *Krossgötur* heimild leið 64°05.163N 21°55.687V
„Þær [Krossgötur] var að finna á mel frá Hraunhorninu. Vegamót," segir í örnefnaskrá. Vegamótin Krossgötur voru áður þar sem nú er sléttgrasflöt milli Stekkjarflatar og Hraunholtslæks, SA við göngubrú sem þar er yfir lækinn.
Sléttuð grasflöt
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hraunsholt, 13.

GK-179:043 mannvirki herminjar 64°05.188N 21°55.995V
Skotbyrgi úr síðari heimsstyrjöld er um 7 m SV af botni Lækjarfitjar og um 15-20 m SA af Lækjarfiti 16.
Byrgið stendur í gömlu grónu túni og er að mestu yfirgróið grasi. Byrgið er fullt af rusli.
Byrgið er steinsteypt og er enn undir þaki og að mestu niðurgrafið, svo ganga verður niður nokkur þrep til að komast inn í það. Byrgið er 3 x 2,5 m N-S. Gengið er inn í það að vestan en skotraufin vísar til austurs, í átt að Kópavogi og Reykjavík.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-179:044 tóft herminjar 64°05.157N 21°55.727V
Hernaðarmannvirki úr síðari heimsstyrjöld er um 10 m SSV af brú yfir Hraunsholtslæk sem er á stíg frá Stekkjarflöt að Hraunshólum og um 220 m ASA af skotbyrgi 043.
Grasivaxin flöt vestur og upp af bakka Hraunsholtslækjar, skammt norðan við er steyptur göngustígur og sunnan við rústina er búið að planta trjám.
Steyptur grunnur hernaðarmannvirkis, um 9x5 m og snýr SV-NA. Grunnurinn er ferhyrndur og nokkuð mikið yfirgróinn. Nokkuð rask virðist vera á rústinni SSV megin. Mögulega er um tvö aflöng mannvirki að ræða, eða eitt breiðara.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-179:045 *Mýrarbrú* heimild leið
„Svo var fyrsti vegurinn um Austurmýri kallaður," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. „Mýrarbrú er yfir Lágumýri," segir í örnefnaskrá EBB. Örnefnaskránar tvær sem vitnað er í hér að ofan staðsetja Mýrarbrú mismunandi. Ef Mýrarbrú var yfir Austurmýri þá er hún nú komin undir byggð, Akrahverfið í Garðabæ. En samkvæmt seinni tilvitnuninni lá Mýrarbrú yfir Lágumýri. Lágamýri er mýrlendið fast suður af Arnarneslæk, vestan Hafnarfjarðarvegar og niður að sjó. Ekki sást til vegarins þar við vettvangsathugun, en talsvert rask hefur átt sér stað á svæðinu eftir að Garðabær byggðist. T.a.m. er dælustöð við ströndina skammt suður af Arnarneslæk, búið er að leggja göngustíg yfir mýrina og grafa í

hana nokkra skurði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftanesi, 13; Ö-Hraunsholt EBB, 5

GK-179:046 *Ofanmannabúð* heimild uppsátur 64°05.556N 21°56.209V
„Ofanmannabúð var skipsuppsátur fyrir Hraunsholtsábúendur og ábúendur Vífilsstaða," segir í Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar. Ofanmannabúð var áður þar sem nú stendur Sjálandsskóli, um 720 m NNV af bæ 001.
Undir byggð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar, 130.

GK-179:047 *Garðastál* heimild mógrafir 64°05.634N 21°55.567V
„Þegar mótak var sem mest í Arnarnesmýrinni og Garðaprestur úthlutaði, var farið að kalla mótakið svo," segir í örnefnaskrá. Garðastál kallast þýfið norður frá Olísstöðinni sem er á mörkum Vífilsstaðavegar og Hafnarfjarðarvegar og norðaustur að Arnarneslæk.
Þýfð og gróin mýri.
Skrásetjari sá ekki ummerki mógrafa við vettvangskönnun.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hraunsholt, 14.

GK-179:048 *Kænubarð* heimild uppsátur 64°05.590N 21°56.250V
„Niður undan Strympumel var uppsátur báts frá Hraunsholti," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftanesi. "Austan við Vaðið [029] er fyrst Kænu-barð, og þar var Uppsátur," segir í örnefnaskrá GS. Kæmubarð var norðan við Hraunsholtslæk þar sem, hann rennur í Arnarneslækjarvog (sunnan lækjar stendur nú Sjálandsskóli).
Kænubarð er komið undir landfyllingu. Miklar framkvæmdir voru í gangi á svæðinu þegar skráning fór fram, m.a. bygging nokkurra fjölbýlishúsa við Löngulínu.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Gísli Sigurðsson: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 14; Ö- Hraunsholt GS, 3

GK-179:049 *Hraunsholtsstígur* gata leið 64°04.991N 21°55.297V
Hraunsholtsstígur lá áður fyrr frá Hraunsholti að Urriðakoti og Gjáarréttum [GK-185:048]. Hann er enn greinanlegur þar sem hann liggur SSA yfir Hafnarfjarðarhraun. Stígurinn verður greinilegur uppi á hrauninu um 70 m VSV af göngubrú yfir Hraunsholtslæk sem er niður af Bakkaflöt 22 og 24 og liggur þaðan til SSA í um 490 m að Miðhrauni 4.


Gatan, horft til suðurs

Slóðinn er grasmeiri og gulari en umhverfið, en meira lyng vex í kring. Nyrðst er gatan greinileg sem 1-3 rásir í jörðinni sem stefna suður, mest um 1 m á breidd 1 m og 20 sm á dýpt. Slóðinn hlykkjast gegnum hraunið og sneiðir hjá því úfnasta. Um 90-100 m sunnar hverfur slóðinn undir malbikaðann göngustíg frá Bakkaflöt sem gengur þvert á hann. Undan göngustígnum stefnir slóðinn til SSA að Miðaftanshól (á honum er áberandi steypt varða með áletruninni "1960"). Stígurinn er mjög greinilegur nálægt rótum Miðaftanhóls og liggur suður meðfram rótum hólsins. Suðvestan undir Miðaftanshól gengur Dýrtíðarvinnuvegur [GK-176:010] þvert á Hraunsholtsstíg, sem kemur nokkuð greinilegur undan honum. Þaðan liggur stígurinn að Miðhrauni 4, en hverfur þar skammt NA við.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-179:050 *Jónsflöt* heimild mógrafir 64°05.473N 21°56.363V
Samkvæmt heimildamanni var tekinn mór á Jónsflöt. Svæðið tilheyrir nú Vatnsveitu Garðabæjar við Lyngás og er nýtt undir byggingar og geymsluplan. Jónsflöt er um 600 m NNV af bæ 001.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-179:051 *Stöðulgjóta* tóft rétt 64°05.095N 21°56.032V
"Stöðulgjóta var heimarétt tók um 30-40 kindur, sunnan við túnið í laut," segir í örnefnaskrá EBB.

"Stöðulgjóta lá á hægri hönd eða vestan við Fjarðargötu," segir í örnefnaskrá GS. Réttin er við norðurjaðar Hafnarfjarðarhrauns um 30 m SSV af göngustíg sem liggur milli Stekkjarflatar og Hraunshóla, um 80-90 m austur af Hraunshólum 18 og um 150 m suður af bæ 001.
Þýfð og grasi gróin flöt á opnu svæði innanbæjar, sem er afmarkast af Hafnarfjarðarhrauni að sunnan og vestan.
Aðhaldið er eitt hólf og er hlaðið úr hraungrýti. Suður- og vesturveggir aðhaldsins eru úfið hraun sem norður- og austurveggir eru hlaðnir upp að. Þeir eru hlaðnir úr litlu og meðalstóru hraungrýti og torfi (um 4 umför). Veggirnir eru nokkuð signir og tilgengnir og er mesta þykkt norðurveggjar um 1,5 m. Aðhaldið snýr N-S og er um 6,5 x 4,5 m. Dyr eru á austurvegg. Hleðsluhæð er mest um 0,5 m. Á bergveggnum fast SA við réttina er hleðsla, um 1 m breið og 1,5 m há og er líkast að þar hafi verið hlaðið upp í lítinn hellisskúta.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hraunsholt EBB, 2; Ö-Hraunsholt GS, 1

GK-179:052 *Stöðullinn* heimild kvíar
"...á Stöðlinum voru kýrnar mjólkaðar á unglingsárum Sigurlaugar (fædd árið 1898)," segir í örnefnaskrá EBB. "Við Norðurtraðahlið var Stöðullinn vestan við þær," segir í örnefnaskrá GS. Óvíst er hvort mannvirki hafi tengst Stöðlinum, en ef svo hefur verið eru kvíarnar horfnar í dag og útsléttaðar. Staðsetning Stöðulsins er því ekki þekkt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hraunholt EBB, 3; Ö-Hraunsholt GS, 2

GK-179:053 *Efrifossvað* heimild vað
"Ofan við það [019 Neðra vað] var hleðsla, og myndaðist við það foss eða flúð, nefndist Efrifossar og þá Efrifossvað. Hleðslan nefndist Hofstaðabrú [020]," segir í örnefnaskrá GS. Þar sem Hofstaðabrú var áður er nú göngubrú yfir Hraunsholtslæk, vestur af SV enda Stekkjarflatar og S af Stjörnuvelli. Þar í kring eru gróinn lækjarbakki og óvíst er hvar Efrifossvað hefur nákvæmlega verið.
Grónir lækjarbakkar og steyptur göngustígur eru nú á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hraunsholt GS, 2

GK-179:054 *Brunngatan* heimild leið
"Þaðan [frá Stórahyl 024] lá svo Brunngatan heim," segir í örnefnaskrá GS. Lá áður milli bæjarhóls [001] og Stórahyls [024].
Gamalt sléttað tún, grasi gróið. Skammt frá Stórahyl, þar sem gatan hefur áður verið, stendur nú eitt íbúðarhús með garði, trjágróðri og malarborinni innkeyrslu í gömlu stæði götunnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hraunsholt GS, 2

GK-179:055 *Réttartangi* heimild rétt 64°05.633N 21°56.323V
„Rétt vestan við Neðrifossa á Hraunsholtslæk er Réttartangi eða Aðrekstrartangi," segir í Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar. Gatan Langalína liggur eftir Réttartanga endilöngum.
Miklar framkvæmdir eru í gangi á Réttartanga, þar er verið að byggja nokkur fjölbýlishús við götuna Löngulínu sem liggur eftir honum endilöngum. Nokkur landfylling hefur farið fram umhverfis tangann.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar, 16.

GK-179:056 hleðsla 64°05.566N 21°57.168V
Sokkin hleðsla er við ströndina norður af Strandvegi, um 10 m frá sjó. Hleðslan er skammt austur af Hraunviki og um 1 m norður af göngustíg sem liggur meðfram ströndinni, um 740 m vestur af Neðri Fossavaði 029
Hleðslan er á grasi grónum bletti milli malbikaðs göngustígs að sunnan og sjávar að norðan. Nokkuð miklar byggingaframkvæmdir hafa átt sér stað í nágrenninu við Sjálandshverfið.

Hleðslan er sokkin og tilgengin. Hún er bogadregin og líkust hálfmána í laginu, en einnig er til staðar minni hleðsla sem að hluta lokar fyrir "hálfmánann". Um 14 m eru þvert á milli enda bogadregnu hleðslunnar og er hún opin til norðurs, að sjónum, og er "hálfmáninn" um 8 m á lengd innanmáls. Víðast líkist mannvirkið helst grjótfylltri rennu í jörðinni, um 1-1,5 m breiðri, fullri af grjóti af öllum stærðum, allt frá mjög stóru niður í steinvölur, en mest er af miðlungs grjóti. Mögulega er um fornt uppsátur að ræða, eða jafnvel sjóbúð eða herslugarð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-181 Dysjar

1397; Eign kirkjunnar á Görðum. DI IV, 107. 1565, skrá yfir byggðar jarðir staðarins, sem ekki voru hjáleigur: "Dysiar. Jone Markussyne fyrer iij. vætter fiska mannslán. vallarslátt, med jördunne ij kugillde. Jtak j sölfafiöru stadarins einn dag." DI XIV, 437. Garðakirkjueign. "Lögbýli kallað því það hefur fullkomið fyrirsvar sem aðrar sveitajarðir, en stendur þó í óskiftu Garðastaðarlandi og samtýniss við Garða, nema hvað túnið alleina er afdeilt. Jarðadýrleiki er óviss." JÁM III, 181. Hafnarfj. að Garðahreppur gerðu makaskipti árið 1971 og eignaðist bærinn hluta úr landi Dysja. ÁG: Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I, 116
1703: "Túnum spillir sjáfargángur." JÁM III, 182.
1918: „Austurbæjarkálgarðurinn á Dysjum hefur verið færður 5 sinnum síðustu 28 árin undan sjóbakkabrotinu, rúmleg garðsþyktina um sinn. Hér mun og hafa britað upp síðan í fornöld engjar miklar."

Túnakort: Bakki, Pálshús og Dysjar



Byggt á túnakorti frá 1918

GK-181:001 *Dysjar* bæjarstæði bústaður 64°04.860N 21°59.578V
"Dysjabæir standa vestan Balatjarnar. Standa Vestur-Dysjar aðeins nær sjónum en Dysjar, en stutt er á milli bæjanna. ... Gömlu bærinir á Dysjum stóðu frammi á sjávarbakkanum, beint niður af íbúðarhúsinu, sem nú er. Nú hefur sjór brotið alveg upp að gamla bæjarstæðinu," segir í örnefnaskrá KE. "Á Túnakortinu 1918 er eystri bærinn, Austur-Dysjar eða Dysjar-Austurbær, ögn stærri en sá vestari [002]. Hann skiptist í fjögur hólf og hefur stefnuna suðvestur-norðaustur. Byggingarefnið virðist vera torf en Samkvæmt Fasteignabókum var þar komið timburhús árið 1932 [...] og járnvarið 1942-4 [...]. Bærinr voru að mestu horfnir í sjóinn þegar Fornleifaskráning fór fram 1984 en annar þeirra, líklega Austurbærinn var beint norðvestan fjóss og hlöðu sem fundust, milli þeirra ,,og útihúss sem þarna er nú"," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Garðahverfi KE, 3; RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 18- 19.
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 181-2 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: : X: 354021034 Y:401005991

GK-181:002 *Vestur-Dysjar* bæjarstæði bústaður 64°04.860N 21°59.578V
"Dysjabæir standa vestan Balatjarnar. Standa Vestur-Dysjar aðeins nær sjónum en Dysjar, en stutt er á milli bæjanna. ... Gömlu bærinir á Dysjum stóðu frammi á sjávarbakkanum, beint niður af íbúðarhúsinu, sem nú er. Nú hefur sjór brotið alveg upp að gamla bæjarstæðinu. ... U.þ.b. 15 m sunnan við gripahúsin voru gömlu Dysjabæirnir, og er þeirra áður getið," segir í örnefnaskrá KE. "Á Túnakorti 1918 má sjá tvær stórar torfbyggingar í bæjarstæðinu, væntanlega bæina tvo en sá vestari skiptist í tvö aflöng hólf og hið vestara aftur í tvö ferningslaga hólf. Stefnan er suðvestur-norðaustur. Samkvæmt Fasteignabók eru Vestur-Dysjar enn úr torfi árið 1932 [...] en þær eru ekki nefndar árin 1942-4 og hafa væntanlega verið komnar úr byggð þá. Í örnefnaskrá 1964 er talað um Dysjar Vesturbæ og Dysjar Austurbæ. Stóðu bærnir ,,lítið eitt aðgreindir fram um 1970" [...]. Í Örnefnalýsingu frá 1976-7 segir: ,,Dysjabæir standa vestan Balatjarnar. Standa Vestur-Dysjar aðeins nær sjónum en Dysjar, en stutt er á milli bæjanna. Dysjavör [003] er vestan við Balamöl. Gömlu bærnir á Dysjum stóðu frammi á sjávarbakkanum, beint niður af íbúðarhúsinu, sem nú er. Nú hefur sjór brotið alveg upp að gamla bæjarstæðinu. Fast fyrir norðan núverandi íbúðarhús er fjós og hlaða, byggt um 1944-45. Bílskúr tengir það íbúðarhúsinu. Fjárhús er fast norðaustan fjóssins. [...] Íbúðarhúsið á Vestur-Dysjum stendur, eins og nafnið bendir til, rétt vestan við Austur-Dysjar og gripahús og hlaða frá Vestur-Dysjum rétt sunnan hússins. U.þ.b. 15 m sunnan við gripahúsin voru gömlu Dysjabæirnir [...]". Þeir voru að mestu horfnir í sjóinn þegar fornleifaskráning fór fram 1984, annar þeirra, líklega sá vestari, var alveg farinn en ,,hleðslugrjót sést í bakkanum," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003. Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifarnar séu horfnar.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Garðahverfi KE, 4; RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 18-19.
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 181- Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: : X: 354021034 Y:401005991

GK-181:003 *Dysjavör* heimild lending 64°04.815N 21°59.522V
Árið 1703 var hér góð lending. "Dysjabæir standa vestan Balatjarnar. Standa Vestur-Dysjar aðeins nær sjónum en Dysjar, en stutt er á milli bæjanna. Dysjavör er vestan við Balamöl," segir í örnefnaskrá KE. "Í Jarðabók 1703 segir: ,,Heimræði er hjer árið um kríng og lending góð, varir stórar nóg so inntökuskip mætti gánga, og heyrir þá sú undirgift leiguliða til." [...] Á Túnakorti 1918 má nokkuð austan bæjanna á Dysjum sjá vör með tveimur naustum og einhvers konar gerði, líklega úr grjóti. Dysjavör er nefnd í Örnefnaskrá 1964: ,,Hún var neðan bæjanna og austanvert við þá. Góð vör. [...] Lík er flutt voru til Garðakirkju fóru um Dysjavör." [...] Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: Dysjabæir standa vestan Balatjarnar" og ,,Dysjavör er vestan við Balamöl" en svo nefnist kamburinn við tjörnina. ,,Skerjarani gengur í sjó fram suðvestur frá Dysjabænum, og heitir hann Dysjabryggja (021). Uppsátrið var austan Dysjabryggju, þar sem skerjunum sleppir." [...] Ekki er tekið fram hvort uppsátrið við bryggjuna sé Dysjavör en að sögn skrásetjara 1984 er hún í grýttum sjávarbakkanum ,,rétt sunnan við bárujárnssker sem þarna er". Þegar Fornleifaskráning fór fram var bátabyrgi sem þarna var hins vegar farið í sjó og sér nú engin merki um mannvirki," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: JÁM III, 182; Ö-Garðahverfi KE, 3
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 181-14 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: X: 354062779 Y:400919322

GK-181:004 heimild útihús 64°04.860N 21°59.578V
"Rétt norðaustan vesturbæjarins (002), er samkvæmt Túnakorti útihús, líklega úr steini, byggt við garðsenda (010) vestan heimreiðar eða Dysjatraða (nr.10)," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003. Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 19
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 181-3 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: X: 354021034 Y:401005991

GK-181:005 heimild útihús 64°04.860N 21°59.578V
"Rétt norðan Austurbæjarins (001), við garðsenda (010) austan Dysjatraða (019), er á Túnakortinu 1918 útihús úr torfi," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003. Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 19
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 181-4 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: X: 354021034 Y:401005991

GK-181:006 heimild útihús 64°04.860N 21°59.578V
"Rétt norðan við Austur-Dysjaútihúsið (005), utan við garðshorn (010) austan Dysjatraða (019), er á Túnakortinu 1918 útihús úr timbri," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003. Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 19-20
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 181-5 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: X: 354021034 Y:401005991

GK-181:007 heimild útihús 64°04.860N 21°59.578V
"Nálægt austurhorni eystri Dysjabæjarins (001) sýnir Túnakortið 1918 svolítið mannvirki sem gæti verið for eða skólpgryfja," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003. Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 20
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 181-6 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: X: 354021034 Y:401005991

GK-181:008 heimild útihús 64°04.860N 21°59.578V
"Rétt við austurlangvegg eystri Dysjabæjarins (001) er samkvæmt Túnakortinu 1918 útihús, líklega úr timbri," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003. Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 20
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 181-7 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: X: 354021034 Y:401005991

GK-181:009 tóft fjós 64°04.842N 21°59.536V

"Niðri við sjóinn, sunnan Austur-Dysja (001) sýnir Túnakortið ferhyrningslaga útihús úr torfi. Þetta er á sömu slóðum og fjós og hlaða sem fundust við Fornleifaskráningu 1984: ,,sunnan við Austurbæinn, alveg fram á sjávarbakkanum" og ,,tilheyrðu gömlu bæjunum að Dysjum". Nú er þarna kálgarður (010) og ,,aðeins veggur að vestan og vísar í 220° hornrétt á hann til suðausturs"," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 20
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 181-8 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: X: 354054127 Y:400971083

GK-181:010 garðlag kálgarður 64°04.860N 21°59.578V
"Á Túnakorti 1918 liggja kálgarðar umhverfis Dysjabæina (001-002) og eru girtir með hlöðnum veggjum út að sjógarðinum [018]. Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: ,,Sunnan við gripahúsin voru gömlu Dysjabæirnir [...] Kartöflugarðar voru fyrir framan þá, nú að mestu komnir í sjó." Við Fornleifaskráningu 1984 segir: ,,Hér er núna kálgarður og aðeins veggur að vestan og vísar í 220°hornrétt á hann til suðausturs. Grjót og torfhlaðinn, 21 m á lengd, grasivaxinn. Mjög hár"," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 20
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 181-9 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: X: 354021034 Y:401005991

GK-181:011 heimild útihús 64°04.893N 21°59.557V
"Norðan Dysjabæja [001-002] sýnist á Túnakortinu 1918 vera útihús með áföstum garði [012], nánar tiltekið upp við Dysjatraðir [019] austan megin þar sem þær taka á sig hlykk til austurs," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003. Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 21
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 181-11 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: X: 354041416 Y:401065548

GK-181:012 heimild kálgarður 64°04.893N 21°59.557V
"Norðan Dysjabæja (001-002) sýnist á Túnakortinu 1918 vera útihús (011) með áföstum garði, nánar tiltekið upp við Dysjatraðir (019) austan megin þar sem þær taka á sig hlykk til austurs," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003. Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 21
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 181-11 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: X: 354041416 Y:401065548

GK-181:013 *Dysjabrunnur* heimild brunnur 64°04.890N 21°59.496V
"Skv. Örnefnaskrá 1964 lá Dysjabrunnur ,,austan bæjanna [...] í mýrlendri flöt". Brunnurinn sést ekki á Túnakortinu 1918 en þar er hins vegar ,,pollur" á þessum slóðum í Dysjatúni og nokkru austar byrjar ,,mýri"," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003. Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 21
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 181-12 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: X: 354090360 Y:401057875

GK-181:014 *Dysjabrunngata* heimild leið 64°04.877N 21°59.520V
"Í Örnefnaskrá 1964 segir að Dysjabrunngata lá ,,frá brunninum [013] heim til bæja"", segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003. Engin lýsing á götunni fylgir skráningu RT og RKT, né kemur fram hvort enn sjáist til hennar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 21
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 181-13 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: X: 354069666 Y:401034708

GK-181:015 heimild útihús 64°04.907N 21°59.818V
"Túnakortið sýnir útihús í túninu norðvestan Dysjabæja (001-002), nálægt sjávarbakkanum. Húsið er aflangt og virðist úr torfi. Það hefur nokkurn veginn stefnuna norður-suður," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003. Ekki kemur skýrt fram í skráningu RT og RKT frá 2003 hvort enn sjáist til útihússins né hvernig það lítur út.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 24
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 181-19 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: X: 353830842 Y:401102526

GK-181:016 *Dysjabryggja* heimild lending 64°04.820N 21°59.628V
"Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir [...]: ,,Skerjarani gengur í sjó fram suðvestur frá Dysjabænum, og heitir hann Dysjabryggja. Uppsátrið (003) var austan Dysjabryggju, þar sem skerjunum sleppir. Stakur steinn er í Dysjabryggju nálægt því beint fram af gripahúsum Vestur-Dysja. Sá heitir þórarinn." [...] Samkvæmt Fornleifaskráningu 1984 gengur Dysjabryggja ,,út í sjó suður af bænum" og er ekki um mannvirki að ræða, heldur er þetta ,,náttúrulegur lágur tangi sem lent var við" [...] má bera þetta saman við Bakkabryggju (GK-182:016), Miðengisbryggju (GK-187:014) og Hausastaðabryggju (GK-190:024) sem einnig hafa verið myndaðar af náttúrunnar hendi. Staki kletturinn Þórarinn á Dysjabryggju er forvitnilegur í ljósi þess að á Hausastaðabryggju er annar slíkur klettur sem einnig heitir Þórarinn. Sá sem er við Dysjabryggju var ysta sker við innsiglingu til Hafnafjarðar gegnt Helgaskeri," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 22
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 181-15 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: X: 353977199 Y:400933915

GK-181:017 tóft 64°04.768N 21°59.258V
"Við fornleifaskráningu 1984 fundust grunnur og tóft byggingar á grasi grónum tanga rétt austan við afrennslið úr Balatjörn, þ.e. á bakkanum Dysjamegin. Að sögn húsfreyjunnar á Dysjum er þetta frá lýsisbræðslu sem norskur maður setti upp," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003.
"Grunnurinn er mjög reglulega ferhyrndur og frambrúnin greinilegust en vestast hefur sjórinn borið möl upp á bakkann. Hann er um 7,7 m á breidd og 10,7 m á lengd miðað við það sem sýnilegt er, grjóthlaðinn með grófri steinsteypu í samskeytunum. 1,75 m frá suðurausturhorni grunnsins, um 0,5 m neðan hans, gengur grjóthlaðinn stallur 2,75 m út til austurs. Óljóst er hve langt hann nær til norðurs en hann er líka hlaðinn úr grjóti og hefur e.t.v. verið undirstaða timburhúss. Norðan megin við stóra grunninn er lítil tóft, 9,15 m á breidd og 3,4 m á lengd," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 22-23
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 181-16 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: X:



Teikning: RT og RKT, 2003, bls 22.

354273160 Y:400822652

GK-181:018 *Dysjatúngarður* garðlag túngarður 64°04.903N 21°59.554V
"Á Túnakorti 1918 er girt í kringum mestan hluta Dysjatúns, með túngarði út að mýrinni norðaustan megin og að austan en þar er hann sérlega skýr. Að suðvestan tekur við sjógarður sem liggur eftir sjávarbakkanum framhjá bæjunum (001-002). Á kaflanum frá þeim yfir að Bakka hefur sjórinn brotið af landinu og er þar enginn garður. Girðing skilur svo tún Dysja frá túnum Bakka og Pálshúsa. Skv. Fasteignabók er enn girt með túngarði og girðingu árið 1932. Skv. Örnefnaskrá 1964 lá Dysjatúngarður ,,aðallega á austurkanti túnsins"," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003. Óljóst er af lýsingu RT og RKT hvort enn sjáist til garðsins.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 24
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 181-20 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: X: 354044731 Y:401084386

GK-181:019 *Dysjatraðir* heimild traðir 64°04.902N 21°59.610V
"Á Túnakortinu 1918 má sjá traðir sem liggja milli Dysjabæja (001-002), annars vegar suður gegnum kálgarðana (010) niður að sjó, hins vegar norður í átt að Pálshúsum. Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: ,,Sunnan við gripahúsin voru gömlu Dysjabæirnir [...] Traðir lágu niður í fjöru milli þeirra." Í örnefnaskrá 1964 er nefndur Dysjavegur eða Dysjatraðir sem ,,lá frá Dysjum eftir túninu að Pálhúsahliði" en það mun vera sama og Nýjabæjarhlið. Frá því lágu Nýjabæjartraðir (GK-184:004) og Pálhúsatraðir (GK-183:009) og hafa Dysjatraðir tekið við af þeim," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003. Í skráningu RT og RKT frá 2003 er ekki lýsing á tröðunum né tekið fram hvort þær sjáist enn á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 20-21
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 181-10 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: X: 353999340 Y:401084882

GK-181:020 *Dysjakot* bæjarstæði bústaður 64°04.922N 21°59.677V
"Á milli Dysja og Pálshúsa var gamalt býli, nefnt Dysjakot," segir í örnefnaskrá KE. "Í Örnefnalýsingu 1958 segir: ,,Syðsta jörðin og næst sjó er Dysjar. Þar ofan túns var býli, sem nefnt er nú Gamlakot. Nú er þar kálgarður, og þar sem vegur liggur heim, er stykki í túni, sem heitir Gamlakotsvöllur." [...] Samkvæmt örnefnaskrá 1964 var þetta ,,þurrabúð í Dysjatúni upp með veginum" ýmist nefnt Dysjakot eða Gamlakot og hefur annaðhvort verið ,,kennt við Gamla er það bjó, eða verið upprunalegasta kotið við Dysjar" [...] Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir nánar frá: ,,Skammt norðan Dysja, en lengra frá sjónum, eru Pálshús. Á milli Dysja og Pálshúsa var gamalt býli, nefnt Dysjakot. Síðasti ábúandinn þar hét Gamalíel Jónsson, kallaður Gamli. Var kotið í hans tíð nefnt Gamlakot. Dysjakotsvöllur nefndist þríhyrnd spilda, sem fylgdi kotinu. Í tíð Gamla var einnig farið að kalla hana Gamlakotsvöll. Gamlakot og Gamlakotsvöllur er nú komið í tún. [...] Ekki er kotið merkt inn á Túnakortið árið 1918 enda hefur það verið komið í eyði fyrir þann tíma. Þar virðist þó mega sjá garðinn (021) miðja vegu milli Dysja og Pálshúsa. Þegar svæðið var kannað við Fornleifaskráningu 1984 fannst heldur ekkert nema þessi garður," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Garðahverfi KE, 4; RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 23
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 181-17 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: X: 353946751 Y:401124606

GK-181:021 *Gamlakotsgerði* garðlag túngarður 64°04.922N 21°59.677V
"Á Túnakorti 1918 sést ferhyrndur garður þar sem Gamlakot (020) á að hafa verið í Dysjatúni, þ.e. miðja vegu milli Dysjabæja (001-002) og Pálshúsa en samkvæmt Örnefnalýsingu 1958 er kálgarður þar sem kotið var áður [...] Í Örnefnaskrá 1964 er nefnt Gamlakotsgerði: ,,Svo var lítið gerði kallað kringum kotið, nú flöt." [...] Garðurinn var skrásettur við Fornleifaskráningu 1984," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003. Lýsingu á garðlaginu vantar í skráningu RT og RKT, sem og upplýsingar um hvort enn sjáist til

garðsins.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 23-24
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 181-18 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: X: 353946751 Y:401124606

1397; Eign kirkjunnar á Görðum. DI IV, 107. 1565, skrá yfir byggðar jarðir staðarins, sem ekki voru hjáleigur: "Backe Jone Jonssyne fyrer iiij. vætter fiska. vallarslátt. mannslán. med jordunne ij kugillde." DI XIV, 437. Garðakirkjueign. "Kallast lögbýli því það hefur fult fyrirsvar,en stendur þó í óskiftu Garðastaðar landi og samtýniss við Garða so sem aðrar hjáleigurnar í hverfinu. Jarðardýrleiki er óviss. ... Þessum bæ fylgdi til forna Garðamýri (ein mýri þarí hverfinu ... Mýrina tók hjer frá Sr. Þorkell Arngrímsson og lagði til heimastaðarins sökum eklu á torfristu og útheyss slægjum og færðist so aftur landskuldina ..." JÁM III, 182-
183.
1910, byggð lagðist af. GRG, 77.
1703: "Túnið spillist stórlega af sjó, sem það brýtur og sand á ber; hefur þetta smám saman ágjörst so að menn segja að bærinn hafi þess vegna þrisvar frá sjónum fluttur verið og sýnist að túnið mestan part muni með tíðinni undir ganga." JÁM III, 182-183.
1918: ,,Bakka túnið alt sléttað og meirihluti hinna túnanna."

GK-182:001 *Bakki* bæjarstæði bústaður 64°04.933N 21°59.952V
"Á Túnakorti árið 1918 má sjá tvær byggingar í bæjarstæðinu á Bakka alveg niður við sjó og er sú stærri líklega bærinn. Í Örnefnaskrá 1964 er nefndur Bakkahryggur ,,er lá eftir vesturtúni Pálshúsa [...] heiman frá bæ allt niður undir Bakka [...] Bærinn stóð á Bakka og hafði verið margoft færður undan sjó og eru nú rústir hans að falla niður í fjöruna". Bakkatún heitir ,,tún býlisins, sem sjór brýtur stöðugt til skemmda" [...] Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: ,,Niður af íbúðarhúsinu í Pálshúsum er u.þ.b. 200 m langur hryggur niður að sjó. Hann heitir Bakkahryggur. Neðst á honum stóð bærinn á Bakka. Sjórinn brýtur nú stöðugt landið þarna, og er bakkinn niður í fjöruna víða ein til tvær mannhæðir. Bakki er löngu komin í eyði og liggur undir Pálshúsum. Fjárhús og hlaða frá Pálshúsum eru nú á Bakka. Gamli bærinn á Bakka stóð fast vestan við, þar sem hlaðan er" [...] Skv. Fornleifaskráningu 1984 var Bakki ,,frammi á sjávarbakkanum í vestur frá Pálshúsum [...] heimatúnið að baki (til austurs) sjávarbakkinn beint fram af," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003.


Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 11

"Túnakortið [1918] sýnir þrjú aflöng og samföst torfhús, miðhúsið minna en hin. Þau eru með standþili og snúa í norðvestur. Þessi hús stóðu skv. Fasteignabók enn árið 1932 [...] en þau eru ekki lengur sýnileg. Þarna er hins vegar tóft hlöðu sem byggð var ofan í þar sem bærinn stóð, um 8,5 x 7 m að utanmáli, þvermál að innan 3,5. Hún er með grjóthlöðnum hringlaga veggjum, göflum og bárujárnsþaki og virðist ögn niðurgrafin," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 12
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 182-1 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: X: 353724155 Y:401155977

GK-182:002 heimild útihús 64°04.933N 21°59.952V
"Á Túnakortinu 1918 er útihúsabygging í gamla bæjarstæðinu rétt suðaustan við suðurhorn bæjarins [...] Tvö aflöng samliggjandi hús snúa nokkurn veginn í suður og aftur úr því eystra gengur þriðja húsið sem er minna og ferningslaga. Húsin eru úr torfi og með standþili," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003. Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 13
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 182-2 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: X: 353724155 Y:401155977

GK-182:003 hús óþekkt 64°04.918N 21°59.944V
"Við hlið hlöðu [001] í gamla bæjarstæðinu á Bakka hefur jarðhús með kúptu grasþaki verið byggt ofan í skotvarnarbyrgi [014]," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003. Frekari lýsingu vantar í skráningu RT og RKT.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 13
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 182-3 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: X: 353728970 Y:401126778

GK-182:004 heimild útihús 64°04.924N 21°59.957V
"Við Fornleifaskráningu 1984 eru „einhverjar tættur í túninu, nú horfnar - ekki vissu Pálshúsamenn hver þær voru eða hvað" [...] Sennilega eitt af útihúsunum sem sjá má á Túnakortinu," segir í fornleifaskráningu RT og RKT. Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 13
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 182-5 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: X: 353718949 Y:401138513

GK-182:005 heimild hjallur 64°04.924N 21°59.957V
"Suður af rústunum í bæjarstæðinu [001-003, 014-015] var fiskibyrgi en það var farið í sjóinn þegar Fornleifaskráningin fór fram 1984," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003. Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 13
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 182-6 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: X: 353718949 Y:401138513

GK-182:006 *Bakkabrunngata* heimild leið 64°04.978N 21°59.867V
"Í Örnefnaskrá 1964 segir: „Bakkabrunngata: Hún lá heiman frá bæ upp kringum Garðamýri í Garðalind [...]," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003. Lýsingu á leiðinni vantar í skráningu RT og RKT og einnig er óljóst hvort enn sjáist til leiðarinnar.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 13
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 182-7 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: X: 353796859 Y:401235312

GK-182:007 *Bakkastígur* heimild leið 64°04.905N 21°59.908V
"Á Túnakorti 1918 sést gata liggja frá Bakkavör [012] meðfram sjávarbakkanum og að bæjarstæðinu [001] vestan megin. Hluti hennar hefur e.t.v. farið í sjóinn en hún virðist byrja við garðlag [008] sem liggur frá vesturhorni Bakkabæjar. Í Örnefnaskrá 1964 segir um Bakkastíg: „Svo hét stígur er lá frá Bakka eftir sjávarbökkunum," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003. Lýsingu á leiðinni vantar í skráningu RT og RKT og einnig er óljóst hvort enn sjáist til leiðarinnar.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 14
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 182-8 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: X: 353756988 Y:401102045

GK-182:008 heimild kálgarður 64°04.924N 21°59.957V
"Á Túnakorti 1918 má sjá svolítinn garðblett á sjávarbakkanum framan við bæjarhúsin (001). Hluti hans virðist hafa farið í sjóinn en hlaðnir veggir eru vestan og norðan megin," segir í fornleifaskráningu RT og RKT 2003. Lýsingu á garðlaginu vantar í skráningu RT og RKT.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 14
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 182-9 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit Þeirra eru í Ísnet 93: X: 353718949 Y:401138513

GK-182:009 heimild bústaður 64°04.935N 22°00.034V
"Við sjávarkambinn vestan við bæjarstæðið á Bakka [001] var skv. Túnakorti 1918 ,,þurrabýli og tún þar fyrir neðan, brotið á dögum núlifandi manna". Þetta hefur verið við Bakkabryggju [016] sem lá suðvestur út frá jörðinni," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003. Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 14
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 182-10 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353657874 Y:401161210

GK-182:010 tóft rétt 64°04.943N 21°58.683V



Teikning: RT og RKT, 2003, bls. 12

,,Samkvæmt Fornleifaskráningu 1984 er rétt: ,,...uppi af hraunnefinu suður af Dysjamýrinni. Í austur 65° frá Bala..."," segir í Fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003
""Sléttlent og grösugt, hraunnibbur standa uppúr,"" segir í Fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003.
,,,,Réttin er grjóthlaðin, óreglulega ferhyrnd, þó með rúnnuðum hornum. Hlið eru á móti hvoru öðru, sem vísa í suðaustur (130°) og norðvestur (310°). Þessi rétt var notuð til skamms tíma samkvæmt upplýsingum. [Ekki kemur fram hver er heimildamaður]. Þvermál innan hliða, 9,25 m og veggjaþykkt 10,5 m. Þvermál þvert á mest 9,50 m." Við vettvangskönnun árið 2002 stóð réttin enn" segir í Fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 182-15 Þeirra Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354755333 Y:401124861

GK-182:011 heimild lending 64°04.867N 21°59.872V
Í Jarðabók segir: "Árið 1703 er hér nothæf lending," og jafnframt "Skipsuppsátur heyrir þessu býli [Nýjabæ] til í Bakkavörum frí" Óvíst er hvar lendingin var sem rætt er um í Jarðabók Árna og Páls. Hugsanlega er hún hin sama og Bakkavör [012].
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: JÁM III, 182

GK-182:012 *Bakkavör* heimild lending 64°04.867N 21°59.872V
Í skráningu RT og RKT frá 2003 segir eftirfarandi: ,,Á Túnakorti 1918 má sjá Bakkavör neðan landsmerkjagirðingar milli Bakka og Dysja, skv. Örnefnaskrá 1964:,,neðan við bæinn og vestarlega í fjörunni". Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir ,,Bakkavör er á merkjum Vestur-Dysja og Bakka"".
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 15
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 182-12 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353783278 Y:401029484

GK-182:013 *Bakkastekkur* heimild stekkur 64°04.943N 21°58.683V
"Þar sem hraunið skerst lengst út í Dysjamýri, fyrir innan Oddsnef, heitir Bakkastekksnef. Norðaustan í því eru tóftir af Bakkastekk," segir í örnefnaskrá.
,,Samkvæmt Fornleifaskráningu 1984 er Bakkastekkur í Skjólgóðum bolla sem opnast til norðurs ,,í

hraunjaðrinum sunnan við austurenda nýræktar í Dysjamýri"," segir í Fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003
„[Stekkurinn] er hringlaga, gerður úr þurri grjóthleðslu. Veggjaþykkt er um 1-1,1 m og er veggurinn vestan megin í hraunbrúninni. Þvermál að innan (í austur 95°) er um 5,6 en þvert á 5,3. Um 1,4-1,5 m breitt hlið er á stekknum austan megin og liggur aðhaldshleðsla úr grjóti frá því 16,5 m til austurs. Stekkurinn var ekki í notkun í tíð Tryggva Gunnarssonar núverandi ábúanda í Grjóta," segir í Fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Garðahverfi, 3
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 182-14 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354755333 Y:401124861



Teikning: RT og RKT, 2003, bls. 15.

GK-182:014 heimild herminjar 64°04.943N 21°58.683V
"Bretar byggðu þar [við 001] tvö loftvarnarbyrgi á stríðsárunum, og eru þau nú að fara í sjó," segir í örnefnaskrá KE. "Í Fornleifaskráningu 1984 segir að jarðhús [003] hafi verið byggt ofan í eitt þessarra byrgja „en þau voru mörg hér frammi á bakkanum, með skotgröfum á milli. Sumt er brotið ofan í flæðarmál, annað á leiðinni þangað. Mikið brýtur hér af landi að sögn heimamanna í Pálshúsum"," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003. Minjalýsingu vantar í skráningu RT og RKT.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Garðahverfi KE, 4; RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 13
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 182-4 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353728970 Y:401126778

GK-182:015 heimild herminjar 64°04.943N 21°58.683V
"Bretar byggðu þar [við 001] tvö loftvarnarbyrgi á stríðsárunum, og eru þau nú að fara í sjó," segir í örnefnaskrá KE. "Í Fornleifaskráningu 1984 segir að jarðhús [003] hafi verið byggt ofan í eitt þessarra byrgja „en þau voru mörg hér frammi á bakkanum, með skotgröfum á milli. Sumt er brotið ofan í flæðarmál, annað á leiðinni þangað. Mikið brýtur hér af landi að sögn heimamanna í Pálshúsum"," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003. Minjalýsingu vantar í skráningu RT og RKT.
Hættumat: stórhætta, vegna landbrots
Heimildir: Ö-Garðahverfi KE, 4; RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 13
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 182-4 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353728970 Y:401126778

GK-182:016 *Bakkabryggja* heimild lending 64°04.925N 22°00.141V
"Skv. Örnefnaskrá 1964 heita Bakkafjörur „fram við Bakkatún" en bakkagrandi er „sjávarkamburinn næst við Bakka" eða „syðsti hluti malarkampsins við Bakka" en þar er samkvæmt Túnakorti 1918 „molaberg grýtt [...] er sjór brýtur". Bakkabryggja er svo skerjahryggur er liggur fram í sjó frá Bakka [...] Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: „Skerjarani suðvestur frá Bakka heitir Bakkabryggja." [...] Aðrar náttúrulegar bryggjur í Garðahverfi eru fyrir neðan Dysjar, Miðengi og Hausastaði," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Garðahverfi KE, 4; RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 14-15
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 182-11 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353569636 Y:401147734

GK-182:017 heimild um naust 64°05.137N 22°00.034V
„Rétt ofan Bakkavara [012] er á Túnakorti 1918 svolítil bygging upp við merkjagirðingu milli Bakka og Dysja. Þetta eru tvö samföst steinhús sem snúa suðvestur að sjónum og gætu verið naust," segir í

fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003. Ekki er ljóst í skýrslu RT og RKT hvort þessi fornleif hafi verið könnuð á vettvangi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 15
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 182-13 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353675018 Y:401537497

GK-183 Pálshús

1565: Á lista yfir byggðar hjáleigur í landi Garða. "Pálshus byggd Heriolfe fyrer iij. vætter fiska. og vera fyrer skipe stadarens heima. og Röa á þvi epter þvi sem sá skicka vill sem Ráda á stadnum. er þar med j kugillde." DI XIV, 438. Garðakirkjueign. "Palshus, hjáleiga fyrirsvarslaus, stendur í óskiptu Garðastaðar landi og samtýniss við staðinn og hinar hjáleigurnar í hverfinu." JÁM III, 183.
1918: ,,Pálstún 1,5 teiga og 870 m2 kálgarða."

GK-183:001 *Pálshús* bæjarhóll bústaður 64°04.987N 21°59.679V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Á Túnakorti árið 1918 má sjá bæjarstæði Pálshúsa austan megin í túninu. Bærinn er byggður úr torfi og hólfast í fimm hluta með stefnu nokkurn veginn suður-norður. Skv. Fasteignabókun er komið timburhús árið 1932 [...], járnvarið 1942-4 eða fyrr [...]. Í Örnefnaskrá 1964 segir: ,,Pálshús: Hjáleiga frá Garðastað neðan til við Nýjabæ, þar á bala." [...] Skv. Örnefnalýsingu 1976-7 eru Pálshús ,,skammt noðan Dysja, en lengra frá sjónum." Ekki er nánari lýsing á Pálshúsum eða ástandi fornleifa þar í fornleifaskráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 112
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 183-1 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353950624 Y:401245105

GK-183:002 *Pálshúsvarir* heimild uppsátur 64°04.877N 22°00.006V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,, Í Jarðabók 1703 segir um réttindi ábúanda í Pálshúsum: ,,Uppsátur hefur staðarhaldarinn unt hönum hjer til þar sem heita Pálshúsvarir. Enn inntökuskip má hann eigi taka" [...] Skv. Örnefnaskrá 1964 var Pálshúsavör í smá viki austan Bakkabæjar, eða ,,austan til við lítið nef í Bakkafjöru"." Ekki er nánari lýsing á vörinni í fornleifaskráningu RT og RKT
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 113
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 183-11 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353674860 Y:401053367

GK-183:003 *Pálshúsabrunnur* heimild brunnur 64°04.987N 21°59.679V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Skv. Örnefnaskrá 1964 er Pálshúsabrunnur ,,rétt fyrir ofan bæinn. Allgott vatnsból" [...] Hann sést ekki á túnakorti."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 113
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 183-8 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353950624 Y:401245105

GK-183:004 garðlag 64°04.987N 21°59.679V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Á Túnakorti 1918 er ferhyrndur garður með hlöðnum veggjum austan Pálshúsabæjar."
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 112
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 183-2 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353950624 Y:401917774

GK-183:005 heimild útihús 64°04.987N 21°59.679V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Sunnan megin við bæinn [...] sýnir Túnakortið 1918 útihús úr torfi samfast garði með hlöðnum veggjum." Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 112
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 183-3 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353950624 Y:401917774

GK-183:006 heimild útihús 64°04.987N 21°59.679V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Suðvestan bæjarins [001], milli tveggja garða [005/007], má á Túnakortinu 1918 sjá tvískipt útihús úr timbri." Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 112
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 183-4 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353950624 Y:401245105

GK-183:007 heimild útihús 64°04.987N 21°59.679V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Vestan megin við bæinn [001] sýnir Túnakortið 1918 ferhyrndan garð og sýnist vera tóft af útihúsi við suðurenda hans." Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 112
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 183-5 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353950624 Y:401245105

GK-183:008 *Pálshúsagerði* heimild akur 64°04.987N 21°59.679V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Í Örnefnaskrá 1964 segir um Pálshúsagerði: „Svo var hluti túnsins nær Austurtúngarði Garðastaðar kallaður. Bendir það til garðyrkju?""
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 113
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 183-6 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353950624 Y:401245105

GK-183:009 *Pálshúsatraðir* heimild traðir 64°05.031N 21°59.589V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 má sjá traðir sem liggja austur frá Pálshúsum og kvíslast síðan í norðaustur að hliði á Garðatúngarði á mörkum við Nýjabæ og í suður að Dysjum. Skv. Örnefnaskrá 1964 lágu Pálshúsatraðir „heiman frá bæ niður að Dysjatröðum [GK-181:019] austur í hlið á Garðastaðatúngarði [...] sem þénaði einnig Dysjum og Bakka." Pálshúsahlið hét það og var trúlega sama og Nýjabæjarhlið [GK-184:004] sem var." Ekki kemur fram í fornleifaskráningu RT og RKT hvort enn sjáist til Pálshúsatraða.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 112
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 183-7 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354027121 Y:401323403

GK-183:010 *Pálshúsabrunngata* heimild leið 64°04.987N 21°59.679V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Í Örnefnaskrá 1964 segir: „Pálshúsabrunngata: Gatan lá frá brunninum heim á bæ."" Ekki kemur fram í fornleifaskráningu RT og RKT hvort enn sjáist til Pálshúsabrunngötu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 113
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 183-9 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353950624 Y:401245105

GK-183:011 *Pálshúsasjávargata* heimild leið 64°04.933N 21°59.867V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Bakkahryggur var skv. Örnefnaskrá 1964 ,,hryggur er lá eftir vesturtúninu heiman frá bæ allt niður undir Bakka" og Pálshúsasjávargata ,,lá fram Bakkahrygg að sjó í Pálshúsavör"." Ekki kemur fram í fornleifaskráningu RT og RKT hvort enn sjáist til Pálshúsasjávargötu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 113
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 183-10 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353793310 Y:401151394

GK-184 Nýibær

1565, skrá yfir byggðar jarðir staðarins, sem ekki voru hjáleigur: "Nyiabæ Gudmunde fyrer iij vætter fiska. vallarslátt. Röa a skipenu heim um kring ár. med jördunna kugillde." Garðakirkjueign. "Nýebær, kallaður hálfbýli, því þarer ekki fyrirsvar (eða hreppamanna hýsing) nema að hálfu. Stendur þetta býli í óskiftu Garðastaðar landi og samtýniss við Garða eins og hin í hverfinu, er hjáleigur kallast." JÁM III, 184.
1918: ,,Tún 1,9 teigar"

Túnakort: Garðar, Krókur, Ráðagerði og Nýibær



Byggt á túnakorti frá 1918

GK-184:001 *Nýibær* bæjarhóll bústaður 64°05.072N 21°59.626V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti má sjá stæði Nýjabæjar með þyrpingu húsa og garða norðarlega í Nýjabæjartúni. Bærinn er úr torfi og hólfast í þrennt með stefnu suðvestur-norðaustur. Í Örnefnaskrá 1964 segir að hann sé „neðar í túni en Krókur" [...] og Örnefnalýsing 1976-7 bætir við: „Nýibær er upp af Pálshúsum og liggja túnin saman. Hlaða og fjós eru rétt austur af gamla húsinu. Nú hefur nýtt hús verið byggt í Nýjabæ í túnjaðrinum austur við veginn. Nýbýlið Grund, sem byggt var nálægt 1950, er ofan og austan við túngarðinn. Því fylgir ekki grasnyt, aðeins lítil lóð." [...] Skv. Fasteignabókum var komið timburhús í Nýjabæ árið 1932 [...] og járnvarið 1942-4 ef ekki fyrr [...] Núverandi íbúðarhús hefur vafalaust raskað eldri byggingarleifum. Erfitt er að meta hvort einhverjar leifar bæjarhúsanna geti enn leynst undir sverðinum."
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 108
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 184-1 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354000967 Y:401400369

GK-184:002 *Nýibær* bæjarstæði bústaður 64°04.942N 22°01.495V
"Vestur af Bakkabryggju [GK-182:016] er Nýjabæjarsker. Í mestu fjörum kemur upp grandi, sem hægt er að ganga eftir frá Bakkabryggju út í Nýjabæjarsker. Sögn er um, að bærinn í Nýjabæ hafi fyrir löngu staðið úti í Nýjabæjarskeri. Það fer í kaf með öllum flóðum." Nýjabæjarsker er í Garðatjörn skammt undan landi, um 1,5 km vestur af bæ 001.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Garðahverfi, 4

GK-184:003 *Nýjabæjarbrunnur* heimild brunnur 64°05.059N 21°59.656V
Í Örnefnaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Skv. Örnefnaskrá 1964 var „allgott vatnsból, Nýjabæjarbrunnur, „rétt neðan við bæinn" [001] [...] Skv. Örnefnalýsingu 1976-7 var það „u.þ.b. 40-50 m suður af gamla bænum í Nýjabæ". Brunnurinn er ekki sýndur á túnakorti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 109
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 184-6 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353975502 Y:401377226

GK-184:004 *Nýjabæjartraðir* heimild traðir 64°05.043N 21°59.579V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „ Á Túnakorti 1918 má sjá götu sem liggur suður að hliði á Garðatúngarði [013] og eru þetta líklega Nýjabæjartraðir sem nefndar eru í Örnefnaskrá 1964: „Þær lágu heima frá bæ út að hliði túngarðsins", þ.e. Nýjabæjarhliði sem „var aðalhlið eystri bæja hverfisins" [...] en þangað lágu líka Pálshúsatraðir [GK-183:009] og Dysjatraðir [GK-181:019]." Ekki er ljóst af skráningu RT og RKT hvert ástand traðanna er í dag.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 110
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 184-9 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354036367 Y:401345433

GK-184:005 heimild útihús 64°05.341N 22°00.360V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 er útihús úr steini norðvestan við bæinn [001]. Það skiptist í tvennt og er annað hólfið aflangt en hitt minna og ferningslaga. Stefnan er norðvestur-suðaustur." Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 109
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 184-2 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353429020 Y:401927763

GK-184:006 heimild útihús 64°05.341N 22°00.360V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Við norðurhorn bæjarins [001] er á Túnakorti 1918 útihús úr torfi, aflangt og tvískipt og hefur stefnuna suðaustur-norðvestur. Ekki sjást nú leifar þess."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 109
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 184-3 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353429020 Y:401927763

GK-184:007 heimild 64°05.341N 22°00.360V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Rétt austan við torfhúsið [006] sýnir Túnakortið 1918 lítið ferhyrnt mannvirki sem gæti verið for eða skólpgryfja. Ekki sjást nú leifar þess."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 109
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 184-4 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353429020 Y:401927763

GK-184:008 garðlag 64°05.062N 21°59.621V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakortinu 1918 má sjá garða með hlöðnum veggjum liggja kringum bæjarhúsin."
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 109
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 184-5 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354004517 Y:401382472

GK-184:009 *Nýjabæjarbrunngata* heimild leið 64°05.297N 22°00.476V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Í Örnefnaskrá 1964 segir „Nýjabæjarbrunngata: Hún lá frá Brunninum [003] heim til bæjar [001] og fjóss"." Ástand götunnar kemur ekki fram í skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 110
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 184-7 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353330913 Y:401851178

GK-184:010 heimild útihús 64 05.297N 22 00.476V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakortinu 1918 má sjá útihús við garðsenda austan megin í túninu, líklega úr steini." Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 110
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 184-8 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353330913 Y:401851178

GK-184:011 *Stöðullinn* heimild kvíar 64°05.027N 21°59.535V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Í Örnefnaskrá 1964 segir um Stöðulinn: „Hann var við Nýjabæjarhlið. Var Stöðull fyrir alla bæina Nýjabæ, Pálshús, Bakka og Dysjar." Ekki kemur fram í skýrslu RT og RKT hvort fornleifar sé að finna á staðnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 110
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 184-10 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354070860 Y:401314476

GK-184:012 *Nýjabæjarvör* heimild uppsátur 64°04.834N 21°59.710V

Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Í Jarðabók 1703 segir: „Skipsuppsátur heyrir þessu býli til í Bakkavörum frí." [...] Þegar fram leið hefur þó verið farið að kenna vörina við Nýjabæ og hefur hún verið rétt við Bakkavör [GK-182:012] vestan Dysjavarar [GK-181:003] [...] Ekki sjást neinar leifar af vörinni og að öllum líkindum hefur hún horfið vegna landbrots."
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 110-1
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 184-12 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353912185 Y:400962408

GK-184:013 garðlag túngarður 64°05.094N 21°59.660V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 má sjá að girt er kringum Nýjabæ alla leið. Milli hans og Pálshúsa sýnist vera girðing en garður gegnt Króki [GK-185:078] og meðfram austur- og suðurhliðum túnsins sem snúa út frá hverfinu liggur Garðatúngarður. Skv. Fasteignabók er túngarður og hagagirðing umhverfis Nýjabæ árið 1932." Í skráningu RT og RKT, blaðsíðu 110, kemur fram að túngarðurinn sé horfinn að hluta, en ekki er nánar lýst hve mikið af garðinum sé enn til staðar.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 110
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 184-11 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353975466 Y:401442843

GK-185 Garðar

Kirkjustaður. Hóll var hjáleiga 1803. 1307: "ad stadur j Gördum a Alftanese ætte allann vidreka og hvalreka fra Ranganiogre og [i] Leitu kvenna bása. ad kalftiorninga fiouru." DI II, 362. 1367 átti kirkjan allt heimland, Hausastaði og Selskarð, Hlið, Bakka, Dysjar, Harunasholt og Hjallaland, auk þess afrétt í Múlatúni - DI III, 220 sbr. 1397 - DI IV, 107-108. 1558: Var kirkjujörðin Hlið [GK-193] lögð til Bessastaða en Garðar fengu í staðinn Vífilsstaði [GK-175]. DI XIII, 317. 1697 var staðurinn 60 hndr. Hafnarfjörður á 16 ha þríhyrning úr landi Garða, frá gömlu marklínunni í átt að Álftanesvegi, þar sem nú er hluti ad Norðurbænum í Hafnarfirði. Görðum tilheyrir landið sjávarmegin við Hafnarfjarðarveg inn að Arnarneslæk sem ræður til sjávar. Ö-Garðahverfi, 2. Er Hafnarfjarðarkaupstaður var stofnaður 1907 voru honum ákveðin norðurmörk "Úr sjó utanvert við Balatún, sjónhending eftir takmörkum Hafnarfjarðarhrauns og Dysjamýrar, þar til kemur á hinn forna veg frá Görðum til Reykjavíkur. Eftir þeim vegi í Engidal. Þaðan eftir nyrðri brún Hafnarfjarðarhrauns, þar til kemur á móts við austurhorn Hraunholtstúns …" (ÁG Saga Hafnarfjarðar I, 101). Land þetta tilheyrði þó Garðastað eftir sem áður en 1912 keypti Hafnarfjarðarkaupstaður það mestallt og heimilaði Alþingi það með lögum nr. 12, 22.10.1912 með þessum merkjum: "Bein lína úr Balaklöpp við vesturenda Skerseyrarmalar í veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer að fara lækkandi frá norðurbrún hraunsins. Þaðan bein lína í Hádegishól, hádegismark frá Hraunsholti, nálægtí hásuður frá bænum, spölkorn frá hraunjaðrinum…" Hamarskotstún var eftir sem áður eign Garðastaðar (ÁG Saga Hafnarfjarðar I, 102-104). Görðum tilheyrir landið sjávarmegin við Hafnarfjarðarveg inn að Arnarneslæk sem ræður til sjávar. Ö-Garðahverfi, 2.
1703: "Úthagar nálægt heimastaðnum eru bæði þröngvir og snögglendir." JÁM III, 181.

GK-185:001 *Garðar* bæjarhóll bústaður 64°05.167N 21°59.766V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti frá árinu 1918 má sjá bæjarstæðið í Görðum nokkurn veginn í miðju túni, austan kirkjunnar [002], ofan og norðan kirkjugarðsins [019]. Þar eru þrjár stórar byggingar [035/036], lítið hús [037] og for [032]. Gamli bærinn gæti verið stóra torfhúsið næst kirkjunni en það skiptist í tvö aðalhólf og virðist anddyrið snúa í suðvestur að bæjarhlaðinu. Í Örnefnalýsingu 1958 segir: „Ofan við Kirkjugarðinn er býlið Garðar." [...] Skv. Örnefnaskrá 1964 stóðu „byggingar staðarins [...] á bæjarhólnum austan kirkju [...] ofarlega í Garðatúni miðsvegar í hverfinu" [...] Örnefnalýsing 1976-7 hefur þetta: „Garðar, hið forna prestsetur og höfuðból, eru norðvestur frá Nýjabæ. Tún Nýjabæjar, Króks [078] og Garða liggja saman. Gamli bærinn í Görðum stóð aðeins vestar en nýja húsið. Kirkjan var vestan hans [...]"."



Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 25.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 30
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-1 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353895382 Y:401582329

GK-185:002 *Garðakirkja* kirkja 64°05.174N 21°59.817V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Í grein frá árinu 1904 [...] segir Matthías Þórðarson að Garðakirkja hafi áður verið innan kirkjugarðsins [019]. Á Túnakorti 1918 sést gamla kirkjan vestan við bæjarhúsin [001] og sýnist vera úr steini með stefnuna suðaustur-norðvestur. Skv. Örnefnaskrá 1964 var hóllinn „þar sem Garðakirkja stóð" kallaður „Kirkjuhóll" [...] Í Örnefnalýsingu 1976-77 segir hins vegar: „Gamli bærinn í Görðum stóð aðeins vestar en nýja húsið. Kirkjan var vestan hans, og hefur hún verið endurbyggð á sama stað." [...] Núverandi kirkja var reist árið 1966."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 31
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-6 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353854949 Y:401597462

GK-185:003 *Digranessbuð* bæjarstæði bústaður
"Bygt í tíð og með leyfi Peturs Reyelssonar kaupmanns lengra inn í Garðastaðar landareign en Einarhús [sem var líklegast innan núverandi marka Hafnarfjarðar] af búandanum i Digranesi á Seltjarnesi, sem þessi búð brúkaði og skipi sínu þar hjá til fiskjar hjelt um vertíð orðlofslaust af staðarhaldaranum, so vítt menn vita. Búðin iggur nú í eyði síðan fiskiríið brást í Hafnarfirði," segir í jarðabók Árna og Páls frá 1703. Nákvæm staðsetning búðarinnar er ekki þekkt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 177

GK-185:004 *Holmsbuð* bæjarstæði bústaður
"Byggð nokkru síðar en Digranessbúð í tíð Knúts Storms kaupmanns í Hafnarfirði og með hans leyfi að menn meina. Stendur þessi búð álíka langt inn í Garða landareign sem Digranesbúð. Brúkaðist hún og brúkast enn núi fyrir verbúð um vertíð af ábúandanum á Hólmi við Seltjarnarnes í leyfi kaupmannsins í Hafnarfirði, so framt menn vita, að vísu leyfislaust af staðarhaldaranum, og gánga þar við þessa búð tvö tveggja manna för jafnlega um vertíð," segir í jarðabók Árna og Páls frá 1703. Nákvæm staðsetning búðarinnar er ekki þekkt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 178

GK-185:005 *Eysteinshús eða Geirahús* bæjarstæði bústaður
"Út með Hafnarfirði í Garðastaðalandi standa þessi tóm hús: Eysteinshús eður Geirahús. Þingvallna búð [006]. Stigshús eður Jodísar hús [007]. Illugabúð eður Langeyrarbúð [008]. Ofanmannabúð [009]. Laugardælabúð [010]. Þessar búðir eru sumar 50 ára gamlar, sumar ýngri, sumar fárra ára. Hefur staðarhaldarinn þær í þeim góðu fiskiárum burt leigt, sumar aðkomandi mönnum með skipsuppsátri fyrir v aura undirgift og sumar lögðust inn skipshafnir, sem reru á staðarhaldarans bátum, er þar við búðirnar uppsátur höfðu, og fjekk þá tómthússmaðurinn soðningskaupið. Þessar grasleysubúðir eru nú síðan fiskiríið minkaði sumpart öldúngiss niðurfallnar, sumar hánga uppi enn nú íbúðar og leigulausar á fallandi fæti, ef fiskiríið ei aftur að legst," segir í jarðabók Árna og Páls frá 1703. Nákvæm staðsetning búðarinnar er ekki þekkt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 178

GK-185:006 *Þingvallna búð* bæjarstæði bústaður
"Út með Hafnarfirði í Garðastaðalandi standa þessi tóm hús: Eysteinshús eður Geirahús [005]. Þingvallna búð. Stigshús eður Jodísar hús [007]. Illugabúð eður Langeyrarbúð [008]. Ofanmannabúð [009]. Laugardælabúð [010]. Þessar búðir eru sumar 50 ára gamlar, sumar ýngri, sumar fárra ára. Hefur staðarhaldarinn þær í þeim góðu fiskiárum burt leigt, sumar aðkomandi mönnum með skipsuppsátri fyrir v aura undirgift og sumar lögðust inn skipshafnir, sem reru á staðarhaldarans bátum, er þar við búðirnar uppsátur höfðu, og fjekk þá tómthússmaðurinn soðningskaupið. Þessar grasleysubúðir eru nú síðan fiskiríið minkaði sumpart öldúngiss niðurfallnar, sumar hánga uppi enn nú íbúðar og leigulausar á fallandi fæti, ef fiskiríið ei aftur að legst," segir í jarðabók Árna og Páls frá 1703. Nákvæm staðsetning búðarinnar er ekki þekkt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 178

GK-185:007 *Stigshus eða Jodisar hus* bæjarstæði bústaður
"Út með Hafnarfirði í Garðastaðalandi standa þessi tóm hús: Eysteinshús eður Geirahús [005]. Þingvallna búð [006]. Stigshús eður Jodísar hús. Illugabúð eður Langeyrarbúð [008]. Ofanmannabúð [009]. Laugardælabúð [010]. Þessar búðir eru sumar 50 ára gamlar, sumar ýngri, sumar fárra ára. Hefur staðarhaldarinn þær í þeim góðu fiskiárum burt leigt, sumar aðkomandi mönnum með skipsuppsátri fyrir v aura undirgift og sumar lögðust inn skipshafnir, sem reru á staðarhaldarans bátum, er þar við búðirnar uppsátur höfðu, og fjekk þá tómthússmaðurinn soðningskaupið. Þessar grasleysubúðir eru nú síðan fiskiríið minkaði sumpart öldúngiss niðurfallnar, sumar hánga uppi enn nú íbúðar og leigulausar á fallandi fæti, ef fiskiríið ei aftur að legst," segir í jarðabók Árna og Páls frá 1703. Nákvæm staðsetning búðarinnar er ekki þekkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 178

GK-185:008 *Illugabúð* bæjarstæði bústaður
"Út með Hafnarfirði í Garðastaðalandi standa þessi tóm hús: Eysteinshús eður Geirahús [005]. Þingvallna búð [006]. Stigshús eður Jodísar hús [007]. Illugabúð eður Langeyrarbúð. Ofanmannabúð [009]. Laugardælabúð [010]. Þessar búðir eru sumar 50 ára gamlar, sumar ýngri, sumar fárra ára. Hefur staðarhaldarinn þær í þeim góðu fiskiárum burt leigt, sumar aðkomandi mönnum með skipsuppsátri fyrir v aura undirgift og sumar lögðust inn skipshafnir, sem reru á staðarhaldarans bátum, er þar við búðirnar uppsátur höfðu, og fjekk þá tómthússmaðurinn soðningskaupið. Þessar grasleysubúðir eru nú síðan fiskiríið minkaði sumpart öldúngiss niðurfallnar, sumar hánga uppi enn nú íbúðar og leigulausar á fallandi fæti, ef fiskiríið ei aftur að legst," segir í jarðabók Árna og Páls frá 1703. Nákvæm staðsetning búðarinnar er ekki þekkt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 178

GK-185:009 *Ofanmannabúð* bæjarstæði bústaður
"Út með Hafnarfirði í Garðastaðalandi standa þessi tóm hús: Eysteinshús eður Geirahús [005]. Þingvallna búð [006]. Stigshús eður Jodísar hús [007]. Illugabúð eður Langeyrarbúð [008]. Ofanmannabúð. Laugardælabúð [010]. Þessar búðir eru sumar 50 ára gamlar, sumar ýngri, sumar fárra ára. Hefur staðarhaldarinn þær í þeim góðu fiskiárum burt leigt, sumar aðkomandi mönnum með skipsuppsátri fyrir v aura undirgift og sumar lögðust inn skipshafnir, sem reru á staðarhaldarans bátum, er þar við búðirnar uppsátur höfðu, og fjekk þá tómthússmaðurinn soðningskaupið. Þessar grasleysubúðir eru nú síðan fiskiríið minkaði sumpart öldúngiss niðurfallnar, sumar hánga uppi enn nú íbúðar og leigulausar á fallandi fæti, ef fiskiríið ei aftur að legst," segir í jarðabók Árna og Páls frá 1703. Nákvæm staðsetning búðarinnar er ekki þekkt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 178

GK-185:010 *Laugardælabúð* bæjarstæði bústaður
"Út með Hafnarfirði í Garðastaðalandi standa þessi tóm hús: Eysteinshús eður Geirahús [005]. Þingvallna búð [006]. Stigshús eður Jodísar hús [007]. Illugabúð eður Langeyrarbúð [008]. Ofanmannabúð [009]. Laugardælabúð. Þessar búðir eru sumar 50 ára gamlar, sumar ýngri, sumar fárra ára. Hefur staðarhaldarinn þær í þeim góðu fiskiárum burt leigt, sumar aðkomandi mönnum með skipsuppsátri fyrir v aura undirgift og sumar lögðust inn skipshafnir, sem reru á staðarhaldarans bátum, er þar við búðirnar uppsátur höfðu, og fjekk þá tómthússmaðurinn soðningskaupið. Þessar grasleysubúðir eru nú síðan fiskiríið minkaði sumpart öldúngiss niðurfallnar, sumar hánga uppi enn nú íbúðar og leigulausar á fallandi fæti, ef fiskiríið ei aftur að legst," segir í jarðabók Árna og Páls frá 1703. Nákvæm staðsetning búðarinnar er ekki þekkt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 178

GK-185:011 *Bali* bæjarstæði bústaður 64°04.728N 21°59.073V
"Hefur verið tómthús, fyrir átta eður tíu árum fyrst uppbygt. ... Nú er þetta býli öldungiss eyðilagt og i tóftarbrot komið og byggist aldrei nema stór fiskiganga inn á Hafnarfjörð komi," segir í jarðabók Árna og Páls frá 1703. "Sýslumaður nefnir eigi býli þetta, en jarðabækurnar telja hér 3 smábýli, sem sé Garða kirkjueign (Lángeyri, Bali og Skerseyri), en prestur nefnir Lángeyri eingaungu," segir jarðaskrá Johnsens frá 1847. "Balatún: Tún býlisins Bala. Er eiginlega í Garðahverfi, en þar sem hann er á Hrauninu verður hann hér með. Balatúngarður: Túngarður austan túnsins aðallega," segir í örnefnaskrá Hafnarfjarðar. "Gamli bærinn á Bala stóð á hraunbrún. .. Íbúðarhúsið, sem nú er, stendur u.þ.b. 100 m beint upp af, þar sem gamli bærinn stóð. Það var byggt um 1931. Fjós og hlaða eru skammt upp af húsinu. Fjárhús [024] standa upp við veginn til Hafnarfjarðar," segir í örnefnaskrá Garðahverfis. Nákvæm staðsetning býli þess sem getið er í jarðabók er ekki þekkt, en samkvæmt lýsingu hefur það sennilega verið skammt frá hjalli sem er nú á þessum slóðum og er á hraunbrúninni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 179; JJ 1847, 92; Ö-Hafnarfjörður, 127; Ö-Garðahverfi, 2

GK-185:012 *Brúsastaðir/Litla-Langeyri* bæjarstæði bústaður 64°04.689N 021°58.691V
Í manntali frá 1801 er Litla Langeyri talin milli Skerseyrar og Stóru-Langeryrar og vor þar þá tvö heimili með 4 og 2 mönnum. Í sóknarlýsingu frá 1842 er Litla-Langeyri talin meðal býla á svæðinu milli Fiskakletts og Skerseyrar. "L[itla]-Langeyratún: Tún býlis er þarna stóð. Síðar Brúsastaðir. L[itlu]-Langeyrartúngarður: Garður af grjóti kringum býlið. L[itlu]-Langeyrarbrunnur: Brunnur í laut sunnan við Bæinn. Aðeins á Fjöru. " Brúsastaðatún: 1890 var grafið í gömlu bæjarústirnar og kom upp brot af leirbrúsa. Þar af kom nafnið." segir í örnefnlýsingu Álftaneshrepps. 1901 voru 5 heimilismenn á Brúsastöðum en fyrir aldamótin hafði þurrabúðin verið í eyði um skeið.
Tvö hús standa bæjarstæðinu og er mikið af grjóthlöðnum görðum umhverfis, flestir nýlegir en hugsanlegt er að sumir séu leifar af túngörðum frá 19. öld.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: SS: Saga Hafnarfjarðar, 408; Ö-Hafnarfjörður, 126. GS: Örnefnaskrá fyrir Álftaneshrepp hin forna, 126

GK-185:013 *Skerseyri* bæjarstæði bústaður 64°04.720'N 021°58.546'V
1703 segir um Skerseyri "Hjáleiga í Garðastaðarlandi hjer um XX ára gömul og hefur þetta býli samkvæmt því fyrst byggst eftir 1680 " "2 heimili með 6 og 2 mönnum voru á Skerseyri 1801 en 1816 var þar aðeins eitt heimili með 4 mönnum. Skerseyri er talin meðal býla í sóknarlýsingu frá 1842" SSGK, 206. Samkvæmt manntali 1845 voru enn 4 til heimilis á Skerseyri. Samkvæmt manntali 1901 bjuggu 5 heimilismenn þar. Haustið 1902 var Skerseyri í eyði en byggðist þó aftur skömmu síðar. "Skerseyrartún: Næsta býli við L[itlu]-Langeyri. Þar var kýrgras eitt sinn og býlið hjáleiga frá Görðum. Skerseyrartúngarður. Hann lá um túnið. En við sjó horfinn í Mölina." segir í örnefnalýsingu.
Hús með torfþaki stendur rétt við ströndina byggt inn í hól. Upphlaðin leið liggur meðfram suð-vestur hlið. Húsið er tvískipt og eru á því tveir inngangar sem snúa í suð-austur. Framhlið er úr við, norð-austur og norð-vestur hlið eru klappir og suð-vestur hliðin er hlaðin úr grjóti. Þetta er ekki bæjarhús en er trúlega tengd búskap. Ekki að sjá neitt á svæðinu sem gæti verið bústaður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 178-179; JÁM X, 178-179; SS: Saga Hafnarfjarðar, 408; SSGK, 206. JJ 1847, 92; Ö-Hafnarfjörður, 127; MJ: Bær í byrjun aldar, 115

GK-185:015 *Skerseyrarvör* örnefni lending 64°04.747'N 021°58.950V
"Þegar kemur vestur fyrir Stifnishóla [014], er Skerseyrarmöl, og í henni er Skerseyrarvör." "Skerseyrarvör. Hún var þarna í fjörunni á sinni tíð. Niðurlögð [1964]." Þar sem vörin hefur verið er hlaðin og steypt varða.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hafnarfjörður AG, 6

GK-185:016 hús skemma 64°05.164N 21°58.932V
Í Fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Suðvestan til í Garðaholti, norðvestur af Völvuleiði [GK-187:011], fannst við Fornleifaskráningu 1984 kofi og sunnan hans kálgarður."
Í Fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,, Kofinn er ferhyrndur og utanmál hans 7,25 x 5 m. Hann er hlaðinn úr grjóti, norðausturhliðin grafin inn í hæðina og grasþak á honum. E.t.v. Hefur þetta verið kartöflugeymsla."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 59
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-73 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354572592 Y:401544775


Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 59

GK-185:017 *Balavör* örnefni lending 64°04.714N 21°59.114V
"Hún lá vestan Balaklettanna," segir í örnefnalýsingu Hafnarfjarðar. "Balaklettur gengur í sjó fram innan

(austan) við Balamöl Vestan við hann var lending frá Bala," segir í örnefnalýsingu Garðahverfis. Ekki er greinanleg manngerð, rudd vör vestan Balakletta, svo lendingin hefur verið náttúruleg. Balavör hefur verið um 50 m VNV af Balaklettsvörðu 018.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hafnarfjörður, 127; Ö-Garðahverfi, 2

GK-185:018 *Balaklettsvarða* varða landamerki 64°04.470N 21°59.053V



Varðan, horft til norðvesturs

„Balaklettsvarða: Markvarða stóð á syðsta klettinum í Balaklettum," segir í örnefnaskrá Hafnarfjarðar. Varðan er á klett við sjávarmál, um 50 m suður af unglegum hjalli sem stendur líklega nærri fyrrum bæjarstæði Bala [011].
Varðan er á hraunkletti í sjó fram, skammt norðaustur af er hraunið gróið grasi.
Varðan er um 1,3 m á hæð og um 1 m í þvermál. Hún er hlaðin úr hraungrýti og steypt er á milli umfara. Varðan er brotin að ofan og hefur því verið hærri áður fyrr.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hafnarfjörður, 127

GK-185:019 *Garðakirkjugarður* kirkjugarður legstaður 64°05.147N 21°59.836V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakortinu 1918 má sjá gamla grafreitinn í Görðum rétt suðvestan við kirkjuna og bæjarhúsin [001]. Skv. Örnefnalýsingu 1958 er Garðakirkjugarður neðan bæjarins [001], upp af þurrabúðinni Hól [027]: „Þarna er svæði slétt upp að kirkjurúst, en á það vantar nöfn." [...] Skv. Örnefnaskrá 1964 lá hann „neðan kirkjunnar og bæjarhúsanna" [...] Í Örnefnalýsingu 1976-77 segir: „Gamli kirkjugarðurinn er sunnan kirkjunnar og íbúðarhússins. Hann hefur nú verið stækkaður til vesturs." [...] Skv. Fornleifaskráningu 1984 er kirkjugarðurinn beint niður og vestur af núverandi bæjarhúsum „girtur grjóthlöðnum garði"."
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Þegar Matthías Þórðarson rannsakaði legsteina í Garðakirkjugarði árið 1903 komst hann að því að þar eru sex frá 17. öld og einn frá byrjun 18. aldar, auk þess sem nýlega hafði fundist brot af 17. aldar steini: „Allir þessir legsteinar eru höggnir úr venjulegu hraungrýti (dolerit) og sömu tegundar og annað grjót í Garðholti. Þrír af þeim [...] lágu fyrir dyrum kirkjunnar, sem áður var í kirkjugarðinum, og því nokkuð máðir, en þó er letrið enn vel skýrt á þeim öllum." [...] Árið 1918 voru „um 40 minnisvarðar" í Garðakirkjugarði." Ekki er þess getið í skráningu RT og RKT hvað gamli garðurinn sé stór, hvort hann hafi verið sléttaður eða hvort þar sjáist merki eldri kirkju.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 31
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-7 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353837367 Y:401547795

GK-185:020 *Hvíluhóll* heimild áfangastað
"Þaðan [018] er bein lína í Hvíluhól, en sá hóll er fast norðaustan við Garðaveginn til Hafnarfjarðar. Á Hvíluhól lögðu menn af sér byrgði á leið til og frá Hafnarfirði." Mikið rask hefur verið á þessu svæði og er hóllinn horfinn.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Garðahverfi, 2

GK-185:021 varða landamerki
"Þaðan [018] er bein lína í Hvíluhól, en sá hóll er fast norðaustan við Garðaveginn til Hafnarfjarðar. Á Hvíluhól lögðu menn af sér byrgði á leið til og frá Hafnarfirði. Út vörðu á Hvíluhól er svo línan í vörðu á hraunbrún sunnan við Engidal." Mikið rask hefur verið á þessu svæði og er hóllinn með vörðunni horfinn.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Garðahverfi, 2

GK-185:022 varða landamerki

"Þaðan [018] er bein lína í Hvíluhól, en sá hóll er fast norðaustan við Garðaveginn til Hafnarfjarðar. Á Hvíluhól lögðu menn af sér byrgði á leið til og frá Hafnarfirði. Út vörðu á Hvíluhól er svo línan í vörðu á hraunbrún sunnan við Engidal."
Landslaginu á þessum stað hefur verið mikið breytt vegna bygginga og vega, því ekki hægt að staðsetja nákvæmlega.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Garðahverfi, 2

GK-185:023 *Garðhús* bæjarstæði bústaður 64°05.225N 21°59.708V
„Gardhus, hjáleiga fyrirsvarslaus samtýniss við hinar hverfinu." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1703. Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakortinu 1918 má sjá byggingu vestan við Garðatraðir [093] og Garðahlið rétt innan túngarðsins [100], líklega svo nefnd Garðhús. Í Örnefnalýsingu 1958 er talað um hól vestur af Görðum ofan götu [...] en skv. Örnefnaskrá 1964 var þetta „hjáleiga og þurrabúð" upp við eða „vestan Garðahliðs" [...] Í Örnefnalýsingu 1976-77 segir: „Efst í Garðatúni, fast vestan við heimreiðina, eru gamlar tóftir af þurrabúðinni Garðhúsum." [...] Fornleifaskráning fór fram 1984 og eru minjarnar neðan vegar rétt áður en kemur að „heimkeyrslu að Garðakirkju [...]" beint niður af spennistöð sem þarna er." „Þjóðvegurinn er beint upp af, tún niður af, að kirkjunni." Nokkru vestar kemur fram hluti af landamerkjagarði [100] Garðalands og stefnir á Háteig [030]."



Teikning: RT og RKT, 2003, bls. 43.

Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Tóftin er ferhyrnd, mjög greinileg og virðist niðurgrafin. Hún skiptist í tvennt, innanlengdin 7 m að skilveggjum og 11,7 m frá honum, innanbreiddin um 3 m og veggirnir 1,5 m á breidd. Tóftin er full af grjóti, hefur nokkurn veginn sömu stefnu og vegurinn og vísar sú langhlið sem fjær honum er í suðvestur að Garðatúni. Fram af henni er eins konar bakki, e.t.v. Útlínur kálgarðsins sem þá er um 14 m breiður frá húsinu. Þetta kemur saman við Túnakortið sem sýnir aflangt torfhús með stefnuna norðvestur-suðaustur og áfastan kálgarð suðvestan megin."
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: JÁM III, 185; RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 42-3
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-34 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353947936 Y:401688164

GK-185:024 tóft fjárhús 64°04.633N 21°58.692V
Rúst af fjárhúsi er við gatnamót Garðavegar og afleggjarans sem áður lá að býlinu Bala [011].
Umhverfis tóftina er grasigróið hraun.
Tóftin er hlaðin úr hraungrýti og er steypt á milli umfara, sem eru um 7. Veggjahæð er rúmlega 1,5 m og þykkt er milli 0,5 og 1 m. Hún er um 9 x 7 m að stærð og snýr NA-SV. Rústin er ferhyrnd og í henni eru tvö hólf, en vesturvegg vantar og hefur hugsanlega verið þil þar fyrir. Gólf eru steypt. Að líkindum er um rúst fjárhúss að ræða, en í örnefnaskrá segir að fjárhús Bala standi „upp við veginn til Hafnarfjarðar."



Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Garðahverfi, 2

GK-185:025 *Gálgahraunsstígurinn syðri* heimild leið 64°04.818N 21°58.957V
"Skv. Örnefnaskrá 1964 tók Gálgahraunsstígur syðri við þar sem Dysjabrú [072] sleppti. Hann lá austur frá Mónefi upp á Flatahraun við Hvítaflöt nokkru norðar, framhjá Oddsnefi og Bakkastekksnefi í hraunjaðrinum og um Gatnamót yfir í Engidal...Meðan Hafnfirðingar áttu kirkjusókn að Görðum eða fram til 1908 þurftu þeir að fara þessa leið en í miklum leysingum fóru þeir frekar Kirkjustíg [GK-174:042] síðasta spölinn," segir í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003.
Gálgahraunsstígurinn syðri er teiknaður á minjakort í fornleifaskrá RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 58-9
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-71 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354357901 Y:401283657

GK-185:026 *Garðalind* lind vatnsból 64°05.090N 21°59.875V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Garðalind er á Túnakortinu 1918 merkt inn beint suðvestur af Garðakirkjugarði [019] þar sem túnið mætir mýrlendinu fyrir neðan, þ.e. Garðamýri [...] Skv. Örnefnalýsingu 1958 er „við mýrarjaðarinn [...] stór steinn, og hjá honum er uppspretta, sem heitir Garðalind." [...] Í Örnefnaskrá 1964 er hún einnig nefnd Garðabrunnur: „Svo var aðalvatnsból hverfisins kallað. Lind með rennandi vatni góðu. Þar var brunnur grafinn undir stórum steini og hlaðin upp með tröppum niður að vatninu [...] Þangað sótti allt hverfið vatn til fjóss og bæjar." Steinninn er kallaður Grettistak: „Mátti þar sjá fingraför Grettis er hann tók bjargið og færði í vegg brunnsins, lindarinnar." [...] Í Örnefnalýsingu 1976-77 segir: „Garðalind er niður undir Garðatjörn, beint niður af bænum í Görðum. Stór klettur er yfir lindinni. Er hann nefndur Grettistak. Tvær, þrjár tröppur eru ofan að vatninu í lindinni. Í garðalind var sótt vatn frá mörgum bæjum í Garðahverfi og jafnvel öllum í miklum þurrkum. Aldrei þraut Garðalind, og þótti í henni bæði heilnæmt og gott vatn., Smálækur rennur frá lindinni." Samkvæmt Fornleifaskráningu 1984 er lindin beint niður af íbúðarhúsinu í Görðum, í vesturátt til sjávar, með grasbala ofan við upp að gamla kirkjugarðinum og blauta mýri framan við."


Mynd RT og RKT, 2003, bls. 37

Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Kletturinn liggur yfir lindinni eins og lok eða þak en nafnið Grettistak mun frekar ungt. Í Fornleifaskýrslu sinni um Garða árið 1820 lýsir séra Markús Magnússon þessu allnákvæmlega: „Ekki eru hér nein svokölluð Grettistök, en tveir klettar [079] eru hér innan túns eða afgirts heimalands prestsetursins Garða, tveir sem mannaverk eru á. Annar klettanna liggur yfir brunni eða lind sem sér prestsetrinu og þeim sem nærri búa fyrir hinu besta vatni. Kletturinn er að þvermáli 13 álnir en 3 3/4 álnir að hæð, í laginu ein og píramídi, snýr frá austri til suðvesturs, liggur á jarðfastri klöpp, en til suðurs eru á báðar hliðar settir þungir óhræranlegir steinar sem afmarka sjálfan brunninn sem kletturinn liggur yfir og skýlir að ofan fyrir snjó og frostum svo að hann fennir aldrei í kaf eða frýs. Þar sem klettur þessi er svo stór að ekki virðist unnt að hræra hann af þessum stað hefur honum líklega annað hvort verið velt ofan á steinana sem hann hvílir á nú, eða verið lyft upp að framan til þess að koma þeim undir hann." [...] Árið 1984 kemur vatnið enn undan þessu stóra bjargi sem skrásetjari kallar „framhlið vatnsbólsins en bárujárnsþak, þakið torfi hefur verið reist aftan við það [...] Byggt hefur verið utan um vatnsbólið - hlaðið múrsteinum - ferhyrnt lítið (dælu)hús sem gengið er inn í um dyr að sunnan", um 1,8 x 2 m að stærð og 1,2 m á hæð. Vatnsrásin sem einnig sést á Túnakortinu liggur líkt og áður í átt til sjávar en út í skurð og meðfram henni á um 4rra m kafla næst steininum eru hlaðnir veggir. Dæluhús og seinni tíma hleðslur hafa síðan hrunið utan af lindinni sem varðveist hefur óskemmd með klettinum yfir."
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 37-8
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-20 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353800532 Y:401443113

GK-185:027 *Hóll* bæjarstæði bústaður 64°05.131N 22°00.146V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Nokkru suðaustan Sjávargötu [028], milli samnefndrar leiðar [041] og Garðalindar [026] og ofan mýrlendis, er á Túnakortinu 1918 tvískiptur Kálgarður. Öðrum heimildum ber saman um að þarna sé hið gamla stæði Hóls, hjáleigu og þurrabúðar frá Görðum eða eins og segir í Örnefnalýsingu 1958: „Við mýrarjaðarinn er [...] uppspretta, sem heitir Garðalind. Aðeins utar er Hóll." [...] Skv. Örnefnaskrá 1964 stóð hann „neðar en Sjávargata í Garðatúni [...] niður undir Garðamýri [...]" [...] og í Örnefnalýsingu 1976-77 er sagt svona frá: „Hér áður voru tveir bæir niður við Garðatjörn, vestast og neðst í Garðatúni. Hét sá eystri Hóll, og voru kallaðir Hólsgarðar [043] í kringum hann,

kálgarðar, sem í var ræktað, eftir að Hóll lagðist í eyði. Nú hafa þeir verið jafnaðir og grjótinu ýtt upp í hrúgu." [...]"
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Við Fornleifaskráningu 1984 segir að þetta sé „vestan Garðakirkju" rétt suðaustan við Sjávargötu, „ræktað tún allt í kring". Þarna er „allhár, greinilegur hóll með miklu grjóti í. Enga lögun tófta sér í honum." Hóllinn er um 16 m á lengd og 11,5 á breidd með stefnu norður-suður. Bakki liggur um 14 m suður úr honum, líklega hluti byggingarleifanna."
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 34


Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 34.

Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-12 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353584130 Y:401531026

GK-185:028 *Sjávargata* bæjarstæði bústaður 64°05.157N 22°00.067V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 má sjá garð á þeim slóðum sem þurrabýlið Sjávargata á að hafa verið, þ.e. milli samnefndar götu [041] og landamerkja [100] við Miðengi, skammt frá sjónum. Skv. Örnefnaskrá 1964 er þessi hjáleiga og þurrabúð „í vesturtúni við Sjávargötuna [...] niður og vestur frá kirkjunni [002]" [...] Skv. Örnefnalýsingu 1976-77 voru „tveir bæir niður við Garðatjörn, vestast og neðst í Garðatúni. [...] Vestari bærinn hét Sjávargata.""
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Við fornleifaskráningu 1984 var hann staðsettur norðan hins bæjarins Hóls [027] og sunnan Miðengis, slétt tún sunnan og vestan megin. Þótt býlið sjálft sé ekki sýnt á Túnakortinu virðist mega sjá af lögun garðsins að það hefur verið í suðvesturhorninu enda nær hústóftin um 7 m inn í garðshornið þeim megin. Hún er um 6,5 x 7 m að innanmáli, veggir 1,5-2 m á breidd og sýnist inngangur vera suðvestan megin. Stefnan er SSV-NNA."
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 32-3



Teikning: RT og RKT, 2003, bls. 32

Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-10 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353650247 Y:401574938

GK-185:029 *Garðavör* örnefni lending 64°05.117N 22°00.287V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Í Jarðabók 1703 segir: „Heimræði er árið um kríng og lending góð, og var hjer útræði hið besta meðan fiskur var á Hafnarfirði. Gánga hjer skip staðarhaldarans árið um kring eftir hentugleikum. Engin inntökuskip hafa hjer nýúngu gengið en mega þó vera, því að varir eru nógar." [...] Skv. Örnefnaskrá 1964 var lending í Garðavör við Garðasjó, fjöruna sunnan Miðengisvarar [GK-187:006]. „Vörin var nokkuð mikil um sig, enda mikil útgerð oftast frá Görðum. Var ætíð talað um að róa eða lenda í Garðasjó, og sandhryggurinn eða sjávarkampurinn allt austur undir Bakka nefndur svo." Enn fremur er nefndur Garðagrandi en ..svo var sjávarkampurinn stundum kallaður mest allur" eða „frá Miðengi suður að Bakka" [...] Skv. Örnefnalýsingu 1976-77 er Grandi við sjóinn framan við Garðamýri [...] en tveir bæir niður við hana „vestast og neðst í Garðatúni. [...] Vestari bærinn hét Sjávargata [041]. Garðavör er neðan hennar, vestast á Granda."
Hættumat: engin hætta
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 36
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-16 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353467912 Y:401510506

GK-185:030 *Háteigur* bæjarstæði bústaður 64°05.240N 21°59.976V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakortinu 1918 er bærinn í Háteigi beint norðvestan Garða, alveg upp við Garðatúngarð [100]. Hann skiptist í fimm hús og er byggður úr steini. Girt er kringum tún hans en nokkru austar í því er hús sem gæti verið Ráðagerði. Bygginarefnið er skv. Fasteignabókum áfram hið sama 1932 [...] en auk þess er nefnt timbur árin 1942-4 og húsið þá járnvarið [...] Í Örnefnalýsingu 1958 segir að Ráðagerði sé neðar en Gata [007] og „Háteigur í líkri hæð, svo Miðengi neðan undan Háteigi." [...] Skv. Örnefnaskrá 1964 er Háteigur býli eða „hjáleiga frá Görðum litlu vestar en Ráðagerði" og Háteigstún „nú sameinað Ráðagerðistúni." [...] Í Örnefnalýsingu 1976-77 segir: „Býlið Háteigur er vestan Garða. Tún Háteigs liggur vestan Garðatúns, alveg niður að sjó. Íbúðarhúsið stendur efst í túninu, rétt fyrir neðan garðinn (þ.e. garðinn" [...] þ.e. túngarðinn."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 44
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-37 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353731826 Y:401726179

GK-185:031 *Garðaviti* tóft 64°05.289N 21°59.752V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Í Örnefnalýsingu 1958 segir: „Á háholtinu er viti, Garðaviti. Þar var áður torfvarða og kveikt á lukt." [...] Örnefnaskrá 1964 bætir við: „Hann mun hafa verið reistur um 1870. Hann stóð á holtinu norður frá Garðahliði." [...] Örnefnalýsing 1976-77 hefur þetta: „Á klöpp fyrir ofan Háteig var viti hér áður, Garðaviti." [...] Við Fornleifaskráningu 1984 segir að tóftir séu „uppi á háhólnum [...] svo til beint upp af Háteigi", alveg við veginn, ofan og austan hans og er hæðin grýtt allt um kring."
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Leifar sjást af tveimur tóftum hlið við hlið og virðast þær samfastar. Sú austari er stærri og greinilegri, innanmálið um 5,8 x 2 m. Hún er nokkuð niðurgrafin og um 1,1 m á dýpt. Stefnan er norður-suður. Sú vestari er öll ólögulegri, um 2,5 x 2 m að innanmáli [...] Vitinn var í notkun sem ljósgjafi á tímabilinu 1868-1912 [...] Tryggvi Gunnarsson í Grjóta (f.1899) mundi eftir honum og sagði hann hafa verið notaðan sem mið af sjó fyrir fiskibáta en á stríðsárunum notuðu Bretar hann sem virki. Húsið var síðan „selt og flutt heim að Hlíð, þar sem það var notað sem kamar"."
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Teikning: RT og RKT, 2003, bls. 47.

Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 47-8
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-46 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353917880 Y:401807575

GK-185:032 heimild útihús 64°05.167N 21°59.767V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Rétt suðaustan við gamla bæinn [001] sýnir Túnakortið 1918 lítið ferhyrningslaga mannvirki úr steini, líklega for eða skólpgryfju." Ekki er frekari lýsing á aðstæðum í fornleifaskráningu RT og RKT. Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 30
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-2 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353895382 Y:401582329



GK-185:033 tóft fjárhús 64°04.840N 21°59.045V
Tóft er um 15 m NV af afleggjaranum frá Garðavegi, sem áður lá að býlinu Bala. Útihúsið er um 200 m norður frá hjalli sem er við Balakletta og um 100 m SA af steyptu útihúsi [024] sem er á horni Garðavegar og Balaafleggjarans.
Tóftin er í grónu hrauni. Skammt vestur af er lágur hraunkargi og þar vestan við er

lægð í hrauninu.
Tóftin er einföld, um 9x4 m stór og snýr N-S. Veggirnir eru um 1 m á breidd og mest hæð er um 1,5 m, innan á vestur langvegg. Greina má 5-7 umför. Tóftin er hlaðin úr hraungrýti og er nokkuð vel yfirgróin grasi og mosa. Ekki eru greinanlegar dyr á tóftinni. Sokkið garðlag liggur spölkorn austur frá tóftinni, en hverfur svo inn í umhverfið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-185:034 tóft rétt 64°04.848N 21°59.041V
Í lægð í hrauninu, um 220 m N af hjalli sem er við Balakletta skammt frá þar sem býlið Bali 011 var áður, er lítil rétt hlaðin úr hraungrýti. Réttin er skammt vestur af Balaafleggjaranum sem liggur af Garðavegi, um 90 m SV af útihúsi 024, 15-20 m N af útihúsi 033.
Réttin er í grasigrónu hrauni. Nokkuð þýft er inni í aðhaldinu og í kring.
Réttin er eitt hólf, sem er í laginu eins og hálfur hringur, en frá hólfinu liggur garðbrot til norðurs. Aðhaldið er hlaðið upp við hraunbrún ofan í lægð, og myndar hraunbrúnin austurvegg réttarinnar. Þó er búið að hækka og bæta í hraunbrúnina með hleðslum á tveim stöðum. Aðhaldið er um 15x9 m N-S að utanmáli. Það er hlaðið úr hraungrýti af öllum stærðum og er tilgengið og yfirgróið. Þykkt hleðslanna er 0,5-1 m og mest hæð er 1 m, en er víðast nokkuð minni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Tóftin, horft til norðurs

GK-185:035 heimild útihús 64°05.167N 21°59.767V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Suðaustan við bæinn og forina [001/032] er skv. Túnakorti 1918 stór útihúsabygging sem skiptist í tvö aflöng rými. Byggingarefnið er líklega torf og stefnan norðvestur-suðaustur." Ekki er nánari lýsing á aðstæðum í fornleifaskrá RT og RKT. Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 30
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-3 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353895382 Y:401582329

GK-185:036 heimild útihús 64°05.167N 21°59.767V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Skáhalt á móti bænum [001], milli hans og kirkjugarðsins [019] er á Túnakorti 1918 stórt aflangt timburhús og virðist anddyri þess snúa í norðaustur að bæjarhlaðinu." Ekki er nánari lýsing á aðstæðum í fornleifaskrá RT og RKT. Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 30
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-4 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353895382 Y:401582329

GK-185:037 heimild útihús 64°05.167N 21°59.767V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Rétt suðaustan við stóra timburhúsið [036] er samkvæmt Túnakorti 1918 tviskipt útihús, líka úr timbri." Ekki er nánari lýsing á aðstæðum í fornleifaskrá RT og RKT. Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 31
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-5 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353895382 Y:401582329

GK-185:039 hleðsla rétt 64°04.812N 21°59.081V



Hleðslan, horft til NNA

Um 40 m suðvestur af útihúsi 033 er lægð í hrauninu sem nýtt hefur verið sem aðhald fyrir skepnur, og hefur náttúruleg hraunbrúnin verið hækkuð með hleðslum á þrem stöðum í því skyni. Lægð þessi er fast suður af lægðinni sem rétt 034 er í.
Lægðin er í botninn algróin grasþýfi.
Lægðin er um 40-50 m löng N-S og um 10-20 m breið. Náttúrulegir hraunveggir hennar hafa verið bættir með hleðslum úr hraungrýti á þrem stöðum, nyrst og á tveim stöðum syðst. Hleðslurnar eru hver um sig yfir 1 m háar og ríflega 5 m langar
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-185:040 garðlag 64°05.216N 21°59.900V



Teikning: RT og RKT, 2003, bls. 32

Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Nokkru norðvestan við kirkjuna [002] sýnir Túnakortið 1918 garð. Hlaðnir veggur liggja kringum hann upp að girðingu sem skilur milli Garða annars vegar, Háteigs [030] og Ráðagerðis [GK-186:001] hins vegar. Þetta hlýtur að vera niðursokkni grjóthlaðni garðurinn sem fannst við Fornleifaskráningu 1984 og vísar eins og á Túnakortinu í norðvestur frá Garðakirkjugarði [019], „út að girðingu við Ráðagerði". Hann beygir síðan í horn til vesturs."
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 32
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-8 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353791011 Y:401677993

GK-185:041 *Sjávargata* heimild leið 64°05.139N 21°59.957V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 má sjá hvar gata liggur frá enda Garðatraða [093] við bæjarstæði Garða [001] vestur milli gömlu kirkjunnar [002] og garðs [040] og áfram til sjávar. Líklega er þetta sú Sjávargata sem samnefnt býli [028] hét eftir og nefnd er í Örnefnalýsingu 1958: Þríhyrningur gengur uppfrá sjó milli túna Garða og Miðengis en „efst í honum er Grjóthóll. Neðar var svo Sjávargatan [...]." [...] Í Örnefnaskrá 1964 segir: „Svo var gatan frá Garðastað niður túnið í Garðasjó [þ.e. Garðavör 029] kölluð."" Ekki er aðstæðum á vettvangi lýst í skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 32
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-9 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353738462 Y:401537327

GK-185:042 *Sjávargötugerði* gerði 64 05.157N 22 00.067V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Túnakortið 1918 sýnir tvo samfasta garða í stæði hjáleigunnar Sjávargötu [028]. Sá nyrðri á mörkum Miðengis og Garða er merktur Háteigi en sá syðri Görðum og er það trúlega svo nefnt Sjávargötugerði sem minnst er á í Örnefnaskrá 1964: „Lítið gerði umhverfis þurrabúðina." [...] Skv. Fornleifaskráningu 1984 er þetta ferhyrndur grjóthlaðinn garður, veggjabreidd 1,4-2 m. Að innan er hann um 27,2 m á lengd og 17-20 m á breidd, breiðastur í vesturendann og gengur annar minni grjótgarður úr honum í átt til sjávar en endar við girðingu [100] milli Garða og Miðengis. Samanlögð lengd þeirra er 46,6 m og stefnan vestnorðvestur-austsuðaustur. Minni garðurinn er miðað við staðsetningu og stefnu sá sem heyrði undir Háteig."
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 33-4
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-11 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X:

353650247 Y:401574938

GK-185:043 *Móslóði* heimild mógrafir
"Stígur úr Garðahverfi, lá meðfram Garðaholti og yfir Flatahraun og svo yfir hraunið inn að Arnarnesvogi, en þar tóku Garðhverfingar upp mó. Troðningur þessi var nefndur Móslóði. (Ath.: G.S. nefnir hann Gálgahraunsstíg syðra, en ekki kannast Guðmann við það nafn, og mun það rangt. Gamli vegurinn (götuslóði) úr Reykjavík út á Álftanes lá yfir Hraunsholtslæk og út með ströndinni. Hann greinist í tvo slóða í Hraunviki. Hefur annar suðvestlæga stefnu nokkurnveginn á [Garða]holtsendann (þar sem sandnámið var. Hann var við líði fram um 1920, en er nú að mestu uppgróinn. Er þetta hinn fyrrnefndi Móslóði. Eftir honum var farið með klyfjahesta og reiddur mór úr Hraunsholtsmýri, áður en akvegur kom til sögunnar." segir í örnefnalýsingu. Þessi stígur hefur verið sá austasti af þeim sem lágu yfir hraunið milli Garða og Hraunsholts. Hann hefur af lýsingunni að dæma legið upp í hraunið á svipuðum slóðum og Álftanesvegur kemur nú niður úr því að sunnan, og þaðan legið til norðurs uns hann sameinaðist Fógetagötu í miðju hrauninu.
Víða sjást troðningar á þessum slóðum en hvergi er hægt að rekja ákveðna götu alla þessa leið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Garðahverfi, 14-15,

GK-185:044 *Gálgaklettar* örnefni aftökustaður 64°05.728N 21°58.716V "
Við Lambhústjörn [í Garðahrauni] eru Gálgaklettar, og dregur nokkur hluti hraunsins nafn af þeim. ... Skammt austur frá Hraundröngunum, með tjörninni, eru Gálgaklettar, klofinn hraunstandur, og er skammt á milli klettanna. Á milli þeirra var lagt tré og óbótamenn hengdir þar. Þessir klettar eru einnig nefndir Gálgi og hraunið þar í kring Gálgahraun." Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Við fornleifaskráningu 1984 segir að þetta sé í úfnum norðvesturhluta Gálgahrauns, um 650 m í norðnorðvestur frá fjárborginni [113] og um 10 m yfir sjávarmáli: ,,Klofinn hraunklettur - 2 m bil þar sem mest er - á milli gjábarma." [...] Gálgaklettar eru þó fjarri þingstað sveitarinnar í Kópavogi og heimildir eru ekki þekktar frá fyrri öldum um aftökur á þessum stað."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Garðahverfi, 15. 16; RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 54-5
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-61 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354797555 Y:402583384

GK-185:045 *Garðastekkur* 2 tóftir rétt 64°05.409N 21°58.580V
"Krummaklettar eru fyrsta örnefnið á hægri hönd, þegar farið er norður hraunbrúnina norðan Álftanesvegar. Hefur hraunskelin brotnað þar niður og myndað klettana. ... Rústir af gamalli fjárrétt, Garðastekk, eru u.þ.b. 150 metrum norðan við Krummaklettа,á móts við Garðaholtsveg, þar sem hann kemur á Álftanesveg. Rétt þessi var notuð fram yfir 1930." segir í örnefnalýsingu. Tveir túnbleðlar eru sunnan undir hraunbrúninni á móts við Garðaholtsveg. Norðan við austurendann á vestari blettinum er stekkurinn, grjóthlaðin rétt með 4 hólfum og vestan við hana gróin tóft.



Réttin er hlaðin utan í hraunkant og hefur stekkjartún verið í kring. Það hefur nú verið ræktað. Fjær eru stórgrýttir flagmóar.
Réttin skiptist í fjögur hlaðin hólf en milli hennar og hraunsins myndast einnig tvö hólf til viðbótar. Þá sjást leifar af fimmta hólfinu nyrst. Sunnan við það er 11 x 9 m hólf með dyrum á vesturvegg og eru hleðslurnar allar bogadregnar í þessu hólfi. Sunnan við það er stærsta hólfið og er ekki gengt á milli. Það er 19 x 6 m og er aðeins gegnt úr því í annað af tveimur minni hólfum sem eru áföst við það sunnanvið. Þau eru bæði um 5 x 5 m með dyr á suðurvegg. Í krikanum sem myndast vestan við stekkinn er grasi gróin tóft, 10 x 4 m að utanmáli og mögulega kró eða smátóft aftanúr henni að austan. Gæti verið hinn eiginlegi stekkur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Garðahverfi, 15

GK-185:046 *Eskinesbyrgi* tóft bústaður 64°05.908N 21°57.378V

Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Í endurminningum sínum frá 1968 segir Ólafur Þorvaldsson: „Hrauntanga þann, sem gengur fram í sjó, milli Arnarnesvogs og Lambhúsatjarnarinnar, hef ég frá æskuárum heyrt nefndan „Eskineseyrar" og munu eldri nágrannar þessa staðar enn kannast við það nafn, þótt enginn viti nú, af hverju dregið er." Síðan segir hann frá kofarúst í hraunjaðrinum upp af Eskineseyrum: „Sögu þessa tóttarbrots hef ég frá fólki, sem mundi byggingu hennar og tildrög. Það mun hafa verið skömmu eftir komu séra Þórarins Böðvarssonar að Görðum, sennilega nálægt 1870 að honum kom til hugar, hvort ekki mundi kleift að rækta æðarvarp á Eskineseyrum. Séra Þórarinn mun hafa verið kunnugur æðarvarpi frá Ísafjarðardjúpi, áður en hann fluttist að Görðum, og hvort tveggja vitað, bæði um gagnsemi þess og það, að mögulegt væri að koma upp varpi, þar sem ekki var áður, ef aðstaða væri sæmileg og natni og kunnátta viðhöfð. Þar eð Garðkirkja átti þetta land, og svo vildi til, að mjög skammt undan var mikið varpland, Bessastaðanes, og fugl fór mikið um sundið milli nessins og Eyranna, mun séra Þórarinn hafa talið ómaksvert að reyna, hvort ekki væri hægt að fá eitthvað af fugli, sem þarna fór um, til þess að taka heima á Eskineseyrum, væri eitthvað til þess gert, byggð hreiður og annað, sem fylgir þess konar starfsemi. Hann lét ekki við hugmyndina eina sitja, heldur lét hann byggja kofa þann, sem enn sést móta fyrir og flutti þangað karl og konu, sem búa skyldu í haginn fyrir æðarfuglinn. Einnig lét hann þau hafa með sér nokkur hænsn, þar eð talið var, að hænsn lokkuðu fuglinn að með vappi sínu úti við, ásamt söng hanans. Lítinn eða engan árangur mun tilraun þessi hafa borið og var því bráðlega hætt frekari tilraun í þessa átt, og hefur víst ekki síðan verið freistað að koma æðarvarpi upp á Eskineseyrum." [...] Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: „Skammt fyrir innan Gálga [044] byrja Vatnagarðar, en svo heitir hraunið með Lambhúsatjörn. [...] Nokkru fyrir ausatn þá eru Eskineseyrar svokallaðar. Í hraunjaðrinum fyrir ofan Eskineseyrar byggði séra Þórarinn í Görðum kofa, er hann hugðist koma sér þar upp æðarvarpi. Rústir kofans sjást enn. Eskineseyrar ganga til austurs út í Arnarnesvog. [...] Á Eskineseyrum er fjörumór." [...] Skv. Fornleifakönnun 1999 er kofinn í gjá ofan við Eskines [...] Séra Þórarinn (f. 1825) var prestur í Görðum á tímabilinu 1868-95." Eskinesbyrgi er ekki nánar lýst í fornleifaskráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 55-6
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-65 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 355899890 Y:402866970

GK-185:047 *Búrfellshellir* hellir fjárskýli 64°01.965N 21°50.325V



Helliinn, horft til norðurs

„Vestur frá Húsafelli er gamalt fróðlegt eldfjall, sem heitir Búrfell. Vestur úr því gengur Búrfellsgjá. Í gjánni er hellir, sem heitri Búrfellshellir, ágætur fjárhellir," segir í örnefnaskrá. Búrfellshellir er sunnarlega í Búrfellsgjá nærri eldfjallinu. Hellirinn er við vesturbakka gjárinnar og um 1,1 km sunnar í henni en Gjárrétt [048].
Hellirinn er í fremur grónu hrauni.
Munni Búrfellshellis er 5-6 m breiður og um 3 m hár og snýr til suðurs. Hleðsla er fyrir munnanum og dyr á henni miðri. Hleðslan er mest 2 m há, 1 m breið og úr stóru til miðlungs hraungrýti. Dyrnar á hleðslunni eru um 1 m breiðar. Lofthæð hellisins minnkar þegar innar dregur og endar innst í um 1,2 m hæð. Hellirinn er um 9 m djúpur og víðast um 6 m breiður, en norðaustur úr honum liggur lítill afhellir, um 5 m djúpur og mest 2 m breiður. Sauðaskán er á hellisgólfinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Garðakirkjuland, 2

GK-185:048 *Gjárrétt* tóft rétt 64°02.553N 21°50.748V
„Við norðurenda Búrfellsgjár er gömul rétt, sem heitir Gjárrétt," segir í örnefnaskrá. Gjárrétt er merkt með skilti og er við göngustíg einna nyrst í Búrfellsgjá, um 320 m SSA af trébrú yfir Hrafnagjá við göngustíg.
Gjárrétt er á grónum hraunbotni Búrfellsgjáar, en Búrfellsgjá er á þessum slóðum breið og tiltölulega grunn.
Gjárrétt var hlaðin 1840 og var fjárskilarétt Álftaneshrepps til 1922, en eftir það var réttað í henni að einhverju marki allt til 1940. Réttin er þurrhlaðin úr miðlungs og stórum hraunhellum og eru í henni fremur fallegar hleðslur. Nokkuð eru hleðslurnar gengar til, en eru allt að 1,6 m þar sem þær eru hæstar og

8 umför. Þykkt veggja er 0,5 - 1 m. Hraunhleðslurnar eru grónar skófum og mosa. Réttin er nokkuð ferköntuð í laginu, u.þ.b. 35x25 m að stærð N-S og í henni eru 13 dilkar. Til suðausturs frá réttinni liggur nokkuð sigið garðlag, um 15-20 m langt, hæst 1 m (en víðast nokkuð lægra) og 0,5 - 1m breitt. Garðlagið liggur frá réttinni að öðru aðhaldi, við vesturbarm Búrfellsgjáar. Aðhaldið nýtir náttúrulega hraunveggi að norðan, vestan og sunnan, en austurveggurinn er hlaðinn úr hraungrýti og þar er inngangur. Austurveggurinn er um 25-30 m langur og liggur frá norðri til suðurs, og er inngangurinn skammt norðan við miðjan vegginn. Hleðslan er hæst við innganginn, um 2,3 m, en annars er meðal hæð um 1 m og þykkt um 0,5 m. Veggurinn er fallega hlaðinn, en ráða má af skorti á skófum og mosa að þar sem hann er hæstur við innganginn, að hleðslan þar sé líklega nokkuð nýrri en annarsstaðar. Að innanmáli er aðhaldið allt að 20 x 20 m og innst (eða vestast) í því er hlaðið byrgi við náttúrulegan hraunvegginn. Vestast í aðhaldinu slútir hraunbrúnin fram til austurs og myndar grunnan helli, sem byrgið hefur verið hlaðið við. Hleðslur mynda norður-, austur- og suðurveggi byrgisins, en loft og vesturveggur eru náttúrulegir. Þar sem hleðslan er hæst og minnst tilgengin, nær hún enn upp í hið náttúrulega þak byrgisins, alls um 3 m og er 18 umför. Annars er hleðslan að nokkru leyti gengin til. Á suðurvegg byrgisins og undir skyggni hraunbakkans eru dyr, um 1,5 m háar. Aðrar dyr, um 1 m háar, eru á austurvegg byrgisins, en austurveggurinn er afar breiður svo allt að 3 m löng göng liggja frá eystri dyrunum inn í byrgið. Sauðaskán er á gólfi byrgisins. Alls er rústasvæðið, réttin, garðlagið og aðhaldið, rúmlega 50 x 50 m að stærð



Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Garðakirkjuland, 2

GK-185:049 tóft sel 64°02.337N 21°50.095V

„Sunnan réttarinnar [048] heita Garðaflatir. Þar mun hafa verið sel. Ef til vill eru Norðurhellarnir hér nálægt, enda eru hér miklar rústir uppi í brekkunni," segir í örnefnaskrá. Selrústin er á Garðaflötum austanverðum, í lágri brekku, um 660 m SA af Gjárrétt [048]. Kenningin í örnefnaskránni um að Norðurhellar kunni að vera nærri Garðaflötum er hinsvegar röng, því þeir eru mun norðar, eða norðan við Selgjá [GK-174:034] sem er aftur norður af Búrfellsgjá. Óvíst er frá hvaða bæ selið hefur verið, en það er um 9,4 km frá bæ á Görðum 001.



Garðaflatir eru grasigrónar og þýfðar, en norður og vestur af þeim er mosavaxið hraun og melur suður og austur af.
Einföld, nokkuð stór tóft er greinileg og um 5 m norðaustur af henni eru mögulega frekari rústir. Tóftin er um 10 löng og 5 m breið og snýr NV-SA. Hún hefur að líkindum verið hlaðin úr torfi og grjóti, en einungis glittir þó í grjót sitthvoru megin við innganginn að norðvestan. Tóftin er sigin, mest um 0,5 m á hæð en víðast nokkuð lægri og eru veggirnir útflattir og ríflega 2 m breiðir. Tóftin er algróin sinu og lyngi. Um 5-10 m norðaustur af tóftinni er möguleg rúst annars mannvirkis, en þó er það afar óljóst. Helst er sem greina megi vegg sem snýr eins og tóftin og svipað langur henni, en afar siginn og alveg yfirgróinn og ekki sést í grjót.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Garðakirkjuland, 2

GK-185:058 *Vatnsgjáin* brunnur brunnur 64°02.584N 21°50.726V
Vatnsgjáin er sprunga í hrauninu í botni Búrfellsgjár, um 50 m NNA af Gjárétt 048 og er merkt með skilti. Vatnsgjáin er vatnsból réttarinnar.
Brunnurinn er náttúrulegt vatnsból í sprungu í Búrfellsgjá og er nauðsynlegt að fikra sig um 6 m niður þrönga sprunguna eftir einstigi til að nálgast vatnið. Þrep hafa verið hlaðin til að auðvelda ferðina niður í brunninn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-185:059 *Garðabúð* bæjarstæði bústaður 64°05.131N 22°00.146V

Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 sést hús úr torfi nokkru vestan Sjávargötugerðis [042], við Sjávargötuslóðann [041] skammt frá sjónum og landamerkjum [100] við Miðengi. Þetta gæti verið „verbúð frá Görðum" sem í Örnefnaskrá 1964 er nefnd Búðin, og „stóð ofanvert við vörina", þ.e. Garðavör [029], „ofan við Garðasjó". Kringum hana og aðallega ofan hennar var Búðarflötin og fyrir „framan hana var skiftivöllur" [...] Í Örnefnalýsingu 1976-77 segir: „Grasi gróinn hóll, sléttur að ofan, er á kampinum á milli Miðengis og Garða. Hér áður mun hafa verið sjóbúð á þessum hól, en þess sjást nú engin merki." [...] Líklega er þetta hóllinn sem við Fornleifaskráningu 1984 er kallaður Garðabúð eða Búð og er suður „frá bænum í Miðengi, alveg niður við flæðarmálið", túnið ofan við en sjórinn að framan. Núna er þarna áberandi grænn hóll. Lengd hans meðfram sjávarmálinu er 8,5-9 m og breiddin um 5 m. Í honum er hleðslugrjót en lögun tóftarinnar sést ekki. Á a m k. einum stað utan í honum sér í mikið af skeljum."



Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 35

Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Garðabúð var skv. Jarðabók [III, 186] og Manntali 1703 [...] nýbyggð hjáleiga frá Görðum og tók í raun við af hjáleigunni Skemmu [...] Garðabúð er ekki nefnd í síðari Manntölum og Jarðabókum."

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 35

Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-14 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353584130 Y:401531026

GK-185:060 *Skemma* heimild bústað 64 05.131N 22 00.146V

„Skiemma, útihús heima við staðinn í Görðum. Hefur um fáeina tíma ljeð verið manni einum til íbúðar, so sem hjáleiga og fylgdi því þá grasnyt sú, er nú er með hjáleigunni, er Garðabúð heitir, og var hún óbyggð á meðan Skemma bygðist so sem getið er áður við Garðabúð." Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Skemma var skv. Jarðabók árið 1703 „útihús heima við staðinn í Görðum" sem um tíma var leigt „manni einum til ábúðar". Skemmu fylgdi sama grasnyt og seinna hjáleigunni Garðabúð [059] sem kom í stað hennar." Ekki fylgir nánari lýsing á aðstæðum í skráningu RT og RKT. Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifarnar sjáist ekki á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM III, 191; RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 36

Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-15 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353584130 Y:401531026

GK-185:061 *Óskarbúð* heimild býli 64°04.831N 21°59.327V

"Óskarbud. Tómthús. Stendur í Garðastaðar landi og er uppbygð af Jakob Bang ... Og bygð einnri konu að nafni Ósk, sem hans vegna seldi þar tóbak, brennivín og annan varníng. Síðan hafa sjer eignarráð yfir búðinni tiltekið Bessastaðamenn og hafa þar látið gánga kóngsbáta, stundum tíu, stundum fleiri, stundum færri, item inntökuskip fyrir undirgift eður annan góðvilja meðan fiskiríið var gott í Hafnarfirði. Búðin stendur enn nú, en þó í auðn," segir í Jarðabók Árna Magnússonar. Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Skv. Jarðabók byggði Jakob Bang, síðar sýslumaður í Árnessýslu, verbúð eða tómthús í landi Garða, í valllendi nálægt Dysjamýri [...] Hún var uppistandandi árið 1703 en óbyggð og ekki er greint nánar frá staðsetningu. Ekki er heldur minnst á tómthúsið í síðari heimildum." Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.

Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Búðin var kend við Ósk, leigjanda Bang, sem „hans vegna seldi þar tóbak, brennivín og annan varníng.""

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: JÁM III, 179-180; RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 47

Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-44 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354222853 Y:400941974

GK-185:062 *Hraunréttin* heimild rétt
"Hraunréttin: Hún var í öldudal hraunsins rétt hjá Hvíldarkletti mið. Lengi var þar rekið úr hrauninu."
Hefur trúlega lent undir veg eða grjóti sem rutt hefur verið vegna vega. Því ekki hægt að staðsetja nákvæmlega.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: GS: Örnefnaskrá fyrir Álftaneshrepp hin forna, 116.

GK-185:063 *Markvarða 4* heimild landamerki
"Stóð ofanvert við Árnagerði. Við Félagshúsið." "Svo var svæðið nefnt frá Garðaveginum allt upp að Hellisgerði. Árni Hildibrandsson ræktaði það um 1866"
Mikill hluti af þessu svæði er byggt upp. Ekkert sést og því ekki hægt að staðsetja nákvæmlega, en líklegast er að varðan hafi staðið á svæðinu frá Sævangi 18 að enda Klettagötu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hafnarfjörður, 128; GS: Örnefnaskrá fyrir Álftaneshrepp hin forna, 118

GK-185:064 *Álftanesstígur* heimild
Á kortum á bls. 60, 64 og 69 í bókinni Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar eru gamlar leiðir sýndar innan núverndi bæjarmarka. Á öllum kortunum sést leið, Álftanesstígur, sem lá frá svokölluðum Vegamótum (m.a. Alfaraleiðarinnar GK-179:037) og sameinaðist Álftanesgötu (GK-185:075) þar norðar. Leiðin hefur legið meðfram hraunbrún Garðahrauns. Álftanesstígur var ekki skráður á vettvangi og því ekki vitað hvort að enn sést til hans.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: GRG: Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar, 60, 64, 69.

GK-185:065 *Hólsgarðar* garðlag kálgarður 64°05.137N 22°00.034V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Í bæjarstæði Hóls [027] sýnir Túnakortið 1918 tvo samfasta kálgarða með hlöðnum veggjum og götuslóða á milli frá suðaustri til norðvesturs en skv. Örnefnalýsingu 1976-77 umgirtu þeir Hólsbæinn: „[...] voru kallaðir Hólsgarðar í kringum hann, kálgarðar, sem í var ræktað, eftir að Hóll lagðist í eyði. Nú hafa þeir verið jafnaðir og grjótinu ýtt upp í hrúgu." [...] Þetta virðist mega lesa úr lýsingu við Fornleifaskráningu 1984: „Þarna er allhár, greinilegur hóll með miklu grjóti í. Enga lögun tófta sér í honum." Hóllinn er um 16 m á lengd og 11,5 á breidd með stefnu norður-suður. Bakki liggur um 14 m suður úr honum, líklega hluti byggðaleifanna."
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 35
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-13 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353675255 Y:401537327

GK-185:066 tóft 64°04.580'N 021°58.705'V
Tóft er við sjávarmál um 50 m suður af Brúsastöðum. Hún er byggð utan í klappir alveg við sjóinn.
Hlaðið úr grjóti og að hluta styrkt með sementi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



GK-185:067 tóft 64°04.720'N 021°58.723'V
Tóft er í lægð í hrauninu, um 400m vestur frá Brúsastöðum (185:12), 100m frá sjó. Byggð að hluta inn í hól.
Hættumat: mikil hætta, vegna ábúðar



GK-185:068 gata leið 64°04.709'N 021°58.754'V
Gata liggur til austurs frá 185:074, yfir hraunið. Að hluta byggð upp úr hraungrýti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-185:069 mannvirki herminjar 64°04.660N 021°58.435V
Þrír steyptir grunnar, trúlega braggar, eru sitthvoru megin við Herjólfsgötu, sunnan við þar sem hún mætir Garðavegi og Herjólfsbraut. Á hæð, um 500 m frá sjó. Hver grunnur um sig er um 14 x 35m, með steyptum veggjum 0,5-2m á hæð. Snúa allir norður-suður og hafa innganga á báðum endum. Búið er að setja upp körfuboltakörfur á mið grunninn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-185:070 heimild 64°04.618'N 021°58.551'V
"Þegar komið er yfir Gönguklif, taka við Langeyrarmalir, og þar vestar er Rauðsnefstangi. Þar var eitt sinn hvalstöð, en lagðist niður vegna þess, að þar kom fyrir slys." segir í örnefnalýsingu. Rauðsnefstangi er mjög óslétt hraungrýtt svæði. Þar eru tvær litlar tjarnir, um 20 m frá sjó. A m k 7 litlar (3x5m) grjóthlaðnar tóftir eru á þessum stað, og grjóthlaðnir garðar á milli. Ein tóft stendur enn með þaki og timburstoðum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hafnarfjörður AG, 5-6

GK-185:071 *Hammershús* bæjarstæði bústaður 64°04.618'N 021°58.551'V
"Hammershússlóð: Hún lá sunnan við Rauðsnef undir húsi sem Hvalfangarinn norski Hammer reisti þarna um 1860. Hér átti að verða Hvalstöð, en hætt var við það." Þetta hús hefur verið á sama svæði og 079 eða heldur sunnar. Enginn húsgrunnur er þó þar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hafnarfjörður, 126

GK-185:072 *Dysjabrú* heimild leið 64°05.018N 21°59.181V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Skv. Örnefnaskrá 1964 náði Dysjamýri [115] frá Garðatúngarði [100] austur að Garðahrauni, frá Dysjamöl og Balatjörn upp að Garðaholti, en norðan við Bala er Mónef, ,,hraunsnef lítið [...] utan í þessu nefi má enn sjá gamalt vegspottabrot. Þar var vegabót til að auðvelda mönnum leið að Garðakirkju." Dysjabrú eða Dysjamýrarbrú hét vegur sá ,,er lá af Mónefi norður yfir mýrina upp í holtið" [...] Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: Dysjamýri er milli Garðahrauns og Garðaholts. [...] Áður lá vegur af Mónefi yfir Dysjamýri. Hann var nefndur Dysjabrú." [...] Meðan Hafnfirðingar áttu kirkjusókn að Görðum eða fram til 1908 þurftu þeir að fara þessa leið og var hún oftast nefnd brú eða brúin. Í lýsingu á kirkjuferð til Garða árið 1891 segir Ólafur Þorvaldsson þingvörður veginn yfir mýrina hafa verið allgóðan yfirferðar í þurru á sumrin en botnlaus aurbleyta í votviðrum, einkum þó þegar frost fór að leysa úr jörðu."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 58
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-69 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354357901 Y:401283657

GK-185:074 tóft 64°05.223N 21°57.165V
Suðvestan í Hraunsholti eru aflagðir kál- og kartöflugarðar og ná þeir sumstaðar alveg niður að hraunbrúninni. Hleðsla úr hraungrýti er á einum stað utaní brúninni, um 150 m norðan við núverandi Álftanesveg.
Milli brekkuróta og hraunbrúnar er víða deiglendi, en holtið sjálft hefur verið valllent en nokkuð grýtt.
Hleðslan er tæpir 2 m á lengd og liggur út frá hraunbrúninni og tengist við aflangan hraundrjóla og myndast þannig um 5 m löng og 2 m breið tóft sem er opin til suðurs. Í tóftinni er bárujárn og spýtnabrak sem bendir til að reft hafi verið yfir.
Hættumat: engin hætta

GK-185:075 *Fógetavegur* gata leið 64°05.586N 21°57.334V
"Gamli vegurinn (götuslóði) úr Reykjavík út á Álftanes lá yfir Hraunsholtslæk og út með ströndinni. Hann

greinist í tvo slóða í Hraunviki. … Hinn götuslóðinn úr Hraunviki hefur vestlæga stefnu, og hefur hann verið alfaraleið á liðnum öldum. Víða sjást djúpir troðningar og hófaför í klöppunum. Hann greinist um mitt hraunið. Liggur annar í Garðahverfið, en hinn út á Álftanes. Rétt sunnan við, þar sem vegirnir skiptast, er Skyggnir, stór, einstæður klettur." segir í örnefnalýsingu. Troðningar sjást meðfram fjörunni í Hraunviki og upp með hraunbrúninni vestan við vikið, en um 50 m frá flæðarmáli, þar sem lítið vörðutyppi er á brúninni liggur gatan upp á hrauið og er þar geil í brúnina. Hraunið er allslétt um 400 m bein vestur frá Hraunviki og liggur leiðin um það slétta svæði og skiptist gatan sumstaðar í fleiri en eina rás en er allsstaðar mjög skýr. Hún liggur síðan í hlykk fram hjá hraunklettum þar sem hraunið er einna hæst og beygir til norðvesturs vestan við klettana. Þar sem gatan beygir er hraunið allslétt og gætu troðningar legið þaðan til suðusrs og suðvesturs en ekki eru þeir skýrir. Frá beygjunni liggur gatan beint í um 300 m - og er þar samsíða fyrirhuguðu vegarstæði, sumstaðar innan við 20 m frá því, en fer undir veglínuna við hæl sem merktur er 1660 m. Þar beygir gatan til vesturs og liggur síðan niður úr hrauninu á móts við hleðsluna 084. Í flagmóunum vestan við hraunið má rekja götuna áfram til vesturs og hefur hún nokkuð beina stefnu á Selskarð. Þar sem gatan nálgast fjörumál í Lambhústjörn eru götupaldrar á stuttum kafla en síðan hverfur hún alveg í mýri og flög. Vestan við Selskarð sést framhald götunnar en þar hefur verið gerður malarvegur, nú aflagður. Líklegt er að gatan hafi klofnað við Selskarð og austari grein legið út á Bessastaði en hin á vesturhluta Álftaness. Á móts við núverandi Garðaholtsveg liggur annar slóði upp í hraunið, um 100 m norðan við Garðastekk 045 og liggur til norðausturs og sameinast aðalgötunni eftir um 250 m. Þetta mu vera gatan sem lá í Garðahverfi. Sú gata er mun ógreinilegri en aðalgatan út á Álftanes.
Í hrauninu er gatan víðast alldjúp geil, allt að 1 m djúp og 1-2 m breið. algróin. Brotnað hefur af götunni á einum stað við Lambhústjörn.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Garðahverfi, 17

GK-185:076 hleðsla 64°05.581N 21°58.793V
Þar sem gamla þjóðleiðin 075 kemur niður úr Gálgahrauni að vestan er lítil hleðsla úr hraungrýti utan í hraunkantinum norðan við götuna.
Utan í hraunbrún, vallgróinn hvammur næst, fjær eru flagmóar.
Hleðslan er 3 m löng, einföld hraungrýtishleðsla, hvergi meir en tvö umför. Austan við hana er vallgróin hvilft upp í hraunbrúnina og er sokkin grjóthrúga um 16 m austar sem gæti hafa verið á móti hleðslunni. Á milli er óreglulegur þúfnarimi sem gæti verið yfirgróin vegghleðsla. Hefur verið einhverkonar rétt eða aðhald, mögulega stekkur.
Hættumat: engin hætta

GK-185:077 tóft 64°05.685N 21°59.229V
Um 70 m suður af botni Lambhústjarnar, um 200 m vestur af vesturbrún Gálgahrauns er ferhyrnd tóft, fast austan við hestagirðingu sem nú er.
Í blásnum móa, stórgrýttum
Ferhyrnd regluleg tóft, grjóthlaðin með tvöfaldri, 0,7 m breiðri hleðslu. Hvergi er dyr að sjá.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



GK-185:078 *Krókur* bæjarstæði býli 64°05.133N 21°59.597V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir; „Á Túnakorti 1918 má sjá bæjarstæði Króks, austan Garða, alveg upp við túngarð [100] og er girt kringum tún býlisins. Sunnan við Krók er Nýibær. Í Örnefnalýsingu 1958 segir: „Upp af Dysjum heitir Pálshús. Þar ofar er Krókur, og enn ofar er gamli skólinn [092]." [...] Skv Örnefnaskrá 1964 var Krókur „hjáleiga og stundum þurrabúð frá Garðastað, suður með Garðatúngarði [...] Krókstún: tún býlisins, ekki ýkjastórt, en þó nytsamt" [...] Örnefnalýsing 1976-77 hefur þetta: „Fyrir ofan Nýjabæjartún er túnið í Króki, og stendur húsið efst í því, rétt við veginn. Fjós og hlaða eru rétt austan þess. Samkomuhús er rétt ofan


Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 40

vegar, sunnan við Garðholtsveg (þ.e. veginn yfir Garðaholtið).""
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir; ,,Árið 1918 samanstóð Króksbær af sex torfhúsum og snéru framgaflar með standþili suðvestur að Króksbrunngötu [087] og garði [089]. Við gerð Fasteignabókar 1932 var torfbærinn enn uppistandandi [...] en skv. Fornleifaskráningu 1984 var nýtt íbúðarhús byggt þremur árum síðar [...], timburhúsið með járnvörðum veggjum sem tilgreint er í Fasteignabók 1942-4 [...] Þessi bær stendur enn með þremur bárujárnsklæddum burstum og var sú sem er í miðjunni raunar byggð upp úr gamla torfbænum árið 1923. Austurburstin er frá 1934 en þá hafa torfveggirnir sennilega verið teknir niður og vesturburstin er frá 1945. Bærinn stendur nánast óbreyttur frá 1950 og er sérstakt að hann hefur haldið svipmóti torfbæjar, einnig hvað herbergjaskipan varðar. Fjósið og hlaðan á bak við eru frá 1920-30. Nú hefur bærinn verið endurgerður og er til sýnis fyrir almenning. Krókur er gott dæmi um húsakost og lifnaðarhætti alþýðufólks á fyrri hluta 20. aldar."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 40
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-27 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354030155 Y:401512296

GK-185:079 náttúrumin 64°05.086N 21°59.844V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Í Fornleifaskýrslu um Garða 1820 segir Markús Magnússon: ,,Ekki eru hér nein svokölluð Grettistök, en tveir klettar eru hér innan túns eða afgirts heimalands prestssetursins Garða, tveir sem mannaverk eru á. Annar klettanna liggur yfir brunni eða lind [026] sem sér prestssetrinu og þeim sem nærri búa fyrir hinu besta vatni. [...] Hinn kletturinn hér - í miðju túni prestsetursins, er 13 álnir að umfangi og 1 3/4 alin að hæð og liggur flatur. Hann hvílir á undirlagi úr litlum steinum og sýnir það augljóslega að klettinum hefur verið lyft og steinarnir lagðir undir hann. Það er merkilegt við þennan klett sem liggur um 160 faðma frá sjónum, að hann er sorfinn á annarri hliðinni, alveg eins og þeir klettar sem liggja í sjávarmálinu eru sorfnir af sjávarganginum. Af því mætti ætla að sjórinn hafi fyrrum gengið svo hátt sem kletturinn stendur nú, fremur en að svo stór klettur hafi verið fluttur svo langan veg frá ströndinni, en reynslan er þó gagnstæð þessari ætlan, því að sjá má að sjórinn brýtur stöðugt landið hér í nágrenninu." [...] Í Lýsingu Garðaprestakalls 1842 segir svo séra Árni Helgason: ,,Hvorki blótsteina né Grettistök þekki ég hér, en einstakur steinn, mikill um sig, stendur fyrir vestan Garða, er sumir segja sé brimbarinn þeim megin, er veit frá sjó (hann er frá sjó meir en 100 faðma og 5-6 eða meir yfir sjávarborðið)." [...] Við Fornleifaskráningu 1984 er getið um ,,tvö björg" vestur frá Görðum, um 18 m suðaustan Garðalindar, austan við Garðamýri og er tóft byggð utan í þeim, vestan megin [085]. Þetta gæti verið kletturinn sem séra Markús nefnir."


Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 39

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 39
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-23 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353825400 Y:401435456

GK-185:080 *Garðabrunngata* heimild leið 64°05.102N 21°59.829V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Í Örnefnaskrá 1964 er nefnd Garðabrunngata sem ,,lá upp með Kirkjugarðinum [019] að austan heim á hlað" eða ,,frá staðarhúsum [001] niður til lindarinnar [026]" [...] Hún sést ekki á túnakorti." Ekki kemur fram í skráningu RT og RKT hvort enn sjáist til götunnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 39
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-24 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353838828 Y:401463496

GK-185:081 *Garðaskipagerði* heimild naust 64 05.117N 22 00.287V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Í Örnefnaskrá 1964 er nefnt Garðaskipagerði: ,,skipagerði eða naust frá Görðum, sem nú er horfið"." Ekki er frekari lýsing á aðstæðum í skráningu RT og RKT.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 36
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-17 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353467912 Y:401510506

GK-185:082 *Háteigsvör* heimild uppsátur 64°05.117N 22°00.287V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Um Háteigsvör segir í Örnefnaskrá 1964: „Hún var í Garðasjó rétt við Garðavör [029]" [...] Vörin hefur tilheyrt Háteigi [030] sem hún var kennd við, hjáleigu ofar í túni, norðvestan Garða." Ekki kemur fram í skráningu RT og RKT hvort enn sjáist til vararinnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 36
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-18 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353467912 Y:401510506

GK-185:083 *Króksvör* heimild uppsátur 64°05.117N 22°00.287V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Króksvör sem tilheyrði Garðahjáleigunni Króki [078] var vestan Dysjavara [GK-181:003]." Ekki kemur fram í skráningu RT og RKT hvort enn sjáist til vararinnar.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 37
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-19 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353467912 Y:401510506

GK-185:084 *Garðamýri* heimild rista 64°05.059N 21°59.955V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Í Jarðabók 1703 segir að jörðinni Bakka hafi forðum fylgt „Garðamýri (ein mýri þar í hverfinu). [...] Mýrina tók hjer frá Sr. Þorkell Arngrímsson og lagði til heimastaðarins sökum eklu á torfristu og útheyiss slægjum [...]." [...] Skv. Örnefnalýsingu 1958 er í Görðum „hallandi tún, slétt niður að þríhyrndri mýri, sem heitir Garðatjörn." [...] Um er að ræða spildu við sjóinn, milli Garða og Bakka. Í Örnefnaskrá 1964 segir: „Mýri þessi var neðan við Garðatún allt niður að malarkampi. Slægnamýri Garðaprests. Það var kvöð að hjáleigubændur slægju þar dagslátt fyrir kúabeit." [...]"
Hættumat: engin hætta
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 38
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-21 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353732367 Y:401388435

GK-185:085 tóft útihús 64°05.086N 21°59.844V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Í túninu skammt austan Garðalindar [026] sýnir Túnakortið 1918 svolítið ferhyrnt útihús úr steini, líklega hænsnakofa sem fannst um 18 m suðaustan Garðalindar [...] við Fornleifaskráningu 1984. Hann er að vísu staðsettur rétt neðan túnsins en jaðar þess getur hafa færst til. Tóftin er ferhyrnd, um 6,3 X 4,3 m að utanmáli. Grjóthlaðnir veggirnar eru yfirgrónir en greinilegir, um 1 m á breidd og norðaustan megin virðist kofinn hafa verið byggður upp í tvö björg [079] þannig að þau verða hluti af gaflinum. Inngangur er suðvestan megin og stefnan suðvestur-norðaustur."
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 38-9
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-22 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353825400 Y:401435456

GK-185:086 heimild leið 64°05.128N 21°59.718V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 sést gata sem liggur frá bæjarstæði Garða [001] suður yfir túnið og gegnum hlið á landamerkjagirðingu [100] að Nýjabæ." Ekki kemur fram í skráningu RT og RKT hvort enn sjáist til götunnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 39
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-25 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: :353931252 Y:401507982

GK-185:087 *Króksbrunngata* heimild leið 64°05.153N 21°59.646V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Á Túnakorti 1918 liggur gata milli bæjarstæðis Garða [001] og hjáleigunnar Króks [078], e.t.v. hluti Króksbrunngötu sem nefnd er í Örnefnaskrá 1964: ,,Lá neðan frá Garðalind heim að Króki." [...] Seinni spottinn sem er sýndur á kortinu væri þá í raun samur og Garðabrunngata [080]."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 40
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-26 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353992075 Y:401551036

GK-185:088 heimild útihús 64 05.133N 21 59.597V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Á Túnakorti 1918 er útihús rétt suðaustan við Króksbæinn [078], ferhyrningslaga og líklega úr steini." Ekki er aðstæðum frekar lýst í skráningu RT og RKT. Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 41
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-28 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354030155 Y:401512296

GK-185:089 garðlag 64°05.133N 21°59.597V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Túnakortið 1918 sýnir garð með hlöðnum veggjum sunnan, vestan og norðvestan bæjarins [078], væntanlega þann sem skv. Fornleifaskráningu 1984 er framan hans og nær ,,alllangt suður fyrir hann [...] að mestu allur notaður enn".
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 41
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-29 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354030155 Y:401512296

GK-185:090 *Króksbrunnur* heimild brunnur 64°05.133N 21°59.597V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Króksbrunnur var neðan Króks [078] og Nýjabæjar [...]" Ekki kemur fram í skráningu RT og RKT hvort enn sjáist til brunnsins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 42
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-30 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354030155 Y:401512296

GK-185:091 *Krókstraðir* heimild traðir 64°05.147N 21°59.582V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Skv. örnefnaskrá 1964 eru Krókstraðir ,,stuttar traðir frá bæ [078] upp í gegnum túngarðinn [100]", þ.e. um Krókshlið [...]. Þær sjást ekki á túnakortinu." Aðstæðum á vettvangi er ekki lýst í skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 42
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-31 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354043468 Y:401538372

GK-185:092 hús 64°05.141N 21°59.508V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 er skólahús beint vestur af Króki [078], nokkru utan Garðatúngarðs [100]. Húsið er úr timbri og hefur stefnuna norðvestur-suðaustur. Í Örnefnalýsingu 1958 segir: „Upp af Dysjum heitir Pálshús. Þar ofar er Krókur, og enn ofar er gamli skólinn." [...] Þarna er nú samkomuhús [Garðaholt]."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 42
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-32 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354102732 Y:401524702

GK-185:093 *Garðatraðir* heimild traðir 64°05.208N 21°59.687V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 má sjá traðir sem byrja vestan bæjarhúsanna í Görðum [001], milli þeirra og kirkjunnar [002] og liggja beint norðaustur að hliði í Garðatúngarði [100]. Mun það vera Garðahlið eða Garðastaðarhlið sem skv. Örnefnaskrá 1964 var „aðalhlið á Garðatúngarði beint upp frá staðnum" en frá því lágu Garðatraðir „heim á hlað milli staðarhúsa og kirkjunnar"." Ástandi traðanna er ekki lýst í skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 42
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-33 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353963120 Y:401656151

GK-185:094 *Garðhúsabrunnur* heimild brunnur 64°05.225N 21°59.708V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Skv. Örnefnaskrá 1964 var Garðhúsabrunnur „utan garðs rétt við Garðahlið. Allgott vatnsból, þar til sauður drapst þar í, var þá fyllt upp" [...] Brunnurinn sést ekki á Túnakorti." Brunninum er ekki lýst í skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 44
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-35 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353947936 Y:401688164

GK-185:095 heimild leið 64°05.226N 21°59.923V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 má sjá götu sem liggur frá Görðum norðvestur um tún að Háteigi [030]." Aðstæðum er ekki frekar lýst í skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 44
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-36 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353773539 Y:401698512

GK-185:096 heimild útihús 64°05.240N 21°59.976V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Túnakortið 1918 sýnir svolítið útihús rétt suðaustan við Háteigsbæinn [030], ferhyrningslaga og líklega úr steini." Ekki er frekari lýsing á aðstæðum í fornleifaskráningu RT og RKT. Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 44
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-38 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353731826 Y:401726179

GK-185:097 heimild brunnur 64°05.242N 21°59.943V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Rétt austan Háteigsbæjarins [030] sýnir Túnakortið 1918 tvö hringlaga mannvirki sem gætu verið brunnar. Einhver punktalína liggur frá bænum framhjá þeim að Garðatúngarði [100] en greinileg gata er þar ekki. Í Örnefnaskrá 1964 er þó minnst á Háteigshlið í

garðinum [...]" Ekkert er sagt til um ástand minjanna í fornleifaskráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 45
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-39 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353758773 Y:401729131

GK-185:098 garðlag 64°05.231N 21°59.951V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakortinu 1918 er garður suðvestan megin framan bæjarhúsa í Háteigi [030], líklega sami og lýst var við Fornleifaskráningu 1984 „suðvestur af húsinu" og var enn notaður. Garðurinn er grjóthlaðinn, nær upp í 1,2 m hæð og er um 17 x 48 m að stærð, með stefnuna norðvestur-suðaustur [...]"
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 45
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-40 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353750685 Y:401707423

GK-185:099 heimild útihús 64°05.222N 22°00.057V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 er tvíhólfa útihús úr torfi, upp við landamerkjagarð [100] suðvestan Háteigs [030], miðja vegu milli hans og Miðengis. Gata er ekki sýnd milli bæjanna en e.t.v. Eru þetta samt gripahús sem skv. Örnefnalýsingu 1976-77 „eru aðeins vestar og neðar en íbúðarhúsið [í Háteigi], við veginn niður að Miðengi."" Ekki er frekari lýsing á ástandi minjanna í fornleifaskráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 45
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-41 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353664098 Y:401695799

GK-185:100 *Garðatúngarður* garðlag túngarður 64°05.239N 21°59.843V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Í Lýsingu Garðaprestakalls 1842 segir: „Garðlag er og þvert yfir Garðahverfi sem skiptir því í austur og vestur hverfið. Fleiri garðlög finnast, er sýna, að hér eru tún forðum útgrædd upp í Garðaholt." [...] Hér mun átt við Garðatúngarð sem skipti milli Garðatorfunnar meðfram sjónum og nytjalands hverfisins fyrir ofan. Á Túnakorti 1918 má sjá hvar hann liggur frá suðaustri til norðvesturs meðfram túnum bæjanna Dysja, Pálshúsa, Nýjabæjar, Garða, Ráðagerðis, Hlíðar, Hausastaðakots og Hausastaða. Hann byrjar við Balatjörn og endar við Skógtjörn. Skv. Fasteignabókum er enn túngarður við allar jarðirnar árin 1932-44."


Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 45

Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Í Örnefnaskrá 1964 segir: „Garðatúngarður: Þetta var mikill túngarður, hlaðinn af grjóti. Lá neðan frá Dysjamöl við Balatjörn norður allt að Skógtjörn. Girti þannig af alla Garðatorfuna með hjáleignatúnunum. Séra Markús stiptprófastur Magnússon lét hlaða þennan garð á síðari hluta 18. aldar. Var það mikið mannvirki." [...] Þegar garðurinn var lagður voru um leið fjarlægðir aðrir garðar sem voru „vítt um túnin ofanverð, og munu hafa verið nokkurs konar varnargarðar um akurreiti, þegar akuryrkja var stunduð [...]" Talað var um Austurgarð austur frá Garðahliði [093] en Vesturgarð vestur frá því. [...] Austan Dysja var kallaður Dysjatúngarður [GK-181:024]. Fornleifaskráning fór fram árið 1984 og fundust þá hlutar Vesturgarðsins. Ofan Garða er hann varðveittur frá Garðhúsum [023] til Háteigs [030] og birtist síðan aftur á um 70 m kafla ofan Hlíðar en endar við girðingarhorn við heimkeyrslu Grjóta [GK-191:011]. [...] Ætla má að allir íbúar garðahverfis hafi sameinast um byggingu þessa mikla túngarðs undir stjórn séra Markúsar enda hefur þeim líklega borið skylda til. Eins og fram kemur voru þarna eldri garðlög fyrir en mannvirkjagerð af þessu tagi hefur tíðkast frá fornu fari. Annars staðar á landinu eru varðveittir langir garðar sem varið hafa heilu byggðalögin og má nefna Skagagarð á Garðskaga

og Bjarnagarð í Landbroti. Í Grágás eru lagaákvæði um byggingu slíkra garða og segir þar að Löggarður átti að vera ,,fimm feta þjokkur við jörð niðri, en þriggja ofan, og skal hann taka í öxl þeim manni af þrepi, er bæði hefir gildar álnir og faðma"." Ekki er nánari lýsing í skýrslu RT og RKT á ástandi túngarðsins í dag.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 45-6
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-42 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353839150 Y:401719290

GK-185:101 *Mýrarhús* bæjarstæði býli 64°05.109N 22°00.035V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Mýrarhús hét skv. Jarðabók ,,hjáleiga í óskiftu Garðastaðalandi" sem var komin í eyði árið 1701 en hafði verið byggð í 60 ár eða lengur. 35 álna landskuld hafði goldist í fiski í kaupstað og eitt kúgildi í fiski eða smjöri til Garða. Grasnautnin fóðraði kúgildið en hana brúkaði síðan staðarhaldarinn. [...] Hjáleigunnar er ekki getið í síðari heimildum og hefur e.t.v. ekki byggst aftur. Af nafninu að dæma hefur hún verið staðsett nálægt mýri, trúlega Garðamýri [...] en þar nokkru sunnar en Sjávargata [028] og Hóll [027] er greinilegur tóftarhóll." Hólnum er ekki lýst nánar í skráningu RT og RKT.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 46
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-43 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353672224 Y:401485197

GK-185:102 *Moldargötur* heimild leið 64°05.508N 21°57.355V
,,Svo voru göturnar meðfram hrauninu úr Engidal í Vikið," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. ,,Moldargöturnar lágu vestan við Troðningana við Hraunsholtslæk og upp með Gálgahrauni að norðaustan, þvert suður frá vesturenda Troðninga," segir í Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar, göturnar eru jafnframt sýndar á korti á bls. 6 í sömu bók. Moldargötur voru áður fyrr austur af Garðahrauni og Gálgahrauni og vestur af því svæði sem Ásahverfið nú byggir. Á þessari landræmu sem snýr nokkurn veginn N-S frá Engidal norður í Hraunsvik, er nú gatan Hraunsholtsbraut og vestan við hana, meðfram hraunjaðrinum er malarborinn göngustígur. Engin merki Moldargatna sjást á vettvangi.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi, 13; Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar, 125

GK-185:103 *Tómthús* heimild býli 64°05.059N 21°59.955V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Í Manntali 1845 er Tómthús talið meðal býla í Garðahverfi en þar bjuggu Jón Jónsson ,,grashúsmaður, vitstola í 10 ár", kona hans Katrín Eyjólfsdóttir og fjögur börn þeirra, Eyjúlfur, Erlendur, Jón og Ingveldur. Auk þeirra voru Ingunn Helgadóttir sem lifði ,,af handavinnu sinni" og sonur hennar Ólafur Einarsson [...] Tómthús þetta er ekki nefnt í öðrum heimildum og hefur e.t.v. einungis verið í byggð í tíð þessara tveggja fjölskyldna. Nöfn húsfreyjunnar og elsta sonarins minna þó á fyrstu ábúendurna í Katrínarkoti [GK-190:004] sem hétu Katrín og Eyjólfu og gætu þar verið tengsl. Þar eð Katrínarkot á að hafa byggst á sama tíma og Tómthús birtist í Manntalinu vaknar sá grunur að um sama býli sé að ræða. Eðlilega hefur þá með tímanum verið farið að kenna það við húsfreyjuna sem hlýtur að hafa staðið ein fyrir öllum heimilisrekstri og búskap fyrst maður hennar var veikur. Það að Tómthús er í Manntalinu talið upp næst á eftir Hausastöðum en næst á undan Hausastaðakoti gæti bent til að það hafi verið staðsett í nágrenni þeirra eða á sömu slóðum og Katrínarkot. Á móti mælir hins vegar að Katrín og Eyjólfur í Katrínarkoti eru talin hafa verið hjón en ekki mægin eins og fólkið í Tómthúsi og því eru býlin skráð í sitt hvoru lagi. " Ekki er greint frá aðstæðum á svæðinu né mögulegu ástandi Tómthúss í skráningu RT og RKT. Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifarnar sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 47
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-45 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353732367 Y:401388435

GK-185:104 *Höll* tóft býli 64°05.240N 21°59.608V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Skv. Örnefnaskrá 1964 var Höll ,,hjáleiga og þurrabúð" frá Görðum og stóð bærinn ,,utan Garðs, ofan Garðahliðs" [...] Við Fornleifaskráningu 1984 segir að tóft hans sé svo til beint upp af Garðakirkju [002], ,,rétt eftir að kemur að vegamótum heim að henni, að norðan". Allt í kring er grýtt holtið. Mundi Tryggvi Gunnarsson í Grjóta eftir því þegar búið var í þurrabúðinni. Þarna er garður og við norðausturhorn hans lítil aflöng tóft, grjóthlaðin og niðursokkin. Hún er um 6 m á lengd og 2,1 m á breidd, þykkt veggja um 0,5 m. Stefnan er suður-norður og virðist inngangurinn vera á suðurgafli [...] Höll er hvorki nefnd í jarðabókum né manntölum."



Teikning: RT og RKT, 2003, bls. 48.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 48
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-47 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354030275 Y:401711141

GK-185:105 *Hallargerði* garðlag 64°05.232N 21°59.643V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Í Örnefnaskrá 1964 er Hallargerði sagt liggja kringum Höll [104]: ,,Svo hét gerði umhlaðið miklum grjótgarði norðan vegar [...] garður af grjóti kringum bæinn" [...] Gerði sem teiknað var upp við Fornleifaskráningu 1984 er þó vestan við hústóftina."
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,ferhyrndur garður eða þurr grjóthleðsla, um 40,8 m á breidd og 18,2 m á lengd, veggir 1,8 m á breidd. Um 19 m frá austurendanum mótar fyrir yfirgróinni hleðslu, um 1,2 m á breidd, sem liggur þvert inn í garðinn."
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 49
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-48 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354001399 Y:401698176

GK-185:106 *Torfavarða* heimild 64°05.255N 21°59.474V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Skv. Örnefnaskrá 1964 var á Garðaholti svo nefnd Torfavarða eða Torfaleiði [...]" [...] Í Örnefnalýsingu 1976-77 segir: ,,Á háholtinu, suðaustan við Garðaholtsveg [...] er þúfa, sem kölluð er Völvuleiði [GK-187:011]. Torfavarða var gegnt Völvuleiði, hinum megin við veginn. Hún er nú horfinn, en lítið hús stendur nú, þar sem hún var." [...] Þetta er við stíginn sem lá frá Flatahrauni, fram hjá Völvuleiði að Garðtúngarðshliði."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 49
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-49 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354140470 Y:401734802

GK-185:107 *Torfholt* örnefni rista 64°05.099N 21°58.909V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Í Örnefnaskrá 1964 segir: ,,Torfholt: Svo var lágt holt kallað nyrst í mýrinni upp við Garðaholtið" eða ,,efst og austast í mýrinni [115] Torfur: Svo voru torfur með nokkrum gróðri kallaðar ofan Dysjamýrar, austan við Torfholt." [...] Þarna gæti hafa verið torfrista."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 49
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-50 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354585578 Y:401422934

GK-185:108 heimild herminjar 64°05.234N 21°59.337V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Skv. Fornleifaskráningu 1984 var aðalloftvarnarbyrgi Breta á stríðsárunum hæst á hæðinni, þ.e. í Garðaholtsenda, og mjög grýtt allt í kring. ,,Nú stendur hús á staðnum og sér engin merki umsvifa Bretanna"."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 49
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-51 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354249620 Y:401690644

GK-185:109 mannvirki herminjar 64°05.314N 21°59.538V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Skv. Fornleifaskráningu 1984 eru tvö samtengd skotbyrgi ofan Garðakirkju, í austurbrún Garðaholts, beint út frá útsýnisskífu, grýtt holtið allt í kring."
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Þetta eru ferhyrnd steinsteypt byrgi 2 x 3 m að stærð. Á 18 m bili milli þeirra hlykkjast grjóthlaðin skotgröf eins og göng, um 1 m á breidd og 0,80-1 m á dýpt. Hún liggur suður út frá vestra byrginu, beygir til austurs, bugðast upp að og austur fyrir eystra byrgið og sveigir svo suður meðfram brún lítils klettabeltis. Útsýni er úr byrgjunum til norðurs, aðallega út á Álftanes."



Teikning: RT og RKT, 2003, bls. 50.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 50
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-52 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354093540 Y:401847004

GK-185:110 *Mæðgnadys* heimild legstað 64°05.381N 21°59.284V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Í Örnefnaskrá 1964 er nefnd Mæðgnadys: „Dys eða þúfa norðan í holtinu skammt frá Garðagötu [111] norðan Torfavörðu [106] Þar varð úti griðkona frá Görðum með barn sitt ungt [...] mæðgur [...]." Ekki kemur fram í skráningu RT og RKT hvernig ástand dysjarinnar er í dag.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 50
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-53 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354305553 Y:401961280

GK-185:111 *Garðagata* heimild leið 64°05.406N 21°59.158V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Skv. Örnefnaskrá 1964 lá Garðagata „frá Garðahliði norður hjá Prestahól í Stekkinn" [...], þ.e. Garðastekk [045] og við hana hefur Götuhóll eða Göthóll e.t.v. verið kenndur, „klapparhóll litlu norðar en Presthóll, rétt við Garðagötu" [...] Framhald virðist vera af götunni um 100 m norðan við stekkinn, á móts við núverandi Garðaholtsveg, en þar liggur skv. Fornleifakönnun 1999 annar slóði upp í hraunið til norðausturs og sameinast Álftanesgötu eða Gálgahraunsstíg nyrðra [115] eftir um 250 m [GK-185:075]."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 50
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-54 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354410480 Y:402003137

GK-185:112 *Hvíldarklettar* örnefni áfangastaður 64°05.427N 21°59.792V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Skv. Örnefnaskrá 1964 voru Hvíldarklettar „grágrýtisklappir upp frá Álamýri. Austan Hausastaða." [...] Þeir eru ekki langt frá Garðavegi og hafa e.t.v. verið áningarstaður"
Hættumat: engin hætta
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 51
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-55 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu

Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353897158 Y:402066647

GK-185:113 tóft fjárskýli 64°05.390N 21°58.545V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Í Minnispunktum úr skoðunnarferð 1978 segir Kristján Eldjárn: „Fjárborg hefur verið á hraunbrúninni; (Gálgahrauns) beint andspænis Görðum, fáeinum metrum ofan við réttina og aðrar minjar þar sem heitir Stekkur [...] Varla er unnt að segja með réttu að fjárborgin sé hluti af stekksminjunum, þótt hvort tveggja sé viðkomandi sauðfé, og þess vegna er borgin talin sér. Nú er ekkert eftir af borginni nema undirstöðurnar, en þær eru líka mjög greinilegar og skemmtilegar. Borgin hefur verið hlaðin úr hraungrjóti og alveg kringlótt, um 10 m í þvm út á ytri brúnir. Veggir allþykkir. Trúlegt virðist að borgin hafi verið rifin til þess að fá grjót í réttina sem hlaðin hfur verið á stekkjarstæðinu og enn stendur. Ég var að athuga stekkjarminjarnar og réttina 20. sept. þegar ég allt í einu rak augun í þennan skemmtilega hring í hrauninu. Grjótið er allt með skófum og litum eins og hraunið sjálft svo að næstum lítur út eins og náttúran sjálf hefði teiknað þennan hringferil svona hárrétt á jörðina. En svo er þó reyndar ekki, heldur er þetta eitt af mörgum fjárskjólum hér á Reykjanesi, þar sem útigöngufé var ætlað að ganga af, helst allan veturinn." Við Fornleifaskráningu 1984 er fjárborgin sögð vera „á hrauntá í jaðri Gálgahrauns" um 30 m norðaustan og ofan fjárkofans og rúmlega 375 m frá Bessastaðavegi."



Teikning: RT og RKT, 2003, bls. 53.

Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Rústin er mjög skýr, „hringlaga eða réttur hringur að utanmáli", um 11 m í þvermál. Veggir eru um 2 m á breidd og auðgreinanlegir því þeir eru ólíkt umhverfinu lítt mosagrónir. Hæð þeirra er ekki teljandi en í rústinni miðri er grjót og hún er há miðað við umhverfið."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 53-54
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-59 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354907044 Y:401948734

GK-185:114 hleðsla naust 64°05.663N 21°58.925V
Í skráningarskýrslu frá 1999 segir OV: „Við norðvesturhorn Gálgahrauns, þar sem það rennur út í Lambhúsatjörn er dálítil vík og í henni hleðsla sem gæti verið eftir naust."
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: OV: Fornleifakönnun Álftanesvegur milli Engidals og Selskarðs, 7; RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 55
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-62 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354622029 Y:402470806

GK-185:115 *Mónef* heimild mógrafir 64°04.818N 21°58.957V
"Upp með hraunbrúninni, ofan við Balatjörn, skerst hraunnef fram í tjörnina. Það heitir Mónef ," segir í örnefnaskrá AG. Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Skv. Örnefnaskrá 1964 náði Dysjamýri frá Garðatúngarði [100] austur að hrauni, frá Dysjamöl og Balatjörn upp að holti" þ.e. Garðaholti, en norðan við Bala er Mónef, „hraunsnef lítið, sem svo heitir." [...] Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: „Dysjamýri er milli Garðahrauns og Garðaholts [...] á hraunjaðrinum með henni [...] norðan við Bala gengur Mónef fram í mýrina. Hér áður var tekin upp mór í Dysjamýri, en því var hætt, þegar Guðmann [Magnússon] man eftir. Mórinn mun hafa verið þurrkaður á Mónefni" [...] Skv. Jarðabók 1703 áttu flestar jarðir í Garðahverfi mótak í landi staðarins en þar segir: „Móskurður til eldiviðar hefur nægur verið, en fer í þurð og gjörist erfiður." [...] Aðalmótekjusvæðið var þó í Hraunholtsmýri við Arnarnesvog."
Ekki kemur fram í skráningu RT og RKT hvort sjáist til mógrafa á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Garðahverfi AG, 1; RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 58-9
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 185-70 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X:

354522443 Y:400904010

GK-185:116 gerði rétt 64°04.765N 21°59.170V
Gerði er skammt suðvestur af enda afleggjarans sem áður lá að Bala frá Garðavegi. Gerðið er nærri sjó, 30-40 m suður af Balatjörn og 70-80 m VNV af hjalli sem stendur við Balakletta og er að líkindum nærri gömlu bæjarstæði Bala 011.
Inni í gerðinu og í kring er algróið þykkri sinu og nokkuð þýft.
Gerðið er hlaðið úr hraungrýti, sem er gróið mosa og skófum. Það er um 35 x 25 m N-S að stærð og ferhyrnt, en þrengist til suðurs og er innan við 10 m á breidd syðst. Hleðslurnar eru um 1 m á þykkt og 0,5 m háar. Gerði þetta er án efa mun yngra en rétt 034 sem er hátt í 200 m norðaustar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-186 Ráðagerði

Garðakirkjueign. 1703: Hjáleiga Garða "Rádagierde, hjáliega í óskiftu staðarins landi. Jarðardýrleiki er óviss." JÁM III, 185.
1918: ,,Tún 1,4 teigar og kálgarðar 1020 m2."

GK-186:001 *Ráðagerði* bæjarhóll bústaður 64°05.215N 21°59.921V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Á Túnakorti 1918 má sjá hús úr steini eða torfi ofarlega í túninu rétt suðaustan Háteigs [GK-185:030] og Götu [GK-188:007], norðvestan Garða. Húsið hefur stefnuna norðvestur-suðaustur og kálgarðar [002] eru til hliðar við það en líklega er þetta bæjarstæði Ráðagerðis sem nefnt er í Örnefnalýsingu 1958 [...] og síðan í Örnefnaskrá 1964: ,,Fyrrum býli, hjáleiga frá Görðum, stendur ofar en Gata [...]" litlu austar en Háteigur sem það liggur nú undir. [...] Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: ,,Ráðagerði var í Háteigstúni nærri túngarði milli Garða og Háteigs, neðanhallt við húsið í Háteigi. Það er farið í eyði fyrir lifandi löngu." [...] Skv. Fornleifaskráningu 1984 er þetta í grösugum aflíðandi halla á milli Háteigs og Garðakirkju. Um 19,15 m frá garðhleðslu sem þarna er sést óljós steinaröð, líklega frambrún bæjarins. ,,Tvær grjóthrúgur eru í sömu línu".



Mynd: RT og RKT, 2003, bls 114.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 115
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 186-1 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353774035 Y:401678105

GK-186:002 *Ráðagerðisgarður* garðlag kálgarður 64°05.215N 21°59.921V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Á Túnakorti 1918 má sjá tvískiptan kálgarð með hlöðnum veggjum austan og sunnan við Ráðagerðisbæinn [001] og er það e.t.v. Kartöflugarður sem tilgreindur er í Örnefnalýsingu 1976-7 ,,með grjótgarði í kring nefndur Ráðagerðisgarður." Skv. Fornleifaskráningu 1984 er þetta ferhyrnd garðhleðsla, um 33x21,8 m að stærð, veggirnar 23,4 m á breidd og hefur eins og á Túnakortinu stefnuna suðvestur-norðaustur [...] Garðurinn er enn uppistandandi."



Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 115.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 115
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 186-2 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353774035 Y:401678105

GK-186:003 *Ráðagerðistúngarður* heimild túngarður 64°05.215N 21°59.921V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Á Túnakorti 1918 eru Ráðagerði og Háteigur saman í túni og girt í kring á alla vegu. Norðaustan megin er Garðatúngarður, suðaustan megin gegnt Görðum er girðing og norðvestan megin Ráðagerðistúngarður sem nefndur er í Örnefnaskrá 1964: ,,Túngarður á vesturhlið túnsins [...]." Skv. Fasteignabók eru árið 1932 túngarður og hagagirðing kringum tún Háteigs sem áður heyrði undir Ráðagerði." Ekki er vettvangslýsing á túngarðinum í skýrslu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 116
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 186-5 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353774035 Y:401678105

GK-186:004 *Ráðagerðistraðir* heimild traðir 64°05.215N 21°59.921V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Skv. Örnefnaskrá 1954 lágu Ráðagarðistraðir ,,heiman frá bæ upp í Garðatúngarð" og um Ráðagerðishlið [...] Þær sjást ekki á Túnakorti." Ástand traðanna kemur

ekki fram í skráningu RT og RKT né hvort enn sjáist til þeirra.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 116
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 186-3 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353774035 Y:401678105

GK-186:005 heimild þingstaður 64°05.215N 21°59.921V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Lýsingu Garðaprestakalls 1842 segir: „Gerði tvö, sem sumir ætla, að séu dómhringir, finnast. Hið annað á Hofsstöðum, hitt í Ráðagerðistúni, sem er næsti bær við Garða." [...] Hinn gamli þingstaður Álftnesinga var þó í dómhring [GK-190:017] á Hausastöðum áður en hann var fluttur að Görðum eftir konungstilskipun 23. feb. 1816. Ekki fundust neinar minjar við vettvangsskráninguna en leifar af gerðinu geta leynst undir sverðinum"
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 116
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 186-4 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353774035 Y:401678105

GK-186:006 *Ráðagerðisvör* heimild uppsátur 64°05.136N 22°00.268V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Í Örnefnaskrá 1964 er Ráðagerðisvör sögð vera í Garðasjó rétt hjá Háteigsvör." Ekki er frekari lýsing á minjunum í skráningu RT og RKT.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 116
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 186-6 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353485446 Y:401543766

GK-187 Miðengi

Garðakirkjueign. 1703: Hjáleiga Garða. Ekki hluti af Hafnarfirði "Gamli menn segja, að Miðengi sje fyrst bygt úr Hlíðarlandi ekki fyrir fullum 100 árum, og hefur í manna vinni verið hálft fyrirsvar, áður en Sr. Ólafur tó það var violenter satir; imó mag. Jón Widalin man og veit að þar hefur hálft fyrirsvar verið." JÁM III, 187
1918: Tún 1,4 teigar og kálgarðar 1180 m2"

Túnakort: Miðengi, Hlíð, Móakot, Hausastaðir og Hausastaðakot



Byggt á túnakorti frá 1918

GK-187:001 *Miðengi* bæjarhóll bústaður 64°05.201N 22°00.204V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnkakorti 1918 ‚á sjá gamla bæjarstæðið sunnarlega í Miðengistúni, nálægt sjónum. Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: „Miðengi er niður frá Háteigi, og er sama heimreið að báðum bæjunum. Húsið í Miðengi stendur u.þ.b. 40-50 m fyrir ofan fjöru. Það var byggt fast aftan (norðaustan) við gamla bærinn (þ.e. þar sem hann var)." [...] Skv. Fornleifaskráningu 1984 stóð gamli bærinn beint framan við núverandi íbúðarhús, þar sem hlaðið er nú [...]"
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Bærinn á Túnakortinu samanstendur af um sex torfhúsum en eitt þeirra er opin tóft. Stefnan er suðvestur-norðaustur. Skrásetjari segir:„Hafa bæjarhúsin vísað til suðvesturs, út á sjóinn og má sjá á hleðsluraðir, niðurtroðnar í hlaðinu." Skv. Fasteignabók voru timburhús komin í Miðengi árið 1932." Ekki kemur fram í skráningu RT og RKT hvort bæjarhóll sjáist eða hvert ástand minjanna sé í dag.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 97
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 187-1 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353542975 Y:401662939


Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 97.

GK-187:002 heimild fjós 64°05.201N 22°00.204V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 eru útihús rétt vestan við bæinn, m.a. svolítið ferhyrnt steinhús. Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: „Fjós og hlaða eru u.þ.b. 10 m vestur af íbúðarhúsinu [001]. 100 ára gamall skúr er áfastur fjósinu að sunnan. Séra Hens Pálsson í Görðum lét flytja skúr þennan frá útskálum." [...] Jens var prestur í Görðum á tímabilinu 1895-1912." Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifarnar sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 98
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 187-2 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353542975 Y:401662939

GK-187:003 *Fjósgarður* heimild kálgarður 64°05.196N 22°00.166V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 má sjá tvo kálgarða framan við bæjarhúsin [...] í Miðengi. Sá vestari við útihúsin er líklega sá sem skv. Örnefnalýsingu 1976-7 heitir „Fjósgarður."" Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Garðahverfi, 6; RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 98
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 187-4 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353573457 Y:401651291

GK-187:004 *Framgarður* kálgarður 64°05.197N 22°00.230V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 er kálgarður suðaustan við bæjarhúsin, líklega sá sem kallaður er Framgarður í Örnefnalýsingu 1976-7: „Rétt suður af bænum er Framgarður, kálgarður, aflagður fyrir nokkrum árum." [...] Skv. Fornleifaskráningu 1984 er garðurinn „beint suður af íbúðarhúsinu"..."
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Garðurinn á Túnakortinu er með hlöðnum veggjum, ferhyrndur og hefur stefnuna suðvestur-norðaustur. Kemur það heim við Fornleifaskráningu: „ferhyrndur, grjóthlaðinn garður, sem vísar á lengdina í átt til sjávar", þ.e. í suðvestur. Utanlengd hans er um 32 m en breiddin 13,6 m. Vesturendinn er betur varðveittur,


Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 98.

hæð 0,8 m."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 99
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 187-5 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353521458 Y:401656219

GK-187:005 *Miðengistúngarður* heimild varnargarður 64°05.170N 22°00.204V



Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 99.

Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 má sjá að varnargarður er neðan Miðengistúns og út frá honum liggja girðingar kringum túnið. Skv. Fasteignabók var Miðengi árið 1932 umgirt túngarði og hagagirðingu [...] Miðengistúngarður hét sá hluti sjógarðsins sem var þarna, skv. Örnefnaskrá 1964 „þykkur og mikill" [...] Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: „Á bakkanum er grjótgarður til varna ágangi sjávar." [...] Neðan túnsins er breið klapparfjara og klapparnef fram í sjó. Þarna er ekkert landbrot en flæðir oft inn á lágt land innan við kambinn." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 99
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 187-8 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: :353539837 Y:401604701

GK-187:006 *Miðengisvör* örnefni lending 64°05.160N 22°00.314V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 sýnist vera breitt hlið á sjóvarnargarðinum [005] þar sem Sjávargata [009] endar en þar fyrir neðan er líklega Miðengisvör. Skv. Örnefnaskrá 1964 var hún „næst fyrir austan Hlíðarvarirnar [GK-188:011/023]. Einnig grýtt." [...] Miðengisklappir hétu „klappirnar í Miðengisvör" [...] og í sjónum fram undan henni var Miðengissker, e.t.v. sama og Miðengishryggur [...]. Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: „Vörin, nefnd Miðengisvör af bæ, er beint niður undan húsinu. Ofan hennar er hlið á garðinum, og voru bátarnir settir um það upp á tún, þegar vont var á vetrum. Miðengisklappir heita stórar klappir, sem ganga fram í sjó vestan við Miðengisvör. Miðengissker er fram af þeim. Svolítið bil verður milli klappanna og skersins. Á flóði fellur alveg yfir Miðengissker." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.



Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 100.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 100
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 187-11 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353450183 Y:401590366

GK-187:007 heimild naust 64°05.190N 22°00.259V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakortinu 1918 má sjá lítið ferhyrnt mannvirki byggt utan í sjógarðinn [005], e.t.v. grjóthlaðið naust." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT. Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 100
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 187-9 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353497699 Y:401643228

GK-187:008 *Miðengisbrunnur* heimild brunn 64°05.175N 22°00.154V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 sést brunnur utarlega í túninu, suðaustan

bæjarstæðisins [001], nálægt mörkum Miðengis og Garða. Miðengisbrunnur er nefndur í Örnefnaskrá 1964, neðan og sunnan bæjarins. Ekki gott vatn." [...] Skv. Örnefnalýsingu 1976-7 var hann ,,u.þ.b. 20-25 m norðaustur af hólnum", þar sem sjóbúð [GK-185:059] var áður ,,á kampinum milli Miðengis og Garða [...] Af heimafólki var hann bara nefndur Brunnur. Vont vatn þótti í honum og saltblandað." Vettvangslýsing á aðstæðum fylgir ekki skráningu RT og RKT. Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 101
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 187-14 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353581664 Y:401611939

GK-187:009 *Sjávargata* heimild leið 64°05.190N 22°00.201V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Á Túnakorti 1918 má sjá götu liggja frá bæjarhúsum [001], suðvestur milli garða [003/004] og niður að sjó. Virðist vera hlið á sjógarðinum [005] þar sem gatan endar. Væntanlega er þetta leiðin sem lýst er í Örnefnalýsingu 1976-7: „Gatan liggur frá íbúðarhúsinu á milli Framgarðs og Fjósgarðs, og skiptist hún neðan garðanna. Liggur Sjávargata beint niður að vörinni, en Brunngata suður að brunni [008]" Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 100
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 187-10 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353544120 Y:401642102

GK-187:010 *Brunngata* heimild leið 64°05.190N 22°00.201V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Skv. Örnefnaskrá 1964 var Miðengisbrunnur [008] ,,neðan og sunnan bæjarins" [...] og lá Miðengisbrunngata neðan frá honum „heim til bæjar" [...] Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: „Gata liggur frá íbúðarhúsinu á milli Framgarðs og Fjósgarðs, og skiptist hún neðan garðanna. Liggur Sjávargata [009] beint niður að vörinni en Brunngata suður að brunni." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 101
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 187-13 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353581664 Y:401611939

GK-187:011 *Völvuleiði* dys legstaður 64°05.143N 21°58.840V
"þá á Miðengi land uppi á Garðholti, og tilheyra því bæði Völvuleiði og Presthóll [...] Á háholtinu, suðaustan við Garðholtsveg (þ.e. vegarins (svo) yfir holtið), er þúfa sem kölluð er Völvuleiði." segir í örnefnaskrá KE. "hér fyrir ofan prestssetrið á Garðaholti...er Völvuleiði, sem fornar sagnir eru um að þar sé grafin Völva (spákona) sem farið hafi um í heiðini. En við leit finnast þar engar menjar eða leifar af nokkru tagi, " segir í FF "Syðst á Garðaholti heitir Holtsendi, þar sem nú eru geysimiklar sandgryfjur. Það, sem mest ber á á holtinu, er, að á því sunnarlega er smáhæð, sem heitir Völvuleiði," segir í örnefnaskrá AG. Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Skv. fornleifaskráningu 1984 er Völvuleiði ,,uppi á háhæð vestan við þjóðveginn út á Álftanesi, sunnan vegar út að Görðum, syðst á Garðaholti."
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Þar er miðlungsgrýttur melur, nokkuð grösugur allt um kring. Hóllinn sést greinilega langt að, grænni en umhverfið og stendur hátt."


Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 101.

Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,[Hóllinn] er grasivaxinn en sjá má grjót og hola er í honum miðjum. Hann er um 11 m að lengd og breidd og snýr í austur (100°) út úr holunni."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Garðahverfi KE, 7, 14; Ö-Garðahverfi AG, 1; FF, 242; RT og RKT: Garðahverfi

Fornleifaskráning 2003, 101-2
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 187-15 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 354645630 Y:401502509

GK-187:012 *Presthóll* huldufólksbústaður 64°05.311N 21°58.898V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Í Örnefnalýsingu 1958 segir: ,,Það, sem mest ber á holtinu, er, að á því sunnarlega er smáhæð, sem heitir Völvuleiði [011]. Heldur vestar, austanvert, þar sem Garðavegur kemur á Álftanesveg, er grasigróinn klapparhóll, ber að norðan og vestan. Þessi hóll heitir Presthóll. Þar hlóð sr. Jón Loftsson, sem hér var prestur 1562, vörðu og dvaldi þar öllum stundum." [...] Skv. Örnefnaskrá 1964 er þetta ,,grágrýtisklapparhóll við vegamót Garðaholts- og Álftanesvegar" [...] en í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: ,,Presthóll er stór klettahóll, klofinn endilangs, í krikanum austan við Garðaholtsveg, þar sem hann liggur af Álftanesvegi." [...] Kristján Eldjárn skoðaði hólinn árið 1978: ,,Þar sem vegurinn út á Álftanes liggur yfir Garðaholtið er til vinstri handar (þegar út á nesið er ekið) dálítill klettahóll, (eða kannski réttara að segja klappahóll), sem heitir Presthóll. Um hann eru þjóðsögur og mun vera huldufólk í." Kannski Garðapresturinn hafi átt vingott við það en hóllinn er enn á sínum stað."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Garðahverfi, 7, 14; Ö-Garðahverfi AG, 1; RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 102
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 187-16 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 3546135144 Y:401816050

GK-187:013 heimild fjárhús 64°05.226N 22°00.236V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Á Túnakorti 1918 má sjá lítið ferhyrnt torfhús við girðingu í norðvesturjaðri Miðengistúns. Í Örnefnalýsingu 1976-77 segir:,, U.þ.b. 50 m norðvestur af hlöðunni, út við girðingu, milli Hlíðar og Miðengis, er kindakofi, sem tekur um 30 fjár." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 99
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 187-7 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353519216 Y:401709977

GK-187:014 *Miðengisbryggja* heimild lending 64°05.175N 22°00.154V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Í Örnefnalýsingu frá 1958 segir: „Fram af Miðengi er Miðengisbryggja. Það er þangi vaxin flúð. Þar utar er Hlíðarsker [...]." [...] Þetta er náttúruleg bryggja af sama tagi og voru við Bakka [GK-182:016], Dysjar [GK-181:016] og Hausastaði [GK-190:024]."
Hættumat: engin hætta
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 101
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 187-12 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353479769 Y:401619485

GK-187:015 heimild útihús 64 05.201N 22 00.204V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Á Túnakorti 1918 eru tvö samföst útihús rétt vestan við bæinn [001]. Þau eru líklega úr steini og hafa stefnuna suðvestur-norðaustur." Ekki er frekari lýsing á aðstæðum í skráningu RT og RKT. Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifarnar sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 98
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 187-3 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353542975 Y:401662939

GK-187:016 *Götusteinn* álagablettur 64°05.231N 22°00.192V

Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „ Götusteinn var skv. örnefnaskrá 1964 „steinn er lá við götuna [GK-188:006] milli Hlíðar og Miðengis. Á steini þessum voru þau ummæli, að hann mætti ekki hreyfa." [...] Við þetta gerir Kristján Eiríksson athugasemd í Örnefnalýsingu 1976-7: „Nokkuð stór steinn er í Miðengistúni, fast vestan við brunngötuna frá Hlíð. G.S. Nefnir hann Götustein í lýsingu sinni. Kristján [Eyjólfsson í Miðengi] segir það rangt, en man ekki rétta nafnið" [...] Steinninn er enn á sama stað."



Mynd: RT og RKT, bls. 99.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 99

Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 187-6 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353555526:401718488

GK-188 Hlíð

1565: Á lista yfir byggðar hjáleigur í landi Garða. "Hlid byggd Hakone fyrer iij. Vætter fiska. Mannslán og formennska á skilenn. Er med hiáleigunne eitt kugillde. Enn adur voru þar tvo." DI XIV, 438. Garðakirkjueign. 1397: Eign kirkjunnar á Görðum. DI IV, 107. 1703: Hjáleiga Garða. Ekki hluti af Hafnarfirði "Hlíð var so sem lögbýli áður en Miðengi var þar frá tekið og var þar þá fyrirsvar að menn meina." JÁM III, 187.
1918: ,,Tún 1,4 teigar og kálgarðar 1200 m2"

GK-188:001 *Hlíð* bæjarhóll bústaður 64°05.283N 22°00.201V



Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 87.

Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Á Túnakortinu 1918 má sjá þyrpingu húsa í gamla bæjarstæðinu í Hlíð og er hinn svo kallaði Hlíðar-Vesturbær væntanlega vestanmegin. Hann skiptist í tvennt, austara húsið aflangt og hólfast aftur í tvennt. Þetta eru torfhús með standþili og snúa í suðvestur. Af Fasteignabókum má sjá að komið var timburhús árið 1932 [...] og járnvarið 1942-4 [...] Skv. Örnefnaskrá 1964 voru bærnir tveir: ,,Býli í Garðahverfi, hjáleiga frá Görðum, þar var jafnaðarlegast tvíbýli." [...] Við þetta bætir Örnefnalýsing 1976-7: ,,Húsið í Hlíð er u.þ.b. 150 m beint í norður frá Miðengi, en nokkru lengra frá sjó. í Hlíð var tvíbýli til 1924, en þá fær Gísli Guðjónsson alla jörðina og reisir þá hús það, er nú stendur. Þar hefur að vísu verið stækkað síðan. Fjós og hlaða er rétt norðan þess. Íbúðarhúsið stendur á sama stað og Austurbærinn í Hlíð var áður, en fjósið og hlaðan, þar sem Vesturbærinn stóð."" Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 86
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 188-1 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353552902 Y:401814740

GK-188:002 *Hlíð* bæjarstæði bústaður 64°05.283N 22°00.201V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Austan megin í bæjarstæðinu, til hliðar við Hlíðar-Vesturbæ [...] er á Túnakorti 1918 stór bygging, líklega svo kallaður Hlíðar-Austurbær. Hann skiptist í sex hluta. Fremst eru tvö aflöng hús sem hvort um sig hólfast í tvennt og virðist snúa í suðvestur. Þvert á norðausturgafl suðaustara hússins liggur minna aflangt hús og samfast við hlið þess annað stærra. Húsin eru úr torfi og e.t.v. með standþili. Skv. Örnefnalýsingu 1976-7 stóðu bærnir fram til ársins 1924 en þá var reist nýtt íbúðarhús á þeim stað sem Austurbærinn var áður, um ,,150 m beint í norður frá Miðengi, en nokkru lengra frá sjó" [...] og kemur það heim við staðsetningu bæjarins á kortinu." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 87
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 188-2 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353552902 Y:401814740

GK-188:003 garðlag kálgarður 64°05.263N 22°00.225V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 liggja fimm samfastir kálgarðar með hlöðnum veggjum kringum bæjarhúsin að norðaustan, norðvestan og suðvestan. Af þeim er væntanlega kominn stóri kálgarðurinn sem í Örnefnalýsingu 1976-7 er sagður vera ,,fast vestan við íbúðarhúsið" sem Gísli Guðjónsson reisti 1924 í stæði gamla Austurbæjarins [...]." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Hluti garðsins fannst við fornleifaskráningu 1984 framan eða ,,norðvestan við bæinn í Hlíð en skrásetjari taldi þar vera gömlu heimakálgarðhleðsluna. Þarna er

,,yfirgróin grjóthleðsla, nú mjög lág" og nær um 30 m til norðurs framan eða vestan ,,við núverandi íbúðarhús [...] þar kemur aðeins horn í hleðsluna til austurs", síðan heldur hún áfram um 16 m til norðurs". Hleðslan ,,myndar bakka þarna í túnið" og er ,,uppfyllt að austan"."
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 88
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 188-7 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353531129 Y:401778701

GK-188:004 *Hlíðarkot* bæjarstæði bústaður 64°05.308N 22°00.241V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Skv. Örnefnaskrá 1964 var Hlíðarkot hjáleiga eða þurrabúð frá Hlíð og stóð vestan Hlíðarbæjanna ,,samhliða, með stétt" [...], skv. Örnefnalýsingu 1976-7 ,,fast austan við Vesturbæinn. Kotið var löngu komið í eyði, þegar Gísli [Guðjónsson] kom að Hlíð" 1924 [...] Skv. Fornleifaskráningu 1984 var það í hlaðinu á Hlíð. Minjarnar eru þó horfnar og í þeirra stað komin geymsla."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Garðahverfi, 8; RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 93
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 188-23 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353522283 Y:401861660

GK-188:005 *Karkur* brunnur brunnur 64°05.319N 22°00.210V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir:,,Brunnur í grjótinu mitt á milli Grjóta og Hlíðar hét Karkur. Í hann safnaðist eingöngu rigningarvatn. Annars var vatn í Hlíð aðallega sótt í Garðalind [GK-185:026] . [...] Skv. Fornleifaskráningu 1984 er Karkur ,,um miðja vegu milli bæjanna" og ,,grýtt allt í kring." Vatnsbólið var notað í minni Tryggva Gunnarssonar í Grjóta, þá ,,um 3 álnir á dýpt". Brunnurinn er ,,um 0,75 í þvermál - ekki greinilega kringlóttur", markaður með grjóti ,,á allar hliðar og sá í vatn, en hann er nú byrgður með fleka". Ekki er lýsing á aðstæðum minjanna í dag í skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 93
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 188-24 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353548139 Y:401880699

GK-188:006 *Hlíðarbrunngata* heimild leið 64°05.243N 22°00.215V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Á Túnakorti 1918 má sjá götu sem byrjar við skemmu [018] suðaustan Hlíðar-Austurbæjar og liggur þaðan suður um tún bæjanna og gegnum hlaðið í Miðengi. Líklega er þetta Hlíðarbrunngata eða Brunngata sem skv. Örnefnaskrá 1964 lá frá Hlíð og Miðengi að Garðalind [GK-185:026] ,,því þangað var sótt gott neysluvatn" [...] Skv. Örnefnalýsingu 1976-7 ,,lá brunngata frá Hlíð niður fyrir neðan Miðengi og þaðan austur í Garðalind" og var vatn í Hlíð aðallega sótt þangað." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 90
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 188-14 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353537933 Y:401741301

GK-188:007 *Gata* bæjarstæði býli 64°05.243N 22°00.062V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Á Túnakorti 1918 eru gerði í túninu austan Hlíðarbæja upp við Garðatúngarð. Við suðausturenda þess syðsta [008] er hústóft úr torfi og grjóti, aflöng með stefnuna suðvestur-norðaustur. Trúlega er þetta Gata sem skv. Örnefnaskrá 1964 var ,,þurrabúð við vestur túngarð Garða, ofan við Hlíðarbæi" [...] Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: "Í suðaustur (u.þ.b. 150 m) frá íbúðarhúsinu var grasbýli, sem hét Gata. Hún fór í eyði um síðustu aldamót, og féll þá túnið undir Austurbæinn í Hlíð. Var þá byggður þar á tóftunum bær yfir karl og kerlingu á vegum hreppsins. Þau fóru þaðan um 1925, og keypti þá Gísli [Guðjónsson] bæinn og hefur haft hann fyrir fjárhús síðan og gert á



Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 90.

honum ýmsar breytingar." Gísli mundi eftir bænum í Götu en „Götuland girðir að mestu land Miðengis af til austurs. Spildan frá Götu, sem ræktuð er ofan Miðengistúns, er nefnd Götuvöllur, og tilheyrir hún Hlíð." [...] Skv. Fornleifaskráningu 1984 er Gata í eða við suðurhorn garðs „beint upp af Miðengi í suðaustur frá Hlíð"."

Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Allt um kring er slétt graslendi og aflíðandi halli… Þarna eru tvö fjárhús úr torfi og grjóti með trégafla að ofan og bárujárnsþaki. Aftara eða austara húsið er um 5 m langt að utan og vísar í suðvestur (240°) en hitt húsið kemur hornrétt framan eða vestan á það. Suðurendi garðhleðslunnar liggur nokkurn veginn á mitt austara húsið. Væntanlega eru þetta húsin sem Gísli byggðu á bæjartóftunum." Ekki er núverandi ástand Götu fullljóst af skráningu RT og RKT.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 90-91

Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 188-16 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353661771 Y:401735181

GK-188:008 *Götugerði* gerði kálgarður 64°05.257N 22°00.089V

Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti eru garðar upp við Garðatúngarð á slóðum þurrabýlisins Götu [007]. Sá syðsti, kallaður kálgarður, er ferhyrndur, hlaðinn í norðvestur-suðaustur. Í Örnefnaskrá 1964 er hann nefndur Götugerði: „lítið gerði kringum bæinn" [...] Sjálfur matjurtagarðurinn mun þó hafa heitið Götugerðisgarður "Götugerði var ofan við bæinn í Götu, og var hlaðinn garður í kringum það. Nú hefur það verið ræktað. Kálgarður frá Hlíð, sem var innan Götugerðis, var nefnur Götugerðisgarður." [...] Grjóthlaðna gerðið sem þarna er varðveitt líkist a m k. ekki venjulegum kálgarði og á það raunar við um fleiri uppistandandi gerði í Garðahverfi. Skv. fornleifaskráningu 1984 eru fjárhúsin sem Gísli Guðjónsson gerði úr bæjarhúsunum [007] í suðurhorni gerðisins."


Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 91.

Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „[Götugerði]...er úr grjóti, um 31x19 m að stærð." Ekki er núverandi ástand Götu fullljóst af skráningu RT og RKT.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 91

Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 188-17 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353641358 Y:401761021

GK-188:009 *Götugerðisgarður* heimild kálgarður 64°05.257N 22°00.089V

Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Götugerði [008] sem liggur kringum býlið Götu er á túnakorti 1918 kallað kálgarður en merkingin á líklega fremur við Götugerðisgarð sem nefndur er í Örnefnaskrá 1964:„Grjótgarður umhverfis gerðið" eða „garður af grjóti umhverfis þurrabúðina." [...] Það að Götugerðisgarður hafi legið kringum Götugerði sem hann er kenndur við mun þó vera misskilningur sprottinn af tvíþættri merkingu orðsins gerði sem ýmist er haft um ræktarlandið sjálft eða girðinguna kringum það. Rétt mun að Götugerðisgarður hafi legið við býlið sjálft og þá inni í Götugerði. Örnefnalýsing 1976-7 virðist taka af vafa um þetta:„Götugerði var ofan við bæinn í Götu, og var hlaðinn garður í kringum það. Nú hefur það verið ræktað. Kálgarður frá Hlíð, sem var innan Götugerðis, var nefndur Götugerðisgarður."" Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 92

Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 188-18 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353641358 Y:401761021

GK-188:010 garðlag túngarður 64°05.310N 22°00.092V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Á Túnakorti 1918 sést hvernig girt er í kringum allt Hlíðartún með görðum og girðingum. Meðfram Hlíðartröðum [028] sem liggja frá Garðatúngarði til bæja [001/002] er garður hlaðinn suðvestur að heimakálgarðshleðslunni. Annar garður sem er enn austar skilur milli Götu [007] og Háteigs [GK-185:030]. Frá honum liggur síðan girðing í vestur milli Götu og Miðengis og við bæjarstæði Hlíðar byrjar aftur garður sem nær suðvestur að sjó. Þar er sjóvarnargarðurinn hlaðinn eftir öllum sjávarkambinum framhjá Hlíðarvörum [011/023] og hefur framhald hans [GK-189:012] varðveist neðan Móakots. Rétt austan varanna liggur girðing upp frá sjógarðinum að heimakálgarðshleðslunni og nokkru vestan þeirra liggur landamerkja girðing milli Hlíðar og Móakots. Hún endar við austurvegg Móakotstraða sem liggja áfram norðaustur að Garðatúngarði. Skv. Fasteignabókum eru túngarðar og hagagirðingar við Hlíð árið 1932 [...] og áfram 1942-4 [...] Við Fornleifaskráningu 1984 fannst hluti Garðatúngarðs ofan Hlíðar en hleðslubrotið endar ofan við Grjótahúsið. Þetta er ,,þurr grjóthleðsla, þakin skófum og nokkuð gömul að sjá, [...] nú innan girðingar Hlíðarmegin á um 70 m kafla eða að heimkeyrslu Hlíðar - og síðan áfram svolítinn spöl"." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.


Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 94.

"Á sjávarbakkanum fyrir Hlíðartúni lét Gísli hlaða sjóvarnargarð á árunum 1928 - 38. Var hann bæði hlaðinn úr fjörugrjóti og grjóti, sem tekið var upp úr túninu. Grjótið í túninu var tekið upp með svonefndum grjótgálga, en slík verkfæri fluttust þá hingað til lands frá Noregi. Voru þeir ýmist gerðir af þrem eða fjórum löngum spýtum (u. þ. b. 3 - 4 m löngum). Spýturnar mættust í oddi, og var ein lengri og til stuðnings (tvær í fjögurra spýtna gálga). Efst í gálganum var þrískorin blökk og önnur tvískorin rétt fyrir neðan hana. Neðarlega á gálganum voru svo tannhjólin (tvö), og var sveifin fest á svera járnteina á milli aðalspýtnanna. Á endann á vírnum var fest stór járnkjaftatöng til að grípa um steinana. Á veturna var grjótið klofið í hæfilega hleðslusteina. Fyrst voru klappaðar raufir í steinana með stuttu millibili. Mátti það helzt ekki vera lengra en spönn. Til þessa var notaður sérstakur klöppuhamar. Þá voru stálfleygar reknir niður í holurnar. Oddurinn mátti ekki nema við botn holunnar, því þá kom ekki þvinga á steininn. Til að koma í veg fyrir það var sett gyrði báðum megin á fleyginn, og þrýstist það til hliðanna, um leið og fleygurinn var rekinn niður. Eftir að fleygunum hafði verið fest í raufunum, var rekið nokkuð jafnt á fleygaröðina. Klofnuðu steinarnir þá af þvinguninni, og urðu kantarnir merkilega sléttir. Steinarnir, sem voru klofnir, voru fyrst og fremst grágrýti," segir í Örnefnalýsingu KE
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 94; Ö-Garðahverfi KE, 8
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 188-25 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353643400 Y:401860300

GK-188:011 *Hlíðarvör vestri* örnefni lending 64°05.248N 22°00.432V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Á Túnakorti 1918 virðist mega sjá varir sitt hvorum megin við enda sjávargötunnar [019] frá Hlíðarbæjum. Í Örnefnaskrá 1964 eru nefndar Hlíðarvör vestri eða Vesturbæjarvör sem ,,tilheyrði vesturbænum í Hlíð" [...] og Hlíðarvör eystri eða Austurbæjarvör [023] sem ,,tilheyrði Austurbænum" [...]. Vesturbæjarvör er líklega rétt fyrir neðan Hlíðarbúð [021]. Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: ,,Í fjörunni, beint niður af húsinu, er Hlíðarvör. Þar er fjaran nokkuð slétt, en safnaðist í hana stórgrýti á vetrum. Þurfti því að ryðja hana á vorin. Hlið var á garðinum fyrir ofan vörina, og voru bátarnir settir um það upp á tún, ef sjógangur var mikill." [...] Umrætt bátahlið má sjá á Túnakortinu þar sem gatan endar milli vara og er það nokkuð breitt." Ekki er ljóst af skráningu RT og RKT hvort mannaverk sjáist við vörina í dag.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 89; Ö-Garðahverfi, 9
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 188-11 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353361701 Y:401758301

GK-188:012 *Sólheimar* bæjarstæði bústaður 64°05.339N 22°00.064V
"Þurrabúðin Sólheimar var byggð örskammt norðaustan við Grjóta, og braut ábúandinn svolítinn blett í kringum húsið, og er hann nefndur Sólheimagerði. Húsið sjálft er sem næst því, sem heimreiðin í Grjóta er nú," segir í örnefnaskrá KE. Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Sólheimar voru við heimkeyrsluna að Grjóta, rétt utan Garðatúngarðs að sögn Tryggva Gunnarssonar. Þar var tómthús en engar minjar fundust við Fornleifaskráningu árið 1984 [...] Sólheimar eru ekki nefndir í heimildum fyrri alda og því ekki vitað hvenær þeir voru í ábúð. Eitthvað af tómthúsfólkinu sem getið er um í Hlíð í Manntölum 1801 [...] og 1845 [...] hefur þó e.t.v. haldið til í þessu húsi." Aðstæðum í dag við Sólheima er ekki lýst í skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Garðahverfi KE, 9; RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 95.
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 188-26 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353697834 Y:401835820

GK-188:013 *Holt* bæjarstæði bústaður 64°05.298N 22°00.024V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Skv. Örnefnaskrá 1964 var Holt „þurrabúð í Garðahverfi, ofan Hlíðarbæja" eða „hjáleiga vestan við Götu [007]" Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: „Í háaustur frá Hlíð er Holt. þar er nú stórt timburhús, byggt nálægt 1942. Rétt fyrir norðan það er pakkhús. Gamli bærinn í Holti stóð u.þ.b. 20 m í suður frá íbúðarhúsinu, sem nú er. Svolítið gerði [014] var í kringum og hann og kálgarður í því, framan við bæinn. Sá bær fór í eyði rétt fyrir aldamótin 1900, og var Holt ekki aftur í byggð, fyrr en reist var húsið, sem nú er. Holt stendur rétt ofan við túngarðinn í Hlíð [010] (þ.e. garðinn, sem Garðaprestar létu hlaða ofan túna í Garðahverfi)." ..." Þurrabúðin Holt var eina 150-200 m norðvestur af Háteigi, og verður þess nánar getið síðar" Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 95.
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 188-27 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353697834 Y:401835820

GK-188:014 *Holtsgerði* garðlag kálgarður 64°05.276N 22°00.006V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti liggur stór ræktarblettur út frá Garðatúngarði [010] og Illugagerði [026] ofan Hlíðar. Hann er óreglulegur í lögun en þó nokkurn veginn ferhyrndur, umkringdur hlöðnum veggjum, með stefnu norðvestur-suðaustur. Þetta mun vera Holtsgerði en skv. Örnefnaskrá 1964 ræktaði Eyjólfur Eyjólfsson það umhverfis Holtsbæinn [013]. Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: „Gamli bærinn í Holti stóð u.þ.b. 20 m í suður frá íbúðarhúsinu, sem nú er. Svolítið gerði var í kringum hann og kálgarður í því, framan við bæinn." [...] Trúlega er þetta grjóthlaðni ferhyrndi garðurinn sem fannst við Fornleifaskráningu 1984. Hann liggur beint í suður út frá núverandi Holti, í smáþýfi þar sem er grýtt á köflum."



Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 96.

Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „[Holtsgerði] er um 30x32 m að stærð með stefnu í vestur, veggirnir 1,8 m á breidd." Ástand minjanna í dag er ekki fullljóst af skráningu RT og RKT, en þær byggja á skráningu frá 1984.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 96
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 188-28 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353710082 Y:401793661

GK-188:015 heimild útihús 64°05.283N 22°00.201V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Bak við og norðaustan við Hlíðar-Vesturbæ [...] sýnir Túnakortið 1918 þrjú samföst útihús úr torfi með stefnuna norðvestur-suðaustur." Vettvangslýsing á

minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 87
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 188-3 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353552902 Y:401814740

GK-188:016 heimild útihús 64°05.283N 22°00.201V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Fyrir norðurgafli þess af útihúsunum þremur [015] sem næst er Hlíðar-Vesturbæ [001], sýnir Túnakortið 1918 lítið mannvirki úr steini sem gæti verið for eða skólpgryfja." Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 87
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 188-4 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353552902 Y:401814740

GK-188:017 heimild útihús 64°05.283N 22°00.201V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Suðaustan við Hlíðar-Austurbæ [002], fyrir austurgafli nyrsta hússins, er á Túnakortinu 1918 lítið mannvirki úr steini, líklega for eða skólpgryfja." Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 87-88
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 188-5 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353552902 Y:401814740

GK-188:018 heimild útihús 64°05.283N 22°00.201V
Í fornleifaskrá RT og RTK frá 2003 segir: „Suðaustan við Hlíðar-Austurbæ [002] og nokkru suðvestan forar [017] er á Túnakortinu 1918 lítið mannvirki úr timbri, líklega skemma eða hjallur." Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 88
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 188-6 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353552902 Y:401814740

GK-188:019 heimild leið 64°05.266N 22°00.294V
Í fornleifaskrá RT og RTK frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 má sjá hvar gata liggur frá gamla bæjarstæðinu [...] í suðvestur að sjó og við enda hennar sýnist vera breitt hlið á varnargarðinum [010], líklega bátahlið." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 88
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 188-8 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353475780 Y:401786103

GK-188:020 heimild útihús 64°05.269N 22°00.303V
Í fornleifaskrá RT og RTK frá 2003 segir: „Vestan gamla Hlíðarbæjarstæðisins, nokkuð norður frá miðri sjávargötunni [019], er á Túnakortinu 1918 útihústóft með stefnuna suðvestur-norðaustur." Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 89
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 188-9 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353468441 Y:401792994

GK-188:021 *Hlíðarbúð* heimild sjóbúð 64°05.256N 22°00.346V
Í fornleifaskrá RT og RTK frá 2003 segir: „Á Túnakortinu 1918 er svolítið mannvirki byggt inn í sjógarðinn [010] rétt norðvestan við bátahlið [...] og götu [019]. Það er hlaðið úr grjóti og hólfast í tvennt. Trúlega er þetta Hlíðarbúð sem var á sjávarkambinum...". Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 89
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 188-10 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353432466 Y:401769861

GK-188:022 *Hlíðarskipagerði* heimild naust 64°05.232N 22°00.321V
Í fornleifaskrá RT og RTK frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 má sjá svolítið mannvirki byggt inn í sjógarðinn [010], rétt suðaustan við bátahlið [...]. E.t.v. Er þar Hlíðarskipagerði sem nefnt er í Örnefnaskrá 1964: „skipagerði eða naust frá Hlíðarbæjunum [...] sem nú er horfið"." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 89
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 188-12 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353450838 Y:401724302

GK-188:023 *Hlíðarvör eystri* heimild uppsátur 64°05.212N 22°00.399V
Í fornleifaskrá RT og RTK frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 má líklega sjá Hlíðarvör eystri eða Austurbæjarvör neðan nausts [022], nokkru austan við bátahlið [...] á sjógarðinum [010]. Skv. Örnefnaskrá 1964 tilheyrði vörin Austurbænum." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 90
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 188-13 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353385516 Y:401690982

GK-188:024 heimild leið 64°05.266N 22°00.077V
Í fornleifaskrá RT og RTK frá 2003 segir: „Á Túnakortinu 1918 liggur ónefnd gata frá Hlíðarbæjum [...] austur um túnið. Hún kvíslast fljótlega í tvennt og liggur önnur kvíslin áfram austur yfir að Háteigi [GK-185:030] en hin sveigir í norðaustur meðfram gerðum [008/025] hjá þurrabúðinni Götu [007]. Leiðin liggur um hlið á Garðatúngarði [010] að Illugagerði [026] og býlinu Holti [014] fyrir utan. Á þeim kafla götunnar sem næstur er túngarðinum er hlaðinn veggur vestan megin." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 90
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 188-15 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353651565 Y:401778021

GK-188:025 garðlag 64°05.255N 22°00.037V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 er merkt inn aflangt kúageðri upp af Götugerði [009]. Það afmarkast að suðvestan af Götugerði en að norðaustan af Garðatúngarði [010] og auk þess er a.m k. veggur suðaustan megin. Þetta er augsýnilega sami garður og við Fornleifaskráningu 1984 er sagður liggja milli Götugerðis og landamerkjagarðs." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 92
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 188-19 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X:

353683545 Y:401756941

GK-188:026 *Illugagerði* garðlag kálgarður 64°05.292N 22°00.045V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Rétt við norðurhorn kúagerðis [025], í miðjum Garðatúngarði [010], er á Túnakortinu 1918 sýndur ferhyrndur kálgarður með grjóthlöðnum veggjum og stefnu með túngarðinum. Þetta er trúlega Illugagerði sem skv. Örnefnaskrá 1964 var ,,rétt hjá Holtsgerði", þ.e. stóra garðinum sem sést austan við það á kortinu [014]. [...] Illugagerði var ,,ræktað [...] þarna á holtinu. Það gerði Illugi Brynjólfsson, er bjó um aldamótin 1900 í Holti" [...] en þess má geta að alnafni hans og e.t.v. ættingi var bóndi á nágrannabænum Ráðagerði skv. Manntali 1816 [...] og bjó þar fram um miðja 19. öldina [...] Garðurinn fannst við Fornleifaskráningu 1984 og er nánar tiltekið staðsettur framan og vestan við núverandi Holt [013]." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 92
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 188-20 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353680143 Y:401825620

GK-188:027 heimild útihús 64°05.266N 22°00.077V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Upp við götuna rétt norðvestur af Götugerði [008] og kúagerði [025] er á Túnakortinu 1918 svolítið útihús úr steini." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 93
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 188-21 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353651565 Y:401778021

GK-188:028 *Hlíðartraðir* heimild traðir 64 05.306N 22 00.139V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Á Túnakorti 1918 liggur gata norðaustur frá bæjarstæðinu að hliði í túngarðinum. Líklega eru þetta Hlíðartraðir sem skv. Örnefnaskrá 1964 lágu heiman frá Hlíðarbæjum upp að Hlíðarhliði í Garðatúngarði [010]." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 93
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 188-22 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353605296 Y:401854180

GK-189 Móakot

Nefnt árið 1698, Árbók 1929, 6. Garðakirkjueign. 1703: Hjáleiga Garða. Ekki hluti af Hafnarfirði. "... er bygð úr Hlíðarlandi fyrst i þeirra manna minni, sem nú lifa." JÁM III, 188
1930: Fer í eyði.
1918: Tún 1 teigur og 800 m2"

GK-189:001 *Móakot* bæjarhóll bústaður 64 05.341N 22 00.360V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 sést bæjarstæði Móakots nokkurn veginn í miðju túni, suðvestan Hausastaðakots og norðvestan Hlíðarbæja. Skv. Örnefnaskrá 1964 var býlið „hjáleiga frá Görðum. Ofar en Hlíð." [...] en í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: „Móakot var u.þ.b. 150 m suðvestur af Hausastaðakoti. Það fór í eyði um 1930. Svolítill blettur kringum kotið var nefndur Móakotstún. Bæjartóftirnar eru í landi Haustastaðakots, en túninu er skipt á milli Hlíðar og Haustasaðakots, og á Hlíð eystri hlutann." [...] Við Fornleifaskráningu 1984 var Móakot staðsett „norðvestur af Grjóta, norðan við Hlíð [...] slétt tún fyrir vestan og norðan - aflíðandi gróin en grýtt brekka að baki."



Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 103.

Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakortinu hólfast bærinn í fernt, byggingarefnið er torf en standþil á tveimur framhúsum, stærstu hólfunum, en þau snúa suðvestur að sjónum. Það kemur heim við lýsingu skrásetjara sem segir lengd bæjarhúsa til vesturs vera 5,85 m og þau hafa vísað göflum út á sjó. Aðeins mótar fyrir veggjum, um 1 m á breidd. Skv. Fasteignabók stóð þessi torfbær enn árið 1932." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 104
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 189-1 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353429020 Y:401927763

GK-189:002 *Móakotsvör* örnefni lending 64°05.297N 22°00.476V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 virðist mega sjá vör fyrir enda götunnar [008] sem liggur frá Móakoti að sjó. Skv. Örnefnaskrá 1964 var Móakotsvör „nokkru sunnar en Hausastaðavör [GK-190:009] vestust varanna, innan Hausastaðagranda [GK-190:024]" og Móakotsklappir eða Móakotssker voru „rétt við Móakotsvörina" [...] Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: „Móakotsvör er beint niður undan tóftunum", þ.e. bæjartóftunum [001]." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 106
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 189-8 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353330913 Y:401851178

GK-189:003 *Brunngata* heimild leið
"Rétt fyrir austan (u.þ.b. 8 m) endann á Stíflisgarði [GK-190:035], Katrínarkotsmegin, var Hausastaðabrunnur. Í hann var sótt vatn frá Hausastöðum, Katrínarkoti og Hausastaðakoti og stundum einnig frá Grjóta og Móakoti. Ekki þraut í þessum brunni fyrr en á seinni árum. Einar 6-7 tröppur voru niður í brunninn. Hausastaðabrunnur lagðist af um 1927 ... Slóðar frá bæjunum að Hausastaðabrunni nefndust Brunngötur. Var eins frá hverjum bæ." Búið er að raska brunngötunum með sléttun og vegagerð, t.a.m. með Sjávargötu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Garðahverfi, 13

GK-189:004 heimild útihús 64°05.369N 22°00.341V

Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Túnakortið 1918 sýnir tvö samföst útihús úr torfi bak við og norðaustan bæjarins [001]. Ekki er alveg ljóst hvort þessi þúst séu leifar af útihúsunum." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.



Mynd: RT og RKT, 2003, bls 105.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 104-5
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 189-2 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353446420 Y:401979929

GK-189:005 heimild 64°05.341N 22°00.360V
Í Fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 er svolítil for eða skólpgryfja úr steini rétt aftan við vestasta bæjarhúsið [001]." Í skráningu RT og RKT kemur fram að fornleifin sjáist ekki á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 105
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 189-3 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353429020 Y:401927763

GK-189:006 garðlag kálgarður 64°05.341N 22°00.360V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Túnakortið 1918 sýnir kálgarða suðvestan, sunnan og suðaustan bæjarins [001] en skv. Fornleifaskráningu 1984 eru hleðslur kálgarðs og kartöflugarðs vestur af bæjarhúsalengjunni."
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Kálgarðurinn er beint vestur af hústóftinni en í suðurenda hans aflangur kartöflugarður og girðing milli þeirra. Frá húsinu eru um 26 m að vesturvegg kálgarðsins og 3 m í norðurvegginn sem er um 29 m langur að girðingu. Garðurinn virðist opinn til austurs. Stallur hefur myndast við frambrún kálgarðshleðslunnar. Kartöflugarðurinn er um 34 x 7 m að innanmáli með stefnuna vestur-austur. Garðveggirnar eru 1-1,5 m á breidd, grjóthlaðnir í austurhlutanum."
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 105
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 189-4 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353429020 Y:401927763

GK-189:007 brunnur brunnur 64°05.369N 22°00.341V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Í þýfi um 17 m norðaustur frá Móakoti fannst við Fornleifaskráningu 1984 brunnur. Hann er hringlaga, um 1 m í þvermál og 1,5 m niður að vatnsyfirborði. Hann er hlaðinn úr grjóti og stendur opinn en gaddavír hefur verið settur fyrir." Í skráningu RT og RKT er núverandi ástandi fornleifarinnar ekki lýst.



Teikning: RT og RKT, 2003, bls. 106.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 105-6
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 189-5 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353446420 Y:401979929

GK-189:008 heimild leið 64 05.315N 22 00.400V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Túnakortið 1918 sýnir götu sem liggur frá bæjarhúsum

[001], suðvestur milli kálgarða [006] og niður að hliði í sjógarðinum [012] þar sem líklega er Móakotsvör [002]." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 106
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 189-6 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353393850 Y:401881516

GK-189:009 *Móakotsbúð* heimild sjóbúð
„Hausastaðakambur var ofan þessara vara [GK-188:011, GK-188:023, GK-189:002, GK-190:009, GK-190:010, GK-191:003] ... Og Skiptivöllurinn með búðum og hjöllum bæjanna [GK-188:021, GK-190:028] ... Móakotsbúð var á Hausastaðakambi, búð og hjallur frá Móakoti, við Skiptivöllinn," segir í Örnefni og leiðir í Garðabæ. Móakotsbúð hefur að líkindum verið upp af Móakotsvör [002], sem er rúmlega 120 m suðvestur af bæ 001.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: GRG, 11, 125.

GK-189:010 heimild leið 64°05.341N 22°00.360V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 liggur gata frá Móakoti yfir að Hlíðarbæjum [GK-188:001/002]." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 106
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 189-9 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353429020 Y:401927763

GK-189:011 heimild traðir 64°05.339N 22°00.181V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Skv. Túnakorti 1918 liggja traðir úr austurhorni Móakotstúns beint norðaustur framhjá Grjóta [GK-191:011] og út að hliði í Garðatúngarði [GK-185:100] sem í Örnefnaskrá 1964 er nefnt Móakotshlið eða Grjótahlið." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 106-7
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 189-10 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353573775 Y:401917774

GK-189:012 garðlag varnargarður 64°05.326N 22°00.446V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 sést að girt er kringum allt Móakotstún og liggur sjógarður eftir sjávarkampinum. Skv. Fasteignabók var þar túngarður og hagagirðing árið 1932."


Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 107.

Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Hluti varnargarðsins fannst við Fornleifaskráningu 1984: „Niður við sjóinn vestan við Hlíð [...] Fallega hlaðinn grjótgarður", um 1,2 m á hæð og 1,5 m á breidd og nær frá girðingu milli Hlíðar og Grjóta." Ekki kemur fram núverand ástand garðlagsins í skráningu RT og RKT.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 107
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 189-11 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353357199 Y:401902974

GK-190 Hausastaðir

Ekki hluti af Hafnarfirði 1367, eign Garða, DI III, 220. 1565, skrá yfir byggðar jarðir staðarins, sem ekki voru hjáleigur: "Gudmunde Hausastade fyrer malnytu kugillde. miöltunnu. manslán ad vertid. med jördenne eitt kugillde." DI XIV, 427. 1703: " ... lögbýli kallað því það hefur fult fyrir svar en stendur þó í óskiftu Garðastaðar landi so sem hjáleigur. Jarðadýrleiki óviss." JÁM III, 189 GarðakirkjueigN
n.
1703: "Túninu er hætt við að spilli sjáfargángur. Engjar öngvar. úthagar sem heima á staðnum i óskiftu landi." JÁM III, 191.
1918: ,,1,8 teigar teigar og 720 m2"

GK-190:001 *Hausastaðir* bæjarhóll bústaður 64°05.436N 22°00.401V
Í skráningu RT og RKT frá 2003 segir: "Á Túnakorti 1918 má sjá gamla bæjarstæðið í miðju túni og er þar ein bygging úr torfi og snýr nokkurnveginn í suður. Aftan við hana eru húsatóftir upp við garðvegg. Líklega er þetta Austurbærinn sem nefndur er í Örnefnaskrá 1964. Vesturbærinn fór í eyði um aldamótin 1900 en ,,Bæirnir stóðu saman meðan tvíbýli var" (Bt. A501-2). Í Örnefnalýsingu 1976-7 er lýst nýrri vistarverum: ,,Hausastaðir eru í norðvestur frá Grjóta. Húsið stendur nokkuð hátt, og er útsýni gott frá því. Það var byggt árið 1920 á sama stað og gamli bærinn var áður. Fast norðan við íbúðarhúsið er hlaða með sambyggðu fjósi og fjárhúsi og einnig vatnsgeymi, sem regnvatni var safnað í. Vatnið úr honum rann svo í fjósið. Hlaðan var byggð um 1930." (Bls. 10). Með gamla bænum er átt við Austurbæinn því Katrínarkot var um 1930 flutt þangað sem Vesturbærinn hafði staðið. Skv. Fasteignabókum 1932 (bls 23) og 1942-4 (bls. 81) var nýja húsið úr timbri og járnvarið."
"Að hluta undir núverandi húsi," segir í Fornleifaskrá RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 62-63
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-1 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353403933 Y:402106104

GK-190:002 *Hausastaðir-Vesturbær* bæjarstæði bústaður 64°05.436N 22°00.401V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Á Túnakorti 1918 má sjá gamla bæjarstæðið í miðju Hausastaðatúni. Á jörðinni var tvíbýli og er í örnefnaskrá 1964 talað um Austurbæ [001] og Vesturbæ: ,,bæirnir stóðu saman meðan tvíbýli var" [...] Bygging sem sést á Túnakortinu mun vera Austurbærinn en Vesturbærinn var samkvæmt Örnefnalýsingu 1976-7 ,,tómthús". Hann ,,fór í eyði um aldamótin 1900, og var húsið þá flutt til Hafnarfjarðar" en hjáleigar Katrínarkot [004] síðar fært í vesturstæðið: ,,Íbúðarhúsið í Katrínarkoti stendur norðvestan hlöðunnar og fjóssins á Hausastöðum, en þangað var það flutt árið 1930. Fjós og hlaða, byggð um svipað leyti, standa fast norðvestan við húsið. [...] Þar stóð áður vesturbærinn á Hausastöðum." [...] Stæði Vesturbæjarins og síðar hins yngra Katrínarkots var því norðvestan gamla Austurbæjarins og núverandi íbúðarhúss."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 63
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-2 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353403933 Y:402106104

GK-190:003 *Húsagarður* garðlag 64°05.422N 22°00.360V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Auk kálgarðsins sunnan bæjarhúsanna [001/002] sýnir Túnakortið 1918 ómerktan garð sem nær næstum að landamerkjagarði [006] Hausastaða og Hausastaðakots. Ef til vill er þetta svo nefndur Húsagarður en um hann segir í B-gerð Örnefnaskrár 1964: ,,Austan við Hausastaðahúsið eru ummerki garðs, þar er sagt að staðið hafi Thorkelliisjóðsskólinn." [...] Skv. A-gerð var þessi garður sunnan bæjarins [...] Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: ,,Hliðhallt, rétt austan við húsið, var gamall ferhyrndur garður, sem kallaður var Húsagarður. Hausastaðaskóli stóð áður í þessum garði. Nú er garður þessi nær alveg horfinn, þó má enn sjá hver stærð hans hefur verið. Þegar Ólafía [Eyjólfsdóttir á Hausastöðum] man fyrst eftir, mátti sjá hlaðna bekki þvers í garðinum." [...] Skv. Fornleifaskráningu 1984 liggur garðurinn ,,rétt suður af Hausastöðum upp við og samsíða girðingu sem

þarna er". [...] Þarna er greinilega verið að fjalla um sama garðinn þótt ýmist sé hann sagður sunnan eða austan við húsið en e.t.v. Er kálgarðinum sunnan megin að nokkru leyti ruglað saman við Húsagarð."



Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 61.

Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Meintur Húsagarður er á Túnakortinu ferhyrndur, afmarkaður með hlöðnum veggjum og hefur stefnuna austur-vestur. Austan og sunnan megin virðist vera gamalt garðlag sem ekki er haldið við. Milli þessa garðs og kálgarðsins liggur gata [020] yfir í átt að Hausastaðakoti. Uppistandandi garður er ferhyrndur, fallega hlaðinn úr grjóti með tveimur hleðslubrúnum og yfirgróinn. Hann er 8,75 m á lengd og 9,8 m á breidd, veggir um 1,1 m breiðir og 0,6 m háir, stefnan austur-vestur. Tryggvi Gunnarsson í Grjóta taldi garðinn hafa legið kringum Hausastaðaskóla og eystri vegginn hafa verið hluta landamerkjagarðsins milli Hausastaða og Hausastaðakots."

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 64

Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-4 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353435734 Y:402079210

GK-190:004 *Katrínarkot* bæjarstæði bústaður 64°05.427N 22°00.538V

Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Nokkuð vestar og nær sjó en Hausastaðabærinn sést á Túnakorti 1918 hið gamla Katrínarkot. Bærinn er úr torfi og skiptist í sjö hólf. Hlaðnir veggir kringum garða ganga út frá framhúsunum. Í Örnefnaskrá 1964 er einnig talað um Niðurkot, e.t.v. vegna þess að býlið var niður við sjó: „Hjáleiga eða nýbýli stofnað um 1850 úr Hausastaðalandi [...] í Garðahverfi vestast [...] tún býlisins lá norðan og vestan Hausastaðatúns" [...] Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: „Þar byggðu fyrst hjón að nafni Eyjólfur og Katrín, líklega snemma á 19. öld, og dregur býlið nafn af konunni. Katrínarkoti fylgdi alltaf grasnyt. Bærinn var fluttur um 1930, þangað sem hann er nú, [...] og útihúsin einnig. Þar stóð áður vesturbærinn á Hausastöðum." [...] Við Fornleifaskráningu 1984 segir að stæði gamla Katrínarkots sé „í túninu norð-vestur af núverandi Katrínarkoti [004] niður við sjóinn" en kotið var flutt ofar „undan ágangi sjávar". Núna er þarna lítill ávalur hóll í mjög grónu túni."



Mynd: RT og RKT, 2003, bls 69.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 69-70

Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-19 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353291724 Y:402093884

GK-190:005 *Hliðsnesgata* heimild leið 64°05.389N 22°00.558V

Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Í Örnefnaskrá 1964 er nefnd Hliðsnesgata sem „lá frá Sjávarhliðinu vestur Skreflu yfir Oddakotsós eða um Sandeyrina út að Hliðsnesi" [...] Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: „Vegurinn liggur á milli Hausastaða og Katrínarkots til sjávar, en þá beygir hann til vesturs út í Hliðsnes.""

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 75

Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-33 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353272161 Y:402024781

GK-190:006 *Hausastaðatúngarður* garðlag varnargarður 64°05.385N 22°00.382V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 má sjá að girt er kringum tún Hausastaða á alla vegu og einnig milli þess og Katrínarkots [004]. Í Fasteignabókum árin 1932 [...] og 1942-4 [...] er talað um túngarð og hagagirðingu. Garðatúngarður [GK-185:100] er norðan megin en Hausastaðatúngarður sunnan megin, nefndur í Örnefnaskrá 1964: „Hann lá á Sjávarkampinum, mikill grjótgarður" [...] og nefnist framhald hans Katrínarkotstúngarður [007]. Auk þess eru þarna Hausastaðatúngerði neðri neðan Guðrúnarvallar og Högnavallar [...], e.t.v. Milli Hausastaða og túnspildu frá Hausastaðakoti er sýnd vírgirðing á Túnakortinu en samsíða henni fannst við Fornleifaskráningu 1984 gamall yfirgróinn túngarður hlaðinn upp í 0,6 m hæð." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.


Mynd: RT og RKT, 2003, bls 76.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 76
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-34 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353414581 Y:402010935

GK-190:007 *Katrínarkotstúngarður* garðlag túngarður 64°05.462N 22°00.579V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 má sjá að girt er kringum allt Katrínarkotstún en skv. Fasteignabókum 1932 [...] og 1942 [...] er þar túngarðar og hagagirðingar. Garðatúngarður [GK-185:100] er norðan megin og í Örnefnaskrá 1964 er Katrínarkotstúngarður sagður sunnan megin: Hann var framhald Hausastaðatúngarðs [039] og „lá niður undir sjó, frá Sjávarhliðinu [sjá 022] vestur undir Dal" á Skreflu „vestan og neðan Katrínarkotstúns" [...] Á Túnakorti sést girðing við túnið vestan megin en skv. Örnefnalýsingu 1976-7 var a.m.k. byggður þar garður þegar kom fram á 20. öld: „Vestan við túnið í Katrínarkoti er hlaðinn torfgarður til varnar sjávargangi frá Skógtjörn, sem liggur vestan lands Katrínarkots og Hausastaða. Sigurjón Sigurðsson hlóð þennan garð um 1930." [...] Garðurinn við Skógtjörn sést enn þá mjög skýrt." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.


Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 77.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 76
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-35 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353261431 Y:402160546

GK-190:008 *Péturssteinar* heimild landamerki 64 05.183N 22 00.905V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Í Örnefnaskrá 1964 kemur fram að Péturssteinar eru á Hausastaðagranda [024]: „Þrír steinar er liggja úti á Grandanum miðsvæðis [...] Pétursteinn innsti: Allstór steinn á Grandanum ausatanverður [...] Pétursstein mið: Steinn þessi liggur nokkuru utar og vestar [...] Péturssteinn ysti: Steinn þessi er yztur [...]" [...] Grandanum og mismunandi hlutum hans er lýst nákæmlega í Örnefnalýsingu 1976-7: „Fram af miðju Hausastaðatúni gengur skerjagrandi mikill í sjó fram [...] Grandi þessi kemur aðeins upp úr á fjöru [...] Kringla heitir á Grandanum næst utan Gedduóss. Þar er Grandinn hæstur, og er kringla því það fyrsta, sem upp úr kemur af honum. Þrír stórir steinar á Hausastaðagranda, út af Kringlu, heita Péturssteinar. Þeir koma upp úr næst á eftir Kringlu, og er steinninn í miðið þeirra stærstur [...]" Þar eð kirkjan í Görðum var helguð heilögum Pétri hafa steinarnir e.t.v. verið kenndir við hann." Í skráningu RT og RKT kemur fram að ekki sjáist lengur til Péturssteina.
"Á rifi fram undan Garðahverfinu eru þrír steinar sem kallaðir eru Péturssteinar með bókstöfunum S.P.S.T. áhöggnum. Þeir eru taldir merkissteinar milli prestssetursins og nágrannajarðanna árið 1677 til afmörkunar

á réttindum til sölva sem vaxa í fjörunni." FF,244.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:FF, 242-251; RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 77
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-36 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353261431 Y:402160546

GK-190:009 *Hausastaðavör* heimild lending 64°05.351N 22°00.557V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Í Jarðabókinni 1703 segir um Hausastaði: ,,Heimræði er árið um kring, en lending bág og gánga skip ábúenda eftir hentugleikum. Inntökuskip hafa hjer sjaldan verið og mega þó vera, tekur þá ábúandinn undirgift af þeim. En Selskarð, Garðastaðar kirkjujörð, brúkar hjer skipsuppsátur frá um lángan aldur og nær undir 30 ár verbúðar stöðu, sem ákomin skal vera eftir dispensation staðarhaldaranna." [...] Líklegt virðist að lendingin eða vörin við Hausastaði hafi verið fyrir enda Hausastaðasjávargötu, utan við sjávarhliðið [022]. Skv. Örnefnaskrá 1964 voru tvær varar vestan Hausastaðagranda en frá þeim var róið fram á Vöðla, ,,grynningar framan við Skreflu langt í sjó fram" [...] Þetta voru Katrínarkotsvör [010] og Hausastaðavör [...] Sú síðarnefnda lá næst fyrir austan þá fyrrnefndu [...] Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: ,,Hausastaðavör er vestast niður af Hausastaðatúni. í henni fengur Selskarðsmenn oft að hafa bát, en ekki var talað um séstaka Selskarðsvör. Vestast niður af Katrínarkotstúni [...] var Katrínarkotsvör." Vöðlar eru staðsettir ,,milli Kringlu og Oddakotsóss [...] Þar eru leirur og hægt að vaða um fjörur."" Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 67
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-12 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353269747 Y:401955296

GK-190:010 *Kartínarkotsvör* heimild lending 64°05.375N 22°00.634V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Á Túnakorti 1918 virðist mega sjá op eða hlið á sjógarðinum fyrir enda götu [027] sem liggur frá Katrínarkoti eldra [004] og er þar e.t.v. Katrínarkotsvör. Skv. Örnefnaskrá 1964 var hún ,,vestust allra varanna" í Garðahverfi, ,,aðeins vestan við sjávarhliðið [022]" [...] Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: ,,Vestast niður af Katrínarkotstúni, fyrir vestan Draugasker [026], var Kartínarkotsvör Hún hefur ekki verið notuð lengi."" Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 69
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-17 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353209034 Y:402001725

GK-190:011 *Kaldakinn* bæjarstæði bústaður 64°05.472N 22°00.441V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Skv. Örnefnaskrá 1964 var Kaldakinn býli eða ,,þurrabúð frá Hausastöðum", norðan þeirra eða ,,norðast í Hausastaðatúni [...] niður undir Aukatjörn". Köldukinnargerði hét ,,lítið gerði umhverfis þessa þurrabúð" [...] Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: ,,Köldukinn, þurrabúð frá Katrínarkoti [004/030], var norðan þess (þ.e. Katrínarkots), niður undir Skógartjörn. Tættur hennar sjást enn. Ólafíu [Eyjólfsdóttur á Hausastöðum] rámar aðeins í byggð í Köldukinn, en hún fór í eyði rétt fyrir aldamótin 1900." [...] Skv. Örnefnalýsingu 1958 var Högnavöllur niður undir sjó en ,,þar norðar [...] Köldukinnarvöllur [...]" Við Fornleifaskráningu 1984 er Kaldakinn sögð vera ,,norðaustan við Katrínarkot, neðan heimkeyrslu og kálgarðs sem þarna er, rétt við sjóinn. Austan þess er lítið steinsteypt hús, reist fyrir barnaheimili"."
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Þarna er mjög grasi vaxið [...] mest áberandi er veggjarbrot, um 8,5 m á lengd og 0,5 m á hæð. Brotið stefnir til sjávar en út frá því ,,í vesturátt virðist hafa verið ferhyrndur garður, nú fremur óljós", um 11,5 m á breidd. Tryggvi Gunnarsson í Grjóta telur líka byggðina hafa lagst af í kringum aldamótin."
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 72-3
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-27 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu

Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353374702 Y:402173594

GK-190:012 *Rústirnar* hleðsla bústaður 64°05.496N 22°00.371V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Á Túnakorti 1918 sést steinhús með þrískiptum garði norðan Katrínarkota [004/030] og Hausastaða [001/002]. Þetta er nánar tiltekið rétt austan við götu [036] í útjaðri túnsins. Hlaðnir veggir liggja kringum garðinn, milli norðurhluta hans sem er kálgarður, vestur hlutans sem er órækt og austurhlutans sem er túnblettur. Þetta gætu verið Rústirnar sem nefndar eru í Örnefnaskrá 1964: ,,Litlu norðar en Kaldakinn [011] voru rústir, líklega af bæ." [...] Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: ,,Rústir eru rétt norðan við Köldukinn, en ekki veit Ólafía, af hverju þær eru." [...] Auk ábúenda í Vesturbæ og Austurbæ Hausastaða [001/002] nefna Manntöl fjölskyldur í nafnlausum hjáleigum og tómthúsum og gætu Rústirnar og aðrar slíkar [t.d. 015] sem eru nær Litlutjörn verið af einhverju þeirra."
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Á þessum stað eru enn þá mjög greinilegt grjóthlaðið gerði og má vel vera að ein þurrabúðin hafi verið þarna." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 73
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-28 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353433349 Y:402215927

GK-190:013 *Hausastaðabrunnur* heimild brunnur 64°05.512N 22°00.305V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Á Túnakorti 1918 er brunnur rétt utan Garðatúngarðs við enda Hausastaðabrunngötu [014] og Katrínarkotsbrunngötu [034]. Í Örnefnaskrá 1964 er nefndur Hausastaðabrunnur: ,,Brunnur norðan bæjarins. Hlaðnar voru tröppur niður í hann. Vatnið spilltist af aðrennslisvatni." [...] Skv. Örnefnalýsingu 1976-7 var Hausastaðabrunnur Katrínarkotsmegin: ,,rétt fyrir austan (u.þ.b. 8 m) endann á Stíflisgarði [035], sem lá milli Skógartjarnar og syðsta hluta hennar, Litlutjarnar. ,,Í hann var sótt vatn frá Hausastöðum, Katrínarkoti [004] og Hausastaðakoti og stundum einnig frá Grjóta [GK-191:011] og Móakoti. Ekki þraut í þessum brunni fyrr en á seinni árum. Einar sex til sjö tröppur voru niður í brunninn. Hausastaðabrunnur lagðist af um 1927, og var þá grafinn brunnur frá Katrínarkoti [005]. Slóðar frá bæjunum að Hausastaðabrunni nefndust Brunngötur. Var ein frá hverjum bæ." [...] Brunnurinn sem var grafinn við Katrínarkot reyndist illa og var því aftur gerður brunnur á slóðum gamla Hausastaðabrunnsins: ,,Litlamýri er fast austan við Litlutjörn, og flæðir sjórinn upp að henni. Á seinni árum gróf Valgeir, bróðir Ólafíu [á Hausastöðum], brunn í Litlumýri, og reyndist ágætt vatn í honum."" Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 66
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-9 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353488308 Y:402242729

GK-190:014 *Brunngata* heimild leið 64°05.467N 22°00.364V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakortinu 1918 má sjá götu sem liggur norður frá bænum meðfram garði eða girðingu sem skilur milli Hausastaða og Katrínarkots [004]. Hún endar í hliði á Garðatúngarði en þar fyrir utan er brunnur. Þettta er líklega Hausastaðabrunngata sem nefnd er í Örnefnaskrá 1964: „Brunngatan lá frá Brunninum heim til bæjar."" Í örnefnaskrá segir: „Rétt fyrir austan (u.þ.b. 8 m) endann á Stíflisgarði, Katrínarkotsmegin, var Hausastaðabrunnur. Í hann var sótt vatn frá Hausastöðum, Katrínarkoti og Hausastaðakoti og stundum einnig frá Grjóta og Móakoti. Ekki þraut í þessum brunni fyrr en á seinni árum. Einar 6-7 tröppur voru niður í brunninn. Hausastaðabrunnur lagðist af um 1927 ... Slóðir frá bæjunum að Hausastaðabrunni nefnust Brunngrötur [GK-187:010, GK-189:003, GK-190:014, GK-191:004]. Var eins frá hverjum bæ." Búið er að raska Brunngötunum með sléttun og vegagerð, t.a.m með Sjávargötu. Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 66; Ö-Garðahverfi, 13
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-10 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X:

353436445 Y:402161408

GK-190:015 bæjarstæði bústaður 64°05.513N 22°00.334V



Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 74.

Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Norðan við Köldukinn [011] og Rústirnar [012], eru aðrar rústir sem gætu verið af þriðja býlinu. Þetta er á bakka Litlutjarnar við Skógtjörn. Hjábýlis- og tómthúsfólk sem nefnt er í Manntölum gæti hafa búið þarna eða þar sem nú eru Rústirnar, ein fjölskylda árið 1703 [...], tvær 1801 [...] og aðrar tvær 1845 [...]" Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 74
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-29 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353465036 Y:402246929

GK-190:016 heimild verbúð
"En Selskarð, Garðastaðarkirkjujörð, brúkar hjer skipsuppsátur fri um lángan aldur og nær undir 30 ár verbúðar stöðu, sem ákomandi skal vera eftir dispensation staðarhaldarnna," segir í jarðabók Árna og Páls frá 1703. Ekki er nú vitað hvar verbúðin var, þótt ekki sé ólíklegt að hún hafi verið á svipuðum slóðum og aðrar búðir í Garðahverfi, á Hausastaðakambi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 191

GK-190:017 *Hausastaðaþinghá* tóft þingstaður 64°05.436N 22°00.401V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Í Fornleifaskýrslu séra Markúsar Magnússonar árið 1820 segir: „Dómhringar (afmörkuð svæði þar sem dómar voru kveðnir upp). Merki sjást til eins slíks á jörð Garðakirkju, Hausastöðum, gömlum þingstað; hann er kringlóttur, um 30 faðmar að ummáli, en annars er ekkert merkilegt við hann." Skv. Örnefnaskrá 1964 var á Hausastöðum „þingstaður fyrir Álftaneshrepp, Hausastaðaþinghá." Hann var fluttur að Görðum eftir konungsbréfi 23. feb. 1816." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 65; FF, 242-251
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-6 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353403933 Y:402106104

GK-190:018 heimild kálgarður 64 05.436N 22 00.401V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Sunnan við bæjarhúsin [001/002] er á Túnakortinu kálgarður og veggir hlaðnir meðfram honum að vestan og sunnan." Í skráningu RT og RKT kemur fram að ekki sjáist lengur til kálgarðsins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 63
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-3 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353403933 Y:402106104

GK-190:019 *Hausastaðaskóli* tóftir 64 05.422N 22 00.360V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Skv. Örnefnaskrá 1964 [...] og Örnefnalýsingu 1976-7 [...] stóð Hausastaðaskóli eða Thorkiliisjóðsskólinn áður í Húsagarði [003] í austanverðu Hausastaðatúni." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Í skýrslu RT og RKT segir: "Í manntali 1801 hafði aðalábúandinn Þorvaldur Böðvarsson auk búskapar og útgerðar umsjón með Hausastaðaskóla sem stofnaður var 1791 fyrir gjafafé Jóns Þorkelssonar

Skálholtsrektors. Þorvaldur hafði 11 heimilismenn og í heimavist skólans voru 14 börn [...] Skólinn var þó lagður niður árið 1812." Á öðrum stað segir: "Þetta var fyrsti heimavistarskólinn á Íslandi séstaklega ætlaður alþýðubörnum. Hann var fyrir fátækar stúlkur og pilta úr Kjalarnesþingi og höfðu börn af Álftanesi ekki forgang umfram önnur [...] Börnin áttu að læra lestur og guðsorð, garðrækt og ýmis gagnleg störf...Börnin voru á lsrinum sjö til sextán ára en gert var ráð fyrir að þau væru tólf, sex piltar og sex stúlkur." Nú stendur minnisvarði um skólann sem reistur var um 1980 um skólann sem stendur enn við bugðu á leið til bæjarins GK-190:001.



Mynd: RT og RK, 2003, bls. 64.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 61, 64-5
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-5 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353435734 Y:402079210

GK-190:020 *Hausastaða_Norðurtraðir* heimild traðir 64°05.407N 22°00.295V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Á Túnakorti 1918 liggur gata frá Hausastöðum milli garða [003/018], um túnið austur að Hausastaðakoti og þaðan norður að hliði í Garðatúngarði. Hlaðnir veggir eru meðfram henni báðum megin síðasta spölinn. Þetta hljóta að vera Hausastaðatraðir, Hausastaða-Norðurtraðir eða Kotatraðir en ,,svo voru traðirnar heim að Hausastöðum og Kotinu kallaðar" [...], þær lágu ,,austur frá Hausastöðum [...] norður í hlið á Garðatúngarði", þ.e. Hausastaðahlið eða Kotahlið." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 65-6
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-7 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353487043 Y:402048870

GK-190:021 tóft útihús 64°05.475N 22°00.306V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Norðaustur frá Hausastaðabænum [001/002], nokkru fyrir innan túngarð [GK-190:006], sýnir Túnakortið 1918 útihús úr torfi. Tóftin af því er enn sýnileg." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 66
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-8 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353484131 Y:402174095

GK-190:022 *Hausastaða-Suðurtraðir* heimild leið 64°05.407N 22°00.438V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Á Túnakortinu 1918 má sjá götu sem liggur suður frá bænum , meðfram garði eða girðingu sem skilur milli Hausastaða og Katrínarkots. Þar sem hún endar virðist vera hlið á sjógarðinum. Í Örnefnaskrá 1964 er talað um Hausastaða-Suður traðir sem ,,lágu heiman frá bæ niður á Sjávarkampinn" [...] eða ,,að Sjávarhliði" [...], þ.e. Hausastaðasjávarhliði sem ,,var á garðinum ofan við Sjávarkampinn" [...]. Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: ,,Vegurinn liggur á milli Hausastaða og Katrínarkots til sjávar, en þá beygir hann til vesturs út í Hliðsnes."" Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 67
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-11 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353371017 Y:402053278

GK-190:023 *Hausastaðaskipagerði* heimild naust 64°05.351N 22°00.557V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Hausastaðaskipagerði var skv. Örnefnaskrá 1964

,,skipagerði eða naust frá Hausastöðum", nú ,,horfið"." Nánari lýsing á aðstæðum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 67-68
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-13 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353269747 Y:401955296

GK-190:024 *Hausastaðabryggja* heimild lending 64°05.294N 22°00.605V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir að Búðarós [025] sé ,,á milli Hausastaðabryggju og Sundskers". [...] Meira er ekki sagt um þessa bryggju og hvergi annars staðar á hana minnst. Hins vegar er Hausastaðagranda lýst nákvæmlega: „Fram af miðju Hausastaðatúni gengur skerjagrandi mikill í sjó fram, sem heitir Hausastaðagrandi, venjulega nefndur Grandi. Hann nær a m k. Kílómetra út í fjörð. Grandi þessi kemur aðeins upp úr á fjöru. Hann liggur nokkurn veginn beint til suðvesturs. Svolítið bil milli Grandans og lands hefur stundum verið nefnt Gedduós. Þar er Grandinn hæstur, og er Kringla því það fyrsta, sem upp úr kemur af honum. Þrír stórir steinar á Hausastaðagranda, út af Kringlu, heita Péturssteinar [008]. Þeir koma upp úr næst á eftir Kringlu, og er steinninn í miðið þeirra stærstur. Oft liggja uppi selir á Péturssteinum. Yzti hluti Hausastaðagranda nefnist Grandahaus. Er hann klofinn, og liggur annar endinn til suðvesturs, en hinn til suðausturs. Fé sótti mjög út á Grandann og vildi flæða þar. Sölvatekja var mikil á Granda." [...] Grandinn og mismunandi hlutar hans eru einnig nefndir í Örnefnaskrá 1964: „Mikill grandi er liggur fram í sjó frá Hausastaðagarðshliði og langt út [...] lægstur efst" og Krókar heita „hrognkelsamið utanvert við Grandahausinn í Klofningnum." [...] E.t.v. Er með Hausastaðabryggju átt við Hausastaðagranda þótt gleymst hafi að geta þess en hann er greinilega bryggjulaga. Þetta væri þá náttúruleg bryggja sambærileg Miðengisbryggju [GK-187:014] sem er „þangi vaxin flúð", Bakkabryggju [GK-182:016] sem er ,,skerjahryggur er liggur fram í sjó frá Bakka" og Dysjabryggju [GK-181:022], skerjana sem ,,gengur í sjó fram suðvestur frá Dysjabæjunum" [...] Auk annars á Grandanum er nefndur kletturinn Þórarinn ,,austan til við Kringlu" [...] og er hann forvitnilegur. Annar samnefndur klettur er skv. Örnefnalýsingum staðsettur á Dysjabryggju og má velta fyrir sér hvort þessir klettar hafi gegnt einhverju sérstöku hlutverki í tengslum við bryggjurnar."
Hættumat: engin hætta
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 68
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-14 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353225747 Y:401849554

GK-190:025 *Búðarós* örnefni verbúð 64°05.294N 22°00.605V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Í Örnefnalýsingu 176-7 segir: ,,Milli Bakkabryggju [GK-182:016] og Hausastaðagranda [024] og innan við Sundsker og Nýjabæjarsker var áður fyrr einnig nefnd Garðatjörn. Með miklum fjörum verður hún vel afmörkuð af skerjahring. Eru kallaðir ósar eða sund á milli skerjanna. Bakkaós er á milli Nýjabæjarskers og Bakkabryggju og Búðarós á milli Hausastaðabryggju og Sundskers." [...] Ekki er minnst á Búðarós í öðrum heimildum. Í Örnefnaskrá 1964 er hins vegar nefnt Búðarsund ,,milli Bakkabryggju og Sundaskers"." Ekki er ljóst hvort ósinn er kenndur við verbúðir sem hafa verið í námunda við hann og RT og RKT geta ekki mannvirkja í námunda við hann í fornleifaskrá sinni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 68
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-15 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353225747 Y:401849554

GK-190:026 *Draugasker* örnefni draugur 64°05.239N 22°01.113V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Í Örnefnalýsingu 1958 segir: „Fram af Miðengi er Miðengisbryggja. Það er þangi vaxin flúð. Þar utar er Hlíðarsker, en undan Katrínarkotstúni er Draugasker [...] vestasti hluti Garðahverfis heitir Skrefla, uppborinn sjávarbakki, er hallar frá sjó." [...] Í Örnefnaskrá 1964 eru nefndir Vöðlar, grynningar suður frá Oddakotsós og Skreflu" þar sem sjávarbotninn virðist vera að hækka. Draugasker ,,er á þurru um fjöru, fyrir miðri Skreflu" [...] Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: ,,Á

milli Kringu og Oddskotsóss eru Vöðlar. Þar eru leirur og hægt að vaða um fjörur. Aðeins úti í sjó, rétt fyrir vestan Granda, er svolítil steinaþyrping, sem heitri Draugasker. Það fer í kaf með flóði." [...] Ekki fylgir skerinu draugasaga en nafnið gæti bent til að þar hafi þótt vera draugagangur."
Hættumat: engin hætta
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 68-9
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-16 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 352807792 Y:401768255

GK-190:027 heimild leið 64 05.410N 22 00.581V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 liggur gata frá Katrínarkoti [004] suðvestur að sjónum og virðist vera hlið á varnargarðinum þar sem hún endar." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 69
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-18 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353255009 Y:402064375

GK-190:028 *Katrínarkotsbúð* tóft sjóbúð 64°05.418N 22°00.620V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 má sjá ferhyrnt torfhús í suður horni Katrínarkotstúns rétt við sjógarðinn [007]. Líklega er það Katrínarkotsbúð sem stóð við Skiptivöllinn á Hausastaðakambi, ofan varanna frá Hlíð [GK-188:011/023], Móakoti [GK-189:002], Hausastöðum [009], Selskarði og Katrínarkoti [010]. [...] Þetta er nánar tiltekið á Guðrúnarvelli, í krikanum þar sem Hliðsnesgata [005] frá Hausastaðasjávarhliði [022] og gatan út á Skreflu [036] mætast og sjást tóftirnar greinilega." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 70
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-20 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353223948 Y:402081384

GK-190:029 *Katrínarkotsbrunnur* brunnur brunnur 64°05.428N 22°00.485V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Katrínarkotsbrunnur var skv. Örnefnaskrá 1964 „grafinn í túnið vestan bæjarins" eftir að hætt var að nota Hausastaðabrunn [013] „en reyndist ekki vel. Vatnið var svo saltmengað ." Katrínarkotsbrunngatan yngri „lá frá heimabrunni til bæjar" [...] Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: „Í túninu skammt vestur af Katrínarkoti (u.þ.b. 60-70 m) er hlaðinn brunnur. Hann var hlaðinn 1927 eða 1928 og átti að vera fyrir bæði býlin (þ.e. Katrínarkot og Hausastaði), en reyndist ómögulegur vegna seltu. Katrínarkot stóð áður beint, örskammt, vestur af honum." [...] Brunnur var síðan grafinn aftur þar sem gamli Hausastaðabrunnurinn var. [...] Katrínarkotsbrunnur hefur samkvæmt þessu verið hlaðinn rétt áður en kotið var flutt í stæði Vesturbæjarins á Hausastöðum, staðsettur mitt á milli eldra og yngra kotsins. Hann er vel varðveittur, fallega hlaðinn úr grjóti og hefur ótvírætt minjagildi."


Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 71.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 71
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-21 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353334732 Y:402094514

GK-190:030 *Katrínarkot (yngra)* heimild býli 64°05.437N 22°00.455V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 eru tveir kálgarðar rétt vestan Hausastaða merktir Katrínarkoti. Þeir eru með hlöðnum veggjum og liggur landamerkjagarður Hausastaða

og Katrínarkots þvert á eystri garðinn. Þarna er einnig umgirtur túnblettur. Af Örnefnalýsingu 1976-7 að dæma hefur Katrínarkot yngra verið byggt við þessa garða en ekki fyrr en nokkru síðar: ,,Íbúðarhúsið í Katrínarkoti stendur norðvestan hlöðunnar og fjóssins á Hausastöðum, en þangað var það flutt árið 1930. Fjós og hlaða, byggð um svipað leyti, standa fast norðvestan við húsið. [...] Þar stóð áður vesturbærinn á Hausastöðum [002]." [...] Skv. Fasteignabók árið 1932 var nýi bærinn úr steini með miðstöð og vatnsveitu." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 71
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-22 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353359957 Y:402109152

GK-190:031 heimild 64°05.437N 22°00.455V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Á Túnakorti 1918 má sjá svolítið mannvirki rétt vestan við umgirtan túnblett og kálgarða við bæjarstæði Katrínarkots yngra [030] þar sem var áður Vesturbær Hausastaða [002]. Líklega er þetta for eða skólpgryfja." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:bRT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 71
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-23 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353359957 Y:402109152

GK-190:032 tóft hesthús 64°05.472N 22°00.588V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Við fornleifaskráningu 1984 fannst hesthúsatóft ,,aðeins norðvestur af Katrínarkoti [030], á grænum bala niður við sjóinn", þ.e. Skógtjörn. Af hesthúsinu sést ,,aðeins örlítil þúst" og leifarnar eru ,,umfangslitlar". Hleðsluraðir sem mynda horn eru þó greinilegar, 3,35 x 3,4 m að stærð."



Teikning: RT og RKT, 2003, bls. 72.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 72
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-24 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353254989 Y:402180711

GK-190:033 *Katrínarkotsfjárhús* heimild fjárhús 64°05.492N 22°00.505V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Á Túnakorti 1918 er útihús úr torfi sýnt við götu [036] norðan Katrínarkots [004], hugsanlega Katrínarkotsfjárhús sem var vestarlega í Katrínarkotstúni rétt niður við Skógtjörn [...] Þarna er þó ekkert sjáanlegt lengur og hefur það líklega horfið í veginn sem nú liggur meðfram tjörninni."
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 72
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-25 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353324311 Y:402214312

GK-190:034 *Katrínarkotsbrunngata* heimild leið 64°05.457N 22°00.406V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Á Túnakortinu 1918 liggur gata norðaustur frá Katrínarkoti að Hausastaðabrunni [013] utan Garðatúngarðs [GK-185:100]. Hún liggur nánast samhliða Hausastaðabrunngötu [014] svo líklega er þetta Katrínarkotsbrunngata eða Brunngatan eldri sem skv. Örnefnaskrá 1964 ,,lá frá Hausastaðabrunni að Katrínarkoti" [...] Í Örnefnalýsingu 1976-7 eru slóðar frá brunninum kallaðir Brunngötur [...] Katrínarkotsbrunngatan yngri lá hins vegar frá Katrínarkotsbrunni [029] sem byggður var um 1928 í túninu milli hins gamla og nýja stæðis hjáleigunnar [004/030]. Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 72
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-26 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353401745 Y:402145687

GK-190:035 *Stíflur* heimild brú 64°05.547N 22°00.297V
Í fornleifaskrá RT of RKT frá 2003 segir: „Í Örnefnaskrá 1964 eru nefndar Stíflur eða Stíflurnar: „Utan við Köldukinn var hleðsla milli Skógtjarnar og Litlutjarnar, það var göngubrú áður en Álamýrarbrúin kom." [...] Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: „Syðsti hluti Skógtjarnar eða tota norðaustur úr henni heitir Litlatjörn, stundum nefnd Álatjörn. Hér áður þornaði hún að mestu um fjörur, en á seinni árum hefur hún farið heldur stækkandi. Stíflisgarður hlaðinn úr grjóti, er á milli Litlutjarnar og Skógartjarnar (þ.e. aðaltjarinarinnar). Hann var stundum nefndur Stíflur. Á flóði féll sjór yfir hann miðjan, og hét þar Stífluskarð. Eftir garði þessum var gengið út á Álftanes og var reyndar aðalleiðin þangað hér áður. Nú fer Stíflisgarður alveg í kaf og er aldrei farinn. [...] Stíflishólar nefnist klettahryggur, sem gengur út í Skógtjörn austanverða. Þeir eru skammt norður frá Stíflisgarði."" Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 74
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-30 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 35348211 Y:4023073172

GK-190:036 heimild leið 64°05.484N 22°00.535V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 liggur gata úr norðri, líklega frá Stíflisgarði [035], meðfram vesturjaðri túnanna, framhjá meintum Rústum [012] og Katrínarkotsfjárhúsi [033] suðvestur að hliði í sjógarðinum [038] við Katrínarkotsbúð [028]. Líklega er þetta hluti þess vegar sem síðan lá áfram um Skreflu eða Skreflu út á Hliðsnes. Í Örnefnaskrá 1964 segir frá Skreflu: „Svo var tanginn kallaður, frá Hausastöðum allt vestur að Oddakotsós. Þar um liggja landamerki Garðakirkjulands. [...] Bakkinn eða tanginn allvel gróinn." [...] Í Örnefnalýsingu 1976-7 er svo veginum lýst: „Sléttur og grasi gróinn tangi liggur út í Hliðsnes á milli sjávar og Skógtjarnar. Vegurinn út í Hliðsnes liggur eftir honum. Tangi þessi heitir Skrefla. Næst túninu, norðan við Skreflu, er lægð, sem heitir Dalur. [...] Óshólmar ganga út í Skógtjörn, út frá vesturenda Skreflu, grasi gróið land og bleytusandur á milli. Þeir fara í kaf á flóði. Vestan við Óshólma var Ósinn. Um hann féll áður sjór á milli Hliðsness og Skreflu. Var þá eingöngu hægt að fara út í Hliðsnes á báti eða um fjöru. Ósinn var einnig nefndur Oddakotsós eftir býli, sem stóð rétt fyrir vestan hann, austast á Hliðsnesi. Nú hefur verið fyllt upp í Ósinn og því bílfært út í Hliðsnes, sem áður var eyja. Í Skógtjörn, fyrir vestan Ósinn, er Sandeyri. Hún stóð lengi vel nokkuð upp úr, og var hægt að fara hana út í Hliðsnes, þótt nokkuð væri fallið í Ósinn. Austan við veginn, þar sem hann liggur niður að sjónum, suðvestur af Hausastaðahúsi, er tún Hausastaða. Það nær einnig alveg út að vegi til norðausturs." [...] Núverandi vegur hefur trúlega verið lagður ofan á gömlu götuna."
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 74-5
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-31 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353299049 Y:402199658

GK-190:037 *Arndísarkot* bæjarstæði bústaður 64°05.445N 22°00.658V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Í Örnefnaskrá 1964 er nefnt Arndísarkot: „Kot þetta stóð á Skreflu. Sér enn rústirnar [...] Þurrabúð [...] Þar bjó Arndís. [...] Dalur: Vestan og neðan Katrínarkotstúns var lægð, í hana féll sjór úr Skógtjörn. Lægðin nefndist Dalur." [...] Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: „Sléttur og grasigróinn tangi liggur út í Hliðsnes á milli sjávar og Skógartjarnar. Vegurinn úr í Hliðsnes liggur eftir honum. Tangi þessi heitir Skrefla. Næst túninu, norðan við Skreflu, er lægð, sem heitir Dalur. Á flóði fellur sjórinn (úr Skógartjörn) inn í hann. Þó er Dalurinn gróinn. Tóftarbrot er nálægt miðjum dalnum. Þar var eitt sinn tómthús, nefnt Arndísarkot." Áður var Dalurinn minni og tilheyrði Arndísarkot þá Skreflu." [...] Tóftirnar eru enn sýnilegar." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 75
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-32 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353195611 Y:402132869

GK-190:038 heimild landamerki 64°05.649N 22°00.260V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Í Landamerkjaskrá frá 1890 segir að merki liggi úr Oddakotsós „norður í hóla hjá Skógtjörn, er þar hlaðin merkjavarða; þaðan í móti landi Skógtjarnar og Brekku í vörðu á hólnum hjá Núpsstíflum [...]" Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 77
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-37 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353536815 Y:402496701

GK-190:039 tóft útihús 64°05.468N 22°00.066V



Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 77.

Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Í landi Hausastaða austan bæjanna [001/002], nokkru utan Garðatúngarð, er útihúsatóft, nánar tiltekið staðsett í vegkrikanum rétt norðan heimreiðarinnar að húsinu Brautarholti." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 78
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 190-38 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353678651 Y:402152520

GK-191 Hnausastaðakot

Garðakirkjueign. 1703: Hjáleiga Garða. Ekki hluti af Hafnarfirði " ... hjáleiga í óskiftu Garðastaðar landi, og segja menn hún hafi til forna legið til Hausastaða og verið þar frá tekin og lögð undir staðinn fyrir mannslá og mjeltunnu, sem hvoritveggja var áður skilið í landskuld auk þeirra sem nú er." JÁM III, 189.
1918: ,,Tún 1 teigur og 1160 m2 kálgarðar."

GK-191:001 *Hausastaðakot* bæjarhóll bústaður 64°05.397N 22°00.243V
Í Fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: "Túnakortið 1918 virðist sýna tvö bæjarstæði með húsaþyrpingum í Hausastaðakotstúni og er hið suðaustara merkt Hausastaðakot. Miðað við aðrar heimildir og upplýsingar heimamanna er þetta þó villa: húsin sem eru norðvestar nær Hausastöðum, hafa tilheyrt Hausastaðakoti, en í hinu stæðinu var þurrabúðin Grjóti (GK-191:011). Í norðvestara stæðinu eru tvær byggingar og kálgarðar. Nyrðra húsið er úr torfi, skiptist í þrennt og er líklegra kotið en skv. Örnefnaskrá 1964 var það hjáleiga eða þurrabúð frá Hausastöðum (A161). Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: ,,Grjóti [...] er norðaustur af Hlíð. [...] Býlinu fylgir land Hausastaðakots, en það stóð mitt á milli Grjóta og Hausastaða." (Bls.9). Þetta kemur saman við Fornleifaskráningu 1984 þar sem segir að kotið sé ,,í hánorður frá núverandi Grjóta og í vestur frá Brautarholti, sem er nýtt hús. Mitt á milli Grjóta og Hausastaða." Þarna er sléttlent og þar sem bærinn stóð er nú kálgarður ,,girtur á háhólnum". (,,1300-23")"


Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 79.

Í Fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: ,,Bæjarstæðið hefur verið jafnað út og eru lítil merki um húsaskipan. Grjót úr veggjum er þó sjáanlegt og virðast húsin hafa staðið í röð og snúið göflum í vestur út á sjó. ,,Komið mun hafa verið fyrst austan. Aftan við norðurenda húsalengjunnar var hlaða sem vísar hornrétt á framhúsin, eða í N (10°) - greinilega yfirgróin, grjóthlaðin tóft. Lengd líkl. 4.1 og breidd 2.1.""
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT:Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 78-79
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 191-1 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353528648 Y:402028549

GK-191:002 *Hausastaðakotsbrunnur* heimild brunnur 64°05.384N 22°00.194V
Í Fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Í Örnefnalýsingu 1976-7 segir: ,,Brunnhola, nálægt einum metra á dýpt, u.þ.b. 20 m suðaustur af Hnausastaðakotsbæ, var nefnd Hausastaðakotsbrunur." (Bls. 9). Skv. Fornleifaskráningu 1984 er brunnurinn í sléttu mólendi ,,rétt suðaustan við kálgarðshleðslu bæjarins"."
Í Fornleifaskráningu RT og RKT 2003 segir: "Brúnir hans sjást ekki en fyllt hefur verið upp í hann með smágrjóti sem myndar hring og er þvermálið um 1,20 m."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 80
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 191-4 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353567135 Y:402002415

GK-191:003 *Hausastaðakotsvör* örnefni naust 64°05.324N 22°00.522V
Í Fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: ,,Í B-gerð Örnefnaskrár 1964 er nefnd Kotavör: ,,Svo var Hausastaðakotsvör kölluð [...] vestan Hausastaðagranda." (188). Í A-gerð segir hins vegar að Kotavör sé annað nafn á Hausastaðavör en frá vörunum vestan Haustastaðagranda ,,var róið fram vöðlana" (A198) . Skv. Örnefnalýsingu 1976-7 er Móakotsvör (GK-189:002) beint niður undan tóftum Móakots og ,,Hausastaðakotsvör [...] litlu vestar, en Hausastaðakot átti þar nokkurra metra landspildu til sjávar" (Bls. 10). Hana má sjá á Túnakorti 1918." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.



Teikning: RT og RKT, 2003, bls. 84.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 84
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 191-17 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353295261 Y:401902809

GK-191:004 *Brunngata* heimild leið
"Rétt fyrir austan (u.þ.b. 8 m) endann á Stíflisgarði [GK-190:035], Katrínarkotsmegin, var Hausastaðabrunnur. Í hann var sótt vatn frá Hausastöðum, Katrínarkoti og Hausastaðakoti og stundum einnig frá Grjóta og Móakoti. Ekki þraut í þessum brunni fyrr en á seinni árum. Einar 6-7 tröppur voru niður í brunninn. Hausastaðabrunnur lagðist af um 1927 ... Slóðir frá bæjunum að Hausastaðabrunni nefnust Brunngötur. Var eins frá hverjum bæ." Búið er að raska brunngötunum með sléttun og vegagerð, t.a.m með Sjávargötu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Garðahverfi, 13

GK-191:005 heimild útihús
„Á túnakortinu 1918 er útihús rétt sunnan við kotið [001]...," segir í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003. Í skráningu RT og RKT kemur fram að ekki sjáist lengur til útihússins, en ekki er aðstæðum frekar lýst.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 79
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 191-2 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003".

GK-191:006 garðlag kálgarður 64°05.397N 22°00.243V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Túnakortið 1918 sýnir kálgarða vestan, sunnan og austan við bæjarhúsin. Skv. Örnefnalýsingu 1976-7 „er nú kálgarður" þar sem land Hausastaðakots var (bls. 9) og við fornleifaskráningu 1984 segir að kálgarðshleðslan sé það sem greinilegast sé í bæjarstæðinu. Garðurinn liggur í boga vestur af þar sem húsin munu hafa staðið og nær austur fyrir suðurenda húsaraðarinnar. Hann liggur um 9 m í norður frá bæjarhúsum en sveigir þá hornrétt til vesturs, um 23 m, en síðan um 29 m í suður."
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 79-80
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 191-3 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353528648 Y:402028549

GK-191:007 heimild traðir 64°05.395N 22°00.203V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti má sjá hvar gata liggur frá Hausastaðakoti norðaustur að hliði á túngarðinum. Líklega eru þetta Hausastaðakotstraðir sem lágu frá bænum að Hausastaðakotshliði." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 80
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 191-5 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353561214 Y:402021646

GK-191:008 heimild útihús 64°05.399N 22°00.175V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Skv. Túnakortinu 1918 er útihús úr torfi við enda Hausastaðakotstraða, austan megin við Hausastaðakotshlið." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 80
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 191-6 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353583911 Y:402028056

GK-191:009 heimild leið 64°05.375N 22°00.218V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Skv. Túnakortinu 1918 liggur gata frá Hausastaðakoti yfir til þurrabúðarinnar Grjóta [011]." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 80
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 191-7 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353546650 Y:401984970

GK-191:010 tóft útihús 64°05.363N 22°00.270V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á túnakorti má sjá útihús úr torfi miðja vegu milli Hausastaðakots og Grjóta, nokkru vestan götu milli bæjanna, og fannst þar tóft við Fornleifaskráningu 1984."
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Tóftin er ferhyrnd, innanmálið um 4,2 x 2,15 m. Veggir standa hátt og hún vísar í norður. E.t.v. er önnur tóft austan við hana en þar hefur grjóti verið safnað í haug, líklega úr túninu eins og oft ver gert. Tryggvi Gunnarsson í Grjóta man ekki eftir húsinu í notkun." Ekki kemur fram í skýrslu RT og RKT hvort tóftin var skoðuð aftur eða hvort ástand hennar hafi breyst síðan 1984.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 80-81


Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 81.

Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 191-8 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353503977 Y:401964940

GK-191:011 *Grjóti* bæjarstæði býli 64°05.346N 22°00.202V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Suðvestan í túni Hausastaðakots sýnir Túnakortið 1918 bæjarstæði sem að vísu er merkt kotinu en er þó skv. öðrum heimildum og frásögn heimamanna þurrabúðin Grjóti. Þarna eru þrjú aðskilin hús, tvö úr torfi með stefnuna suðvestur-norðaustur, að því er virðist á móti hvort öðru. Stærra húsið sem er norðar gæti verið gamli Grjótabærinn. Austar er þriðja húsið, byggt úr timbri, líklega nýja Grjótahúsið og sýnist anddyri þess snúa í norðvestur. Í Örnefnaskrá 1964 segir um Grjóta: „Býli í Garðahverfi, fyrrum þurrabúð, nú búið þar og liggur Hausastaðakot undir." Skv. Örnefnalýsingu 1976-7 er húsið sem nú kallast Grjóti „norðaustur af Hlíð [...] örfáum metrum norðan þess sem þurrabúðin Grjóti var áður. Býlinu fylgir land Hausastaðakots, en það stóð mitt á milli Grjóta og Hausastaða."...Skv. Fornleifaskráningu 1984 er gamli bærinn Grjóti beint framan eða vestan við núverandi íbúðarhús. Þar er sléttlent en nokkuð grýtt umhverfis og vestur af er gamla heimatúnið. Aðeins kálgarðurinn er sýnilegur."... Grjóti er ekki nefndur í heimildum fyrri alda en trúlega hefur eitthvað af tómthúsfólkinu sem skráð var í Hausastaðakoti árið 1845 búið þar. Annars vegar voru hjónin Ásgrímur Þorleifsson og Ragnheiður Jónsdóttir, hins vegar Guðmundur Elendsson og Dorothea Einarsdóttir sem áður var vinnukona í Hlíð. Hin síðarnefndu áttu eitt barn." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 81
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 191-9 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353557760 Y:401930916

GK-191:012 heimild útihús 64°05.346N 22°00.202V

Í fornleifaskrá RT og RKT segir: „Á Túnakortinu 1918 er útihús úr torfi rétt suðvestan við eða á móti Grjótabænum [...] og hefur stefnuna suðvestur-norðaustur." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 82
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 191-10 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353557760 Y:401930916

GK-191:013 *Grjótagerði* garðlag túngarður 64°05.346N 22°00.202V
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakortinu 1918 má sjá garð með hlöðnum veggjum sunnan við Grjótahúsin. Hann liggur upp við traðirnar frá Móakoti sem skilja milli túna Hausastaðakots og Hlíðar og er merktur kálgarður. E.t.v. fellur hann þó að einhverju leyti saman við svo kallað Grjótagerði sem skv. Örnefnaskrá 1964 var tún býlisins, bæði grýtt og þýft en nú slétt, einnig kallað Grjótatún [...] en búðin Grjóti hefur varla haft mikla grasnyt. Skv . Fornleifaskráningu 1984 eru garðhleðslur sýnilegar við býlið beggja megin girðingar sem nú skiptir milli þess og Hlíðar."
Í fornleifaskrá RT og RKT frá 2003 segir: „Veggjaþykkt er um 1,5 m en hæð mest 0,6. Lengd garðsins Grjótamegin er um 18 m upp undir girðingu. Þar hverfur hann á kafla en byrjar síðan aftur Hlíðarmegin um 20,3 m frá girðingu. Samanlagt er lengdin um 33 m en austurhliðin sveigir í suðurendann nokkuð til vesturs. Suðurhluti kálgarðshleðslunnar er heill, bæði hliðarnar og endinn. Í beinu framhaldi af austurhliðinni, til norðurs framan við núverandi Grjóta, liggur annar grjótgarður og sameinast vesturhlið garðs sem er með timburveggjum."
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 82
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 191-11 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353557760 Y:401930916

GK-191:014 *Grjótabrunnur* brunnur brunnur 64°05.359N 22°00.165V



Teikning: RT og RKT, 2003, bls. 82.

Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Í Örnefnaskrá 1964 er nefndur Grjótabrunnur, niður og norður frá Grjóta: „Þar þrýtur vatn" [...] E.t.v. er þetta vatnsbólið sem skv. Fornleifaskráningu 1984 er rétt vestan við heimreiðina að Grjóta. Þvermál brunnsins er um 50-60 sm. Fyllt hefur verið upp í hann með steinum en sjá má grjóthlaðna brún. Að sögn Tryggva Gunnarssonar var þetta bara hola og safnaðist þarna grunnvatn. Svona holur voru líka rétt austan við Hausastaðakot og við Móakot."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 82
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 191-12 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353588845 Y:401954585

GK-191:015 *Grjótabrunngata* heimild leið 64°05.359N 22°00.165V
Í Fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Samkvæmt örnefnaskrá 1964 lá Grjótabrunngata „frá Grjótabrunni heim til bæjar."" Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 83
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 191-13 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353588845 Y:401954585

GK-191:016 tóft fjárhús 64°05.342N 22°00.232V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: "Við fornleifaskráningu 1984 fundust fjárhúsatóftir, við girðingarhorn Grjóta [...] um 17 m beint vestur af gömlu þurrabúðinni. Húsin eru beint norður af

bæjarhúsunum í Hlíð [...] Vestur af fjárhúsunum er slétt tún og hafið."
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: Þetta eru a.m.k. tvær yfirgrónar tóftir og vísa í vestur. Utanbreidd þeirrar syðri er um 9,2 m og á henni lágreist torfþak. Sú nyrðri er um 4,5 x 56,8 [?] að innanmáli, veggir 1,65 m á breidd. Austur úr henni gengur niðursokkin grjóthleðsla og hverfur eftir um 7 m við girðinguna. Einhvern tímann voru þetta fjárhús frá Hlíð, einnig notuð sem ískofi."



Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 83.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 83
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 191-14 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353532596 Y:401925985

GK-191:017 tóft útihús/herminjar 64°05.360N 22°00.429V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Á Hausastaðakotsspildunni miðja vegu niður að sjó og upp við landamerkjagirðingu að Hausastaðatúni, er skv. Túnakorti 1918 svolítið ferhyrningslaga útihús byggt úr steini, nánar tiltekið í norðvestur frá Móakoti en þar fannst tóft við Fornleifaskráningu 1984, suðvestan við Bretavirki [hér 015]. Húsið hefur trúlega verið grjóthlaðið því tóftin er full af grjóti. 1984. Lögun hennar er óljós en hún virðist ávöl, um 2 x 3 m að innanmáli, veggir 1-1,5 m á þykkt. Þetta hefur verið tóft þegar á stríðsárunum og hafa Bretar notað hana sem byrgi." Ástandi tóftarinnar í dag er ekki lýst í fornleifaskrá RT og RKT.



Teikning: RT og RKT,2003, bls. 84.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 84
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 191-16 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353374208 Y:401966419

GK-191:018 mannvirki herminjar 64°05.366N 22°00.410V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Á Túnakorti 1918 er aflöng spilda sem teygir sig suðvestur úr túni bæjarins merkt „Hausastaðakot Grýtt mjög" en skv. Örnefnalýsingu 1976-7 átti jörðin „þar nokkurra metra landspildu til sjávar" [...] Við fornleifaskráningu 1984 fundust þarna „tóftir - Bretavirki frá stríðsárunum", alveg upp að landamerkjagirðingu að Hausastaðatúni, nokkuru norðar og vestar en önnur tóft [her 017] sem bretar hafa notað sem byrgi. „Vestan við er aflíðandi tún niður undir sjó.""



Mynd: RT og RKT, 2003, bls. 83.

Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Þetta virðist vera tóftasamstæða, grafin inn í hól og nokkuð óreglulega skipulögð. Nyrsta tóftin er ferhyrnd, um 6,5 x 2,7 m að innanmáli og hefur stefnuna austur-vestur. Inngangur er e.t.v. austan megin. Upp við suðurvegg hennar er önnur mjög ólöguleg tóft, um 4,4 m á breidd. Suðvestur úr henni gengur svo þriðja tóftin eins og rani í laginu."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 83-84
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 191-15 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353390491 Y:401976281

GK-191:019 tóft útihús 64°05.442N 22°00.032V
Í fornleifaskráningu RT og RKT frá 2003 segir: „Í landi Hausastaðakots, norðaustan bæjarins (nr.1), nokkru utan Garðatúngarðs [100], er útihúsatóft, nánar tiltekið staðsett í vegarkrikanum rétt austan heimreiðarinnar að húsinu Brautarholti." Vettvangslýsing á minjunum fylgir ekki skráningu RT og RKT.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: RT og RKT: Garðahverfi Fornleifaskráning 2003, 85
Þessi skráningarfærsla er að mestu leyti byggð á á fornleifastað 191-18 Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Knútsdóttur Tetzschner í skýrslunni "Garðahverfi - Fornleifaskráning 2003". Hnit þeirra eru í Ísnet 93: X: 353703812 Y:402103007

GK-192 Selskarð

Jarðardýrl. óviss 1703. Garðakirkjueign. Fyrst getið 1367, þá meðal jarða Garðakirkju - DI III, 220, sbr. 1397 - DI IV, 107. 1565, skrá yfir byggðar jarðir staðarins, sem ekki voru hjáleigur: "Asbirne Selskard fyrer iij. vætter fiska. áskilinn kyrfödurs vallar slattur. med jordunne ij kugillde." DI XIV, 437. 1703 var einn ábúandi, landskuld 60 álnir, 1 leigukúgildi - JÁM III, 221.
Túnið er á norðurhlið eiðisins milli Garða og Álftaness. Það er náttúrulega slétt valllendi og hefur sennilega ekki verið jafnað mikið með vélum. Austantil tekur við mýri en sjórinn brýtur af norðanmegin. Sunnan og vestan við eru flagmóar. Álftanesvegur liggur eftir endilöngu túninu. Túnið er varið af sjávarnargarði (GK-192:003) norðanmegin vestast en sunnan með því er einnig hleðsla, varla meir en girðingarundirstaða, og skurður utanmeð henni.



GK-192:001 *Selskarð* bæjarhóll bústaður 65°05.894N 22°00.218V
"Jörðin Selskarð er á milli Lambhústjarnar og Skógatjarnar. Hún er nú komin í eyði fyrir nokkrum árum. Gamalt íbúðarhús stendur norðan við veginn út á Álftanes. Á sama stað stóð gamli bærinn áður." segir í örnefnalýsingu. Húsið er nú horfið en eftir er allhár hóll fast norðan við núverandi Álftanesveg þar sem eiðið milli Álftaness og lands er mjóst.
Í túni (nú hrosshagi) á eiði og eru um 100 m til sjávarmáls í Lambhústjörn að norðan en um 300 m að sunnan. Þjóðvegur liggur upp að hólnum að sunnan og er mögulega á honum að hluta.
Syðsti hluti steyptra undirstaða síðasta íbúðarhússins sést enn, um 10 m frá veginum. Nyrðri og meiri hluti grunnsins er hinsvegar horfin því gríðarmikil hola, um 25x20 m að stærð, hefur verið grafin ofan í bæjarhólinn. Hún er 2-3 m djúp og hafa rofin úr henni verið sett á barmana að austan og vestan. Er hóllinn af því mjög hár að norðvestan. Hliðar holunnar eru grónar en sjá má að hleðslugrjót hefur oltið úr sárinu. Bærinn hefur staðið á náttúrulegri upphækkun en mannvistarlög eru varla undir 1 m á þykkt. Sunnan og vestan við bæinn hefur verið allstór kálgarður og er hlaðinn garður meðfram honum. Hleðslustubbur sést gegnt húsgrunninum fast við veginn og síðan kantur meðfram veginum en að norðvestan er hleðslan skýr og allt að 0,8 m há.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Garðahverfi, 14; Túnakort 1918

GK-192:002 tóft útihús 64°05.856N 22°00.079V
Um 150 m austur af bæjarhólnum í Selskarði er útihústóft, um 20 m sunnan við sjóvarnargarð 003 og fast vestan við litla hestarétt úr tré.



Í túnjaðri - nú hestagirðing. Austan og norðan við er talsvert rask og síðan blautur flagmór.
Tóftin er illa hlaðin úr mjög stóru og mjög litlu grjóti. Torf, eða í það minnsta grasrót, er utan á veggjunum en steypuleifar eru ofaná á nokkrum stöðum. Hleðslurnar eru að miklu leyti hrundar inn í tóftina, einkum austur-gafl. Timburþil hefur verið á vesturgafli. Mikið rusl er í tóftinni. Samkvæmt túnakorti var þetta kálgarður.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1918

GK-192:003 garðlag varnargarður 64°05.869N 22°00.154V
Fyrir botni Lambhústjarnar er lágur sjóvarnargarður, sem einnig er túngarður Selskarðs vestast.
Á sjávarbakka.
Garðurinn er lítilfjörlegur austast, varla meir en girðingarundirstaða en á móts við Selskarð gildnar hann og standa þar 2-3 umför uppúr. Garðurinn er byggður ofanvið sjávarmál og fylgir bakkanum með hvössum hornum. Á köflum eru nokkrir metrar milli garðs og sjávarbakka en annarsstaðar er garðurinn fast á bakkanum.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir: Túnakort 1918

GK-192:004 heimild traðir
Á túnakort frá 1918 eru teiknaðar traðir úr suðvestri. Traðirnar voru ekki skráðar á vettvangi heldur einungis eftir túnakorti. Samkvæmt loftmynd (hér aftar) virðist svæðinu hafa verið raksað mikið, m.a. með vegagerð og nánast öruggt að ekkert sjást nú til þeirra nú.
Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1918

GK-192:005 heimild um útihús
Á túnakort frá 1918 er teiknað útihús um 100 m norðaustan við bæ 001. Útihúsið var ekki skráð á vettvangi heldur var einungis stuðst við túnakort frá 1918 og loftmynd (hér aftar). Tóftin hefur verið fast við Lambhústjörn og gæti því einnig hafa verið naust eða uppsátur. Ekki er vitað hvort sést til minja á vettvangi.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918

GK-192:006
Kálgarður er merktur fast austan við traðir 004 og bæ 001 á túnakort frá 1918. Hann hefur verið um 20 x 40 m stór og snúið austur-vestur. Kálgarðurinn var ekki skráður á vettvangi og ekki vitað hvort að enn sést til hans.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Túnakort 1918

6. Fornleifar og byggð

Land Garðabæjar er 44,9 km^2 að flatarmáli og hefur yfir að búa fjölbreyttu landslagi. Syðst í landi bæjarins eru eldfjöll og hraunbreiður, en norðar og nær sjó eru grónir vellir og mýrarflákar inn á milli hraunkarga og klapparholta. Tvö friðlönd teygja sig inn fyrir bæjarmörkin að sunnanverðu, Heiðmörk og Reykjanesfólkvangur.

Innan Garðabæjar eru tvö vötn og einnig renna þar tveir lækir. Vífilsstaðavatn er austan undir Vífilsstaðahlíð og Urriðavatn (Urriðakotsvatn) er á milli Urriðakots og Setbergs. Úr Vífilsstaðavatni rennur Hraunsholtslækur og úr Vatnsmýri rennur Arnarneslækur og falla þeir báðir til sjávar í Arnarnesvogi. Inn í strönd Garðabæjar skerast vogar og víkur, þar sem áður fyrr voru víða ágætis varir. Landbrot hefur átt sér stað í Garðabæ, þó í mun minna mæli en t.d. á Seltjarnarnesi.

Landslag og umhverfi í Garðabæ hefur tekið miklum breytingum á síðustu áratugum eftir að þéttbýli fór að myndast. Mest þéttbýli er milli Hafnarfjarðar og Kópavogs og svo allt frá Arnarnesi norður að Hraunsholti og Vífilsstöðum. Nokkuð hefur verið um þéttbýlismyndun í landi Urriðakots þar sem byggð rís nú á Urriðaholti þar sem heimatún bæjarins var áður. Verslunarkjarni hefur einnig risið þar norður af við götuna Kauptún. Jafnframt er golfvöllur á stórum hluta Urriðakotsjarðarinnar. Óbyggð svæði innan Garðabæjar einkennast mest af hraunbreiðum, víða miklum körgum, en í Garðahverfi má enn finna talsvert af túnum og graslendi.[88] Hér á eftir verður fjallað um helstu minjaflokka sem skráðir voru í Garðabæ, einkenni þeirra og ástand.

Bæjarhólar, bæjarstæði og býli

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr gólflögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás, byggingarefni, torfi og grjóti og öskuhaugum. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt eru þeir sá minjaflokkur sem einna verst hefur farið í uppbyggingu í landbúnaði, sem og þéttbýli, á þessari öld.

[88] Samantektin hér að ofan byggir á upplýsingum úr bókinni *Garðabær byggð milli hrauns og hlíða*.

Alls eru til heimildir um 52 bæjarstæði og bæjarhóla í landi Garðabæjar. Flest eru bæjarstæðin í hinu þéttbýla Garðahverfi og er þar oft um að ræða kot og þurrabúðir sem voru í byggð í takmarkaðan tíma og þar sem þykk mannvistarlög hafa hugsanlega ekki náð að hlaðast upp. Þó skal hafa þann fyrirvara í huga að upplýsingum um minjar í Garðahverfi er í sumum tilvikum ábótavant, þar sem upplýsingar um útlit og ástand minjastaða voru oft lauslegar í skráningu Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu K. Tetzschner frá 2005. Bæjarhóla með miklum mannvistarleifum er einna helst að finna þar sem bæir lögbýla og hjáleiga Garða hafa staðið öldum saman. Næsta víst má telja að mannvistarleifar sem ná aftur til landnáms megi finna við Garða 185:001. Í Urriðakoti, Arnarnesi, Hraunsholti og Selskarði eru vel sýnilegir bæjarhólar. Á bæjarhól Urriðakots 174:001 eru leifar síðasta bæjarins frá miðri síðustu öld, en Urriðakot fór í eyði 1958. Rústirnar eru grafnar ofan í bæjarhólinn, sem er nokkuð hár og breiður og hafa raskað að nokkru leyti þeim mannvistarleifum sem þar hvíla, en þó er öruggt að í honum er enn að finna fornar mannvistarleifar sem stafar hætta af fyrirhuguðum framkvæmdum á Urriðaholti. Á Arnarnesi er bæjarhóll Arnarneskots 178:014 vel sýnilegur. Hóllinn er þýfður og ójafn og 13x13 m að stærð, þó fornleifarnar kunni að ná yfir stærra svæði undir sverði. Hóllinn er hæstur um 1,3 m á hæð. Bær Hraunsholts 179:001 hefur að líkindum lengi verið á sama stað og þar er enn stór bæjarhóll. Erfitt er að átta sig fyllilega á ummáli bæjarhólsins sökum framkvæmda á og í kringum hann, en hóllinn er að líkindum um 40x40 m að stærð. Nokkuð mikið af 20. aldar keramikbrotum eru á hólnum og eru þau án efa ættuð úr róti sökum framkvæmda á og við hólinn. Á hólnum sáust einnig brunnin bein og tennur úr nautgripum sem gætu verið ættuð úr nálægum öskuhaugi. Síðasta íbúðarhúsið á Selskarði var steypt og grunnur þess grafinn ofan í bæjarhólinn 192:001. Syðsti hluti steyptra undirstaðanna sjást enn, en nyrðri og meiri hluti grunnsins er hinsvegar horfin því gríðarmikil hola, um 25x20 m að stærð, hefur verið grafin ofan í bæjarhólinn. Hliðar holunnar eru grónar en sjá má að hleðslugrjót hefur oltið úr sárinu. Bærinn hefur staðið á náttúrulegri upphækkun en mannvistarlög eru varla undir 1 m á þykkt.

Bæjarhóll Vífilsstaða 175:001 hefur verið sléttaður og er því horfinn, þó vafalaust megi enn finna einhverjar mannvistarleifar undir sverði. Bæjarhóll Arnarnesbæjarins 178:001 hefur einnig verið sléttaður, en nokkrar mjög lágar aflíðandi bungur eru enn á

flötinni og gætu þær verið leifar þess efnis sem rutt var þegar bæjarhólinn var sléttaður (sem var líklega þegar farið var að byggja á Arnarnesinu á sjöunda áratugnum). Hofstaðabærinn (177:001) sem nú stendur er byggður 1923 og er tvílyft steinhús með kjallara. Ekki er greinilegur bæjarhóll á svæðinu því umhverfið er vel sléttað. Sennilega eru þó talsvert miklar búsetuminjar í kringum Hofstaði, bæði á lóðinni sem og undir malbiki fjær frá húsinu. Fullvíst er að búseta hefur verið á Hofsstöðum allt frá fyrstu tíð, en víkingaaldarskáli (177:013) var grafinn upp skammt frá núverandi Hofstaðabæ. Bæjarhóll Setbergs 173:001 er utan marka Garðabæjar og er því ekki til umræðu hér þó hluti af jörðinni hafi verið skráður.

Talsvert landbrot á sér stað í Garðahverfi sem hefur haft slæmar afleiðingar fyrir fornminjar. T.a.m. eru bæjarstæði Austur (181:001) og Vestur Dysja (181:002) að brotna ofan í sjó. Jafnframt eru sagnir til um að Nýibær hafi áður fyrr staðið á Nýjabæjarskeri 184:002, sem er nú umlukið sjó. Annars hafa bæjarhólar og bæjarstæði í Garðahverfi að þó nokkru leyti orðið fyrir barðinu á túnasléttun og seinni tíma byggingum. Þó eru sjáanlegar tóftir, hleðslur eða hólar á Garðhúsum (185:023), Hóli (185:027), Sjávargötu (185:028), Garðabúð (185:059), Katrínarkoti (190:004), Köldukinn (190:011), á ónefndu býli norðan Köldukinnar (190:015), Arndísarkoti (190:037) og síðast en ekki síst stendur Króksbærinn (185:078) enn og er opinn fyrir almenning. Mikil og þétt búseta hefur verið í Garðahverfi öldum saman og því er næsta víst að miklar mannvistarleifar leynast þar víða undir sverði, þó svo að í sumum tilvikum verði þeirra ekki vart á yfirborði.

Ljóst er að miklar mannvistarleifar leynast enn undir sverði á lögbýlum og hjáleigum í Garðabæ. Bærinn er í fremur örum vexti og því mikilvægt að ítreka að engar framkvæmdir sé ráðgerðar á bæjarhólum og bæjarstæðum nema í samstarfi við Fornleifavernd ríkisins og þá með tilheyrandi mótvægisaðgerðum.

Útihús í og við heimatún

Eins og algengt var á Íslandi voru skepnuhús á skráningarsvæðinu dreifð um tún bæja til að dreifa áburði. Hlutfall útihúsa á nokkrum býlum í Garðahverfi var þó, eins og gefur að skilja, nokkuð lægra en á hreinum landbúnaðarsvæðum. Þess í stað voru fleiri staðir tengdir sjósókn.

Alls voru skráð 67 útihús innantúns í landi Garðabæjar og eru þá meðtalin öll þau útihús sem þekkt eru á hjáleigum og smábýlum. Verður þetta hlutfall að teljast fremur lágt ef haft er í huga að 19 jarðir eru skráðar innan marka Garðabæjar. Tún Setbergs er þó mestmegnis í landi Hafnarfjarðar og lendir einungis eitt útihús Garðabæjarmegin (173:006). Engin útihús eru þekkt frá Hagakoti (GK-176) þar sem ekkert túnakort er til af jörðinni og ekkert útihús er merkt hjá Ráðagerði (GK-186) á túnakorti Garðahverfis. Þó er ljóst að skepnuhús hefur verið áfast íbúðarhúsinu í Ráðagerði. Alls eru 54 útihús skráð sem hafa óþekkt hlutverk og eru þessi hús oftast skráð af túnakortum.

Bær	**Fjöldi útihúsa**	**Númer**
Setberg	1	173:006
Urriðakot	8	174:002,003,004,005,006,007,019,028
Vífilsstaðir	2	175:005,006
Hofsstaðir	5	177:003,005,006,007,008,
Arnarnes	4	178:003,004,010,038
Hraunsholt	5	179:002,003,004,005,052
Dysjar	8	181:004,005,006,007,008,009,011,015
Bakki	2	182:002,004
Pálshús	2	183:005,007
Nýibær	4	184:005,006,010,011
Garðar	8	185:032,035,036,037,085,088,096,099
Miðengi	3	187:002,015,017
Hlíð	6	188:015,016,017,018,020,027
Móakot	1	189:004
Hausastaðir	2	190:021,033
Hausastaðakot	5	191:005,008,010,012,016
Selskarð	1	192:002
SAMTALS	**67 útihús**	

Innan Garðabæjar eru þekktar heimildir um sex fjárhús og eitt lambhús. Tóftir fjárhúsa og lambhúsa eru í túni Urriðakots, heimildir eru um tvö fjárhús í túni Hofsstaða (nú komin undir byggð), heimildir eru um fjárhús á Miðengi og Hausastöðum og tóftir fjárhúsa sjást enn í túni Hausastaðakots.

Tvö fjós eru skráð, bæði í Garðahverfi. Heimild er um fjós á Miðengi, en tóft fjóss er að finna á Dysjum. Heimildir voru tiltækar um þrennar kvíar við heimatún í Garðabæ en hvergi sáust leifar þeirra. Örnefnið Kvíaflöt (174:019) er við tún Urriðakots, á Hraunsholti (179:052) var heimild um kvíar og sömu sögu að segja af Nýjabæ (184:011). Leifar tveggja hesthúsa eru þekktar, annarsvegar innan byggðar Garðabæjar og hinsvegar í Garðahverfi. Í Hraunsholti er tóft hesthúss (179:041) sem hlaðin er úr torfi og grjóti og standa veggir hennar enn nokkuð heilir, hæstir um 1,5 m að innanverðu, en tóftinni stafar hætta af trjágróðri sem vex allt í kring. Skammt frá Katrínarkoti í Garðahverfi er svo lítil

þúst og hleðsluleifar sem taldar eru af hesthúsi (190:032). Í Garðabæ er eitt örnefni sem bendir til smiðju innantúns, en að það er Smiðjuhóll (GK178:010) í túni Arnarness, sem nú er búið að slétta úr.

Ljóst er að víða í Garðabæ geta leynst leifar útihúsa undir sverði innan túna eldri bæja. Þar sem Garðahverfi varð snemma nokkuð þéttbýlt og svæðið hefur byggst hratt upp undanfarna áratugi, var eldri húsum víða rutt út og vitneskja um þau hefur í mörgum tilfellum týnst niður á skömmum tíma. Vel er hugsanlegt að slíkar leifar hafi þegar verið alveg eyðilagðar við byggingu íbúðarhúsa og annarra þéttbýlismannvirkja en rétt er að ítreka að varlega skal fara í allt umrót, sérstaklega innan heimatúna eldri bæja.

Mannvirki tengd sauðfjárrækt (utan heimatúna)

Nokkuð stór hluti skráðra fornleifa í landi Garðabæjar tengjast sauðfjárbúskap og er marga slíka staði að finna utan túns og í úthögum. Markverðasti staðurinn er að líkindum svokölluð Selgjá (174:034) sem var friðlýst af Kristjáni Eldjárn árið 1964, en í örnefnaskrá segir að Álftnesingar hafi haft þar í Seli allt fram á 18. öld.[89] Selgjá er hrauntröð frá Búrfelli og náttúrulegt aðhald með fjöldi fjárbyrgja. Hún er framhald Búrfellsgjáar, sem nær alla leið að Búrfelli, en er sá hluti hrauntraðarinnar sem liggur norður frá Hrafnagjá og skiptist milli lands Urriðakots og Garðakirkjulands. Selgjá er fremur grunn og víða um 120 m breið og er hún slétt og gróin í botninn. Í norðurenda Selgjár er Selgjárhellir, náttúrulegur hraunhellir sem hlaðið hefur verið fyrir og þannig nýttur sem fjárskýli. Suður frá Selgjárhelli, bæði fast við hellinn og allt að 750 m frá honum meðfram austur og vestur hliðum gjárinnar, eru skráð 19 mannvirki sem tengjast seljabúskap, tóftir, garðlög og hleðslur við hella. Selgjá er heildstætt og stórt minjasvæði innan marka höfuðborgarsvæðisins sem mikilvægt er að varðveita. Skammt norðan við Selgjá eru aðrir staðir sem einnig voru friðlýstir 1964, Sauðahellir efri (174:037) og svokallaðir Norðurhellar (174:054) og má líta á þessa hella sem hluta af heild með Selgjánni. Sauðahellirinn er sérstaklega merkilegur, en op hans er hlaðið upp með mjög fallegum, yfirbyggðum inngangi sem hægt er að standa í hálf uppréttur og sem liggur niður að tveim náttúrulegum hellum, sínum á hvora hönd. Sauðahellir og Norðurhellar voru eflaust nýttir við seljabúskap líkt og rústirnar í Selgjá.

[89] Gísli Sigurðsson, 1964: 29

Sex önnur sel eru skráð innan Garðabæjar. Fyrst er að nefna Kjöthelli (173:023), einnig nefndur Selhellir, sem var selstaða Setbergs frá fornu fari. Elsta heimildin um Kjöthelli er landaskiptabréf dagsett 6. júní 1523. Í jarðabók Árna og Páls eru hagar sagðir þar góðir.[90] Kjöthellir er um 20 m langur og opinn í báða enda, lofthæð er ríflega 2 m og breidd um 4 m. Um miðbik hellisins er hlaðið skilrúm sem skiptir honum í tvennt. Skilrúmið kann að benda til að hellirinn hafi verið nýttur af tveim jörðum, þá Hamarskoti og Setbergi og hefur nyrðri helmingurinn að líkindum tilheyrt Setbergi. Hleðslur eru við hellisopin og er meira lagt í þá nyrðri en þar eru hlaðin, bogadregin göng sem liggja að opinu. Hlaðið hefur verið þak yfir innganginn að hluta með hraunhellum, þó það sé nú að nokkru leyti hrunið. Í næsta nágrenni Kjöthellis er tóft sem að líkindum tengist Selstöðunni. Um 70 m frá henni er hlaðið aðhald í náttúrulegri lægð (173:081). Hátt í 200 m vestur af Kjöthelli er Kershellir (173:053) sem er nokkuð stór hraunhellir sem hugsanlega var einnig nýttur sem selstaða. Inni í honum er hleðsla sem er nokkuð ógreinileg vegna hruns úr lofti. Önnur selstaða (173:051) er á mörkum Setbergs og Hamarskots við svokallaða Gráhellu í Gráhelluhrauni. Mannvirkið er hlaðið upp að klettinum Gráhellu, sem myndar suðurvegg þess, og samanstendur af einni tóft og hlöðnum grjótgarði fast austan við hana. Lítill skúti gengur suður úr enda tóftarinnar inn í Gráhellu. Bogadregið garðlag úr hraungrýti gengur frá norðausturhorni tóftarinnar og sveigir til suðurs að Gráhellu sem hefur mögulega verið aðhald fyrir sauðfé eða heystæði. Í landamerkjalýsingu í örnefnaskrá kemur fyrir örnefnið Seljahlíð sem er betur þekkt sem Sandahlíð. Örnefnið Seljahlíð (173:054) bendir til að þar hafi einhvern tíma verið sel. Þar fundust hins vegar engar tóftir né mannvirki á vettvangi. Næst er að nefna tóftir Vífilsstaðasels (175:034) sem eru að finna upp á Vífilsstaðahlíð skammt frá mastri 29 í Ísallínu. Í landi Hraunsholts var svokallað Hraunsholtssel (179:016) að finna sunnan við Hádegishól. Nú er búið að ryðja hraunið sunnan Hádegishóls undir byggð. Til selsins sást hins vegar enn árið 1987.[91] Loks er sel (185:049) skráð undir Görðum sem er að finna á svokölluðum Garðaflötum í Garðakirkjulandi skammt frá Búrfelli, en nafn þess er ekki lengur þekkt. Um 5 m frá henni er mögulega rúst annars mannvirkis sem er afar sigið.

Samtals voru skráðar 23 réttir í landi Garðabæjar sem skiptast á sjö jarðir og þar af

[90] **DI** IX: 144-147; **JÁM** III: 175-176
[91] Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, 2001:110

sjást sautján enn á yfirborði. Flestar eru réttirnar skráðar í landi Urriðakots. Þar sést til fimm rétta en heimildir eru til um aðrar þrjár sem nú eru horfnar. Skammt sunnan túns var rúst réttar sem hét Grjótréttin eða Grjótréttin eystri (174:013) en ekki sést lengur til hennar og má vera að grjót úr henni hafi verið nýtt í nálægar byggingar en nokkuð er um mannvirki úr seinni heimstyrjöld í næsta nágrenni. Grjótréttin vestri (174:020) var skammt vestan túngarðs og er hún einnig horfin. Svokölluð Hraunrétt (174:046) var við hraunbrúnina við Vetrarmýri en er horfin, mögulega undir stórverslanir IKEA og Byko við Kauptún. Fast austan við túngarð Urriðakots er lítil rétt (174:010) hlaðin úr grjóti. Réttartangi skagar út í Urriðakotsvatn og um 30 m vestur af honum á Hrauntanga er hlaðin kró (174:023) upp við hraunhellu sem er innan Lambhagagarðs (173:038) en óvíst er hvort króin er samtíða honum. Króin er hlaðin úr hraungrýti og er sigin og fornleg. Við austanverða hraunbrúnina við Vesturmýri, um 200 m suður af Byko við Kauptún 6 eru leifar réttar (174:024) sem er byggð við náttúrulega hraunbrún og skarð í hrauninu. Stekkjartúnsrétt (174:031) er í litlu viki í hraunkarganum fast austan í golfvelli. Hægt er að greina leifar eins hólfs og garðbrots sem gengur út frá því, en réttin er mikið röskuð. Leifar annarrar réttar (174:032) eru einnig fast við sama golfvöll, um 220 m suðaustar. Af þeirri rétt má greina eitt hólf auk garðlags. Innan í hólfinu er lítill hellisskúti. Lítið, grjóthlaðið aðhald (174:058) er einnig í hraunkarganum sem markar vesturbrún Flatahrauns, um 110 m suðaustur af rétt 174:032. Í landi Vífilsstaða voru réttir (175:021) á svokölluðum Réttarflötum um 200 m norðaustur af Maríuhellum (175:039) en þær eru nú horfnar undir malbikað bílastæði. Í Hagakoti fundust leifar tveggja rétta við vettvangsathugun og voru báðar við jaðar Hafnarfjarðarhrauns. Sú fyrri (176:011) er mynduð úr þrem vikum inn í hraunjaðarinn að norðanverðu sem er lokað fyrir með signum garðlögum, einu fyrir hvert vik. Öll garðlögin eru hlaðin úr hraungrýti, grónu skófum og mosa. Hitt aðhaldið (176:012) í Hagakoti er einnig við norðurjaðar Hafnarfjarðarhrauns. Það er eitt hólf, hlaðið úr meðalstóru hraungrýti. Fjórar réttir eru skráðar í Hraunsholti og er ein þeirra að líkindum horfin undir byggð og einungis þekkt úr ritheimildum. Gatan Langalína liggur eftir endilöngum tanga sem heitir Réttartangi eða Aðrekstrartangi og eru miklar líkur á þar hafi verið að finna hlaðna rétt (179:055) en þétt byggð er nú á svæðinu. Hinar réttirnar eru í eða við Hafnarfjarðarhraun og sjást enn. Rétt (179:038) er norðarlega í Hafnarfjarðarhrauni, um 90 austur af Hraunhólum 19. Veggir

réttarinnar eru nokkuð tilgengnir og signir. Annað minna aðhald (179:039) er að finna í lægð í hrauninu skammt frá. Lægðin er gróin í botninn og er þar að finna litla, hlaðna tóft úr hraungrýti og torfi sem fellur vel inn í umhverfið. Tveir litlir hellar opnast einnig inn af lægðinni og eru þeir afar stórgrýttir á botninum, en engin mannvirki fundust við þá. Fjórða réttin í Hraunsholti er við norðurjaðar Hafnafjarðarhrauns og kallast Stöðulgjóta (179:051). Stöðulgjóta var heimarétt sem tók um 30-40 kindur.[92] Aðhaldið er eitt hólf og er hlaðið úr hraungrýti, en suður- og vesturveggir aðhaldsins eru úfið hraun sem norður- og austurveggir eru hlaðnir upp að. Í Garðakirkjulandi nyrst í Búrfellsgjá er að finna fallegar minjar, Gjárétt (185:048), skammt sunnan við Hrafnagjá. Gjárrétt var hlaðin 1840 og var fjárskilarétt Álftaneshrepps til 1922, en réttað var í henni að einhverju marki allt til 1940. Til suðausturs frá réttinni liggur nokkuð sigið garðlag að öðru aðhaldi við vesturbarm Búrfellsgjáar sem nýtir náttúrulega hraunveggi að norðan, vestan og sunnan, en austurveggurinn er hlaðinn úr hraungrýti. Innst í aðhaldinu er svo hlaðið byrgi við náttúrulegan hraunvegginn. Alls er rústasvæðið, réttin, garðlagið og aðhaldið, rúmlega 50 x 50 m að stærð. Skráðar voru sex réttir í Garðahverfi. Ein þeirra var á Bakka (182:010) og var hún ferhyrnd og hlaðin úr hraungrýti, en hinar eru á Görðum. Um 220 m norður af hjalli nokkrum sem stendur við Balakletta er lítil rétt (185:034) hlaðin úr hraungrýti. Réttin er eitt hólf en frá því liggur garðbrot til norðurs. Fast suður af þessari rétt er önnur lægð í Flatahrauni sem myndar aðra rétt (185:039). Þar mynda náttúrulegir hraunveggir ásamt hleðslum réttarstæðið. Skammt suðvestur og nær sjó er gerði (185:116) hlaðið úr hraungrýti. Garðastekk (185:045) er svo að finna sunnan undir hraunbrúninni á móts við Garðaholtsveg. Garðastekkur er hlaðin utan í hraunkantinn og skiptist í fjögur hlaðin hólf en milli þeirra og hraunsins myndast einnig tvö hólf til viðbótar. Þá sjást leifar af fimmta hólfinu nyrst og í krika vestan við stekkinn er grasi gróin tóft. Að lokum má nefna að til er heimild um svokallaða Hraunrétt (185:062) sem ekki sést lengur til.

Einn nátthagi eða vörslugarður, Lambhagagarður (173:038), er hér skráður með Setbergi, þó hann teygi sig einnig að hálfu inn á land Urriðakots. Hann liggur þvert á landamerkjagirðingu milli Setbergs og Urriðakots sem skiptir Hrauntanga milli jarðanna tveggja. Hann er signari og ógreinilegri í Setbergslandi en í Urriðakoti, en þar er hann einna best varðveittur syðst á um 10 m kafla sem liggur að Urriðakotsvatni.

[92] Ö-Hraunsholt EBB, 2

Sjö beitarhús eru skráð í landi Garðabæjar, á fjórum jörðum og sjást leifar þeirra allra. Í Setbergi eru skráð tvenn beitarhús sem lenda Garðabæjarmegin. Beitarhús (173:056) er á svæði sem kallast Hústún. Beitarhúsið er í vestanverðri Setbergshlíð og hlaðið úr grágrýti. Oddnýjarfjárhús (173:031) eru í vestanverðum Oddnýjardal, undir austanverðum Norðlingahálsi. Þetta er tvískipt tóft, fjárhús og hlaða, sem grafin er inn í brekku. Hlaðan er grjóthlaðin en fjárhúsið úr múrsteinum með grjóthlöðnum sökkli. Eitt beitarhús er skráð í landi Hraunsholts og kallast Hvammurinn eða Hvammsfjárhús (179:021). Tóftin er um 80 m vestur af brú yfir Hraunsholtslæk sem er framhald göngustígs frá Lindarflöt. Aðhald var VSV við tóftina er þar er lægð í hrauninu. Tvenn beitarhús er einnig að finna í landi Urriðakots. Annað þeirra (174:033) var byggt af Guðmundi Jónssyni bónda við hraunkraga sem myndar vesturbrún Flatahrauns. Beitarhúsið er hlaðið úr hraungrýti sem hefur verið tilhöggið í múrsteinslaga kubba. Hitt beitarhúsið er Fjárhústóftin syðri (174:051) sem er um 470 m NV af Selgjárhelli (174:034). Beitarhúsið er hlaðið við náttúrulegt bjarg sem myndar að hluta til suðurvegg hennar. Á Vífilsstöðum eru tvenn beitarhús og er annað þeirra (175:019) fremur illgreinanlegt. Hitt beitarhúsið, Vífilstaðabeitarhús (175:024) er hlaðið úr hraunhellum sem sumar hverjar hafa verið höggnar til.

Í landi Garðabæjar eru skráð níu fjárskýli en tvö þeirra hefur verið fjallað um framar í skýrslunni í tengslum við selstöðu. Það eru Selgjárhellir (174:034) og Sauðahellir (174:037) í landi Urriðakots. Hin fjárskýlin sjö eru á tveimur jörðum. Á Vífilsstöðum eru skráð þrjú fjárskýli, þar af tveir hellar. Sauðahellirinn nyrðri (175:020) er lítill og náttúrulegur hellir. Hlaðnir kampar eru beggja vegna við hellismunann en þar var sauðum gefið á gadd og heyið borið frá bæ. Maríuhellar eða Vífilsstaðahellar (175:039) eru á mörkum Vífilsstaða og Urriðakots. Þetta eru tveir hellar sem voru að öllum líkindum einn hellir í fyrndinni en hrun úr loftinu skipti honum í tvennt. Um 25 m eru á milli munna hellanna, sá nyrðri tilheyrði Vífilsstöðum en hinn Urriðakoti. Fjárborgin (175:025), er um 3 m austur af Vífilsstaðabeitarhúsi (175:024). Fjárborgin var aldrei fullbyggð, átti að vera hringlaga og opnast til norðausturs. Í landi Garða eru skráð fjögur fjárskýli. Búrfellshellir (185:047) er sunnarlega í Búrfellsgjá. Munni hellisins er 5-6 m breiður og snýr til suðurs. Hleðsla er fyrir honum og dyr á henni miðri. Fjárborg (185:113) er á hraunbrún Gálgahrauns, beint andspænis Görðum. Undirstöðurnar eru

einungis eftir. Heimildir eru einnig um Fjárborgir (185:055) í landi Garða sem voru á svæði sem kallast Gjá og fyrir neðan þær voru hellar sem kölluðust Selhellar (185:056).

Alls eru sex stekkir skráðir í landi Garðabæjar en þeir hafa verið fleiri.[93] Í landi Urriðakots eru raskaðar leifar stekks (174:029). Hann er í viki sem gengur í vesturbrún Flatahrauns fast vestan við golfvöll. Það eina sem er eftir af stekknum er um 5 m langt garðbrot. Á Vífilsstöðum eru varðveittir tveir stekkir og sést til þeirra beggja. Finnsstekkur (175:015) er undir suðvestur horni Smalaholts. Máríuvellir eða Stekkatún (175:041) er lítil flöt í hraunjaðri Flatahruns, fast uppi við Vífilsstaðahlíð. Þar er stekkjartóft. Í Hraunholti er stekkur er kallast Stekkurinn (179:014). Hann er í svokallaðri Stekkjarlaut. Þetta eru líklega leifar stekksins en töluverðar framkvæmdir hafa verið í og umhverfis lautina og stekknum mögulega raskað. Bakkastekkur (182:013) er í landi Bakka, á svokölluðu Bakkastekksnefi. Stekkurinn er hringlaga og hlið er á honum austanverðum. Þaðan til austurs liggur aðhaldshleðsla. Í landi Hofstaða er heimild um stekk (177:015) sem kallaðist Stekkurinn. Hann var við mýrarjaðar austan bæjar, þar sem nú er þétt byggð.

Túngarðar

Eins og gefur að skilja, þegar haft er í huga að í landi Garðabæjar er nú risið þéttbýli, er lítið eftir af ósnortnum túnum. Ekki er ólíklegt að túngarðar hafi á einhverjum tíma verið umhverfis heimatún flestra ef ekki allra bæja og býla innan núverandi marka Garðabæjar, í það minnsta þeirra sem áttu á annað borð einhverja túnskika umhverfis bæina. Leifar túngarða hafa varðveist á flestum jörðum.

Innan Garðabæjar eru leifar túngarða að finna á Setbergi, Urriðakoti, Vífilsstöðum, Arnarnesi, Hraunsholti og Garðahverfi. Ástand Setbergstúngarðs (173:010) er misjafnt en þeir hlutar sem eru best varðveittir eru norðarlega, meðfram austurjaðri túnsins í landi Garðabæjar. Vesturpartur garðsins sem er í landi Hafnarfjarðar er kominn undir byggð. Urriðkotstúngarður (174:009) er vel varðveittur og afmarkar sama svæði og sýnt er á túnakorti frá 1918. Hæstur er Urriðakotstúngarður um 1 m en víða er hann öllu signari. Miklar líkur eru á að uppbygging byggðar á Urriðaholti komi til með að raska garðinum en minnt er á að honum má ekki raska nema að fengnu leyfi Fornleifaverndar ríkisins.

[93] Þannig er Garðastekkur (GK-185:045) skráður sem rétt vegna þess að hlutverk hans breyttist í tímans rás.

Vífilsstaðatúngarður (175:009) er að mestu horfinn en þó má finna slitrur af honum meðfram austurjaðri gamla túnsins, mestmegnis eru það grjótnibbur í reglulegri röð en allra nyrst er enn torf í garðinum. Leifar tveggja túngarða er enn að finna á Arnarnesi. Annars vegar Arnarnestúngarð (178:005) sem er vel greinilegur á óbyggðum lóðum Mávaness 3 og 5 en afgangur hans er kominn undir byggð eða sléttaður. Hinsvegar er túngarður Litla Arnarness (178:029) sem er um 11 m austur af bæjarhól Litla-Arnarness (178:014) og er suðvesturendi um 40 m ANA af Súlunesi 33. Túngarður Litla Arnarness er sigin og greinist sem gróin aflöng bunga í þýfinu og sem röð af meðalstóru grjóti. Vísbending um að garðurinn sé að líkindum nokkuð gamall er að hann er klipptur þvert af gamalli leið (178:017). Að auki var í landi Arnarness svonefnt Gerði (178:032) sem var kofatóft og garðbrot á grænum bletti og er jafnvel talið að þar kunni að hafa verið akurreitur áður fyrr. Fornleifarnar eru nú horfnar undir byggð á Arnarnesholti, en árið 2006 fór fram björgunaruppgröftur á minjunum en niðurstöður hans eru óbirtar. Hraunsholtstúngarður (179:007) hefur að mestu leyti verið sléttaður en er þó greinanlegur um 150 m austur af bæjarhól (179:001) sem grjótfyllt „renna" í jörðinni og er stærsta grjótið allt að 0,5 m að ummáli. Til eru heimildir um fimm aðra túngarða innan núverandi byggðarmarka Garðabæjar sem ekki eru sjáanlegir ofan svarðar lengur. Þar af eru tveir í landi Hraunsholts sem búið er að slétta úr, Garðlagið gamla (179:011) og Gerðisgarður (179:030) sem báðir voru að líkindum nærri þeim túngarði sem enn sést til (sjá 179:007). Túngarðar Hofsstaða (177:010), Hagakots (176:002) og Selskarðs (192:003) með öllu horfnir undir byggð eða verið raskað með öðrum hætti. Ekkert túnakort er til af Hagakoti og því er ekki hægt að staðsetja Hagakotstúngarð í þéttri byggð Flatahverfisins en samkvæmt Sigurlaugu Gísladóttur á Hofstöðum eru talsverðar líkur á að leifar Hofstaðatúngarðsins leynist undir sverði á grónum sléttuðum fleti suðaustan við Tónlistarskóla Garðbæjar og norðvestan við Hofslund, þar sem enn er óbyggt svæði.

Talsverðar leifar túngarða er að finna í Garðahverfi. Veglegasta garðlagið er Garðatúngarður (185:100). Í fornleifaskráningu Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Tetzschner frá 2003 segir: „Talað var um Austurgarð austur frá Garðahliði (185:093) en Vesturgarð vestur frá því. [...] Austan Dysja var kallaður Dysjatúngarður (181:024). Fornleifaskráning fór fram árið 1984 og fundust þá hlutar Vesturgarðsins. Ofan Garða er hann varðveittur frá Garðhúsum (185:023) til Háteigs (185:030) og birtist síðan aftur á

um 70 m kafla ofan Hlíðar en endar við girðingarhorn við heimkeyrslu Grjóta (191:011). [...]. Ætla má að allir íbúar Garðahverfis hafi sameinast um byggingu þessa mikla túngarðs undir stjórn séra Markúsar enda hefur þeim líklega borið skylda til. Eins og fram kemur voru þarna eldri garðlög fyrir en mannvirkjagerð af þessu tagi hefur tíðkast frá fornu fari." Garðatúngarður hefur girt af mest allt Garðahverfið, þ.e. tún Garða og hjáleiga. Vestur af Garðatúngarði voru hlaðnir margir minni garðar sem hólfuðu niður tún einstakra býla (181:018, 021, 184:013, 186:003, 187:005, 188:010, 189:012, 190:006, 190:007, 191:013 og 192:003) og eru þau garðlög mörg hver jafnframt sjóvarnargarðar er verja tún, enda talsvert landbrot á þessum slóðum og eru þeir hlutar sem liggja að strönd meiri mannvirki.

Önnur garðlög og gerði

Auk túngarða og sjóvarnargarða voru skráð 36 garðlög í landi Garðabæjar. Af þeim sjást um 30 á yfirborði. Einn gamall kirkjugarður er þekktur innan marka bæjarins, Garðakirkjugarður (185:019) en umhverfis hann er grjóthlaðinn garður. Elstu minningarmörkin sem fundist hafa í garðinum eru frá 17. öld, en víst er að kirkja hefur staðið á Görðum allt frá fyrstu tíð. Tveir landamerkjagarðar voru skráðir á vettvangi. Annar garðurinn, (173:019), skilur milli Setbergs og Urriðakots og liggur um 750 m til NNV frá Urriðakotsvatni. Hann er siginn og hefur seinna meir verið bættur með gaddavírsgirðingu sem nú er fallin. Hinn landamerkjagarðurinn (174:048) er skráður í landi Urriðakots og skildi milli þeirrar jarðar annarsvegar og landa Hagakots, Vífilsstaða, Hraunsholts og Setbergs hinsvegar. Garðlagið kallast í daglegu tali Fjárréttargirðing og hefur því jafnframt þjónað sem vörslugarður. Samkvæmt Svani Pálssyni heimildamanni er Fjárréttargirðingin horfin undir byggð og malbik að nokkrum hluta, en þó má enn rekja garðlagið um 800 m í Hafnarfjarðarhrauni. Annar vörslugarður (174:059) er skráður í landi Garðabæjar og er hann einnig að finna í landi Urriðakots, nánar til tekið frá rétt (174:032), yfir Flatahraun og liggur hann í að Vífilsstaðahlíð. Mögulega er um að ræða aðrekstrargarð í réttina.

Talsvert ítarlegar heimildir eru um kálgarða í Garðabæ og kemur þar helst til að þeir eru gjarnan merktir inn á túnakort sem teiknuð voru af flestum túnum á svæðinu árið 1918. Margir þessara kálgarða eru sjálfsagt ekki mjög fornir en þó má gera ráð fyrir að

elstu garðarnir geti jafnvel verið frá fyrstu árum kálræktar á Íslandi. Samtals eru skráðir 24 kálgarðar í landi Garðabæjar, flestir upp af áðurnefndum túnakortum og eru leifar 15 garða enn sjáanlegar. Í Urriðakoti, skammt vestan við bæjarhúsin, sjást leifar kálgarðs (174:056) sem er merktur er á túnakort. Kálgarðurinn er alls um 30 x 30 m stór. Á Vífilsstöðum sést enn kálgarður (175:002) sem sýndur er á túnakorti fast sunnan og austan við gamla bæinn. Garðurinn er grjóthlaðinn og einungis sést móta fyrir leifum tveggja veggja, suður og austur. Á túnakorti Hofsstaða eru sýndir tveir kartöflugarðar sem báðir eru nú horfnir undir byggð. Annar kartöflugarðurinn (177:003) var áður þar sem nú er bakgarður og sólpallur við síðasta bæjarhús Hofsstaða, sem stendur enn. Hinn kartöflugarðurinn var kallaður Kristjánsgarður (177:008) og var þar sem nú er leikskólinn Kirkjuból. Á túnakorti Arnarness eru sýndir tveir kálgarðar (178-001) fast við bæjarhúsin. Þeir eru báðir horfnir en bæjarhóll Arnarness og túnið allt var sléttað þegar byggð var skipulögð á nesinu. Í Hraunsholti voru samkvæmt túnakorti þrír kálgarðar árið 1918 og sést einn þeirra enn. Garðbrot (179:006) er um 5 m suðvestan við bakgarð Hraunsholtsvegar 2 og er þar sami garður og sýndur er á túnakorti um 80 m vestur af bæjarhúsi Hraunsholts. Hinir tveir kálgarðarnir sem sýndir eru á túnakorti Hraunsholts eru nú horfnir, annar (179:023) var um 10 m suður af bæ en hinn (179:035) var um 20 ASA af bæ. Nú eru leifar seinni tíma girðingar á þessum slóðum, fúnir timburstaurar og vír. Engar heimildir eru til um kálgarð í Hagakoti vegna þess að ekkert túnakort er til af þeirri jörð og er nú þétt byggð þar sem túnið var áður. Nokkrir kálgarðar eru hinsvegar skráðir í Garðahverfi. Á Dysjum eru tveir kálgarðar sýndir á túnakorti og sést enn til annars. Túnakortið sýnir kálgarð (181:010) umhverfis bæjarhús Dysja og er hann enn greinilegur, hlaðinn úr torfi og grjóti. Hinn garðurinn (181:012) var við útihús sem einnig er horfið og sýnir túnakortið garðinn fast við traðir norður af bæjarhúsunum. Túnakort Bakka sýnir kálgarð (182:008) fast við sjávarbakkann framan við bæjarhúsin, enn hann hefur að líkindum horfið í sjó og sést ekki lengur. Á Görðum eru skráðir tveir samfastir kálgarðar (185:065) umhverfis bæjarstæði Hóls og voru þeir nýttir áfram eftir að Hóll lagðist í eyði og voru kallaðir Hólsgarðar. Búið er að jafna þá við jörðu og var hleðslugrjótinu ýtt upp í allmikla hrúgu sem enn mun vera sýnileg. Austan og sunnan við Ráðagerðisbæinn er kartöflugarður (186:002), hlaðinn úr grjóti, sem jafnframt er sýndur á túnakorti 1918. Túnakort Miðengis sýnir tvo kálgarða suður af bæjarhúsunum. Vestari

garðurinn heitir Fjósgarður (187:003) en sá eystri Framgarður (187:004), báðir voru garðarnir grjóthlaðnir. Í Hlíð voru skráðir fjórir kálgarðar sem allir eru sýndir á túnakorti. Kringum bæjarhúsin í Hlíð var kálgarður (188:003) sem var samansettur af fimm hólfum. Við fornleifaskráningu 1984 fannst hluti garðsins sem var þá mjög lág og yfirgróin hleðsla. Þurrabúðin Gata var í landi Hlíðar og við býlið var grjóthlaðin kálgarður (188:009) sem nú er horfinn. Önnur þurrabúð í landi Hlíðar var Holt og umhverfis hana var kálgarður sem kallaðist Holtsgerði (188:014). Holtsgerði er ferhyrndur garður um 32 x 30 m að ummáli. Skammt frá Holtsgerði er Illugagerði (188:026) sem einnig var ræktað frá Holti, en það gerði Illugi Brynjólfsson ábúðandi á Holti um aldamótin 1900. Illugagerði er grjóthlaðið og fannst við fornleifaskráningu 1984. Í Móakoti var kálgarður (189:006) við bæjarhúsin sem sýndur er á túnakorti. Grjóthlaðnar leifar kálgarðsins eru beint vestur af bæjartóft Móakots. Á Hausastöðum eru heimildir um kálgarð (190:018) af túnakorti sunnan bæjarhúsanna, en ekki sést til garðsins lengur. Túnakort Hausastaðakots sýnir kálgarða (191:006) umhverfis bæjarhúsin og var þeim viðhaldið eftir að býlið fór í eyði. Kálgarðsleifarnar eru raunar greinilegustu leifarnar á bæjarstæði Hausastaðakots. Á túnakort Selskarðs eru teiknaðir tveir kálgarðar. Annar kálgarðurinn (192:006) er austan við bæjarhúsin en hinn var að öllum líkindum þar sem fornleif 192:002 er nú að finna.

Í landi Garðabæjar eru skráð 11 garðlög með óþekkt hlutverk, flest þeirra eru gerði. Í landi Setbergs er lítið garðbrot (173:022) á svokölluðum Hrauntanga við Urriðakotsvatn. Garðlagið er rúmlega 20 m langt og snýr nokkurn veginn austur-vestur. Garðlagið er afar sigið og gæti verið gamalt. Á Vífilsstöðum er garðlag (175:022) í úfnu og hálfgrónu hrauni um 5-10 m vestan við Vífilsstaðabeitarhús (175:024). Garðlagið er illa hlaðið og virðist grjótinu hafa verið staflað í lengju og í botni gjárinnar endar það í ólögulegri hrúgu en er lögulegra upp suður gjábarminn. Mögulegt er að hey hafi verið gefið undir garðinum. Í landi Hraunsholts er að finna eitt garðbrot (179:040) með óþekkt hlutverk. Átta þessara garðlaga eru síðan í Garðahverfi. Í landi Pálshúsa er garðlag (183:004) sem sýnt er á túnakorti frá 1918. Það er sýnt sem ferhyrndur garður með hlöðnum veggjum austan Pálshúsabæjar. Garðlag (184:008) er í landi Nýjabæjar og sést að hluta. Á Görðum eru fimm garðlög sem ekki hafa skýrt hlutverk. Eitt þeirra er (185:040) og er sýnt á túnakorti frá 1918. Þessi niðursokkni grjóthlaðni garður fannst líklega við fornleifaskráningu 1984. Annað garðlag (185:042) er á túnakorti 1918 og sýnt

sem tveir samfastir garðar í stæði hjáleigunnar Sjávargötu (185:028). Samkvæmt fornleifaskráningu frá 1984 er þetta ferhyrndur grjóthlaðinn garður, annar annar minni grjótgarður gengur úr honum í átt til sjávar en endar við girðingu (185:100) milli Garða og Miðengis. Þriðja garðlagið (185:089) er teiknað á túnakort frá 1918 og sést enn. Fjórða garðlagið (185:098) er einnig á túnakorti frá 1918 og er það grjóthlaðið gerði með stefnuna norðvestur-suðaustur. Fimmta garðlagið í landi Garða er Hallargerði (185:105). Í fornleifaskrá Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu Tetzschner frá 2003 segir: „ferhyrndur garður eða þurr grjóthleðsla, um 40,8 m á breidd og 18,2 m á lengd, veggir 1,8 m á breidd. Um 19 m frá austurendanum mótar fyrir yfirgróinni hleðslu, um 1,2 m á breidd, sem liggur þvert inn í garðinn."[94] Síðasta garðlagið með óþekkt hlutverk (188:025) er að finna í landi Hlíðar og er einnig merkt inn á túnakorti frá 1918. Þetta er augljóslega sami garður og fannst við fornleifaskráningu 1984 er sagður liggja milli Götugerðis og landamerkjagarðs."[95]

Sjóminjar

Minjar tengdar sjósókn voru einna algengastar minja í Garðahverfi og þarf það e.t.v. ekki að koma á óvart þegar blómleg sjósókn þar í gegnum aldirnar er höfð í huga. Samtals voru skráðar 54 fornleifar tengdar sjósókn í Garðabæ, þar af voru 47 þeirra í Garðahverfi. Af þessum fornleifum hefur þegar verið fjallað um 11 sjóvarnargarða en hér að neðan fylgir umfjöllun um aðrar minjar í þessum flokki.

Algengastar sjóminja í Garðabæ eru varir. Samtals voru skráðar 15 varir/lendingar, á átta lögbýlum í Garðahverfi. Nánast allar varirnar eru nú horfnar að mestu eða öllu leyti (181:003, 182:011, 012, 015, 017, 029, GK:187:006, 188:011, 189:002, 190:009 og 011). Varirnar voru misgóðar og sumar þeirra þurfti að hreinsa reglulega þar sem stórgrýti vildi safnast í þær samkvæmt örnefnaskrá. Mögulega hafa einhverjar þeirra verið náttúrulegar. Dysjabryggja (181:016) er náttúrulegur tangi sem lent var við. Hið sama má segja um Bakkabryggju (182:016), Miðengisbryggju (187:014) og Hausastaðabryggju (190:024).

Heimildir eru þekktar um uppsátur á níu stöðum í Garðabæ (178:011, 179:046, 048, 183:002, 184:012, 185:082, 083, 186:006 og 188:023). Líklegt má telja að einhver uppsátranna hafi horfið í sjó en töluvert landbrot á sér stað í Garðahverfi. Á Arnarnesi og

[94] Ragnheiður Traustadóttir, 2003: 49.
[95] Ragnheiður Traustadóttir, 2003: 92.

Hraunsholti hafa tvenn uppsátur hins vegar horfið undir byggð.

Sjö naust á sex lögbýlum voru skráð í Garðabæ, öll í Garðahverfi (182:017, 185:081, 187:018, 188:022, 190:023 og 191:003). Í sex tilfellum bera ritaðar heimildir einungis tilvist þeirra vitni og öll ummerki þeirra eru horfin. Í Lambhúsatjörn er vík við norðvesturhorn Gálgahrauns og þar er hleðsla (185:114) sem líklega eru leifar nausts.

Þrjár sjóbúðir voru skráðar í Garðabæ og eru þær allar í Garðahverfi. Ummerki um tvær þeirra sjást ekki á yfirborði (188:021 og 189:009) en Katrínarkotsbúð (190:028) sést enn og er í landi Hausastaða. Tóftir hennar eru rétt við sjóvarnargarð (190:007), nánar tiltekið á svokölluðum Guðrúnarvelli. Þekktar eru heimildir um tvær verbúðir, báðar í landi Hausastaða. Í *Jarðabók Árna og Páls* er getið um verbúð (190:016) sem notuð var af Selskarði. Þegar bókin var gerð hafi verbúðin verið notuð í um 30 ár. Staðsetning hennar er óþekkt. Örnefnið Búðarós (190:025) ber hinni verbúðinni vitni. Nafnið er líklega dregið af verbúð en engar sannanir fyrir tilvist hennar hafa komið í ljós á þessum slóðum.

Fleiri minjar um sjósókn en þær sem hér hafa verið upptaldar er að finna í Garðabæ. Heimild um einn hjalla (182:005) er þekkt innan bæjarmarkanna. Hann var í landi Bakka en farin í sjó þegar skráning var gerð þar árið 2003. Árið 1870 var Garðaviti (185:031) reistur sem mið af sjó fyrir fiskibáta. Áður en vitinn var reistur, var þar fyrir torfvarða og kveikt á lugt til leiðarvísis. Vitinn stóð á háholtinu, fyrir ofan Háteig og var notaður fram til 1912. Á stríðsárunum var vitinn notaður sem skotbyrgi af Bretum en húsið síðan selt. Tóft (185:066) er byggð utan í klappir alveg við sjávarmál. Tóftin er hlaðin úr grjóti og styrkt með sementi og telja má líklegt að hlutverk hennar tengist sjósókn. Heimild um hvalstöð (185:070), í landi Garða, er að finna í örnefnaskrá Hafnarfjarðar. Þar kemur fram að hvalstöð hafi verið á Rauðnefstanga en ekki kemur fram á hvaða tíma hún var í notkun en hún lagðist af vegna slyss sem þar varð. Á svæðinu sjást nú um sjö grjóthlaðnar tóftir með görðum á milli. Áttunda tóftin er enn undir þaki með timburstoðum. Leifar lýsisbræðslu (181:017) eru skráðar í landi Dysja sem norskur maður á að hafa sett upp. Ekki kemur fram á hvaða tíma þetta var gert. Þarna sjást nú tvær tóftir, grjóthlaðin grunnur með grófri steinsteypu og minni tóft norðan við hann. Heimild um þangtekju (178:012) er að finna í landi Arnarness. Þar kemur fram í rituðum heimildum að þang hafi verið tekið á Arnarnesskeri. Það er tangi sem er alþakinn fersku

þangi og fer í kaf á flóði. Í Hraunholti er varðveitt hleðsla (179:056) sem líkist helst hálfmána í laginu. Hleðslan er um 10 m frá sjó, sokkin og bogadregin. Önnur minni hleðsla lokar þeirri stærri að hluta og myndar grjótfyllta rennu. Þetta eru mögulega leifar uppsáturs, herslugarðs eða jafnvel verbúðar.

Þá eru upptaldar þær minjar um sjósókn sem skráðar voru í Garðabæ. Eins og með marga aðra minjaflokka má minna á að ekki er ólíklegt að fleiri minjar leynist undir sverði, í þessu tilfelli við sjávarsíðuna. Rétt er að ítreka að fara þarf varlega í frekari framkvæmdir við sjávarsíðuna.

Leiðir

Alls voru skráðar 120 leiðir, brýr og vöð í Garðabæ. Mikið af heimildum er til um leiðir á svæðinu og munar þar helst um bókina *Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar* sem og örnefnaskrár lögbýlanna.

Alls voru skráðar fimm leiðir í Garðabæ sem voru e.k. þjóðleiðir. Þær eru sýndar á korti Björns Gunnlaugssonar frá 1844 en það var endurbætt í bókinni *Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar*.[96] Í fyrsta lagi er að nefna alfaraleið frá Álftanesi til Reykjavíkur og Seltjarnarness (178:017, 179:037 og 185:075) og kallaðist Álftanesgata eða Fógetagata. Gatan lá frá Álftanesi um Gálgahraun og er nyrst alfaraleiðanna og skráð á þremur lögbýlum í Garðabæ. Gatan sést m.a. á yfir 200 m löngum kafla skammt austan við Súlunes 26 í landi Arnarness. Önnur alfaraleið lá sunnar og var skráð á fimm stöðum í Garðabæ (175:047, 176:009, 179-012, 017 og 018) en einungis sést til hennar á einum þeirra. Leiðin gekk undir nöfnunum Alfaraleiðin og Gömlu Fjarðargötur og lá frá Elliðavatni norðan við Vífilsstaðavatn að Hraunholtslækjarvaði. Það hélt hún áfram um Engidalsnef að svokölluðum Vegamótum, en þar komu saman nokkrar leiðir sem sjást á kortum bókinni *Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar*.[97] Í landi Vífilsstaða (175:047) lá gatan um Vífilsstaðamela, á svipuðum stað og malbikaður vegur er nú. Líklegt er að gömlu göturnar liggi þar undir. Gatan (176:009) lá úr Krossgötum (179:042), ofanvert við Hagakotstúnið en þar er hún horfin undir byggð í Flata- og Lundahverfi. Hluti af Gömlu Fjarðargötum (179:012) sjást á milli lóða í Hraunshólum 6-8. Steyptur göngustígur sem

[96] Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, 2001: 60
[97] Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, 2001: 6, 64

liggur frá Stekkjarflöt að Hraunshólum var lagður yfir götuna. Alfaravegur 1 (179:017) lá af Gömlu Fjarðargötu norður með túngarði (179:007) og yfir Hraunsholtslæk að Háubrekku sem var vinsæll áningarstaður ferðamanna. Þessi hluti leiðarinnar er horfinn undir byggð. Alfaravegur 2 lá einnig af Gömlu Fjarðargötum, milli hraunbrúnar og túngarðs (179:007) að fyrrnefndum Krossgötum. Þessi hluti leiðarinnar er einnig horfin undir byggð. Þriðja alfaraleiðin í landi Garðabæjar er Hafnarfjarðarvegur (179:033) sem var lagður á árunum 1897-1898. Hann lá frá Reykjavík til Hafnarfjarðar og er ennþá í notkun. Innan marka Garðabæjar lá Hafnarfjarðarvegur úr Engidal niður að Arnarneslækjarbrún. Líklegt er að malbikað hafi verið yfir gömlu göturnar við vegaframkvæmdir. Fjórða alfaraleiðin er Selvogsgata (173:039) sem lá úr Hafnarfirði um Grindaskarð til Selvogs. Í landi Garðabæjar sést til götunnar fast vestur undir Setbergshlíð innan lögbýlisins Setbergs. Leiðin er að mestu leyti utan merkja Garðabæjar. Að síðustu ber að að nefna Álftanesveg (179:034) sem lá frá Suðurtraðahliði á Hraunsholtstúni, með hraunbrúninni í Engidal. Vegurinn lá frá Hafnarfjarðarvegi (179:033) og sameinaðist Álftanesgötu (185:075) í landi Garða. Árið 1910 var þetta vagnleið og notuð til flutninga. Gatan er ekki sýnd á korti Björns Gunnlaugssonar frá 1844 og því líklega yngri.[98]

Af skráðum leiðum í Garðabæ voru 21 heimreiðar/traðir, þ.e. slóðar sem lágu frá túnjaðri að bæjarstæðum. Flestar heimreiðanna voru skráðar upp af túnakortum frá 1918 og örnefnalýsingum og eru nú horfnar (174:008, 175:012, 176:003, 177:011, 012, 178:007, 179:008, 009, 010, 181:019, 183:009, 184:004, 185:091, 093, 186:004, 188:028, 198:011, 190:020, 191:007 og 192:004) en leifar einna traða sjást enn. Á Vífilsstöðum eru greinilegar leifar af upphlöðnum tröðum (175:011) sem lágu frá bæ og niður að læk. Traðirnar sjást enn á kafla norðan lækjarins.

Mikið af leiðum eru skráðar innan lögbýla, m.a. brunngötur og leiðir að selum. Heimildir eru til um 36 slíkar leiðir (173:032, 033, 174:011, 038, 055, 175:048, 177:014, 018, 019, 178:008, 018, 179:015, 032, 034, 054, 181:014, 182:006, 183:010, 184:009, 185:064, 080, 086, 087, 095, 102, 117, 187:010, 188:006, 024, 189:003, 010, 190:014, 034, 191:004, 009 og 015). Það sést til fimm þessara leiða í dag. Í Urriðakoti sést til einnar leiðar (GK:174:030), Grásteinsstígs. Gatan er rudd gegnum hraun frá golfveli og

[98] Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, 2001: 60.

hlykkjast áfram talsverðan spöl. Innan merkja Vífilsstaða sést til þriggja leiða. Jónshellnastígur (175:013) hlykkjast í gegnum hraunbreiðu frá gamla bæjarstæðinu (175:001) að Jónshellum. Það sést til Vífilsstaðaselsstígs (175:026) þar sem hann liggur frá Ljósukollslág og upp holtið að selinu (175:034). Þessi leið er að hluta til hin sama og Gjáréttargötur (174:016). Að síðustu sést Grunnavatnsstígur (175:033) sem lá frá vatnsósnum, inn með Vífilsstaðahlíð og upp Grunnavatnsskarð. Leiðin sést á um 500 m bili vestan í Grunnavatnsskarði en er fremur ógreinileg. Í landi Garða er ein leið, Garðagata (185:111). Gatan lá frá Görðum (185:001) í Garðastekk (185:045) og sést til gatnanna um 100 m norðan við hann. Annar slóði liggur frá stekknum til norðausturs og sameinast Álftanesgötu (185:075) og er það líklega Álftanesstígur (185:117) sem m.a. er sýndur er á korti á bls. 64 í *Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar*.

Gera má ráð fyrir því að frá flestum býlum við strönd í Garðabæ og öllu Garðahverfi hafi legið gata að sjó. Heimildir eru hins vegar aðeins þekktar um 10 slíkar leiðir og eru þær allar í Garðahverfi. Í öllum tilvikum sjást leiðirnar á túnakorti Garðahverfis frá 1918 (182:007, 183:011, 185:041, 187:009, 188:019, 189:008, 190:005, 022, 027 og 036). Líklegt má telja að leiðir að sjó hafi einnig verið í Arnarnesi og Hraunsholti þó ekki hafi varðveist heimildir um þær.

Skráðar voru þrjár leiðir að kirkju innan Garðabæjar. Stórakróksgata eða Kirkjustígur (174:042) lá frá Urriðakoti og að Garðakirkju en ekki sést lengur til götunnar. Leiðin lá norðaustur við Stórakrókshól og þaðan yfir hraunið að Garðakirkju. Í landi Garða eru skráðar tvær kirkjuleiðir. Dysjabrú (185:072) lá frá Mónefi yfir Dysjamýri. Þetta vegbrot átti að auðvelda leið að kirkju meðan Hafnfirðingar áttu kirkjusókn að Görðum. Gálgahraunsstígurinn syðri (185:025) tók við þar sem Dysjabrú endaði. Þessi leið var að öllu jafnaði farin að kirkju en Kirkjustígur í miklum leysingum[99].

Í Garðabæ eru einnig 13 leiðir sem ekki er hægt að flokka í ofangreinda flokka (þ.e. í alfararleiðir/heimreiðar/sjávargötur/götur til staða innan jarða eða kirkjuleiðir). Gott dæmi er Dýrtíðarvinnuvegur (176:010) sem liggur þráðbeinn yfir hluta Hafnarfjarðarhrauns. Hann var lagður árið 1918 undir járnbraut. Vegurinn var aldrei kláraður og sést það vel þar sem norðaustur hluti hans endar. Þar er búið að ryðja hraunið

[99] Þessi leið er sýnd á korti aftast í skýrslu RT og RKT frá 2003.

en eftir að bera grjót í hann. Leið (176:013) sem liggur yfir Hafnarfjarðarhraun var skráð í Hagakoti. Hún hefst rétt við brúnna yfir Hagakotslæk niður af Lindarflöt 16 og 28. Leiðin endar við Suðurhraun 12 innan merkja Hafnarfjarðar. Þar stefnir hún á gamlar götur sem varðveist hafa bak við Fjarðarkaup og hugsanlega sameinast þeim. Vífilsstaðagata (178:021) var á Arnarneshæð en er líklega horfin vegna framkvæmda á svæðinu.[100] Gatan hefur, eins og nafnið gefur til kynna, líklega legið frá Vífilsstöðum og tengst Álftanesgötu (185:075) í landi Arnarness. Vífilsstaðavegur hinn nýji (177:017) var lagður árið 1908 á milli Hafnafjarðarvegar og Vífilsstaða. Vegurinn er enn í notkun en hefur verið hækkaður og malbikaður. Gjáréttargata (174:016) lá frá Urriðakoti og upp á Urriðakotsháls. Hún er nú að mestu leyti undir nýrri vegi (175:035) en afar greinileg þegar komið er í Selgjá. Gjáréttarstígur eða Hraunsholtsstígur (179:049) lá frá Hraunsholti að Urriðakoti og í Gjáréttir (185:048). Stígurinn sést enn hlykkjast áfram í gegnum Hafnarfjarðarhraun. Dýrtíðarvinnuvegur liggur t.d. þvert á stíginn. Krossgötur (179:042) voru á mel í horni Flatahrauns en þar er nú slétt grasflöt milli Stekkjaflatar og Hraunholtslækjar.[101] Þar komu saman a.m.k. sex leiðir sem heimildir geta um. Í landi Garða var skráður vegur (185:068) sem er upphlaðinn að hluta. Vegurinn liggur til austurs frá hleðslu (185:074) en ekki er tekið fram hversu langur vegurinn er eða hvert hann virðist stefna. Mýrarbrú (179:045) var í landi Hraunsholts en heimildum ber ekki saman um staðsetningu hennar. Gatan er annað hvort sögð hafa verið í Austurmýri eða Lágumýri en á hvorugum staðnum sást til gatnanna. Leiðir milli lögbýla eru þrjár í Garðabæ þó vafalaust hafi aðrar götur einnig verið notaðar í þeim tilgangi. Hagakotsstígur (176:005) lá frá Hagakoti að Urriðaholti en nefndist Urriðakotsstígur þar (174:039). Hagakotsstígur hófst við stiklur (176:004) sem var vað á Hagakotslæk. Stígurinn hlykkjast yfir Hafnafjarðarhraun og sést vel til hans í landi Hagakots. Gjáréttarstígur Álftnesinga (174:043), einnig kallaður moldargötur, var í landi Urriðaholts og tók við af Hagakotsstíg ef haldið var inn með norðurhlíð Urriðaholtshlíðar að Maríuhellum. Á þessum slóðum er nú malarborinn jeppaslóði en nokkuð rask hefur orðið á leiðinni vegna bygginga við Kauptún.

Innan Garðabæjar voru skráð 12 vöð (174:022, 057, 175:049, 178:016, 025, 028,

[100] Gatan er sýnd á korti á bls. 24 í bókinni *Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar*.
[101] Krossgötur sjást fyrir miðju á korti á bls. 67 í *Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar*.

179:019, 022, 026, 028, 029 og 053) og sjö brýr (175:010, 176:006, 179: 020, 025, 027 og 190:025) en meirihluti þeirra er nú horfin. Þessar minjar voru dreifðar um skráningarsvæðið en flestar eru utan Garðahverfis.

Að samanlögðu má skipta gatnakerfi Garðabæjar í þrennt. Þetta eru alfaraleiðir, leiðir innan bæja og svokallaðir tengivegir. Að sunnan og austan hafa legið alfaraleiðir og síðar frá Reykjavík. Frá þessum götum hafa svo legið heimreiðar að flestum bæjum og býlum. Auk þeirra voru víða styttri slóðar innan landareigna, oftast t.d. frá bæ og að sjó. Nauðsynlegt er einnig að skoða Garðahverfið sem eina heild, þar var gatnakerfi á milli lögbýla enda óvenju þéttbýlt þar. Lögbýlin eru öll innan Garðatúngarðs (185:100) og aðeins hægt að fara inn um nokkur hlið á honum. Segja má að þar sé komin smækkuð mynd af leiðakerfi utan hverfisins, þar eru alfaraleiðir, smærri tengivegir og leiðir milli bæja.

Vatnsból

Í Garðabæ voru skráð 27 vatnsból á 15 jörðum. Sjálfsagt hafa vatnsból verið víðar utan Garðahverfis þó staðsetning þeirra sé nú týnd. Lítið er um uppsprettur og læki í Garðahverfi og líklegt að heimildir um vatnsból séu þar nokkuð tæmandi.

Vatnsveita (174:012) var í Urriðakoti og sjást merki hennar ennþá. Vatnsveitan samanstendur af hlöðnum brunni í mýrarjaðri, rétt utan túns. Frá honum lá Brunnrásin eftir mýrinni og út í Urriðakotsvatn. Brunnrásin sést ennþá og fallin grjóthleðsla sem gæti hafa verið brunnur. Í Urriðakoti er jafnframt heimild um annan brunn (174:060) í Selgjá.

Á Vífilsstöðum var steyptur vatnsgeymir (175:018) í hlíð upp frá ósi Vífilsstaðavatns og vatn þaðan var leitt í Vífilstaðahælið. Vatnsból (175:053) Garðabæjar er í Dýjakrókum en þar í mýrinni eru ótal uppsprettur. Ekki er ljóst hvort að vatn hafi verið tekið þaðan áður en vatnsbólið var byggt. Önnur heimild er um vatnsból (175:014) í læknum niður undan bæ á Vífilsstöðum.

Auk áðurgreindra vatnsbóla var brunnur í Hagakoti (176:008), Hofstaðabrunnur (177:004) og Lindin (177:016) voru í landi Hofstaða, Arnarnesbrunnur (178:009) og Gvendarbrunnur (178:013) í Arnarnesi og í Hagakoti voru Hraunholtsvatnsbólið (179:024) og Hraunholtsbrunnurinn (179:031) en ekki sést til þeirra nú.

Í Garðahverfi voru fimm brunnar skráðir. Á Görðum er Garðalind (185:026) sem

var aðalvatnsból Garðahverfisins alls. Í Garðalind er rennandi vatn og voru tröppur niður að vatninu. Vatnsgjáin (185:026) er náttúrulegt vatnsból í botni Búrfellsgjáar. Það var notað sem vatnsból Gjáréttar (185:048) og tröppur hlaðnar niður að vatninu. Í Móakoti er hlaðinn brunnur (189:007) tæpa 20 m norðaustan við bæ. Katrínarkotsbrunnur (190:029) er í landi Hausastaða og var grafinn í túnið eftir að hætt var að nota Hausastaðabrunn (190:013). Brunnurinn er hlaðinn og voru hlaðnar tröppur niður að honum. Grjótabrunnur (191:014) er í landi Hausastaðakots, norður frá Grjóta. Þetta er hlaðinn brunnur sem fylltur hefur verið upp. Í Garðahverfi eru heimildir um níu aðra brunna sem ekki sést til. Þetta eru Dysjabrunnur (181:013), Pálshúsabrunnur (183:003), Nýjabæjarbrunnur (184:003), Króksbrunnur (185:090), Garðhúsabrunnur (185:094), tveir brunnar austan Háteigsbæjar (185:097), Miðengisbrunn (187:008), Karkur (188:005) og Hausakotsbrunn (191:002).

Herminjar

Í Garðabæ voru á hernámsárunum fjögur braggahverfi og eru þau sýnd á korti í bókinni *Ísland í hershöndum*.[102] Þau voru Tilloi og Garðar sem voru við Garða, Slingsby hill í Hraunholti og Russel á Urriðaholti. Ólíkt flestum öðrum þéttbýlisstöðum hér á landi þar sem umsvif hersins voru mikil urðu ekki til íslensk braggahverfi í Garðabæ eftir stríðslok. Nú er einungis eitt þeirra varðveitt, Camp Russel (174:070) í Urriðaholti. Slingsby Hill, við Hraunholt, er horfið undir byggð en ekki er vitað hvað varð um braggahverfin við Garða. Hætt er við að staðsetning slíkra minjastaða, sem alveg eru horfnir af yfirborði og sáust e.t.v. aðeins um stutt skeið, týnist fljótt niður þéttbýli. Þrátt fyrir að braggabyggðin hafi fljótt horfið í Garðabæ leynast herminjar enn víða og voru samtals skráðar 18 slíkar minjar á níu bæjum.

Í Setbergi eru varðveittir tveir minjastaðir sem tengjast mannvirkjum seinni heimsstyrjaldar. Á Flóðhjalla þar sem hann rís hæstur eru leifar vígis (173:012) frá Bretum sem ætlað var til varnar mögulegri innrás Þjóðverja í Hafnarfirði. Mannvirkin samanstanda af garðlagi og tveimur greinilegum tóftum innan þess. Mögulega hafa verið fleiri mannvirki innan garðlagsins en þau sjást ekki greinilega. Á náttúrulegan stein innan garðlagsins hefur verið klappað ártalið 1940 og fangamörkin J.E. Bolan og D.S..

[102] Þór Whitehead, 2002: 124-125

Skotbyrgi (173:072) er á norðausturbrún Setbergshamars, um 60 m frá steinsteyptum landamerkjasteini. Skotbyrgið er grjóthlaðið, nánast hringlaga og hrunið að mestu.

Í Urriðakoti er varðveitt steypt vatnsból (174:041) frá hernum austur af Dýjamýri. Jafnframt eru heimildir sem greina frá því að tvö skotbyrgi (174:015, 049) hafi verið í landi Urriðakots. Enn eru samt ótaldar umfangsmestu minjarnar á Urriðakotsholti sem og Garðabæ öllum. Þetta eru leifar Camp Russell (174:070) og þar má greina fjölmarga húsgrunna og aðrar minjar. Í skýrslu Ragnheiðar Traustadóttur og Rúnu K. Tetzschner frá 2005 eru kort[103] sem sýna staðsetningu minja á svæðinu og eru þær um 40 talsins.

Á Vífilsstöðum hafa varðveist tvö skotbyrgi. Á svokölluðu Hnoðraholti er steinsteypt, hálfniðurgrafið skotbyrgi (175:022). Gott útsýni er frá því, einkum til norðurs og austurs. Hitt skotbyrgið (175:030) er í norðurenda Vífilsstaðahlíðar, um 50 m vestan við vörðu sem í seinni tíð gengur undir nafninu Gunnhildur og er líklega dregið af enska orðinu „Gunhill". Skotbyrgið er niðurgrafið og er veggur hlaðinn úr hraungrýti umhverfis innganginn.

Ógreinilegar leifar skotbyrgis (178:034) eru að finna í landi Arnarness. Skotbyrgið er um 100 m sunnan við Arnarnesbrúnna og sést sem gróin upphækkun í grýttu og blásnu umhverfi. Heimild um annað skotbyrgi (178:033) í landi Arnarness í svokölluðum skotmóa sem er á mörkum Kópavogs og Garðabæjar en ekkert sést til þess nú.

Í Hraunholti eru leifar tveggja mannvirkja úr síðari heimsstyrjöld. Annað þeirra er skotbyrgi (179:043). Það er um 7 m suðvestur af botni Lækjarfitjar og enn undir þaki. Byrgið er steinsteypt, niðurgrafið og þarf að fara niður nokkrar tröppur til að komast inn en það hefur nú verið fyllt af rusli. Herminjar með óþekkt hlutverk (179:044) eru um 10 m SSV af brú yfir Hraunholtslæk. Þetta er steyptur grunnur sem er nánast ferkantaður. Hér er mögulega um tvö mannvirki að ræða. Þar sem leifar braggahverfisins eru líklega horfnar undir byggð eru þetta einu minjarnar sjáanlegar á yfirborði um veru hersins á lögbýlinu.

Í landi Bakka er getið um tvö loftvarnarbyrgi (182:014, 015) í örnefnaskrá sem séu að fara í sjó. Í fornleifaskráningu frá 1984 segir að tóft (182:003) hafi verið byggð ofan í eitt þeirra en þau hafi verið mörg með skotgröfum á milli. Líklega sést ekkert til þeirra lengur.

[103] Ragnheiður Traustadóttir, 2005: 67, 70

Á Görðum eru ummerki um tvær herminjar. Þrír steyptir grunnar (185:069), líklega undirstöður undir bragga, eru sitthvoru megin við Herjólfsgötu, þar sem hún mætir Herjólfsvegi og Garðabraut. Þessar leifar kunna að vera það eina sem eftir er af braggahverfinu sem var á svæðinu og fyrr var minnst á. Tvö samtengd skotbyrgi (185:109) eru ofan Garðakirkju, beint útfrá útsýnisskífu. Þau eru steinsteypt, ferhyrnd og á milli þeirra hlykkjast skotgröf sem sést enn vel. Jafnframt var aðal loftvarnarbyrgi Breta (GK:185:108) efst á Garðholtsenda en þar er nú hús og ekkert sér til herminja. Í Hausastaðakoti eru tvö mannvirki tengd hernaði. Annað þeirra (191:017) er byggt ofan í tóft sem sýnd er á túnakorti frá 1918. Lögun mannvirkisins og tóftarinnar eru óljós. Hitt mannvirkið (191:018) eru þrjár sambyggðar tóftir. Þær eru á spildu sem merkt er á túnakort frá 1918 sem eign Hausastaðakots. Tóftirnar eru byggðar inn í hól og líklega verið skotbyrgi.

Elliðavatnsvegur eða Flóttavegur (175:035) var lagður af Bretum á stríðsárunum. Vegurinn liggur á milli Hafnafjarðar og Suðurlandsvegar. Leiðin er skráð á tveimur stöðum í landi Vífilsstaða og lá frá Urriðaholti, um Vífilsstaðaland, Rjúpnadal og ofan Vatnsenda við Rauðavatn. Þessi leið er enn notuð og hefur verið malbikuð. Lagning þessa vegar hefur hins vegar líklega raskað eldri götum sem fyrir voru á svæðinu.

Ljóst er að umfang og staðsetning herminja í Garðabæ býður vel uppá að kynna þennan hluta sögu sveitarfélagsins fyrir almenningi og gera minjarnar aðgengilegar. Ekki er ólíklegt að fleiri minjar um hersetu séu að finna innan merkja Garðabæjar þó mikið hafi án efa horfið í þéttbýlið.

7. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Hættumat var gert fyrir flesta minjastaði í Garðabæ. Í 5. kafla er útskýrt hvernig matinu er háttað en það skiptist svo:

Hættumat	**Fjöldi minjastaða**
Engin hætta	75
Hætta	344
Stórhætta	157

Eins og kemur fram í kafla um fornleifaskráningu þá teljast minjar í heimatúnum bæja sem eru enn í byggð sem og minjar innan bæjarmarka þéttbýlis að jafnaði í hættu. Því töldust flestar þær fornleifar sem skráðar voru í Garðabæ í hættu vegna ábúðar, þ.e. vegna nábýlis við þéttbýli enda hafa ýmsar framkvæmdir við vegi, byggingar og annað það umrót sem fylgir þéttbýli skemmt fjölmargar fornleifar í Garðabæ síðustu áratugi. Einnig töldust fjölmargar fornleifar vera í stórhættu á skráningarsvæðinu. Það er í flestum tilvikum tilkomið vegna fyrirhugaðra framkvæmda annars vegar og landbrots sem verður við sjávarsíðuna hins vegar. Þrátt fyrir góðan vilja yfirvalda í Garðabæ til þess að rannsaka og varðveita fornleifar hafa talsvert margir minjastaðir horfið af yfirborði innan bæjarmarkanna frá því að fornleifaskráning fór fyrst fram árið 1984. Í eldri skráningum er því oft getið um minjastaði sem þá sáust á yfirborði en síðan verið skemmdir. Það er því rétt að ítreka að til að gagn sé í fornleifaskráningu sem þessari þarf hún að vera nýtt í skipulagsgerð og ef vel á að vera, kynnt framkvæmdaaðilum, bæjarstarfsmönnum og almenningi.

Garðabær í heild sinni býður upp á fjölmarga möguleika í minjavernd og kynningu á minjum. Svæðin ofan byggðar s.s. Heiðmörk, Búrfellsgjá og Selgjá eru vinsæl útivistarsvæði og þar eru víða skipulagðar gönguleiðir og -stígar. Einnig hafa verið gerð kort yfir helstu hlaupa- og gönguleiðir innan bæjarins og sýnt hvar upplýsingaskilti og útsýnisskífur eru staðsett. Þetta er mjög gott framtak en betur má ef duga skal. Eflaust mætti setja fleiri skilti með upplýsingum um minjar t.d. í Selgjá. Innan Garðabæjar er

einnig fjöldi herminja sem mætti nýta til kynningar fyrir almenning sem og minjar um sjósókn í Garðahverfi. Á vegum bæjarins var unnið að því að gera niðurstöður rannsókna á Hofsstöðum sýnilegar og í þeim tilgangi reistir gagnvirkir upplýsingaskjáir og útlínur tóftanna byggðar upp. Framtakið er gott og gerir minjarnar mun aðgengilegri fyrir bæði almenning og ferðamenn sem leggja leið sýna til bæjarins. Gagn væri einnig að því að reisa upplýsingaskilti á vettvangi annarra fornleifarannsókna á svæðinu og koma þannig upplýsingum til almennings sem á leið um svæðið hvað var verið að rannsaka.

Þrátt fyrir að þéttbýlt hafi verið í Garðabæ um áratugi er þar enn að finna talsvert af fornleifum. Einhverjar leifar sjást enn í tæpum helmingi minjastaða sem þar eru þekktir.[104] Allar þær fornleifar sem skráðar voru í Garðabæ hafa varðveislu- og minjagildi en þær sem eru yngri en 100[105] ára hafa ekki jafna stöðu á við hinar samkvæmt ramma laganna. Þessar fornleifar eru þó engu að síður mikilvægt að varðveita og má í því samhengi minna á skemmtilegar herminjar víða á svæðinu.

Innan merkja Garðabæjar er að finna þrjár friðlýstar fornminjar. Allar voru þær friðlýstar af Kristjáni Eldjárn árið 1964. Þetta eru Gjárétt , Selgjá og Norðurhellar.

Gjárrétt (185:048) er í enda Búrfellsgjár og er merkilegur minnisvarði um fjárbúskap í Garðahreppi. Þar var fjárskilarétt hreppsins á 19. og 20. öld en rétttin var hlaðin árið 1840. Í réttinni sést vel hvernig menn hafa nýtt sér til fullnustu náttúruna við byggingu réttarinnar. Aðhald tengist Gjárétt með garðlagi en nýtir náttúrulega hraunveggi úr öllum áttum nema til austurs. Hraunbrúnin slútir yfir vesturhluta aðhaldsins og myndar þannig grunnan helli eða byrgi í vesturhluta þess.

Selgjá (174:034). Selgjá er framhald Búrfellsgjár og er þar að finna fjölmargar tóftir, sumar í landi Urriðakots en flestar í landi Garða. Litið var á Selgjá sem eitt samfellt minjassvæði vegna þess hversu landfræðilega afmörkuð hún er. Því var hún öll skráð undir einu númeri og fellur í þessari skráningu undir númer Urriðakots. Í gjánni eru samtals 33 tóftir í 11 sambyggingum sem flestar eru byggðar upp að brúnum gjárinnar. Þetta eru m.a. stekkir, hleðslur, garðlög, hellar og sel. Staðurinn er án efa einn allra merkilegasti minjastaður Garðabæjar enda mannvirkin minnisvarði um sauðfjárbúskap og ómetanleg heimild um selstöðu allt fram á 18. öld. Selgjárhellir markar nyrsta hluta

[104] Hafa verður í huga að mat á ástandi minjanna er misjafnt í eldri skráningum. Því gætu fleiri eða færri minjastaðir verið sýnilegir þar sem ástandi minjanna var ekki alltaf lýst í eldri skráningum.
[105] Sem eru í flestum tilfellum herminjar

Selgjár. Rétt er að benda á að það mætti kynna minjastaðinn með litlum tilkostnaði með því að setja upp skilti á helstu tóftum og skipuleggja og merkja gönguleiðir.

Norðurhellar (174:054) voru friðlýstir ásamt Selgjá. Selstæðið vestan í Selgjánni gekk undir nafninu Norðurhellar. Þeir eru skammt norðan við Selgjá og ættu Selgjárhellir og Sauðahellir efri að teljast með þeim, enda hlutar af sama hellakerfi. Alls fundust á svæðinu átta hellar fyrir utan þá fyrrnefndu.

Fjöldi annarra athyglisverðra minjastaða er að finna í Garðabæ og hér verða nefndir nokkrir minjastaðir- og –flokkar sem teljast, fyrir einhverra hluta sakir sérstaklega áhugaverðir.

1. **Sauðahellir efri/syðri (174:037)** er örskammt norðvestur af Selgjárhelli. Hann tilheyrir víðáttu miklu hellakerfi, en margir þeirra voru notaðir sem fjárskýli og hlaðið framan við op þeirra. Sauðahellir er mestur þeirra en við hellisopið hefur verið hlaðið upp J-laga inngangi og þannig myndast um 3 m langur gangur með 3-4 þrepum sem liggja niður í hellana. Við enda gagnanna greinist hellirinn í tvo minni hella. Hellirinn sýnir vel hvernig náttúran var nýtt til búskapar og hefur mikið varðveislu- og kynningargildi.

2. **Kjöthellir (173:023)** og umhverfi hans eru þekkt selstaða frá því á fyrri hluta 16. aldar. Tvær tóftir eru í næsta nágrenni við hellinn og telja verður líklegt að þær tengist selstöðunni. Annar hellir, Kershellir (173:053) er í tæplega 200 m fjarlægð og líklega einnig verið sel. Hann er stærri en Kjöthellir og tveir hellar ganga inn af honum. Í báðum þessum hellum hafa verið hleðslur sem skiptu þeim í tvennt. Minjarnar eru sérstakar, fornar og áhugaverðar og hafa því sérlega gott varðveislu- og kynningargildi.

3. **Stríðsminjar** upp á Flóðahjalla og víðar. Eins og fram kemur í kaflanum um herminjar leynast þær víða. Ástand þeirra er í heildina séð nokkuð gott en töluvert af þeim hefur þó vafalaust glatast. Þær herminjar sem eftir standa hafa því flestar varðveislugildi og jafnframt gott kynningargildi. Sem dæmi um svæði sem mætti kynna almenningi eru víðtækar minjar á Urriðaholti (174:070) og aðrar sértækar minjar í góðu ástandi annars staðar líkt og vígið á Flóðhjalla (173:012).

4. **Garðalind (185:026)**. Aðgengi að ferskvatni er eitt af þeim höfuðatriðum sem landnámsmenn þurftu að hafa í huga þegar þeir settu niður bæjarstæði. Gera má ráð fyrir að oftast hafi menn reynt að setja bæi niður við lækjarsprænur eða fersk vötn en þar sem slíku er ekki fyrir að hafa skiptu brunnar höfuðmáli. Í Garðabæ sést vel hvernig bæir hafa

verið staðsettir í nálægð við vatn en einnig eru brunnar við sjávarsíðuna. Allt Garðahverfið sótti vatn í einhverju magni í Garðalind (185:026). Umhverfi lindarinnar er greinilega manngert og reynt að gera aðgengi auðvelt með tröppum og steini til skjóls. Brunnurinn hefur gott varðveislu- og kynningargildi.

5. **Litla Arnarnes (178:014)** og umhverfi þess er dæmi um svæði sem er nokkuð óraskað innan þéttbýlisins. Bæjarhóllinn er að öllum líkindum óraskaður, um 13 x 13 m og mest um 1,5 m á hæð. Ekki er vitað neitt um aldur kotsins en það var ekki í byggð þegar Jarðabók Árna og Páls var skrifuð 1703. Túngarður kotsins (178:029) er varðveittur að hluta og er hann m.a. skorin af götu (178:017) sem bendir til þess að hann sé nokkuð forn. Í næsta nágrenni við bæjarhól kotsins eru einnig þrjár dysjar, m.a. Þorgautsdys (178:015). Þar á að vera dys sakamanns er líflátinn var á Kópavogsþingi. Líklegt má telja að fleiri minjar séu undir sverði á svæðinu það hefur því í heild mikið varðveislu- og rannsóknargildi.

6. **Hausastaðaskóli (190:019)** og **húsagarður (190:003)** umhverfis hann eru minjar skóla, þess fyrsta hérlendis fyrir fátæk alþýðubörn. Til beggja þessara minja sést enn. Skólinn var rekinn á árunum 1791-1812 og átti að hýsa 12 börn af báðum kynjum í heimavist. Þar fór fram kennsla í lestri og guðsorði ásamt garðrækt og fleiri greinum. Áþreifanleg ummerki skólahalds varðveitast sjaldan sem gerir þessar minjar enn merkilegri. Hausastaðaskóli hefur því mikið varðveislu-, og rannsóknargildi auk þess sem sögulegt gildi hans er talsvert. Svæðið býður upp á mikla möguleika til fræðslu fyrir almenning.

7. **Garðatúngarður (185:100)** sem og Garðahverfið allt er einn af merkilegustu minjastöðum Garðabæjar. Garðatúngarður liggur þvert fyrir ofan Garðahverfið ásamt því að aðgreina byggðina frá nytjalandi. Garðatúngarður var hlaðinn á seinni hluta 18. aldar og þá voru fjarlægðir aðrir garðar sem voru þar fyrir. Það voru líklega varnargarðar um akurreiti. Garðahverfi er einstakt dæmi um menningarlandslag sem sýnir byggðaþróun allt frá landnámi til okkar tíma. Býlin þar eru svo þétt að tala mætti um vísi að litlu þorpi sem girt var af með garðlögum. Varnargarður lá meðfram sjávarsíðunni og hlið á honum niður að naustum og vörum. Hlið voru á Garðatúngarði og leiðir til býlanna lágu þar í gegnum og stjórnuðu samgöngum um hverfið. Staðurinn hefur í heild sinni mikið varðveislu- og rannsóknargildi sem auðvelt að er kynna almenningi. Þar eru m.a

merkilegar minjar um búsetu, sjósókn, búskap, samgöngur og skólahald. Á svæðinu mætti kynna fleiri minjastaði en nú er gert með tiltölulega litlum tilkostnaði, t.d. með því að setja upp skilti á helstu bæjarstæðum og öðrum áhugaverðum stöðum ásamt því að skipuleggja og merkja gönguleiðir.

8. **Hofhóll/Hóllinn (177:002)** er grasivaxinn öskuhaugur, líklega frá Hofstöðum. Jónas Hallgrímsson gróf í hólinn á 19. öld og sagði þetta vera öskuhaug. Hóllinn er á opnu, grænu svæði sem haldist hefur óraskað innan þéttbýlisins hingað til. Hóllinn hefur varðveislu- og rannsóknargildi enda eini minjastaður sinnar tegundar sem þekktur er innan Garðabæjar.

9. **Katrínarkotsbúð (190:028)** er sjóbúð og ein af fáum áþreifanlegum minjum sem varðveist hafa um sjósókn í Garðabæ. Einungis ritaðar heimildir og túnakort bera flestum hinna minjastaðanna vitni. Tóftir Katrínarkotsbúðar eru nálægt sjó og eru á svokölluðum Guðrúnarvelli í landi Hausastaða. Tóftirnar hafa mikið varðveislu- og rannsóknargildi.

10. **Bæjarhólar og bæjarstæði**. Þrátt fyrir þéttbýli í Garðabæ hafa varðveist fjölmörg bæjarstæði og –hólar á svæðinu. Þeim hefur ekki verið raskað að ráði og eru slíkir staðir einna mikilvægustu minjastaðirnir. Í allt voru skráðir rúmlega 50 bæjarhólar eða býli og sjást bæjarhólar um 40 þeirra ennþá. Þeir geyma mikinn fróðleik um fortíðina sem er ómetanlegt fyrir sögu Garðabæjar og þróun byggðar þar. Þessir staðir hafa því allir mikið varðveislu- og rannsóknar- og kynningargildi.

Heimildaskrá

Ágúst Ó. Georgsson (ritstjóri) (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Reykjavík: Fornleifanefnd og Þjóðminjasafn Íslands.

Ásgeir Guðmundsson (1983). *Saga Hafnarfjarðar I 1908-1983*. Hafnarfjörður: Skuggsjá.

Birna Gunnarsdóttir og Ragnheiður Traustadóttir (1996). *Fornleifaskráning vegna samkeppni um skipulag í Áslandi og Grísanesi*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Bjarni F. Einarsson (2005). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Garða í Garðabæ*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

Björn Þorsteinsson (1983). "Landnám Ingólfs". *Landnám Ingólfs. Nýtt safn til sögu þess 1*. Ingólfur: Reykjavík, bls 9-36.

Brynjúlfur Jónsson (1903). "Rannsókn í Gullbringusýslu og Árnessýslu sumarið 1902." *Árbók hins íslenzka Fornleifafélags 1903*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 31-52.

Brynjúlfur Jónsson (1908). "Rannsóknir fornleifa sumarið 1907". *Árbók hins íslenska Fornleifafélags*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 9-31.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn* II-IV, VII, IX, XI-XIV. 1893-1972. Kaupmannahöfn/Reykjavík.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823 I* (1983). Sveinbjörn Rafnsson (ritstjóri). Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar.

Guðlaugur Rúnar Guðmundsson (2001). *Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar*. Ritröð: Safn til sögu Garðabæjar III. Reykjavík: Prentsmiðjan Grafík.

Hildur Gestsdóttir & Sædís Gunnarsdóttir (1998). *Svæðisskráning fornleifa í Hafnarfirði II. Fornleifar milli Skerseyrar og Langeyrar*. FS063-98131. Fornleifastofnun Íslands.

ÍF I: *Íslenzk fornrit I*. (1968). Hið íslenzka fornritafélag: Reykjavík.

JÁM: J*arðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* (1923-1924, 1943). III. og X. bindi. Kaupmannahöfn.

JJ: J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Jón Jónsson (1994). *Frá fjöru til fjalls*. Ritröð: Safn til sögu Garðabæjar II. Reykjavík: Tarsus.

KK: Kålund, Kristian (1984). *Íslenskir sögustaðir I*. Reykjavík: Örn og Örlygur.

Magnús Jónsson (1967). *Bær í byrjun aldar*. Hafnarfjörður.

Matthías Þórðarson (1904). "Gamlir legsteinar í Görðum á Álftanesi." *Árbók hins íslenzka Fornleifafélags 1904*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 33-40.

Matthías Þórðarson (1907). "Gamlir legsteinar í Görðum á Álftanesi". *Árbók hins íslenzka Fornleifafélags 1906*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 36-49.

Matthías Þórðarson (1929). "Nokkrar Kópavogsminjar." *Árbók hins íslenzka Fornleifafélags 1929*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 1-33.

Oddgeir Hansson (2005). *Fornleifaskráning í landi Garðabæjar. Aðalskráning á völdum skipulagsreitum.* FS295-05191. Fornleifastofnun Íslands.

Orri Vésteinsson (1999). *Fornleifakönnun. Álftanesvegur milli Engidals og Selskarðs*. FS087-99081. Fornleifastofnun Íslands.

Ólafur Þorvaldsson (1949). "Grindaskarðsvegur (Selvogsleið)." *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1943-48*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Ragnheiður Traustadóttir (1994). *Vettvangskönnun vegna deiliskipulags Arnarnesslands*. Rannsóknarskýrslur fornleifadeildar III. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Ragnheiður Traustadóttir og Anna Rut Guðmundsdóttir (2004). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Arnarneslandi*. Byggðasafn Skagfirðinga 2004/32.

Ragnheiður Traustadóttir og Rúna Knútsdóttir Tetzschner (2004). *Garðahverfi, fornleifaskráning 2003.* Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Ragnheiður Traustadóttir og Rúna Knútsdóttir Tetzschner (2005). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ*. Byggðasafn Skagfirðinga 2005/40.

Ragnheiður Traustadóttir o.fl. (2008). *Fornleifakönnun í landi Urriðakots í Garðabæ. Rannsóknarskýrsla 2008*. Garðabær: Ragnheiður Traustadóttir.

Ragnheiður Traustadóttir (2009). Munnleg heimild þann 12. janúar 2009.

Ragnar Karlsson (1992). *Garðabær: byggð milli hrauns og hlíða*. Ritröð: Safn til sögu Garðabæjar I. Reykjavík; Ísafold.

Sigurður Skúlason (1933). *Saga Hafnarfjarðar*. Hafnarfjörður: Bæjarsjóður Hafnarfjarðar.

SSGK: Sýslu- og sóknarlýsingar Gullbringu- og Kjósarsýslu (1937-39). Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess I-III. Reykjavík.

Sturlungasaga (1946). I.-II. bindi. Jón Jóhannesson o.fl (ritstjórar). Sturlunguútgáfan: Reykjavík.

Þorkell Jóhannesson og Óttar Kjartansson (2002). „Tóftin á Flóðhjalla og horfin tíð í Urriðakoti". *Morgunblaðið*. Birtist 13. janúar 2002. Sótt þann 09.01.2009 í gagnasafn Morgunblaðsins.

Þór Whitehead (2002). *Ísland í hers höndum*. Reykjavík: Vaka-Helgafell.

Óprentaðar heimildir:

Elín Ósk Hreiðarsdóttir (2003). Bréf til Bergljótar S. Einarsdóttur, skipulagsfulltrúa Garðabæjar. Ritað þann 6. júli 2003. Fornleifastofnun Íslands.

Gísli Sigurðsson (1964). *Skrá yfir örnefni og fiskimið II í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðahreppi: Hafnarfirði: og Hraunum*.

Guðmundur Ólafsson og Sigurður Bergsteinsson (1987-1989). Þjóðminjaskráning í Hafnafirði. Þjóðminjasafn Íslands.

Guðrún Sveinbjarnardóttir (1984). Fornleifaskráning í Garðabæ. Þjóðminjasafn Íslands.

Hrafnkels saga Freysgoða. http://www.snerpa.is/net/isl/hrafn.htm. Netútgáfan 1997. Skoðað 02.01.2009.

Landnámabók (Sturlubók). http://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm. Netútgáfan 1998. Skoðað 02.01.2009.

Túnakort Garðahrepps frá 1918-1919. Þjóðskjalasafn Íslands.

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson (1984). Fornleifaskráning í Garðabæ 1984. Þjóðminjasafn Íslands.

Ö-Arnarnes: Örnefnaskrá Arnarness. Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Arnarnes AG: Örnefnaskrá Arnarness. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Garðahverfi: Örnefnaskrá Garðahverfis. Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Garðakirkjuland: Örnefnaskrá Garðakirkjuland. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hafnarfjörður: Örnefnaskrá Hafnarfjarðar. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun

Íslands.

Ö-Hafnarfjörður: Örnefnaskrá Hafnarfjarðar. Magnús [eftirnafn vantar] skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hagakot: Örnefnaskrá Hagakots. Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hofsstaðir: Örnefnaskrá Hofsstaða. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hofsstaðir GS: Örnefnaskrá Hofsstaða. Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hofsstaðir EBB: Örnefnaskrá Hofsstaða. Erla Bil Bjarnasóttir skráði. Örnefastofnun Íslands.

Ö-Hraunsholt: Örnefnaskrá Hraunsholts. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hraunsholt GS: Örnefnaskrá Hraunsholts. Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hraunsholt EBB: Örnefnaskrá Hraunsholts. Erla Bil Bjarnadóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Setberg: Örnefnaskrá Setbergs. Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Setberg AG: Örnefnaskrá Setbergs. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Setberg SP: Örnefni í Setbergslandi. Svanur Pálsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Urriðakot: Örnefni í Urriðakotslandi. Svanur Pálsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Urriðakot GS: Örnefnaskrá Urriðakots. Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Urriðakot AG. Örnefnaskrá Urriðakots. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Vífilsstaðir: Örnefnaskrá Vífilsstaða. Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Vífilsstaðir SP: Örnefnaskrá Vífilsstaða. Svanur Pálsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Vífilsstaðir EBB: Örnefnaskrá Vífilsstaða, viðauki við skrá SP. Erla Bil Bjarnadóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Heimildamenn:

Guðlaugur Rúnar Guðmundsson f. 1938 (Arnarnes, Hraunsholt).

Gunnar Benediktsson f. 1941 (Hagakot, Hraunsholt).

Jón Ernst Ingólfsson f. 1950 (Hraunsholt).

Ómar Smári Ingólfsson f. 1954 (Vífilsstaðir).

Óttar Geirsson f. 1936 (Setberg).

Sigurlaug Gísladóttir f. 1918 (Hofsstaðir).

Svanur Pálsson f. 1937 (Setberg, Urriðakot, Garðar).

Viðauki I: hnit í landshnitakerfi (ISN 93)

Samtala	Longitude	Latitude
173001	357084.35	399330.82
173002	357117.29	399387.03
173006	357145.1	399495.51
173010A	357218.07	399242.85
173010B	357221.23	399261.39
173010C	357229.51	399300.05
173010D	357231.88	399314.84
173010E	357232.87	399318.39
173010F	357235.63	399340.68
173010G	357233.26	399362.96
173010H	357231.49	399374.21
173010I	357224.98	399393.14
173012	358162.63	398404.4
173019A	357797.55	399438.11
173019B	357723.39	399583.08
173019C	357586.9	399818.18
173019D	357538.78	399897.47
173022A	357683.15	399450.73
173022B	357705.24	399458.62
173023	358876.82	396339.74
173031	357567.77	398475.21
173034	357518.46	399522.92
173036	357651.79	399456.26
173037	357612.15	399447.18
173038A	357755.93	399449.55
173038B	357770.14	399507.54
173038C	357768.95	399514.64
173038D	357771.52	399526.28
173038E	357788.87	399550.73
173038F	357851.59	399551.52
173039	358673.28	396850.98
173040	357425.17	399678.54
173050	359747.02	396950.58
173051	357873.49	397242.69
173052	358885.3	396337.57
173053	359056.5	396285.9
173056	358753.35	396912.32
173058	358862.82	396314.5
173059	359048.61	396288.46
173060	357765.01	398880.92
173062	359229.08	397189.24
173063	359030.86	397283.32

Samtala	Longitude	Latitude
173064	358344.88	398016.44
173065	358867.55	396685.89
173066	358686.29	396860.44
173067	358958.48	396541.51
173072	356994.61	399710.89
173081	358916.66	396398.12
174001	358165.2	399386.04
174002	358166.97	399355.27
174003	358158.69	399368.88
174004	358154.35	399232.2
174005	358191.82	399180.13
174006	358214.31	399302.41
174007	358226.14	399338.51
174008	358133.84	399326.48
174009	358232.45	399431.41
174010	358222.2	399449.75
174012	358104.84	399269.28
174014	358294.39	399029.64
1740148B	357704.46	400704.76
174015	357939.76	399219.38
174016A	359018.04	399892.74
174016B	360191.99	397446.82
174017	358264.41	399331.8
174018	358506.41	399431.6
174019	358127.13	399517.99
174021	357873.29	399625.48
174022	357875.66	399660.59
174023	357855.14	399545.6
174024	357741.14	399662.37
174025	357711.95	399737.32
174026	357788.28	399475.98
174027	357655.94	400751.5
174028	358252.77	399191.96
174029	358963.61	398944.83
174030	359046.25	398576.59
174031	358909.37	398791.18
174032	359017.45	398590.99
174033	359142.1	398553.71
174034	359940.31	397671.87
174034A	359933.61	397625.72
174034B	359917.43	397575.42
174034C	359932.23	397523.94

Samtala	Longitude	Latitude
174034D	359951.36	397509.94
174034E	359962.21	397503.83
174034Fa	360016.45	397425.52
174034Fb	360112.89	397499.68
174034G	360239.91	397129.28
174034H	360246.62	397116.26
174034I	360260.03	397054.72
174034J	360262.2	397019.81
174034K	360278.97	396986.28
174034L	360309.34	397012.12
174034M	360321.37	397003.05
174034N	360133.8	397425.52
174034O	360132.62	397435.38
174034P	360131.83	397448.01
174034Q	360118.81	397484.5
174034R	359977.39	397645.05
174034S	359963	397655.89
174035	358119.83	399535.55
174036	358003.46	399648.76
174037	359874.24	397648.6
174038	359753.93	397530.85
174040	358003.07	399497.87
174041	358209.77	399073.82
174043	358149.22	400182.87
174044	360068.12	397547.22
174045	359313.3	397551.56
174047	357436.41	400080.7
174048A	357661.85	400629.02
174048C	357981.97	400486.61
174048D	357862.05	400544.8
174048E	357677.43	400733.55
174048F	357683.94	400745.78
174048G	357730.89	400820.34
174048H	357696.37	400785.42
174048I	357779.21	400870.83
174048J	357822.01	400913.04
174048K	357633.25	400720.14
174048L	357588.28	400674.18
174049	359173.46	397990.4
174051	359565.96	397961.81
174052	359861.81	397598.1
174053	360136.56	397407.57
174054A	359914.87	397685.08
174054B	359854.71	397652.54
174054C	359836.37	397644.06
174054D	359911.72	397707.57
174054E	359909.55	397692.78

Samtala	Longitude	Latitude
174054F	359906.19	397709.74
174054G	359889.03	397729.07
174054H	359900.67	397678.38
174056	358144.29	399379.73
174057	357872.3	399633.77
174058	359116.86	398538.13
174059A	359014.29	398607.75
174059B	359370.5	398848.57
174062	357970.72	398676.19
174064	358167.17	399217.21
174065	358180.19	399207.94
174066	358202.67	399214.05
174067	358218.65	399219.18
174068	358230.48	399231.41
174069	358168.94	399255.67
175001	358989.25	400785.23
175002A	359011.34	400771.03
175002B	359003.84	400747.36
175002C	358982.74	400751.89
175003	359220.8	400848.93
175004	359199.7	400866.69
175005	359197.92	400881.68
175006	359035.99	401006.13
175007	359142.69	400846.96
175008A	359109.56	401264.11
175008B	359332.83	400568.27
175009A	359259.26	400798.84
175009B	359256.3	400786.02
175009C	359250.98	400758.4
175009D	359249.4	400741.64
175009E	359244.07	400715.8
175010	358946.45	400720.14
175011A	358949.8	400721.92
175011B	358958.48	400736.31
175011C	358969.52	400746.96
175011D	358978.79	400752.09
175011E	358998.12	400747.56
175011F	359012.72	400744.99
175011G	359018.24	400742.82
175011H	359011.53	400756.23
175011I	359018.44	400783.85
175011J	359027.9	400830
175011K	359051.97	400908.7
175011J	359027.9	400830
175013	358756.9	400492.53
175010	358946.45	400720.14
175015 & 016	360144.65	400916.59

Samtala	Longitude	Latitude
175017	361574.21	401014.02
175018	359462.41	400161.77
175019	359995.74	398054.7
175020	359576.81	398635.96
175021	359009.76	399897.67
175022	359341.51	401851.48
175023	359637.56	402077.91
175024	359660.83	398369.89
175025	359670.1	398378.96
175026B	359105.22	399670.65
175026C	359434.41	399157.45
175026D	359595.35	398647.2
175027	360714.66	397729.07
175028	360550.36	397615.07
175029A	358459.08	398884.87
175029B	358289.46	398916.42
175030	359341.31	399964.73
175031	359121.59	401576.93
175032	359384.11	399991.55
175033A	359613.5	400416.99
175033B	360121.97	399951.51
175033C	360153.92	399925.68
175033D	360428.87	399539.49
175034	360479.75	398324.13
175035	361605.97	400824.28
175035A	360948.38	400413.64
175035B	360634.19	400354.66
175035C	360136.56	400869.64
175035D	360020.39	400911.46
175035E	359790.61	400860.37
175035F	359556.49	400785.62
175035G	359450.18	400505.94
175035H	359100.09	400362.75
175035I	358987.27	399887.22
175035J	358797.34	399772.82
175035K	358782.15	399560.2
175037	359546.24	402003.94
175038	358924.75	399593.73
175039	358870.12	399741.26
175040	360241.3	400977.93
175041	359052.36	399806.55
175042	358376.63	401653.65
175043	358661.64	401376.14
175044	361892.15	398759.42
175045	360520.58	398336.75
175046	358829.49	399767.69
175047A	360022.17	400907.71

Samtala	Longitude	Latitude
175047B	359400.09	400997.45
175048A	358802.46	399727.26
175048B	359064.59	399672.43
175049	358945.07	400720.34
175050	358995.56	401090.94
175051	360548	401192.52
175052	359948.01	400891.14
175053	360201.06	399933.76
175054	359647.03	398372.45
176001	357786.9	401168.65
176004&006	357817.08	401019.94
176005A	357944.49	400458.41
176005B	357945.28	400527.24
176005C	357938.38	400590.95
176005D	357913.53	400644.2
176005E	357898.34	400696.47
176005F	357889.86	400726.85
176005G	357863.43	400825.07
176005H	357828.52	400880.49
176005I	357800.71	400928.42
176007	358108.39	400915.4
176008	357806.82	401018.56
176010A	357600.51	400662.94
176010B	357721.22	400776.94
176010C	357765.2	400817.57
176010D	357843.31	400886.41
176010E	357952.38	400933.35
176011AA	358107.01	400911.26
176011AB	358087.09	400912.25
176011BA	358078.22	400915.01
176011BB	358070.92	400915.99
176011CA	357977.03	400930
176011CB	357956.92	400934.93
176012	357857.31	400975.56
176013A	357466.79	401198.83
176013B	357464.62	401126.05
176013C	357408.6	401049.52
176013D	357319.65	400998.64
176013E	357274.88	400960.57
176013F	357237.4	400952.09
177001	357825.56	401596.65
177002	357837.98	401505.73
177003	357814.51	401600.2
177004	357770.14	401583.64
177004B	357810.17	401600.99
177005	357769.15	401665.09
177006	357868.16	401664.3

Samtala	Longitude	Latitude
177007	357876.44	401668.84
177008	357878.81	401652.27
177010	357889.27	401530.38
177012A	357819.25	401557.21
177012B	357790.25	401504.54
177013	357862.84	401587.78
177014	357790.65	401584.42
177015	358125.95	401735.51
177017	357744.49	401500.99
178001	357445.68	402830.75
178003	357472.9	402937.85
178004	357495.19	402929.57
178005A	357330.7	402950.28
178005B	357316.3	402948.7
178005C	357283.56	402944.76
178006	358303.46	403204.12
178007	357504.06	402786.18
178009	357470.34	402742.2
178010	357503.28	402801.76
178011	357341.35	402827.2
178012	357105.06	403150.67
178013	358115.49	403146.53
178014	358224.96	403213.19
178015	358152.97	403111.42
178016	358501.88	403382.42
178017	358147.84	403141.4
178018	358137.78	403153.04
178020	357682.56	402984.4
178021A	357619.45	402560.94
178022	357733.05	402979.67
178023	357691.83	402997.61
178025	357435.03	402506.1
178026	357530.1	402470.6
178027	357520.83	402546.54
178028	358635.01	402223.27
178029	358232.06	403183.61
178029B	358239.55	403196.43
178029C	358257.5	403224.83
178031A	357676.65	402382.04
178031B	357644.69	402601.76
178031C	357839.56	402621.49
178031D	357870.53	402429.18
178032 garðlag	358000.11	402706.3
178032 tóft	358003.86	402734.5
178034	358085.51	402757.78
178035	358515.09	402461.92
178036	358021.81	402451.87

Samtala	Longitude	Latitude
178037	357790.25	402683.22
178038	357323.59	402959.15
179001	356913.54	401453.26
179002	356924	401450.9
179003	356929.32	401456.02
179004	356961.87	401463.32
179005	356847.67	401486.6
179006	356827.75	401469.83
179007A	357062.85	401386.99
179007B	357066.01	401410.86
179007C	357073.7	401473.38
179008	357072.12	401395.67
179009	356914.73	401473.18
179010	356960.09	401452.08
179012	356860.68	401315.59
179013	356324.2	401136.5
179014	356483.96	401163.13
179016	356980.41	400952.48
179019	357197.17	401414.21
179020	357187.31	401428.02
179021	357252.39	401289.56
179022	357203.68	401401.59
179023	356912.75	401443.99
179024	357099.34	401535.71
179025	357081.39	401674.17
179026	357081.59	401674.76
179027	357001.11	401765.29
179028	356982.97	401792.51
179029	356788.3	402211.63
179035	356931.1	401448.14
179036	356804.67	402078.5
179037	356026.38	402207.89
179038	356941.55	401255.63
179039	356910.19	401274.96
179040	356824.39	401307.11
179041	356839.58	401265.69
179042	357208.21	401418.55
179043	356960.48	401477.33
179044	357175.47	401409.87
179046	356818.48	402169.62
179047	357346.47	402289.93
179048	356787.51	402233.13
179049A	357509.78	401085.62
179049B	357520.04	400995.87
179049C	357545.88	400955.24
179049D	357558.5	400939.66
179049E	357619.25	400769.25

Samtala	Longitude	Latitude
179049F	357647.45	400703.18
179049G	357661.46	400671.42
179049H	357674.87	400632.57
179050	356685.74	402020.12
179051	356922.42	401305.73
179055	356732.28	402315.97
179056A	356039.99	402223.86
179056B	356057.54	402221.49
181001	354021.09	401005.93
181001	354021.09	401005.93
181003	354062.7	400919.35
181001	354021.09	401005.93
181001	354021.09	401005.93
181001	354021.09	401005.93
181007	354021.09	401005.93
181007	354021.09	401005.93
181009	354054.03	400971.02
181001	354021.09	401005.93
181011 & 012	354041.4	401065.5
181013	354090.32	401057.81
181014	354069.61	401034.73
181015	353830.76	401102.58
181016	353977.1	400933.94
181017	354273.15	400822.7
181018	354044.76	401084.43
181019	353999.39	401084.83
181021	353946.73	401124.67
181021	353946.73	401124.67
182001	353724.05	401156.03
182001	353724.05	401156.03
182003	353728.98	401126.84
182004	353718.92	401138.48
182004	353718.92	401138.48
182006	353796.83	401235.32
182007	353756.99	401101.99
182004	353718.92	401138.48
182009	353657.78	401161.16
182010	354755.39	401124.87
182012	353783.22	401029.4
182010	354755.39	401124.87
182003	353728.98	401126.84
182016	353569.62	401147.75
182017	353674.94	401537.48
183001	353950.68	401245.18
183002	353674.94	401053.27
183001	353950.68	401245.18
183001	353950.68	401245.18

Samtala	Longitude	Latitude
183001	353950.68	401245.18
183001	353950.68	401245.18
183001	353950.68	401245.18
183001	353950.68	401245.18
183009	354027.01	401323.29
183001	353950.68	401245.18
183011	353793.28	401151.49
184001	354000.97	401400.4
184002	352471.21	401231.97
184003	353975.53	401377.33
184004	354036.28	401345.57
184006	353428.99	401927.81
184006	353428.99	401927.81
184006	353428.99	401927.81
184008	354004.52	401382.46
184010	353330.96	401851.28
184010	353330.96	401851.28
184011	354070.79	401314.41
184012	353912.21	400962.34
184013	353975.53	401442.81
185001	353895.45	401582.26
185002	353855.02	401597.44
185011	354420.09	400740.85
185012	354726.99	400653.87
185013	354847.5	400705.94
185015	354521.67	400771.62
185016	354572.56	401544.78
185017	354385.58	400716.59
185018	354433.9	400697.46
185019	353837.26	401547.74
185023	353947.91	401688.17
185024	354541.2	400997.45
185025	354522.07	400903.57
185026	353800.58	401443.2
185027	353584.21	401530.97
185028	353650.29	401574.96
185029	353467.84	401510.46
185030	353731.74	401726.24
185031	353917.93	401807.5
185032	353895.05	401582.06
185033	354452.64	400947.75
185034	354456.58	400962.34
185032	353895.05	401582.06
185032	353895.05	401582.06
185032	353895.05	401582.06
185039	354420.88	400897.06
185039A	354427.2	400943.41

Samtala	Longitude	Latitude
185039C	354408.85	400901.4
185040	353791.11	401677.91
185041	353738.45	401537.29
185028	353650.29	401574.96
185044	354797.6	402583.42
185045	354880.05	401986
185046	355899.95	402867.05
185047	361296.5	395284.14
185048	361001.64	396391.02
185049	361514.45	395965.98
185058	361021.75	396448.81
185058byrgi	360958.25	396300.1
185027	353584.21	401530.97
185027	353584.21	401530.97
185061	354222.86	400942.03
185065	353675.33	401537.29
185066	354706.09	400452.1
185067	354703.72	400712.64
185068	354677.49	400693.32
185069	354932.31	400590.36
185070 & 071	354834.49	400516.79
185072	354357.97	401283.64
185074	356012.97	401586.79
185075	355907.25	402267.06
185076	354722.26	402313.41
185077	354377.29	402523.07
185078	354030.16	401512.24
185079	353825.43	401435.51
185080	353838.84	401463.52
185029	353467.84	401510.46
185029	353467.84	401510.46
185029	353467.84	401510.46
185084	353732.34	401388.57
185079	353825.43	401435.51
185086	353931.15	401507.9
185087	353992.09	401551.09
185078	354030.16	401512.24
185078	354030.16	401512.24
185078	354030.16	401512.24
185091	354043.57	401538.27
185092	354102.74	401524.66
185093	353963.1	401656.02
185023	353947.91	401688.17
185095	353773.56	401698.43
185030	353731.74	401726.24
185097	353758.77	401729.2
185098	353750.68	401707.5

Samtala	Longitude	Latitude
185099	353664.09	401695.86
185100	353839.24	401719.33
185101	353672.18	401485.22
185102A	356042.75	401618.35
185102B	355882.99	402122.29
185084	353732.34	401388.57
185104	354030.36	401711.25
185105	354001.36	401698.23
185106	354140.42	401734.72
185107	354585.58	401422.89
185108	354249.68	401690.54
185109	354093.47	401846.94
185110	354305.5	401961.34
185111	354410.43	402003.15
185112	353897.22	402066.66
185113	354907.07	401948.72
185114	354622.06	402470.8
185115	354522.46	400903.96
185116A	354344.36	400813.43
185116B	354341.2	400780.1
185116C	354333.71	400776.55
185116D	354319.9	400808.9
185116E	354341.2	400811.66
186001	353773.95	401678.11
186001	353773.95	401678.11
186001	353773.95	401678.11
186001	353773.95	401678.11
186001	353773.95	401678.11
186006	353485.4	401543.79
187001	353542.99	401662.92
187001	353542.99	401662.92
187003	353573.36	401651.29
187004	353521.49	401656.22
187005	353539.83	401604.74
187006	353450.09	401590.34
187007	353497.63	401643.2
187008	353581.65	401611.84
187009	353544.17	401642.02
187008	353581.65	401611.84
187011	354645.53	401502.57
187012	354613.58	401815.98
187013	353519.12	401710.06
187014	353479.87	401619.53
187001	353542.99	401662.92
187016	353555.42	401718.54
188015	353552.85	401814.8
188015	353552.85	401814.8

Samtala	Longitude	Latitude
188003	353531.16	401778.7
188004	353522.28	401861.54
188005	353548.12	401880.67
188006	353537.86	401741.42
188007	353661.73	401735.11
188008	353641.41	401760.95
188008	353641.41	401760.95
188010	353643.38	401860.36
188011	353361.73	401758.39
188012	353668.63	401914
188013	353697.82	401835.7
188014	353710.05	401793.69
188015	353552.85	401814.8
188015	353552.85	401814.8
188015	353552.85	401814.8
188015	353552.85	401814.8
188019	353475.73	401786
188020	353468.44	401792.9
188021	353432.54	401769.83
188022	353450.88	401724.26
188023	353385.6	401690.93
188024	353651.47	401778.11
188025	353683.62	401757.01
188026	353680.07	401825.64
188024	353651.47	401778.11
188028	353605.32	401854.24
184006	353428.99	401927.81
184010	353330.96	401851.28
189004	353446.54	401979.88
184006	353428.99	401927.81
184006	353428.99	401927.81
189004	353446.54	401979.88
189008	353393.88	401881.46
184006	353428.99	401927.81
189011	353573.76	401917.75
189012	353357.19	401902.96
190001	353403.94	402106.11
190001	353403.94	402106.11
190003	353435.69	402079.29
190004	353291.71	402093.88
190005	353272.19	402024.85
190006	353414.59	402011.04
190007	353261.34	402160.55
190008	352972.39	401655.63
190009	353269.82	401955.42
190010	353209.07	402001.77
190011	353374.75	402173.57

Samtala	Longitude	Latitude
190012	353433.33	402215.77
190013	353488.36	402242.8
190014	353436.48	402161.34
190015	353465.08	402246.94
190001	353403.94	402106.11
190001	353403.94	402106.11
190003	353435.69	402079.29
190020	353486.98	402048.91
190021	353484.21	402173.96
190022	353371	402053.25
190009	353269.82	401955.42
190024	353225.84	401849.51
190024	353225.84	401849.51
190026	352807.89	401768.25
190027	353255.03	402064.5
190028	353224.06	402081.46
190029	353334.71	402094.47
190030	353359.96	402109.27
190030	353359.96	402109.27
190032	353255.03	402180.67
190033	353324.26	402214.39
190034	353401.77	402145.76
190035	353498.22	402307.29
190036	353299.01	402199.6
190037	353195.66	402132.94
190038	353536.88	402496.64
190039	353678.69	402152.46
191001	353528.59	402028.6
191002	353567.05	402002.37
191003	353295.26	401902.76
191001	353528.59	402028.6
191007	353561.14	402021.7
191008	353583.82	402028.01
191009	353546.74	401985.01
191010	353503.94	401964.89
191013	353557.78	401930.97
191013	353557.78	401930.97
191013	353557.78	401930.97
191014 & 015	353588.95	401954.64
191016	353532.54	401926.04
191017	353374.16	401966.47
191018	353390.53	401976.33
191019	353703.74	402102.96
192001	358887.67	514304.35
192002	353702.16	402873.16
192003	353642.4	402900.18

Viðauki II: minjakort fyrir Garðabæ

- Minjastaðir eru merktir með svörtum punkti.
- Ómerktir svartir punktar tilheyra öðrum lögbýlum og sýndir með merkingu á tilheyrandi korti.

Garðabær


192 Selskarð
178 Arnarnes
190 Hausastaðir
191 Hausastaðakot
189 Móakot
188 Hlíð
186 Ráðagerði
187 Miðengi
185 Garðar
184 Nýbær
183 Pálshús
182 Bakki
181 Dysjar
179 Hraunsholt
177 Hofsstaðir
176 Hagakot
175 Vífilsstaðir
173 Setberg
174 Urriðakot
Selgjá
Garðakirkjuland

GK-173 Setberg nyrðri hluti



GK-173 Setberg syðri hluti



GK-174 Urriðakot nyrðri hluti




GK-174 Urriðakot syðri hluti
174029
174059B
174031
174059A
174030
174032
174033
174058
174049
174051
174054F
174054E
174054D
174054G
174054H
174054A
174034
174034S
174037
174054B
174034R
174054C
174034A
174052
174045
174034B
174038
174044
174034Fb
174034C
174034Q
174034D
174034E
174016B
174034Fa
174034P
174053
174034N
174034O
174034G
174034H
174034I
174034L
174034J
174034M
174034K


GK-175 Vífilsstaðir
175028
175037
175022
175042
175031
175043
175008A
175051
175050
175006
175005
175047
175040
175017
175002
175004
175015 & 016
175001
175003
175052
175049
175009
175010
175011
175007
175008B
175013
175033
175035
175018
175032
175021
175030
175053
175046
175041
175039
175048
175038
175029
175044
175020
175026
175025
175054
175024
175034
175045
175019
175027
175028


GK-176 Hagakot
176013
176001
176003
176004&006
176012
176005J
174048J
176010E
176007
176011C
176011B
176011A
176010D
176005H
176010C
176005G
176010B
176005F
176005E
176010A
176005D
176005C
176005B
176005A

GK-177 Hofsstaðir



GK-178 Arnarnes



GK-179 Hraunsholt




GK-181 Dysjar
181020/021
181015
181019
181018
181011/012
181013
181014
181001/002/004/005/006/007/008/010
181009
181016
181003
181017

GK-182 Bakki


182017
182006
182009
182001/002
182004/005/008
182016
182003/014
182007
182012
182010/013

GK-183 Pálshús



GK-184 Nýibær



GK-185 Garðakirkjuland



GK-185 Garðar



GK-186 Ráðagerði



GK-187 Miðengi



GK-188 Hlíð


188012
188005
188004
188010
188028
188013
188026
188001/002/015/016/017/018
188020
188014
188019
188003
188024/027
188021
188008/009
188011
188025
188006
188007
188022
188023

GK-189 Móakot



GK-190 Hausastaðir



GK-191 Hausastaðakot



GK-192 Selskarð



Tóftir í Selgjá

